

Skýrsla
samstarfsráðherra Norðurlanda

Um störf Norrænu ráðherranefndarinnar 2004



Skýrsla

**Valgerðar Sverrisdóttur samstarfsráðherra Norðurlanda
um störf
Norrænu ráðherranefndarinnar 2004**

(Lögð fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004 – 2005)

Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytisins
Janúar 2005

EFNISYFIRLIT

I. SKÝRSLA SAMSTARFSRÁÐHERRA

1.	Inngangur	3
2.	Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda	8
3.	Störf samstarfsráðherra Norðurlanda	10
4.	Norðurlandasamstarf utanríkisráðuneytisins	14
5.	Menningarmál	15
6.	Menntun og rannsóknir	21
7.	Upplýsingatækni	26
8.	Samstarf við grannsvæði Norðurlanda	28
9.	Orkumál	32
10.	Umhverfismál	35
11.	Byggðamál	40
12.	Samgöngumál	45
13.	Sjávarútvegur, landbúnaður og skógrækt og matvæli	49
14.	Vinnumál og vinnuverndarmál	55
15.	Heilbrigðis- og félagsmál	60
16.	Jafnréttismál	66
17.	Vímuefnamál	68
18.	Iðnaður og atvinnumál	70
19.	Efnahags- og fjármál	74
20.	Húsnæðis- og byggingarmál	79
21.	Neytendamál	82
22.	Málefni dómsmálaráðuneytis	83
23.	Norrænar stofnanir á Íslandi	87
	23.1. Norræna húsið	87
	23.2. Norræna eldfjallastöðin/Norræna eldfjallasetrið	90
24.	Norrænar lánastofnanir	92
	24.1. Norræni fjárfestingarbankinn (NIB)	92
	24.2. Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)	95
	24.3. Norræni verkefnaútlutningssjóðurinn (Nopef)	96
	24.4. Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)	97
	24.5. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda	99
II	MEGINÞÆTTIR NORRÆNU FJÁRLAGANNA 2005	100

I. SKÝRSLA SAMSTARFSRÁÐHERRA UM STÖRF NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDARINNAR 2004

1. Inngangur

Auðlindir Norðurlanda – lýðræði, menning, náttúra.

Ísland gegndi formennsku í Norrænu ráðherranefndinni á árinu og lagði venju samkvæmt í upphafi árs fram formennskuáætlun sína sem samin hafði verið í samvinnu allra íslenskra ráðuneyta. Það land sem leiðir samstarfið fær þannig tækifæri til að koma áherslumálum sínum í forgrunninn og beina samstarfinu að einhverju leyti inn á nýjar brautir. Í öllum veigamiklum atriðum er norrænt samstarf þó mótað á grundvelli sameiginlegra hagsmuna landanna og fer að meginstofni til eftir samstarfs- og framkvæmdaáætlunum sem gilda til nokkurra ára. Því má segja að þetta fyrirkomulag tryggji að samstarfið sé í senn samfellt og sveigjanlegt.

Formennskuáætlun Íslands bar yfirskriftina *Auðlindir Norðurlanda*, en leiðarstefin voru *Lýðræði, menning og náttúra*. Með auðlindum var vísað til samfélagsgerðar, félagsumhverfis, menningararfs og náttúruauðlinda. Eins og við var að búast setti formennskan mark sitt á starfsemi ráðuneytanna sem báru hitann og þungann af því að skipuleggja meira en 30 viðburði á árinu sem allir tengdust yfirskrift áætlunarinnar með einum eða öðrum hætti. Haldnar voru jafnt stórar ráðstefnur sem minni fundir, en auk þess var unnið að mörgum norrænum verkefnum á þeim málefnasviðum sem samstarfið nær til. Með nokkurri einföldun má segja að meginstefnumálin í formennskuáætlun Íslands hafi verið:

- Að greina stöðu lýðræðisins á Norðurlöndum, m.a. út frá nýlegum valdaúttektum í Noregi og Danmörku.
- Að fylgja eftir skýrslunni „Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi“ þar sem kveðið er á um nauðsyn þess að styrkja vestnorrænt samstarf og móta stefnu um nánara samstarf Norðurlanda við grannsvæðin við Norður-Atlantshaf.
- Að fylgja eftir þeirri stefnu að ryðja úr vegi hindrunum á norrænum landamærum, en í því augnamiði var Poul Schlüter, fyrrverandi forsætisráðherra Dana, falið að vinna áfram að því að samræma aðgerðir ráðherranefnda.

Lýðræðisnefndin.

Nefnd, sem skipuð var í byrjun árs af norrænu ríkisstjórnunum, var falið að rannsaka hvaða vandi steðjaði helst að norrænum lýðræðissamfélögum þegar litið væri til næstkomandi 25 ára. Með því að setja lýðræðið á oddinn var verið að svara áskorun Norðurlandaráðs frá árinu 2002 þar sem óskað var eftir því að lýðræði sem stjórnarform yrði skoðað og rætt. Formaður lýðræðisnefndarinnar var Kristín Ástgeirsdóttir sagnfræðingur og fyrrverandi alþingismaður, en aðrir nefndarmenn voru Fredrik Engelstad, prófessor í stjórnmálafræði

við Óslóarháskóla og einn höfunda norsku valdaúttektarinnar, Torben Rec-hendorff fyrrverandi kirkju- og samgöngumálaráðherra Dana, Marcus Bengts-son skrifstofustjóri í Lýðræðisdeild sænska dómsmálaráðuneytisins og Siv Sandberg stjórn málafræðingur við háskólann í Åbo í Finnlandi. Fulltrúi Álandseyja var Peter Lindbäck landshöfðingi, Daniel Thorleifsen sagnfræð-ingur við háskólann í Nuuk var fulltrúi Grænlandinga og fyrir hönd Færeyja sat Ingibjörg Berg frá sambandi færeysku sveitarfélaganna í nefndinni. Með nefndinni störfuðu Sigrún Björnsdóttir, Ditte Maja Simonsen og Martina Holmgren.

Nefndin fékk afar breitt umboð, en ákvað að byggja starf sitt á áður nefnd-um valdaúttektum í Noregi og Danmörku frá árinu 2003 og stefnu sem Svíar mótuðu árið 2001 til að styrkja lýðræðið í landinu. Nefndin afmarkaði verk-efni sitt við eftirtalin atriði:

- Hið staðbundna lýðræði og áhrif verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga á lýðræðisferlið.
- Þátttöku borgaranna í stjórn málum og nýjar leiðir til að hafa áhrif.
- Leiðir til að nýta upplýsingatækni til að styrkja lýðræðið.

Nefndin lauk störfum í upphafi árs 2005 með lokaskýrslu ásamt greina-safni þar sem 14 norrænir fræðimenn rita greinar um stöðu lýðræðis á Norður-löndum í lok 20. aldarinnar. Í niðurstöðukafla skýrslunnar sem nefndin skilaði til samstarfsráðherranna eru settar fram rökstuddar ábendingar og ráðlegging-ar um hvernig megi treysta stoðir lýðræðis á Norðurlöndum. Þeim er fyrst og fremst beint til ríkisstjórna norrænu ríkjanna og sjálfstjórnarsvæðanna en einnig til Norrænu ráðherranefndarinnar.

Nefndin leggur til að:

- Norrænu ríkin og sjálfstjórnarsvæðin móti stefnu sem miði að því að standa vörð um, vernda og treysta lýðræðið, bæði hið staðbundna lýðræði og á landsvísu. Lýðræðisáætlunin taki bæði til lýðræðis sem stjórnarforms og sem menningar og lífsstíls.
- Norðurlönd og sjálfstjórnarsvæðin leggi áherslu á að auka þekkingu á lýðræðinu með reglulegum samanburðarrannsóknum á stöðu mála sem náí til allra landanna.
- Norrænu ríkin og sjálfstjórnarsvæðin móti stefnu um lýðræðismenntun til þess að auka þekkingu almennings og gera fólk meðvitaðra um réttindi sín og möguleika, en jafnframt skyldur og ábyrgð í lýðræðisþjóðfélagi. Slík stefna á einnig að taka til hlutverka og tengsla lýðræðisstofnana, og ná til allra sem eru með skráða búsetu í norrænu ríki eða sjálfstjórnarsvæði.
- Norðurlönd og sjálfstjórnarsvæðin ákveði aðgerðir til þess að bæta starfs-forsendur staðbundinna lýðræðisstofnana og lýðræðislega kjörinna fulltrúa í þeim.
- Áður en gripið verði til skipulagsbreytinga á sveitarstjórnarstiginu í nor-rænu ríkjunum og sjálfstjórnarsvæðunum verði kannaðar afleiðingar þeirra á starfsforsendur staðbundinna lýðræðisstofnana. Þetta verði gert hvort

sem skipulagsbreytingarnar eru ákveðnar af sveitarfélögunum sjálfum eða landsyfirvöldum.

- Norrænu ríkin og sjálfstjórnarsvæðin endurveki þá hugmynd að trúnaðarstörf í sveitarfélögum séu skólan í lýðræði – og að kjörnum fulltrúum verði frekar fjölgað en fækkað.
- Norðurlönd og sjálfstjórnarsvæðin rannsaki ástæður þess að sumir hópar eiga fáa kjörna fulltrúa og grípi til aðgerða til að fjarlægja hindranir fyrir breiðri stjórnmálapátttöku.
- Norðurlönd og sjálfstjórnarsvæðin beiti sér fyrir því að bæta aðstæður og auka áhrif kjörinna fulltrúa við staðbundnar ákvarðanatökur.
- Norðurlönd og sjálfstjórnarsvæðin leggi áherslu á virkni almennings á milli kosninga.
- Norðurlönd og sjálfstjórnarsvæðin láti opinbera stefnu í upplýsingatæknimálum ná til aðgerða til að sporna gegn stafrænum gjám.
- Norðurlönd og sjálfstjórnarsvæðin hvetji norræn sveitarfélög til að nýta sér gagnvirka eiginleika Internetsins, að þau kynni sér reynslu af tilraunum sem gerðar hafa verið með rafrænt lýðræði og hafi frumkvæði að nýskapandi upplýsingatækniverkefnum sem efla þátttökulýðræðið. Til dæmis gætu sveitarfélögin mótað sjálfstæða stefnu í upplýsingatæknimálum til að efla hið staðbundna lýðræði.
- Norðurlönd og sjálfstjórnarsvæðin hvetji til rannsókna á því hvernig nýta megi upplýsingatækni í lýðræðisferlum.

Þá leggur nefndin til við Norrænu ráðherranefndina að skipaður verði fastur vinnuhópur sem hafi það hlutverk að standa vörð um, vernda og efla lýðræði á Norðurlöndum.

Skýrsla lýðræðisnefndarinnar ásamt greinasafni norrænu fræðimannanna um málefnið verður kynnt fjölmiðlum í byrjun febrúar 2005. Þá fjalla samstarfsráðherrar Norðurlanda um skýrsluna á fundi sínum í byrjun mars n.k. Samstarfsráðherra Íslands leggur á það áherslu að skoðað verði gaumgæfilega hvernig tillögum nefndarinnar verði best fylgt eftir.

Vestur-Norðurlönd.

Einn þáttur í áherslu Íslands á formennskuárinu var að hrinda í framkvæmd þeim tillögum sem settar voru fram í skýrslunni *Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi*, sem kom út árið 2003. Páli Péturssyni fyrrverandi félagsmálaráðherra var því falið að fylgja tillögum skýrslunnar eftir og knýja á um aðgerðir af hálfu íslenskra embættismanna. Stærsta vestnorræna verkefnið sem ráðist var í á árinu var úttekt og greining á samgöngum milli landanna á vestnorræna svæðinu. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri annaðist úttektina og voru niðurstöður hennar birtar í skýrslunni *Flug- og sjóflutningar á Vestur-Norðurlöndum – Greining og framtíðarspá*, en hún kom út í júlí.

Úttektin leiddi m.a. í ljós að hömlur á flugi til og frá Grænlandi ásamt óhemju háum ferðakostnaði standa í vegi fyrir framförum á svæðinu, ekki hvað síst í ferðaþjónustu. Þá var vakin athygli á því að flugsamgöngur á milli

vesturstrandar Grænlands og Íslands væru í algeru lágmarki og bent á nauðsyn þess að fjölga flugferðum milli Íslands og Færeyja. Einnig leiddi úttektin í ljós að vaxandi samkeppni er í vöruflutningum á sjó á vestnorræna svæðinu og þá helst á milli Íslands og Færeyja.

Skýrslan var kynnt samgönguráðherrunum á fundi þeirra sem haldinn var hér á landi í ágúst 2004.

Annað verkefni sem brýnt þótti til að efla svæðasamstarf við Norður-Atlantshaf var að styrkja Norðuratlantsnefndina (NORA), en hún hefur aðsetur í Þórshöfn í Færeyjum. Í samræmi við tillögu þar að lútandi í fyrrnefndri skýrslu um Vestur-Norðurlönd var á árinu gerð úttekt á starfsemi NORA þar sem tilgangurinn var m.a. að kanna hvort nefndin gæti orðið sá samræmingaraðili sem talinn var nauðsynlegur á Norður-Atlantshafssvæðinu. Danska ráðgjafarfyrirtækið Kvistgaard Consult annaðist úttektina fyrir norrænu embættismannanefndina um byggðamál. Niðurstöður þeirrar úttektar voru jákvæðar fyrir NORA, en jafnframt var á það bent að ef NORA ætti að taka að sér aukin verkefni þyrfti að efla starfsemina með einhverjum hætti frá því sem nú er. Þrjár mögulegar leiðir voru lagðar til í þeim efnum. Skýrslan um NORA var kynnt iðnaðar- og viðskiptaráðherrunum á fundi þeirra í Stokkhólmi í nóvember, en ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um hvaða leið verður farin til að styrkja starfsemi NORA.

Sem lið í því að efla svæðasamstarf við Norður-Atlantshaf varð að samkomulagi á árinu að breyta starfsreglum norrænu menningarstofnananna í Reykjavík, Nuuk og í Þórshöfn á þann veg að þær næðu einnig til menningarsamstarfs við grannsvæði á austurströnd Kanada, í Skotlandi og skosku eyjunum og á Írlandi. Þá var jafnframt ákveðið að Vestur-Norðurlönd skyldu verða í sviðsljósinu í starfi norrænu húsanna á árinu 2006.

Þá var unnið að mörgum öðrum vestnorrænum verkefnum á einstökum fagsviðum og eru þeim gerð skil í köflum fagsviðanna sem birtir eru í þessari skýrslu.

Landamærahindranir.

Frá árinu 2002 hefur vinna við að ryðja úr vegi stjórnsýslulegum landamærahindrunum milli Norðurlanda verið forgangsverkefni í norrænu samstarfi. Þetta starf byggir á Norrback-skýrslunni svokölluðu sem kom út árið 2002. Svíar fóru með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2003 og fólu þá Poul Schlüter, fyrrverandi forsætisráðherra Dana, að vinna að og samræma aðgerðir gegn landamærahindrunum. Þegar Íslendingar tóku við formennsku í upphafi ársins var Schlüter beðinn um að halda starfi sínu áfram, og nú hafa Danir, sem fara með formennsku árið 2005, gert slíkt hið sama.

Hingað til hefur starf Schlüters einkum miðast við að auðvelda einstaklingum að flytjast á milli landanna. Fyrir tilstuðlan Schlüters hefur margt verið fært til betri vegar á þessum tveimur árum og tókust þær lagfæringar með góðum vilja og samvinnu milli embættismanna í löndunum. Um er að ræða afnám hindrana og lausn á margvíslegum vandamálum sem skipta miklu fyrir einstaklinga á Norðurlöndum, s.s. á sviði skattamála, heilbrigðismála,

almannatrygginga, félagslegrar aðstoðar, menntamála og vinnumarkaðsmála. Af þeim málum sem snerta Íslendinga sérstaklega má nefna nafnamálið svokallaða, en þá er átt við erfiðleika margra Íslendinga sem búsettir eru í Danmörku eða Svíþjóð við að fá nöfn barna sinna rétt skráð í opinberar bækur. Árið 2003 fékk þetta mál farsæla lausn hvað Svíþjóð áhrærir, þegar sérreglur sem leyfa nafngiftir barna í samræmi við íslenska nafnahefð gengu í gildi. Á haustmánuðum kom fram tillaga um lausn vandans í Danmörku þess efnis að íslensk nafnahefð verði gerð að almennri reglu í dönskum lögum. Endanleg niðurstaða er ekki komin, en tillagan lofar góðu og myndi samþykkt hennar leysa vanda Íslendinga að fullu.

Mikið hefur áunnist við að ryðja burtu stjórnsýsluhindrunum á norrænum landamærum en mörg erfið úrlausnarefni hafa enn ekki verið til lykta leidd. Að þeim var unnið af krafti á árinu. Það er sameiginleg stefna Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs að efla þetta starf enn frekar á næstu árum og á árinu 2005 hafa Danir boðað ákveðna áherslubreytingu. Kastljósið mun þá einkum beinast að margvíslegum stjórnsýsluhindrunum sem snúa að atvinnulífínu, sérstaklega litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem vilja stunda atvinnustarfsemi yfir norrænu landamærin. Yfirlitsskýrsla um þessi mál lá fyrir í byrjun árs 2004 og hefur embættismannanefndin um atvinnumál ásamt Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni (NICE) haft niðurstöður hennar til umfjöllunar sem og aðilar vinnumarkaðarins.

Landamærahindranir í atvinnulífínu varða mörg svið s.s. tolla- og skattamál, vöruflutninga, menntun og hæfniskröfur starfsmanna og ýmsar atvinnugreinar, t.d. matvælaíðnaðinn, byggingariðnaðinn og rafeindaiðnaðinn.

Rannsóknir og nýsköpun – NICE og NordForsk.

Samstarf Norðurlanda á sviði rannsókna og nýsköpunar hefur verið í endurskipulagningu undanfarin ár, en prófessor Gustav Björkstrand við Åboháskólann í Finnlandi var á sínum tíma falið að gera úttekt og koma með tillögur um það hvernig Norðurlönd gætu skarað fram úr á sviði rannsókna og nýsköpunar. Björkstrand kynnti tillögur sínar á þingi Norðurlandaráðs í Ósló 2003 í „hvítbókinni“ NORIA (Nordic Research and Innovation Area). Segja má að þessar breytingar séu einskönar andsvar Norðurlanda við áætlun Evrópusambandsins (ESB) um að gera Evrópu að öfluglu rannsóknar- og nýsköpunarsvæði (ERA – European Research Area).

Á grundvelli tillagna Björkstrands leit ný stofnun dagsins ljós í upphafi ársins. Það er Norræna nýsköpunarmiðstöðin eða *Nordisk Innovationscenter* (NICE). Einnig var samþykkt ný norræn nýsköpunarstefna. Á árinu var jafnframt unnið ötullega að undirbúningi stofnunar sameiginlegs norræns rannsóknarráðs. Hlaut það heitið *NordForsk* og hóf starfsemi sína í byrjun árs 2005. Líta má á NICE og NordForsk sem systurstofnanir en þær verða kjölfestan í eftirfylgni við NORIA-hvítbókina, og munu vinna náið saman enda mikilvægur þáttur í tillögum NORIA að nauðsyn beri til að samþætta betur rannsóknir og nýsköpun í atvinnulífi. Tilgangur þessarar miklu endurskipulagningar er að ná fram samlegðaráhrifum með því að nýta betur sameiginlegt

fjármagn á norrænum þekkingarmarkaði, stuðla að samkeppnishæfara atvinnulífi og koma Norðurlöndum í fremstu röð á sviði rannsókna og nýsköpunar.

Eitt af formennskuverkefnum Íslendinga var að halda alþjóðlega ráðstefnu um rannsóknir og nýsköpun – fór hún fram í byrjun júní og þótti takast vel.

2. Samstarf forsætisráðherra Norðurlanda

Forsætisráðherrar Norðurlanda áttu tvo fundi á starfsárinu. Fyrst sumarfund sem haldinn var í Sveinbjarnargerði í Eyjafirði þann 9. ágúst. Síðan venjubundinn formlegan fund í tengslum við þing Norðurlandaráðs þann 1. nóvember. Sama dag áttu forsætisráðherrarnir fundi með oddvitum stjórna Færeyja, Grænlands og Álandseyja og með forsætisnefnd Norðurlandaráðs en daginn áður með forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sat alla fundina, þann 1. ágúst sem staðgengill Davíðs Oddssonar þáverandi forsætisráðherra, og í Stokkhólmi í krafti embættis forsætisráðherra, sem hann tók við 15. september.

Til umræðu á fundum forsætisráðherranna voru að venju þau mál sem hæst bar í norrænu samstarfi, samstarf Norðurlanda og Norrænu ráðherranefndarinnar við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland, málefni ESB og Evrópska efnahagssvæðisins (EES) auk alþjóðlegra málefna, þ.á m. málefni Sameinuðu þjóðanna (S.þ.), Atlantshafsbandalagsins (NATO), Íraksstríðið og baráttan gegn hryðjuverkaöflum í heiminum. Einnig var komið inn á málefni Afganistans, Súdans, Íraks og Pakistans.

Í febrúar á þessu ári var undirritaður í Helsinki nýr samningur um Norræna fjárfestingarbankann (NIB) sem hefur það í för með sér að Eistland, Lettland og Litháen urðu fullgildir aðilar og meðeigendur í bankanum frá 1. janúar 2005. Forsagan var að forsætisráðherrarnir höfðu á sumarfundi sínum árið 2003 ákveðið að bjóða Eystrasaltsríkjunum aðild að bankanum. Forsætisráðherrarnir ákváðu síðan á fundi sínum í tengslum við Norðurlandaráðsþing 2003 að fela Per Unckel, framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar, að kanna hvort grundvöllur væri fyrir því að bjóða Eystrasaltsríkjunum aðild að eða nánara samstarf við aðrar norrænar stofnanir en NIB og var stöðuskýrsla kynnt á fundinum í Sveinbjarnargerði og lokaniðurstaða lögð fyrir fund þeirra í Stokkhólmi. Hún leiddi í ljós að ekki væri að svo komnu máli áhugi meðal Eystrasaltsríkjanna á eignaraðild að fleiri norrænum stofnunum. Hins vegar töldu þau mikilvægt að styrkja samstarfið við Norðurlönd almennt. Að fengnum þessum upplýsingum var ekki talið rétt að fylgja málinu frekar eftir, en halda áfram að auka samstarf við Eystrasaltsríkin á vettvangi þeirra stofnana sem þau æsktu.

Poul Schlüter fyrrverandi forsætisráðherra Danmerkur kom til fundar við forsætisráðherrana í Stokkhólmi og gerði grein fyrir störfum sínum við að ryðja úr vegi stjórnsýsluhindrunum á norrænum landamærum. Hann skýrði frá þeim nýja norræna samningi um kennitölur sem undirritaður var síðar

sama dag og nefndi ýmsa samninga um félagslegt öryggi, félagsleg réttindi og starfsréttindi sem gerðir höfðu verið á árinu. Hann lagði áherslu á gildi þeirra samninga sem sneru að öðrum starfsstéttum en háskólafólki. Mikilvægast taldi hann þó að hafist yrði handa um að ryðja úr vegi hindrunum fyrir útrás lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Norðurlöndum. Forsætisráðherrarnir töldu brýnt að unnið yrði áfram að því að greiða götu þess fólks sem flyst milli norrænu landanna og þeirra fyrirtækja sem vilja stunda atvinnustarfsemi yfir norræn landamæri.

Að frumkvæði Kjell Magne Bondevik forsætisráðherra Noregs var skattlagning áfengis á Norðurlöndum tekin til umræðu á fundinum í Sveinbjarnargerði, vegna þeirra skattalækkana á áfengi sem orðið höfðu í Danmörku og Finnlandi. Forsætisráðherrarnir fólu þá félags- og heilbrigðismálaráðherrum landanna að skoða málið og leggja fram tillögur um norrænt samstarf heima fyrir og á alþjóðavettvangi um viðbrögð við þessari þróun, sem á rót að rekja til frjálsari reglna ESB um flutning áfengis milli aðildarlanda þess. Sú yfirlýsing, sem félags- og heilbrigðisráðherrar samþykktu af þessu tilefni um það, m.a. að Norðurlönd beittu sér sameiginlega fyrir því að dregið verði úr áfengisneyslu, var kynnt á fundi ráðherranna í Stokkhólmi og henni fagnað.

Góður rómur var gerður að formennskuáætlun Íslands – „Auðlindir Norðurlanda“ – en Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra kynnti á báðum fundum ársins þá starfsemi sem fram fór undir formerkjum hennar. Þá kynnti Anders Fogh Rasmussen formennskuáætlun Dana 2005 – „Norðurlönd á nýjum tímum, þekking, þróttur og samstarf“. Tekið var undir þau sjónarmið að nauðsynlegt væri að taka út starfsemi Norrænu ráðherra nefndarinnar með það að markmiði að einfalda hana, auka skilvirkni og beina henni í auknum mæli að færri og jafnframt stærri viðfangsefnum sem væru pólitískt mikilvæg.

Vestnorrænt samstarf var til umræðu á fundi forsætisráðherranna með oddvitum sjálfstjórnarsvæðanna. Josef Motzfeldt, staðgengill formanns landsstjórnar Grænlands, þakkaði þann árangur sem náðst hefði á formennskuári Íslands og nefndi sérstaklega þá vestnorrænu samgönguskýrslu sem gerð hefði verið. Forsætisráðherra Danmerkur, Anders Fogh Rasmussen, lýsti því yfir að vestnorrænni áherslu Íslands yrði fylgt eftir á formennskuári Danmerkur.

Ný norræn áætlun um sjálfbær Norðurlönd fyrir árin 2005 – 2008 var kynnt á fundi forsætisráðherranna með oddvitum sjálfstjórnarsvæðanna og henni veitt brautargengi.

Þau mál sem hæst bar á vettvangi ESB voru að venju rædd sérstaklega, stjórnarskrá sambandsins og þjóðaratkvæðagreiðslur sem standa fyrir dyrum í sumum aðildarlandanna, og fyrirhuguð aðild Búlgaríu, Rúmeníu og Tyrklands að sambandinu. Þá voru umbætur á starfsemi S.þ. og fyrirhuguð seta Danmerkur í öryggisráðinu til umræðu.

Meginefni fundar forsætisráðherranna með forsætisnefnd Norðurlandaráðs var norrænt samstarf sem hluti af pólitísku samstarfi þjóðþinga landanna við Eystrasaltið. Þingforsetar norrænu þjóðþinganna hófu fyrr á árinu umræðu um möguleika þess að samhæfa það þingmannastarf sem fram fer milli þjóðþinga

umræddra landa. Norðurlandaráð skipaði því á árinu nefnd til að fjalla um málið. Af hálfu bæði forsætisnefndar og forsætisráðherranna var lögð áhersla á þá sérstöðu sem norrænt samstarf hafi vegna umræðunnar sem þar fer fram milli þingmanna í Norðurlandaráði og ráðherra landanna í Norrænu ráðherranefndinni. Ef Norðurlandaráð yrði lagt niður og í þess stað stofnað til samstarfs milli þjóðþinga fleiri landa mundi þessi umræða leggjast af. Samstaða var á fundinum um að slík niðurstaða væri til skaða.

Þá lýsti forsætisráðherra Íslands, Halldór Ásgrímsson, á fundinum þeirri uppbyggingu sem hefði átt sér stað og verkaskiptingu sem komið hefði verið á milli Norrænu ráðherranefndarinnar og annarra svæðisbundinna samtaka í Norður-Evrópu án þess að samstarfsforminu hefði verið breytt eða fleiri ríkjum boðin aðild að Norrænu ráðherranefndinni.

Á venjubundnum fundi forsætisráðherranna með forsætisráðherrum Eystrasaltsríkjanna bar hæst umræðu um samskiptin við Rússland og stöðu mála þar, ásamt umræðu um stöðu mála í Úkraínu og Hvíta-Rússlandi.

3. Störf samstarfsráðherra Norðurlanda

Hlutverk.

Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra var samstarfsráðherra til 15. september og gegndi hún á því tímabili formennsku í hópi norrænu samstarfsráðherranna. Þegar Siv vék úr ríkisstjórn 15. september tók Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, við störfum samstarfsráðherra.

Samstarfsráðherrar og forsætisráðherrar Norðurlanda marka stefnuna fyrir norrænt samstarf og er það eitt mikilvægasta hlutverk samstarfsráðherranna að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við þá stefnumörkun. Ríkur þáttur í starfi samstarfsráðherranna er norræna fjárlagagerðin og skipting fjárveitinga milli samstarfssviðanna. Á borði þeirra eru einnig upplýsingamálin og samstarfið við grannsvæðin auk ýmissa þverfaglegra samstarfsmála sem ekki falla undir neina fagráðherranefnd. Þverfaglegum viðfangsefnum hefur fjölgað á undanförunum árum og eru líkur á að sú þróun muni halda áfram.

Norræna samstarfsnefndin, sem starfar í umboði samstarfsráðherranna og undirbýr fundi þeirra, er stjórn aðalskrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn.

Fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar.

Fjárlög ársins 2004 að upphæð 817,5 millj. d.kr. voru að raunvirði óbreytt frá fyrra ári og segja má að það hafi haldist nánast óbreytt síðastliðin tíu ár.

Undirbúningur fjárlagagerðarinnar fylgdi reglum sem samþykktar voru árið 2000 með það að markmiði m.a. að auka hreyfanleika fjármagnsins til þess að unnt væri að flytja það hratt til þeirra verkefna sem hverju sinni skyldu njóta pólitífsks forgangs. Árangur hvað varðar þau markmið hefur þó ekki þótt nægilega góður.

Við undirbúning fjárlaga ársins 2006 verður því beitt þeirri aðferð að fag-

sviðunum verður í upphafi fjárlagaferlisins úthlutað upphæð sem er nokkrum prósentustigum lægri en áætlað er að heildarfjárveiting til sviðanna verði. Þannig er áformað að ná fram forgangsriðun innan fagsviðanna og skapa færi á að meta á síðari stigum fjárlagagerðarinnar hvar þessir fjármunir eru best niður komnir.

Fjárlagaliðurinn „ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar“ var árið 2004 13,2 millj. d.kr. sem var rúmlega fjórðungs hækkun frá árinu áður. U.þ.b. helmingur þessarar upphæðar rann til verkefna sem féllu undir formennskuáætlun Íslands og voru fjárveitingar úr þessum sjóði, til viðbótar því sem fagsviðin veittu til verkanna, taldar mikilvægar forsendur þess að af framkvæmdum verkefnanna gæti orðið.

Eins og fram hefur komið í fyrri ársskýrslum eru 10 millj. d.kr. eða 77% fjárlagaliðarins „ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar“ til komnar vegna þess að á árunum 2001 – 2005 er verið að færa fjárlögin smám saman í átt að greiðslugrunni. Í ársbyrjun 2005, þegar skýrsla þessi er skrifuð, er ljóst að ekki verður framhald á þessari skipan eftir fjárlög ársins 2005. Hvort unnt verður í framtíðinni að halda svo hárra upphæð óráðstafaðri fram á viðkomandi fjárlagaár er því óvíst.

Á árinu 2005 verður unnið markvisst að því að hagræða í störfum Norrænu ráðherranefndarinnar. Áætlað er að ákvörðun um breytingar verði tekin fyrir árslok. Þær munu vafalítið hafa áhrif á norrænu fjárlögin.

Ný stefnumótun fyrir samstarfið við Eystrasaltsríkin og Rússland.

Frá því að ljóst varð að Eystrasaltsríkin myndu sækja um inngöngu í ESB hefur Norræna ráðherranefndin unnið að því að endurskoða starfsemi sína í Eystrasaltsríkjunum með það fyrir augum að samstarf verði náðið, það verði á jafnræðisgrundvelli og að það snúist um pólitískt mikilvæg mál. Á undanförunum tveimur árum hefur mikið starf verið unnið við að móta nýja stefnu eða leiðbeinandi reglur um hvernig þessu samstarfi skuli háttað. Á sama tíma fór fram samskonar stefnumótunarvinna vegna samstarfsins við Rússland, sem Norræna ráðherranefndin vill auka á næstu árum. Í þessari vinnu var haft samráð við stjórnvöld í Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi. Lögð var lokahönd á þetta verk á árinu. Á þingi Norðurlandaráðs sem haldið var í Stokkhólmi í byrjun nóvember var síðan lögð fram og samþykkt sérstök Rússlandsáætlun og ný stefnumótun fyrir samstarfið við Eystrasaltsríkin.

Í framtíðinni verða öll samstarfsverkefni fjármögnuð með mótframlögum frá Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi. Ekki er lengur gerð krafa um að Eystrasaltsríkin þrjú komi öll að samstarfsverkefnum heldur gefst möguleiki á að eiga samstarf við eitt ríkjanna óháð þátttöku hinna. Núgildandi áætlun um samstarf við grannsvæðin rennur sitt skeið í lok árs 2005 og verður hún ekki endurnýjuð. Hvað varðar Rússlandsáætlunina er því fjármagni sem undir hana fellur ætlað að greiða fyrir samstarfsverkefnum við Rússland. Það verður síðan á hendi einstakra fagraðherranefnda að meta norrænt notagildi samstarfsverkefna og að leggja fram norrænt fjármagn. Bæði Eystrasaltsríkin og Rússland sýna mikinn áhuga á samstarfi við Norrænu ráðherranefndina, en

um þessar mundir eru þau ekki reiðubúin að njörva það of fast niður en vilja þess í stað að það þróist eftir þörfum.

Norðlæga víddin og samstarfið við ESB.

Norræna ráðherranefndin lagði drjúgan skerf í mótun 2. framkvæmda-áætlunar ESB um Norðlægu víddina – Northern Dimension Action Plan II - sem tekur til 2004 – 2006. Norðlæga víddin nær frá Íslandi í vestur til Norð-vestur-Rússlands í austur og frá Barents- og Karahöfum í norður til suður-strandar Eystrasaltsins í suður. Ráðherranefndin hefur lykilhlutverki að gegna þegar Norðlæga víddin er annars vegar, enda er hún sú alþjóðastofnun á um-ræddu svæði sem er í bestri aðstöðu til að taka virkan þátt í framkvæmd áætlunarinnar, bæði að því er varðar fjárhag, innra skipulag, starfshætti og gott tengslanet. Aðrar alþjóðastofnanir sem málið varðar eru einkum Eystra-saltsráðið (CBSS, Council of the Baltic Sea States), Barentsráðið (BEAC, Barents Euro Arctic Council) og Norðurskautsráðið (AC, Arctic Council).

Norðlæga víddin tekur til fjölmargra félagslegra og efnahagslegra þátta sem varða líf þess fólks sem býr á svæðinu, en þar má nefna heilsuvernd, öryggismál, aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi, umbætur á Kalinin-grad-svæðinu, bætta stjórnsýslu, umhverfisvernd og varnir gegn kjarnorku-mengun, orkumálasamstarf, menningarmál og atvinnumál.

Samstarf við Eystrasaltsráðið, Barentsráðið og Norðurskautsráðið.

Þar eð Eystrasaltsráðið, Barentsráðið og Norðurskautsráðið koma ásamt ráðherranefndinni að framkvæmd Norðlægu víddarinnar er afar brýnt að samræma aðgerðir þeirra og koma á glöggri verkaskiptingu þeirra á milli. Að frumkvæði ráðherranefndarinnar hafa þessar stofnanir átt með sér nokkra samráðsfundi – nú síðast í Reykjavík í maí s.l. – og hefur verið ákveðið að festa þetta samráð í sessi með því að halda slíka fundi a.m.k. einu sinni ár hvert. Þá hefur ráðherranefndin einnig átt samráðsfund með stjórnvöldum í Póllandi vegna formennsku Pólverja í Eystrasaltsráðinu 2004.

Ráðherranefndin hefur um nokkurt skeið átt samstarf við Eystrasaltsráðið um nokkur verkefni, t.d. á sviði orkumála (BASREC – Baltic Sea Region Energy Cooperation), upplýsingatæknimála (NeDAP – Northern e-Dimension Action Plan), og samgöngumála. Samstarf um heilbrigðismál fer einnig fram innan ramma áætlunarinnar um Norðlægu víddina.

Á vegum ráðherranefndar um byggðamál hefur undanfarin tvö ár verið starfrækt tilraunaverkefni um eflingu samstarfs á landamærum Litháens og Kaliningrad með það að markmiði að byggja upp tengslanet til Kaliningrad. Þetta verkefni hefur gefið góða raun. Því er nú unnið að því að Eystrasaltsráðið og ESB komi til þessa samstarfs og taki þátt í því með fjármagni og sérfræðiþekkingu.

Ný áætlun um sjálfbæra þróun fyrir tímabilið 2005 – 2008.

Áætlun Norðurlanda um sjálfbæra þróun hefur verið í endurskoðun frá því í byrjun árs 2003. Þeirri endurskoðun lauk á árinu en starfshópur sem hafði verkefnið með höndum skilaði af sér í ágúst. Nýja áætlunin var lögð fram á

Norðurlandaráðsþinginu í Stokkhólmi. Sjálfbær þróun kemur inn á öll svið norræns samstarfs. Með ábyrgð á eftirfylgni áætlunarinnar fara löndin sjálf, en á vettvangi ráðherranefndarinnar eru það samstarfsráðherrarnir og norræna samstarfsnefndin. Helstu nýmæli í nýju áætluninni eru þau að nú eru efnahagslegir og félagslegir þættir hafðir þar með. Áætlunin var lögð fyrir þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi og samþykkt þar sem ráðherranefndar-tillaga.

Expo 2005.

Norðurlönd munu kynna sig sem eitt svæði á heimssýningunni, sem haldin verður 25. mars – 25. september í Aichi í Japan en samkvæmt ákvörðun atvinnumálaráðherranna er verkefnið vistað hjá Norrænu ráðherranefndinni og var stofnuð um það sérstök skrifstofa sem starfar tímabundið til 1. mars 2006. Samanlagt munu löndin leggja fram grunnfjármagn í Expo 2005 sem nemur 50 millj. d.kr. – grunnfjármagn Norrænu ráðherranefndarinnar er 5 millj. d.kr. sem dreifist á tímabilið 2003 – 2005. Ráðherranefndarskrifstofan er vörsluaðili þessa fjár og heldur utanum verkefnið á meðan það varir. Fyrirverandi forstjóri Finpro (finnska útflutningsráðsins) Pertti Huitu er aðalframkvæmdastjóri Expo 2005 og leiðir daglegt starf Expo-skrifstofunnar í Kaupmannahöfn. Það eru atvinnumálaráðherrarnir sem bera hitann og þungann af þessu verkefni.

Samstarf við Norðurlandaráð.

Sem endranær var samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs með miklum ágætum. Reglulegt samráð er milli aðila á öllum vinnslustigum norrænu fjárlagagerðarinnar enda mjög mikilvægt að fjárlögin endurspegli pólitískar áherslur samstarfsins hverju sinni. Norðurlandaráð kom saman í Stokkhólmi 1. – 3. nóvember og var þetta þing hið 56. í röðinni. Verulegur árangur náðist við að fækka tilmælum ráðsins, en í lok þingsins voru þau 31. Er þetta umtalsverð fækkun frá árinu 2003 þegar tilmælin voru 71 talsins. Samstarfsráðherra átti venju samkvæmt fund með Íslandsdeild Norðurlandaráðs í októbermánuði. Þar kynntu aðilar hver fyrir öðrum helstu áherslumál og ræddu stöðu mála í Norðurlandaráði og hjá Norrænu ráðherranefndinni.

Formennskuáætlun Dana 2005.

Sem fyrir segir gegna Danir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2005 og kynntu þeir formennskuáætlun sína á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi. Yfirskrift áætlunarinnar er *Norden i en ny tid: Viden, dynamik og samarbejde*, eða *Norðurlönd á nýjum tímum: Þekking, þróttur, samstarf*. Danir vilja að norrænt samstarf bregðist við vaxandi hnattvæðingu og að Norðurlönd leitist við að leysa margvíslegan vanda sem af henni hlýst. Endurnýjun og norrænt notagildi eru einnig mikilvæg lykilorð í dönsku áætluninni. Danir telja brýnt að norrænt samstarf staðni ekki heldur sé ætíð í takt við tímann, sé til raunverulegra hagsbóta fyrir norræna borgara og njóti athygli

bæði fjölmiðla og stjórnámálanna. Að þeirra frumkvæði er því hafin úttekt á skipulagi Norrænu ráðherranefndarinnar með það fyrir augum að einfalda það og auka skilvirkni. Áfram verður lögð rík áhersla á að ryðja úr vegi landamærahindrunum, bæði þeim sem snúa að einstaklingum og í atvinnulífi á Norðurlöndum. Poul Schlüter mun halda áfram að fylgja því starfi eftir.

4. Norðurlandasamstarf utanríkisráðuneytisins

Samvinna og samráð utanríkisráðherra Norðurlanda fer ekki fram innan ramma Norrænu ráðherranefndarinnar, en reglulegir fundir ráðherranna eru að jafnaði haldnir tvisvar á ári og kemur það í hlut þess lands sem gegnir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni að skipuleggja fundina og stjórna þeim. Þá halda ráðuneytisstjórar utanríkisráðuneyta Norðurlanda og aðrir embættismenn reglulega fundi og í auknum mæli einnig fundi eftir þörfum.

Það er til marks um styrkleika norræns samstarfs á sviði utanríkismála að þrátt fyrir þær miklu breytingar sem átt hafa sér stað í Evrópu á undanförunum árum, þá heldur það gildi sínu. Því er jafnvel haldið fram að mikilvægi norræns samstarfs hafi aukist. Þá er átt við að þörfin á því og gagnsemi þess hafi aukist vegna æ umfangsmeiri og flóknari samskipta Evrópuríkja. Sá grunnur sem markmið og sameiginlegur málflutningur Norðurlanda byggir á hefur styrkst einmitt vegna þess að Norðurlönd hafa valið að tengjast Evrópu með mismunandi hætti. Á undanförunum misserum hefur verið unnið markvisst að því að auka skilvirkni norræns samstarfs og samráðs á sviði utanríkismála, enda kallar nýtt umhverfi á hagræðingu og áherslubreytingar, bæði hvað varðar form og innihald samstarfs.

Fyrsti fundur utanríkisráðherra Norðurlanda á árinu var haldinn í Reykjavík í mars s.l. Á dagskrá fundarins voru Evrópumál, þ.m.t. norrænt samráð um þau, stækkun ESB og EES, ný stjórnarskrá ESB og svonefnt Lissabon-ferli um markmið ESB varðandi samkeppnishæfni. Þá var fjallað um öryggismál og ýmis önnur alþjóðamál, svo sem ástandið í Írak og Mið-Austurlöndum.

Þing Norðurlandaráðs var haldið í Stokkhólmi í nóvember s.l. Hefð er fyrir því að utanríkisráðherrar Norðurlanda haldi fund í tengslum við árlegt þing Norðurlandaráðs. Að þessu sinni féll sá fundur hins vegar niður vegna forfalla þriggja af ráðherrunum fimm á síðustu stundu, en í fjarveru Davíðs Oddssonar flutti Geir H. Haarde, fjármálaráðherra, sameiginlega skýrslu utanríkisráðherra Norðurlanda á þinginu. Í skýrslunni var m.a. fjallað um samstarf og samráð Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna þriggja og lögð áhersla á mikilvægi þess að efla og styrkja norrænt samstarf, og annað svæðisbundið samstarf, með tilliti til þróunar í Evrópu- og alþjóðamálum. Af öðrum málum sem gerð eru skil í skýrslunni má nefna málefni Rússlands, baráttuna gegn hryðjuverkastarfsemi, ástandið í Írak, Mið-Austurlöndum og Afghanistan og samvinnu Norðurlanda um ýmis málefni Afríku.

Eins og undanfarin ár bauð forsætisnefnd Norðurlandaráðs utanríkisráðherrum Norðurlanda til vinnuhádegisverðar í tengslum við þingið. Málefni

Eystrasaltsráðsins, Norðurskautsráðsins og Barentsráðsins voru til umræðu í hádegisverðinum og auk þess var m.a. fjallað um samvinnu Norðurlanda innan S.Þ. og samvinnu um öryggismál og friðargæslu.

Fundur utanríkisviðskiptaráðherra Norðurlanda var skv. hefð haldinn í tengslum við Norðurlandaráðsþingið og sótti Geir H. Haarde, fjármálaráðherra þann fund í fjarveru Davíðs Oddssonar, utanríkisráðherra. Á fundinum var einkum fjallað um hinn innri markað ESB/EES, norræna samvinnu í tengslum við heimssýninguna í Japan 2005 (EXPO 2005), málefni Efnahags- samvinnu- og þróunarstofnunar Evrópu (OECD) og alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

Utanríkisráðherrar Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna þriggja, Eistlands, Lettlands og Litháens, hafa átt reglulega fundi, einu sinni á ári, undanfarin tíu ár og var slíkur fundur haldinn í Palanga í Litháen í ágúst s.l. Á fundinum var fjallað um sameiginleg hagsmunamál ríkjanna og ýmis alþjóðamál. Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra, lagði áherslu á mikilvægi þess að koma samstarfi og samráði Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna þriggja í fastari og skilvirkari skorður, ekki síst varðandi samráð og samvinnu um ýmis málefni ESB og EES. Í tilefni af formennsku Íslands í EFTA gerði utanríkisráðherra m.a. grein fyrir helstu áherslum innan fríverslunarsamtakanna.

Ráðuneytisstjórar utanríkisráðuneyta Norðurlanda hafa um árabíl átt reglulega samráðsfundi og var einn slíkur fundur haldinn á Íslandi í maí s.l. Að þessu sinni var sérstaklega fjallað um svæðisbundið samstarf á norðurslóðum. Í framhaldi af umræðum var ákveðið að bjóða til fundar ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneyta Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna þriggja s.l. haust. Fyrsti fundur þess hóps var síðan haldinn á Íslandi í október. Fundurinn þótti takast vel og voru ráðuneytisstjórnarnir átta sammála um að gagnlegt væri að halda slíka fundi reglulega framvegis.

Utanríkisráðuneytið hefur á þessu formennskuári Íslands í Norrænu ráðherranefndinni lagt sérstaka áherslu á að efla og styrkja norrænt samstarf, t.d. með markvissri vinnu til að auka skilvirkni norræns samstarfs og samráðs á sviði utanríkismála. Starfsmenn ráðuneytisins hafa verið hvattir til að afla sér þekkingar á norrænum málefnum og bæta kunnáttu sína í norrænum tungumálum og hefur fjöldi starfsmanna nýtt sér námskeið sem boðið hefur verið upp á.

5. Menningarmál

Ísland fór með formennsku í flestum nefndum og ráðum á sviði menningarmála á árinu. Vel hefur tekist til að fylgja eftir áherslum þeim sem settar voru fram fyrir formennsku Íslands.

Á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um menningarmál (MR-K) hafa undanfarin ár starfað átta stofnanir en frá og með 2004 bættist ein við, þegar Norræna stofnunin í Finnlandi (NIFIN) var flutt frá sviði menntamála til menningarmála. Auk hennar eru norrænar menningarstofnanir eftirfarandi:

Norræna húsið í Reykjavík, Norðurlandahúsið í Færeyjum, Norræna stofnunin í Grænlandi (NAPA), Norræna stofnunin á Álandseyjum (NIPÅ), Norræna fjölmiðlamiðstöðin (NJC), gagnamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM), Norræna stofnunin um samtímalist (NIFCA) og Listamannasetrið Dalsåsen. Norræna sviðslistarnefndin (NORDSCEN) hefur stöðu stofnunar en aðrar listanefndir eru norræna tónlistarnefndin (NOMUS) og norræna bókasafns- og bókmenntanefndin (NORDBOK). Tveir sjóðir starfa á menningarsviðinu, Norræni menningarsjóðurinn og Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn auk SLEIPNIS, sem veitir ungum listamönnum ferðastyrki. Stjórnarnefndir á vegum menningarmálaráðherranna eru þrjár: stjórnarnefnd um menningarverkefni utan Norðurlanda, stjórnarnefnd um menningu og fjölmiðla og stjórnarnefnd um barna- og unglíngamenningu. Norræna æskulýðsnefndin, sem er þverfagleg og fjallar um öll samstarfssvið norrænu ráðherranefndarinnar, er vistuð hjá menningarsviðinu. Norrænu menningarmálaráðherrarnir styrkja norrænt listamannasetur í Róm þar sem 2 – 3 íslenskir listamenn njóta dvalar ár hvert.

Menningarmálaráðherrar Norðurlanda héldu þrjá fundi á árinu en einn þeirra var haldinn hér á landi. Meginverkefni ráðherranefndarinnar á þessu ári var að vinna að endurskoðun á uppbyggingu norræns menningarsamstarfs, en sú endurskoðun hefur verið eitt af meginverkefnum Íslands á formennskuárinu. Ann Sandelin var falið að gera úttekt á starfinu og gera tillögu um framtíðarskipan. Í framhaldi af þeirri skýrslu skipuðu menningarmálaráðherrarnir starfshóp embættismanna til að gera endanlegar tillögur um uppbyggingu menningarsamstarfsins sem leggja á fyrir ráðherrana á árinu 2005. Starfshópurinn á m.a. að hafa að markmiði að gera tillögur um hvernig hægt verði að minnka stjórnunarkostnað, einfalda sjóðakerfið og auka möguleika ráðherranna á að taka ákvarðanir um áherslur á samstarfssviðinu og fylgja þeim eftir með fjármagni. Á þessu ári ákváðu menningarmálaráðherrar að árlega verði veitt kvikmyndaverðlaun Norðurlanda. Verða verðlaunin veitt í fyrsta sinn á Norðurlandaráðsþinginu í Reykjavík 2005. Slík verðlaun hafa aðeins verið veitt einu sinni, þ.e. í tilefni 50 ára afmælis norræns samstarfs. Sérstakur samráðsfundur ráðherra og fulltrúa norrænu listamannasamtakanna var haldinn í tengslum við fund ráðherranna hér á landi í júní s.l. Var gerður góður rómur af þessu frumkvæði ráðherranna, en slíkt samráð hefur ekki áður verið við haft. Einnig var samþykkt að styrkja fyrirhugaða ráðstefnu um tungumál lítilla málsvæða sem haldin verður hér á landi í tilefni af 75 ára afmæli frú Vigdísar Finnbogadóttur fyrrverandi forseta.

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs á árinu fékk finnski rithöfundurinn Kari Hotakainen og norrænu tónlistarverðlaunin fékk Haukur Tómasson tónskáld fyrir tónverkið „4. söngur Guðrúnar“.

Norræni menningarsjóðurinn er sjálfstæð stofnun og hefur sérstaka stjórn, sem skipuð er fulltrúum frá menningarráðuneytum á Norðurlöndum og frá norrænu þjóðþingunum. Komi málefni hans til kasta norrænu ráðherranefndarinnar eru það menningarráðherrarnir, sem fjalla um þau. Sjóðurinn hefur það hlutverk að efla norrænt menningarsamstarf og styrkir verkefni af ýmsum

toga á sviði rannsóknna, menntunar og menningar í víðri merkingu. Fjárveitingar til sjóðsins á árinu námu 29,5 millj. d.kr. og stjórnarfundir voru fjórir.

Skrifstofa sjóðsins er í Kaupmannahöfn og starfsmanna- og fjármál eru í umsjón skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í samræmi við samstarfs-samning við stjórn sjóðsins. Frá árinu 2003 hafa stjórnarmenn verið þrettán; tveir frá hverju norrænu landanna og einn frá hverju sjálfstjórnarsvæði. Formennskan í sjóðsstjórn er til tveggja ára en Ísland tók við formennsku í upphafi ársins.

Sjóðurinn úthlutar aðallega styrkjum til verkefna á menningarsviði, sem einstaklingar, samtök og stofnanir geta sótt um. Alls bárust sjóðnum 723 styrkhæfar umsóknir. Veittir voru styrkir til 288 verkefna að upphæð 24,1 millj. d.kr. Frá Íslandi bárust 32 styrkhæfar umsóknir en 21 þessara verkefna fengu styrki að upphæð alls 2,2 millj. d.kr., sem er 950 þús. d.kr. meira en árið áður.

Til þess að ná til nýrra markhópa utan höfuðborga norrænu landanna hefur verið komið á samstarf við norrænu svæðisupplýsingaskrifstofurnar átta á Norðurlöndum en ein þeirra er á Akureyri.

Sjóðurinn átti einnig samstarf við tvíhliða norræna sjóði, sem eru alls tólf talsins. Ísland á aðild að fjórum tvíhliða sjóðum, þ.e. Sjóðnum fyrir danskt-íslenskt samstarf, Dansk-íslenska sjóðnum, Menningarsjóði Íslands og Finnlands og Sænsk-íslenska samstarfssjóðnum.

Frá stofnun sjóðsins hefur það verið skilyrði fyrir styrkveitingu að verkefni nái til a.m.k. þriggja norrænna landa eða sjálfstjórnarsvæða. Ákveðið hefur verið að víkja frá þessari meginreglu og styrkja einnig tvíhliða verkefni svo framarlega sem markmið þeirra er að styrkja samstarfið milli norrænu ríkjanna í austri og vestri. Þannig má frá og með árinu 2004 veita styrk til verkefna sem Ísland og eitt annað norrænt land standa að. Menningarsjóðurinn vildi á þennan hátt beina athyglinni að 60 ára afmæli íslenska lýðveldisins.

Frekari upplýsingar um norræna menningarsjóðinn er að finna á vefsíðu www.nordiskkulturfond.dk.

Nýjar samþykktir voru staðfestar fyrir *norrænt samstarf á sviði íþróttanna* í október s.l. og með þeim skal m.a. lögð áhersla á að styrkja þátttöku barna og unglinga, fatlaðra sem og þeirra sem ekki hafa áður tekið þátt í norrænu íþróttastarfi.

Norræna æskulýðsnefndin (NUK) hefur nú í fyrsta skipti hlotið þann sess innan norrænu ráðherranefndarinnar, sem lagt er upp með í samþykktum hennar, þ.e. að verksvið hennar nær yfir allt verksvið ráðherranefndarinnar. Á fundi samstarfsráðherranna í júní s.l. gerðu fulltrúar nefndarinnar m.a. grein fyrir hugmyndum varðandi næstu framkvæmdaáætlun fyrir norrænt æskulýðs- og barnapolítískt samstarf. Byrjað var að vinna að nýrri framkvæmdaáætlun sem taka á við af áætluninni „Norðurlönd á leið inn í nýtt árþúsund“ en hún gildir til ársloka 2005. Danska fyrirtækinu CIRIUS var falið að annast umsjón og umsýslu með öllum umsóknum sem berast til Norrænu æskulýðsnefndarinnar. Sótt er um verkefnastyrki fjórum sinnum á ári og einu sinni um

rekstrarstyrk norrænna heildarsamtaka. Styrkir yfir 75 þús. d.kr. hafa þurft samþykki nefndarinnar en eftir að markið var hækkað í 100 þús. d.kr. koma þær umsóknir einungis til umræðu á fundi nefndarinnar ef fulltrúar NUK óska þess sérstaklega. Er það álit nefndarinnar að vel hafi tekist til með störf Cirius.

Ráðinn hefur verið nýr umsjónaraðili norrænna æskulýðsrannsóknna, sem hefur það hlutverk að samræma og fræða um æskulýðsrannsóknir á Norðurlöndum.

Nokkur vinna var lögð í að skoða á hvern hátt betur mætti miðla á veraldarvefnum upplýsingum til æskufólks um styrkveitingar, verkefni, möguleika og fl. og voru niðurstöður settar fram í skýrslu.

Norræna æskulýðsnefndin og menntamálaráðuneytið á Íslandi stóðu fyrir norrænni ráðstefnu, „Ungdom, demokrati og deltagelse“, á Selfossi í október s.l. í tilefni af formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni. Markmið ráðstefnunnar var að ræða leiðir ungs fólks til að vera virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi á Norðurlöndum og möguleika þess til að hafa áhrif á ákvarðanatöku um málefni sem varða það. Við gerð nýrrar starfsáætlunar mun norræna æskulýðsnefndin vinna úr vinnugögnum, ábendingum og niðurstöðum úr málstofum og umræðum ráðstefnunnar. Í tengslum við ráðstefnuna skipulagði Norræna ráðherranefndin/stjórnarnefnd um barna- og unglíngamenningu (BUK) og Íslandsdeild UNICEF kvikmyndasmiðju fyrir ungt fólk undir yfirskriftinni „Lýðræði og þátttaka“.

Norræna æskulýðsnefndin hélt fund í Reykjavík með fulltrúum samtaka á æskulýðsvettvangi frá Norðurlöndum, Barentssvæðinu og Eystrasaltsríkjunum.

Verkefnið ET-NORDEN miðar að því að styrkja og hvetja hópa og æskulýðssamtök til að koma á verkefnum fyrir minnihlutahópa til að stuðla að frekari aðlögun og tengslum á milli ungmenna af ólíkum uppruna.

Stjórnarnefnd um norræna barna- og unglíngamenningu (BUK) vann að því að fylgja eftir verkefnaáætlun um menningarsamstarf á sviði barna- og unglíngamenningar. Undir formennsku Íslands var lögð áhersla á að efla samstarf við aðrar nefndir og stofnanir ráðherranefndarinnar.

Auk kvikmyndasmiðjunnar „Lýðræði og þátttaka“ stóð nefndin fyrir kortlagningu á fræðslu- og skemmtiefni fyrir börn á stafrænu formi en það var eitt af forgangsverkefnum Íslands á formennskuári. Skýrslan „Nordic Game Potential“ var gefin út og haldin var ráðstefna með sama nafni í Malmö í nóvember s.l.

Í samstarfi við Málráð Norðurlanda stóð stjórnarnefndin um norræna barna- og unglíngamenningu fyrir ráðstefnunni NORDMÁLFORUM í Reykjavík í nóvember s.l. þar sem fjallað var um málið í norrænum barnabókmenntum og í stafrænu efni fyrir börn.

Meðal annarra verkefna nefndarinnar, sem hófust á árinu, var fyrirlestrar-röð og bókaútgáfa um börn, barnæsku og barnamenningu í samstarfi við þverfaglegt tengslanet norrænna fræðimanna á sviði barnamenningar (BIN-Norden), „Nordisk Nettarena“, fundarstaður ungra kvikmyndagerðarmanna á netinu í samstarfi við norrænu kvikmyndamiðstöðvarnar, samantekt yfir gamla leiki og rannsóknir á þeim í samstarfi við Idrætshistorisk værksted í

Gerlev í Danmörku, tungumálaverkefni í samstarfi við norrænu bókmennta- og bókasafnsnefndina (NORDBOK) og fjölmenningslegu tónlistarverkefni í samstarfi við norrænu tónlistarnefndina (NOMUS). Menningarháttíðin „Ung i Norden“, sem er meðal stærstu verkefnanna á sviði norrænnar barnamenningar, fór fram í fjórða sinn, að þessu sinni í Danmörku.

Stjórnarnefnd um menningu og fjölmiðla hefur lagt áherslu á að vinna áfram að tillögum um skipan norræns sjóðs er styrkja á framleiðslu á stafrænu efni fyrir börn og unglunga. Undir formennsku Íslands hefur þróast samstarf við stjórnarnefnd um barna- og unglungamenningu sem hefur látið kortleggja framboð á norrænu stafrænu efni fyrir börn og unglunga. Sami aðili og vann þá kortlagningu verður ráðgjafi stjórnarnefndarinnar um menningu og fjölmiðla og mun aðstoða við að undirbúa tillögur að skipan sjóðsins sem væntanlega verða lagðar fyrir menningarmálaráðherrana í 2005.

Nefndin styrkti alþjóðlega ráðstefnu um samruna tækni og sköpunar sem haldin var í Reykjavík í mars s.l. Ráðgjöf var veitt vegna nýs samnings um Norræna sjónvarps- og kvikmyndasjóðinn og undirbúnar voru reglur fyrir ný norræn kvikmyndaverðlaun sem veitt verða í fyrsta skipti árið 2005 og nefnast kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs.

Netmiðillinn „Medier i Norden“ sameinaðist Norrænu upplýsingamiðstöðinni um fjölmiðla- og upplýsingarannsóknir (Nordicom).

Starf stjórnar *norræna kvikmynda- og sjónvarpsjóðsins* á árinu einkenndist öðru fremur af þeim vanda sem fylgdi uppsögn einkareknu sjónvarpsstöðvanna, TV2 Danmark, TV4 í Svíþjóð, TV 2 í Noregi og Stöðvar 2 á Íslandi, á samstarfssamningnum um sjóðinn. Sáttir náðust um áframhaldandi aðild stöðvanna og var nýr samningur undirritaður í júní s.l. Unnið var að tillögum og mismunandi möguleikum á hvernig best verði staðið að framkvæmd kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs en norrænt fagfólk hefur almennt fagnað þeirri ákvörðun ráðherranefndarinnar að veita þau árlega héðan í frá.

Norræna fjölmiðlamiðstöðin (NJC) stóð fyrir hefðbundnum námskeiðum fyrir norræna blaðamenn um norrænt samstarf og kynningu á aðstæðum á Norðurlöndum og á grannsvæðunum (Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland).

Norræna safnanefndin kom að og styrkti eina ráðstefnu á vegum formennsku Íslands á menningarsviðinu, ráðstefnuna „Rætur, stefnumót við norræna menningu“, sem haldin var í Reykjavík í nóvember s.l. Efni ráðstefunnar var norræn menning og menningararfur og þýðing hans fyrir norræna og alþjóðlega menningu í listsköpun og skemmtanaiðnaði nútímans.

Norræna húsið í Reykjavík heyrir undir menningarmálaráðherra Norðurlanda (sjá nánar um Norræna húsið í kafla 23.1.)

Hlutverk *Norrænu stofnunarinnar í Finnlandi (NIFIN)* er að auka þekkingu um mál og menningu hinna norrænu landanna í Finnlandi og miðla fróðleik um finnsku og finnska menningu til annarra svæða á Norðurlöndum. Starfsemi stofnunarinnar er greind í þrjú svið: a) mál og kennsla, b) bókasafn og menning, c) upplýsingar, fjölmiðlar og samfélag.

Norræna stofnunin á Álandseyjum starfaði með hefðbundnum hætti. Meðal

verkefna má nefna athyglisvert verkefni sem laut að samþættingu lista og almennra námsgreina í skyldunámi. Það var unnið í skóla í Mariehamn í samstarfi við nútímalistasafnið Kiasma í Helsingfors. Annað verkefni var „Tónaleikur“ (Tonleken) sem beindist að þjálfun unglunga í sköpun dægurtónlistar. Aðalumsjón hafði íslenski tónlistarmaðurinn Þorvaldur Þorvaldsson. Verkefnið hófst árið 2002 og lauk með því að gefinn var út geisladiskur með lögum sem urðu til á vegum verkefnisins. Unnu þátttakendurnir, sem voru ungir tónlistarskólanemar, sjálfir að útgáfunni.

Í *Norðurlandahúsinu í Færeyjum* hefur nýr forstöðumaður störf í byrjun febrúar 2005. Helga Hjörvar lætur þá af störfum eftir að hafa gegnt starfinu í sex ár.

Stjórnarnefnd norrænna menningarkynninga erlendis vann að því að skýra markmið sín og starfsaðferðir við kynningarnar og hélt af því tilefni fund s.l. haust, þar sem einnig var gerð ályktun um tillögur um nýtt skipulag á sviði norrænna menningarmála. Nefndin telur ávinning af tillögunum og nauðsynlegt at endurskoðun á skipulagi haldi áfram. Nefndin telur einnig mikilvægt að auka samstarfið við aðra aðila á vegum ráðherranefndarinnar, sem standa fyrir erlendu samstarfi.

Hönnunarsýningin *Scandinavian Design Beyond the Myth* var sýnd í Milanó, Gent og Prag. Sýningin fer í 2005 til Búdapest, Ríga, Glasgow, Kaupmannahafnar og Gautaborgar. Í tengslum við sýninguna var efnt til ráðstefnu í Prag í nóvember um svæðissamstarf í Evrópu. Óskað hefur verið eftir að ráðstefnur af þessu tagi verði skipulagðar í tengslum við opnun hönnunarsýningarinnar á öðrum stöðum í Evrópu.

Stærsta verkefni nefndarinnar var menningarkynning á Balkan-skaganum. Auk norrænu landanna tóku þátt Króatía, Serbía/Svartfjallaland, Albanía, Bosnía-Hersegóvína og Makedónía. Mörg verkefnanna hófust þegar á árinu 2003 og sumum lýkur árið 2005 en á árinu voru um 40 verkefni á dagskrá. Stór hluti verkefnanna á sér stað bæði á Norðurlöndum og Balkan-svæðinu og er þeim ætlað að auka tengsl og samstarf svæðanna. Við upphaf verkefnisins var gerð áætlun um mat á því og er skýrslu að vænta á árinu 2005.

Að frumkvæði menningarmálaráðherra Albaníu hefur verið unnið að samstarfi þjóða á Balkan-svæðinu á sviði menningarmála og hefur Norræna ráðherranefndin veitt aðstoð við skipulagningu þess og stefnt er að sameiginlegum ráðherrafundi norrænu ráðherranna og starfsbræðra þeirra frá Balkanlöndunum á árinu 2005. Kveikjan að þessu samstarfi er norræna menningarkynningin á Balkan-svæðinu.

Hafinn er undirbúningur að menningarverkefnum í Mið-Austurlöndum og jafnframt hefur nefndin ákveðið að kanna hvort áhugi sé fyrir stórri norrænni menningarkynningu í Kína árið 2007 eða 2008.

Samstarfsnefndin um kennslu Norðurlandamála erlendis hefur verið breytt úr nefnd í tengslanet og færist frá og með árinu 2005 frá menningarmálaráðherrunum til menntamálaráðherra Norðurlanda.

6. Menntun og rannsóknir

Samstarf um menntamál og rannsóknir á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir (MR-U) tekur til grunn- og framhaldsskólástigs, fullorðinsfræðslu, háskóla og rannsókna. Samstarfið felst einkum í verkefnum og styrkjakerfum sem stjórnað er af ráðgjafarnefndum, sem hafa m.a. umsjón með faglegum vinnuhópum sem starfa tímabundið.

Í áætlun menntamálaráðuneytisins fyrir formennskuár Íslands segir m.a.:

„Meginþema formennskuáætlunar Íslands í norrænu samstarfi árið 2004 er „Auðlindir Norðurlanda: Lýðræði – menning – náttúra“. Í ljósi þess mun Ísland fylgja þeirri stefnu á sviði menntamála og vísinda að Norðurlönd sem heild búi yfir vannýttum styrk sem felist í sameiginlegum menningararfi, gildismati og mannauði.“

Ráðherranefnd menntamála og rannsókna heldur þrjá fundi árlega. Fundir ársins einkenndust í verulegum mæli af meginþema Íslands. Tveir ráðherranefndarfundir á árinu voru sérstaklega skipulagðir með aukin tengsl Norðurlanda út á við í huga, sá fyrri var sameiginlegur fundur norrænu ráðherranna með menntamála- og vísindaráðherrum Eystrasaltsríkjanna og hinn síðari í beinum tengslum við ráðstefnu ráðherranna með fulltrúum Norðurskautsríkjanna. Á öllum fundum ársins var fjallað um samstarf á sviði rannsókna og endurskipulagningu norræns rannsóknasamstarfs. Réttindi Norðurlandabúa, fullorðinsfræðsla og gæðamál í menntakerfinu voru einnig ofarlega á baugi.

Fastar ráðgjafanefndir.

Norræna embættismannanefndin um menntamál og rannsóknir (EK-U) undirbýr ráðherra fundi auk annarra verkefna sem henni eru falin af ráðherranefndinni. Á vegum ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir starfa auk þess þrjár ráðgjafanefndir, ein sér um samstarf um skólamál (NSS), önnur um æðri menntun (HÖGUT) og sú þriðja um fullorðinsfræðslu (SVL). Nefnd er skipuð var tímabundið til að fjalla um upplýsingatækni (IT-P) lauk störfum á árinu. Auk stjórnarnefndanna starfa vinnuhópar að tilteknum tímabundnum verkefnum.

Í samræmi við formennskuáætlun Íslands var markvisst unnið að auknu þverfaglegu samstarfi ráðgjafanefndanna. Nefndirnar þrjár, HÖGUT, SVL og IT-P undirbjuggu og héldu ráðstefnu um fjarkennslu, sveigjanlegt nám og fullorðinsfræðslu. Ráðstefnan var haldin á Íslandi og bar heitið: „Hnattrænn menntamarkaður – norræn tækifæri“. Á ráðstefnunna komu um 150 fulltrúar alls staðar að á Norðurlöndum. Jafnframt voru fengnir fyrirlesarar frá Bandaríkjunum og ESB. Í framhaldi af ráðstefnunni var settur á fót vinnuhópur sem hafði það markmið að koma með tillögur að sértæku norrænu samstarfsverkefni um sveigjanlegt nám, þar með talið fjarkennslu á Norðurlöndum í fullorðinsfræðslu og háskólanámi. Framhald verður því á verkefninu árið 2005.

Samstarf um skólamál.

Verksvið NSS-stjórnarnefndarinnar nær til leik-, grunn- og framhalds-

skóla. Áherslurnar í starfi nefndarinnar beinast að því að bæta skólastarf á Norðurlöndum og í því skyni tekur nefndin til umfjöllunar mál sem eru efst á baugi á hverjum tíma, ber saman lausnir og aðferðir sem beitt hefur verið í einstökum löndum og miðlar upplýsingum um skóla og skólastarf til þeirra sem hlut eiga að máli.

Hugtökin „lýðræði – lífsleikni“ voru rauði þráðurinn í þemaráðstefnu Íslendinga, „Menntun og mannauður – lifandi skólasamfélag til framtíðar“, sem var haldin á Hótel Loftleiðum í september s.l. Áhersla var lögð á að raddir ungu kynslóðarinnar heyrðust og hópur ungmenna á aldrinum 16 til 22 ára frá öllum norrænu löndunum sá um sérstakan lið á dagskrá ráðstefnunnar.

NSS veitti fjármagn til norræns málþings um samstarf heimila og skóla sem Samtök foreldrafélaga á Norðurlöndum (Nordisk Komité) var falið að sjá um.

Íslendingar beittu sér fyrir því að settur var á laggirnar vinnuhópur til að fjalla um jafnrétti með það að leiðarljósi að löndin miðli hvert öðru af reynslu sinni og þekkingu.

Læsi var eitt af áherslumálum Íslendinga á árinu og því var ákveðið að skipa vinnuhóp með sérfræðiþekkingu á sviði læsis og lestrarmála.

Norrænn vinnuhópur hefur kortlagt norrænt og alþjóðlegt samstarf norrænu landanna á sviði mats og gæða í skólastarfi og skilað ítarlegum tillögum um áframhaldandi norrænt samstarf á þessum vettvangi.

Málþing á vegum NSS um gæði í skólastarfi verður haldið í Ósló í mars 2005.

Fullorðinsfræðsla.

Stjórnarnefnd um fullorðinsfræðslu (SVL) fjallar um þau málefni er varða menntun fullorðinna sem eru efst á baugi hverju sinni að undanskildum þeim málefnum er falla undir verksvið háskólanefndarinnar.

Grundvallarmarkmiðið í norrænu samstarfi um fullorðinsfræðslu er að stuðla að og þróa skilning á fjölbreytileika og samkennd á þessu sviði á Norðurlöndum og efla norrænu viddina á alþjóðavettvangi.

Á fundi sínum í desember 2003 ákvað norræna ráðherranefndin um menntun og rannsóknir að norræna stjórnarnefndin um alþýðumenntun og fullorðinsfræðslu (FOVU), skyldi lögð niður frá og með áramótunum 2003/2004 og stofnuð skyldi hennar í stað ný nefnd, stjórnarnefndin um fræðslu fullorðinna (SVL). Verkefni nýju nefndarinnar hafa verið endurskilgreind og gerð markvissari með það að markmiði að miðla upplýsingum, reynslu og þekkingu um fullorðinsfræðslu og símenntun.

Norræni lýðháskólinn (NFA – Nordens Folkelige Akademi) var lagður niður 1. ágúst s.l. Norrænt samstarf um fullorðinsfræðslu fer framvegis fram í gegnum norrænt netsamstarf (NVL – Netverk for Voksen lering). Hlutverk NVL er að leggja áherslu á og ýta undir myndun samstarfsneta, skráningar- og upplýsingastarf, rannsóknir og þróun.

Samstarf milli aðila í fullorðinsfræðslu verður með stuðningi nýrrar áætlunar, Nordplus Voksen.

Ákveðið var að vinna að tveimur verkefnum á sviði fullorðinsfræðslu á formennskuárinu. Annars vegar var um að ræða samnorrænt verkefni með upplýsingum um vel heppnaðar aðferðir við kennslu fullorðinna nýbúa í móðurmáli viðkomandi lands sem stjórnað var af Mími-símenntun. Hins vegar hófst vinna að verkefni í samvinnu við Vísindastofnun Háskóla Íslands þar sem gerð skyldi úttekt og samanburð á tilhögun vinnustaðanáms á Norðurlöndum.

Háskólasamstarf.

Stjórnarnefndin um æðri menntun (HÖGUT) hefur umsjón með samstarfi um æðri menntun á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar. Helsta hlutverk HÖGUT er að stuðla að eflingu norræns samstarfs um æðri menntun m.a. með athugunum, verkefnum, ráðstefnum og samráði við háskóla. Vegvísar í starfi HÖGUT í formennskuáætlun Íslendingar voru: Norðurlönd sem leiðandi svæði á sviði færni og menntunar allt lífið, aukin gæði háskólamenntunar, nýting upplýsingatækni á háskólastiginu og alþjóðavæðing og mannaskipti.

Sett var á fót nefnd sem tók saman efni um stöðu fjarkennslu á háskólastigi í öllum norrænu löndunum og voru niðurstöðurnar gefnar út í skýrslu.

Á árinu var unnið að því að auka réttindi nemenda sem stunda nám í háskólum til að fá nám sitt viðurkennt í háskóla í öðru norrænu landi. Á fundi ráðherra menntamála í júní s.l. var undirrituð yfirlýsing um það efni og ber hún heitið „Reykjavíkur-yfirlýsingin“. Norræna ráðherranefndin mun innan tveggja ára gera úttekt á nemendaskiptum milli Norðurlanda til að skoða hvort réttur nemenda sé tryggður í þessu samhengi.

Fulltrúar ráðuneyta og samstarfsnefndar lánasjóða á Norðurlöndum (ASIN) munu hittast reglulega og taka saman tölfræðiupplýsingar um fjölda nemenda á Norðurlöndum sem notar rétt sinn til að taka lán í öðru norrænu landi. Fylgjast á með því að réttur nemenda sé tryggður.

HÖGUT hefur ákveðið að styðja s.n. ENIC/NARIC skrifstofur á Norðurlöndum en þær eru hluti af evrópsku neti um mat á jafngildingu háskólanáms. Markmiðið er að samhæfa og samræma starf þessara skrifstofa á Norðurlöndum hvað varðar viðmið og staðla um viðurkenningu á námi milli norrænu landanna.

HÖGUT óskaði eftir því við norska stofnun um rannsóknir á menntamálum (NIFU) að ljúka verkefni sem hófst 2003 um alþjóðavæðingu háskóla á Norðurlöndum og var skýrsla gefin út um þetta efni á árinu.

Vinna hófst við að uppfæra heimasíðuna www.abo.fi/norden. Samtök háskóla á Norðurlöndum munu hafa það verkefni með höndum.

Upplýsingatækni.

Ráðgjafanefndin um upplýsingatækni (IT-P) lagði áherslu á nýtingu upplýsingatækni til að ná árangri í samræmi við meginþema formennskuársins um auðlindir Norðurlanda. Áhersla var lögð á samvinnu við aðrar nefndir á sviði menntunar og vísinda til að kynna og greiða fyrir nýtingu nýrrar tækni.

Til að kanna hvernig nýta megi upplýsingatækni í starfi norrænna nefnda

var haldinn fundur þar sem fulltrúar hópsins hittust hver frá sínu landi og notuðust við myndfundabúnað. Tókst tilraunin vel og verða niðurstöður birtar í skýrslu þar sem mælt er með þessari leið til styttri funda.

IT-P kynnti sér öryggismál við notkun upplýsingatækni í hugbúnaði og á Internetinu. Ákveðið var að stuðla að öflugra norrænu samstarfi um varnir og öryggisráðstafanir í notkun Internetsins og gagnagrunna.

Samvinna var undirbúin um notkun staðla í hugbúnaði fyrir menntun svo gagnagrunnar geti unnið saman. Fyrir samstarf háskóla, dreifingu námsefnis og samvirkni skólanetanna var stofnaður vinnuhópur um staðla í hugbúnaði til að auðvelda notkun upplýsingatækni á komandi árum.

Hópurinn kynnti sér samstarf háskóla á norðurslóðum og nýtingu upplýsingatækni í dreifðum byggðum, bæði til fjarkennslu, rannsókna og heilsugæslu. Lögð var áhersla á að skoða hvernig háskólasamstarf á norðurslóðum gæti eflst enn frekar með notkun nýrra samskiptamöguleika.

Vísindaverkefni sem byggja á dreifðri vinnslu gagna og upplýsingasöfnun voru skoðuð og umsagnir gefnar um tæknileg tækifæri og möguleika. Var unnið að undirbúningi verkefna undir Nordunet 3 áætluninni.

Útfærsla á norrænu verkefni fyrir grunnskóla um neysluvatn var unnin í samvinnu við stjórnarnefndina NSS. Um er að ræða verkefni með þróaðri notkun upplýsingatækni sem talið var að gæti orðið hvati til nýbreytni í norrænni samvinnu kennara og skólabarna.

Málráð Norðurlanda.

Í samræmi við ákvörðun ráðherranefndarinnar um menntun og rannsóknir tók Málráð Norðurlanda til starfa á árinu en hlutverk þess er að vera stýrihópur fyrir norrænt tungumálasamstarf. Ráðinu er m.a. ætlað að efla norrænan málskilning og málakunnáttu, styrkja tungumálasamstarfið og þekkingu á norrænum málum og styrkja stöðu norrænna mála innan Norðurlanda sem utan. Íslendingar fóru með formennsku í ráðinu fyrsta starfsár þess og lögðu sig fram um að ryðja braut til að styrkja fyrrgreinda stefnu.

Ráðið fékk sem verkefni að semja nýja norræna málstefnu. Lokið var undirbúningi og frágangi norrænnar málsögu sem nú er í prentun.

Ráðið veitti fé til margvíslegra verkefna, m.a. til námskeiða fyrir kennarar nema til að þeir gætu betur kennt norræn mál sem grannmál eða erlent mál, til móðurmálskennara sem eiga að kynna norræn mál í kennslu sinni, til einstakra samtaka og stofnana sem ýmist héldu námskeið eða gáfu út efni sem þjónar markmiðum ráðsins.

Leitað var til opinberra stofnana í öllum norrænu löndunum um að vinna að rannsóknar- og þróunarverkefni um netorðabók og komið var á samstarfsneti um verkefnið.

Styrkjaáætlunin „Nordplus-sprog“, málefni samstarfsnefndar norrænna tungumála og sambandið við norrænu málnefndirnar sem Málráð Norðurlanda á að styðja var rætt á fundum. Auk þess kynnti formaður ráðsins starfs svið ráðsins og markmið á tveimur ráðstefnum.

Ráðið stóð fyrir ráðstefnu á Voksenåsen við Ósló s.l. vor þar sem um-

dæmisvandinn var ræddur og sú staða að tvö tungumál lifi hlið við hlið í háskólakennslu. Áfram verður haldið með þá umræðu.

„Nordmál-forum“ var haldið í Reykjavík í nóvember s.l. og að þessu sinni var fjallað um barna- og unglíngabókmenntir og nauðsyn þess að börn og unglíngar ættu greiðan aðgang að góðum bókum á máli sínu. Rithöfundar, útgefendur, málrannsakendur o.fl. höfðu framsögu.

Samstarf um vísinda- og tæknistefnu.

Formennskuáætlun Íslands á sviði vísinda- og tæknimála beindist annars vegar að því að endurskoða skipulag norrænna stofnana og áherslur í samstarfi í framhaldi af úttekt sem gerð var og birtist í svonefndri hvítbók um rannsóknir og nýsköpun undir yfirskriftinni „NORIA“ (Nordic Research and Innovation Area). Hins vegar vildu Íslendingar stuðla að auknum tengslum við Norður-Ameríku þar sem miklir sameiginlegir hagsmunir eru með Bandaríkjunum og Kanada á sviði vísinda og tækni og fjölmargir vísindamenn frá Norðurlöndum sækja þangað menntun sína.

Í niðurstöðum hvítbókarinnar um NORIA voru færð rök fyrir því að Norðurlönd gætu með samræmdu átaki myndað alþjóðlega öflugt og leiðandi svæði fyrir rannsóknir og nýsköpun og þar með treyst alþjóðlega samkeppnisstöðu atvinnulífs og tryggt þegnunum áframhaldandi góð lífskjör. Aðkallandi væri að auka norræna samstarfið með hliðsjón af þróuninni innan Evrópu.

Meginviðfangsefni formennskuársins var að skapa samstöðu meðal hagsmunaaðila í löndunum um að hrinda tillögum hvítbókarinnar í framkvæmd með breytingum á skipulagi norrænna samstarfstofnana og stuðla að aukinni samvinnu milli ráðherranefndar menntamála og rannsókna og ráðherranefndar iðnaðar- og atvinnumála (MR-N) um stuðning við rannsóknir og nýsköpun.

Öll meginmarkmið formennskuáætlunarinnar náðust. Á fundi ráðherranefndar menntamála og rannsókna í Reykjavík í júní s.l. var tekin ákvörðun um að sameina starfsemi Norrænu stofnunarinnar um vísindamenntun (NorFA) og Norræna vísindastefnuráðsins (FPR) í nýrri stofnun sem fékk nafnið NordForsk. Hin nýja stofnun fær öflugt umboð til annars vegar að samhæfa aðgerðir landanna til að efla rannsóknir og menntun vísindamanna á grundvelli áherslna og áhuga hvers lands og hins vegar að fjármagna aðgerðir til að ná samlegðaráhrifum á einstökum sviðum og skapa þar með sameiginlegan styrk landanna út á við. Enn fremur er stofnuninni falið að veita ráðherranefndinni ráðgjöf og skapa vettvang til umræðna um stefnumótun landanna á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar. NordForsk tekur til starfa um áramótin 2004/2005 og verða NorFA og FPR lögð niður frá sama tíma.

Ráðherrar menntamála og rannsókna og ráðherrar iðnaðar- og atvinnumála undirrituðu samstarfsyfirlýsingu um aukna samvirkni milli stefnumótunar á sviði vísinda annars vegar og nýsköpunar hins vegar. Yfirlýsingin felur m.a. í sér vilja til að NordForsk og Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NICE) eigi með sér nána samvinnu.

Til að undirbúa nánara samstarf á sviði vísinda, hagnýtra rannsókna og nýsköpunar tók FPR þátt í ráðstefnu í júní í Reykjavík um stefnumótun á sviði

nýsköpunar, sem stjórn NICE hafði látið undirbúa með þátttöku fulltrúa FPR. Í framhaldi af því héldu FPR og stjórn NICE fundi á sama tíma í Reykholti.

Í tilefni þess að Ísland fór með formennsku í Norðurskautsráðinu frá 2002 til 2004 ákvað menntamálaráðherra að bjóða til fundar mennta- og vísindaráðherra frá öllum aðildarríkjum Norðurskautsráðsins í tengslum við fund norrænu ráðherranefndarinnar í júní í Reykjavík. Tilgangur fundarins var, í samræmi við formennskuáætlun Íslands, að efla samstarf aðildarlandanna á sviði rannsókna og rannsóknamenntunar. Niðurstöður fundanna koma fram í yfirlýsingu ráðherra fundarins þar sem lýst er þörfum og forsendum fyrir auknu samstarfi og hvatt til þess að komið verði á formlegu samstarfi aðildarríkjanna sem fyrst. Voru Íslendingar hvattir til að taka frumkvæðið í þessu efni og verður því fylgt eftir árið 2005.

Þáttur í endurskipulagningu norræna vísindasamstarfsins var að færa ýmsar norrænar rannsóknastofnanir yfir á ábyrgð viðkomandi heimalands og draga úr beinum norrænum fjárveitingum til þeirra. Ísland tók við Norrænu eldfjallastöðinni (sjá nánar um Norrænu eldfjallastöðina, kafla 23.2.) sem ákveðið var að sameina jarðvísindaskor Raunvísindastofnunar Háskólans í Jarðvísindastofnun og henni fundið setur í Öskju, hinu nýja Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

7. Upplýsingatækni

Í formennskuáætlun Íslendinga var lögð áhersla á lýðræði í upplýsingasamfélaginu. Þessari áherslu var fylgt eftir með umfjöllun á ráðherra fundi, ráðstefnuhaldi, skýrslu og uppsetningu vefs.

Ráðherra fundur.

Norræna ráðherranefndin um upplýsingatækni (MR-IT) hélt árlegan fund sinn á Íslandi og stýrði fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, fundinum fyrir Íslands hönd. Þar var rökrætt um þróun lýðræðis í upplýsingasamfélaginu, en Norðurlönd hafa haft forystu um að leita leiða til að nýta tæknina sem best í þágu þeirra lýðræðislegu gilda sem hin norrænu samfélög byggja á. Þau hafa nýtt tæknina til að opna stjórnsýsluna og hafa möguleikar manna til að fylgjast með athöfnum stjórnvalda og veita þeim aðhald gjörbreyst.

Á dagskrá fundarins var einnig samstarf við Eystrasaltsráðið um upplýsingatæknimál og stefnumörkun og undirbúningur starfsáætlunar nefndarinnar fyrir næstu þrjú ár.

Ráðstefna um lýðræðið á öld upplýsingatækni.

Í ágúst s.l. var haldin ráðstefna um lýðræðið á öld upplýsingatækni. Ráðstefnan var haldin á Íslandi og sátu hana á annað hundrað manns frá öllum norrænu löndunum. Meðal ráðstefnugesta voru ráðherrar, þingmenn, sveitarstjórnarmenn, fræðimenn og embættismenn víðs vegar að á Norðurlöndum. Þar var m.a. fjallað um áhrif upplýsingatækni á lýðræðið og hvernig nýta má tæknina til að efla það.

Ráðstefnan hófst með pallborðsumræðum norrænu upplýsingatækniráðherranna undir stjórn norska fræðimannsins Mortens Øgård. Þar var m.a. rætt um hvaða árangur hefði náðst með að nýta upplýsingatækni í þágu lýðræðisins og hvaða verkefni væri brýnast að leysa. Önnur umfjöllunarefni voru áhrif upplýsingatækninnar á lýðræðið, nýting upplýsingatækninnar í þágu lýðræðisins og framtíð og þróun lýðræðisins sem stjórnarforms. Einnig voru kynnt störf nefndar sem stofnuð var í upphafi árs að frumkvæði Íslendinga til að kanna stöðu lýðræðis á Norðurlöndum. Settur var upp vefur um efni ráðstefnunnar: (http://www.forsaetisraduneyti.is/upplýsingasamfelagid/Demokrati/Demokratiet/s_fremtid/Um_radstefnu/). Þar er að finna videóupptöku af ráðstefnunni í heild, skýrslu um það sem fram kom í máli fyrirlesara og ýmislegt fleira.

Opnir staðlar og opinn hugbúnaður.

Norrænu ríkjunum og ráðherranefndinni bárust tilmæli frá Norðurlandaráði varðandi opna staðla og opinn hugbúnað. Að höfðu samráði við embættismannanefndirnar um iðnað og atvinnumál (EK-N), menningarmál (EK-K) og menntun og rannsóknir (EK-U) var tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar svarað þannig að tekið var jákvætt í erindi Norðurlandaráðs. Þetta mál var síðan til umræðu á Norðurlandaráðsþinginu. Niðurstaðan er m.a. sú að kannað verður hvort áhugi er fyrir því að koma á norrænu þekkingarneti um opinn hugbúnað.

Samstarf við Eystrasaltsráðið.

Norrænu löndin hafa öll tekið þátt í samstarfi Eystrasaltsríkja og ESB undir heitinu „Aðgerðaáætlun um Norðlægu upplýsingatæknivíddina“ (the Northern eDimension Action Plan“ (NeDAP) og átt sæti í verkefnisstjórninni („Senior Officials on Information Society“, SOIS). Markmið þessa samstarfs er að efla þróun upplýsingasamfélagsins í Eystrasaltsríkjunum. Áhugi hefur verið fyrir því að Norræna ráðherranefndin kæmi með beinum hætti að verkefnum sem þar eru unnin. Að frumkvæði Eystrasaltsráðsins fóru fram viðræður og bréfaskriftir um mögulegt samstarf á sviði upplýsingatækni. Á fundi norrænu upplýsingatækniráðherranna var samþykkt að ráðherranefndin gerðist aðili að nokkrum verkefnum NeDAP. Fyrsta samstarfsverkefnið, um tölfræði upplýsingasamfélagsins (e-Indicators), hefur verið samþykkt og ákveðið að ráðherranefndin veiti fé til þess. Einnig er áhugi fyrir samstarfi um rannsókn- og þróunarnet (Internet and Internet Applications Research and Development) og verður tekin afstaða til þess árið 2005.

Tölfræði.

Í samstarfi við norrænu hagstofurnar var ákveðið að gefa út og fjármagna tölfræðiskýrslu undir nafninu „Nordic Information Society – 2005“.

Rafrænar undirskriftir.

Norrænu samstarfsverkefni lauk á árinu með greinargerð þar sem fjallað er um norrænt samstarf um rafrænar undirskriftir, greiningu á stöðu þeirra og tillögum um samstarf norrænu landanna á þessu sviði.

Stefnumörkun og starfsáætlun fyrir árin 2005 – 2007.

Á árinu var mótuð stefna og gerð starfsáætlun fyrir starf ráðherranefndarinnar á árunum 2005 – 2007. Áætlað er að vinna fyrst og fremst að tvenns konar verkefnum, annars vegar að stofna til umræðu um grundvallarspurningar og álitamál í upplýsingasamfélaginu þar sem þörf er fyrir þverfaglega yfirsýn og hins vegar að skilgreina tiltekin verkefni í samráði við aðrar ráðherranefndir þar sem slíkar spurningar eða álitamál koma upp.

8. Samstarf við grannsvæði Norðurlanda

Starfsemin á árinu var í samræmi við rammaáætlun ráðherranefndarinnar um grannsvæðasamstarfið 2003 – 2005, sem samþykkt var á þingi Norðurlandaráðs 2002 og sem m.a. var byggð á nýrri stefnumótun um grannsvæðasamstarfið, „Nær Norðurlöndum“.

Það hefur verið yfirlýst markmið í nokkur ár að leggja aukna áherslu á samstarf við Norðvestur-Rússland en mun hægar hefur gengið en áætlað var að koma þeirri stefnu í framkvæmd. Á árinu var minnst 38% verkefnafjár (um 1,9 millj. d.kr.) veitt til samstarfs við Norðvestur-Rússland. 22% af fjárlögnum til grannsvæðasamstarfs var veitt í samstarf við Norðvestur-Rússland. Rússneskar verkefnaumsóknir voru fáar en engum styrkhæfum rússneskum umsóknum var vísað frá.

Fyrri hluta ársins var gerð úttekt á heildarstarfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Norðvestur-Rússlandi. Þessi úttekt gaf vitneskju um á hvaða sviðum og landsvæðum framtíðaráherslur eiga að vera. Samstarfsaðilar ráðherranefndarinnar á grannsvæðunum hafa óskað eftir að samstarfsáætlanir verði aðgreindar eftir löndum og til að koma til móts við þær óskir hafa einhver samstarfsverkefni verið einskorðuð við Eistland, Lettland og Litháen en önnur við Norðvestur-Rússland.

Eistland, Lettland og Litháen hafa lagt áherslu á að þau vilji ekki vera háð norrænni fjármögnun en vilji aukinn þátt í fjármögnun á samstarfsverkefnum. Samkvæmt gildandi áætlunum verður hluti þessara landa í fjármögnun verkefnanna smám saman aukinn og um leið einnig þátt þeirra í vali á verkefnum. Ekki liggur þó fyrir hversu hröð sú þróun verður þar sem taka þarf mið af þeim viðbrögðum sem ráðherranefndin fær frá samstarfsaðilum sínum á grannsvæðunum á hinum ýmsu fagsviðum.

Stærð landsvæðisins gerir það vandamt að finna álitlega samstarfsaðila í Norðvestur-Rússlandi. Upplýsingaskrifstofan í Pétursborg og tengiliðir hennar í Arkhangelsk, Murmansk og Petrozavodsk hafa átt mikinn þátt í að tryggja gæði verkefnanna og gott samstarf um norræna starfsemi við yfirvöld á staðnum.

Hnitmiðaðar aðgerðir.

Árið 2004 var síðasta árið þar sem áherslan er á langtímaverkefnum. Hér eftir er ætlunin að fjárveitingar verði notaðar sem frumstigsfjármögnun („seed money“) til að ýta nýjum verkefnum úr vör sem gagnast báðum aðilum. Með

Því næst aukinn sveigjanleiki til að fylgja eftir breyttum pólitískum áherslum. Viðræður á árinu við Eistland, Lettland, Litháen og Norðvestur-Rússland hafa leitt í ljós að áherslur Norðurlanda eru einnig áhugaverðar fyrir samstarfsaðila okkar á grannsvæðunum, en þær eru norræna velferðarlíkanið (þ.m.t. heilbrigðismál og jafnrétti), sjálfbær nýting auðlinda (þ.m.t. umhverfis- og orkumál), börn og ungmenni, menningarmiðlun, neytendamál og matvælaöryggi.

Landfræðilegar áherslur.

Með inngöngu Eystrasaltsríkjanna í ESB jókst þörfin á beinu samstarfi innan fagsviðanna. Svokallað NB-8 samstarf var aukið á árinu, en það felst í sameiginlegum fundum Eystrasaltsríkjanna og norrænu landanna í ráðherranefndum og embættismannanefndum. Pólitískt samstarf var styrkt, m.a. með markvissu átaki til að byggja upp ný tengslanet.

Áhersla var á árinu á samstarfi við Norðvestur-Rússland. Norrænu tengiliðirnir í Petrozavodsk, Murmansk og Arkhangelsk eru nú rússneskir starfsmenn í fullu starfi, sem hefur í för með sér aukin samskipti við yfirvöld á staðnum og styrking þeirra tengslaneta sem fyrir hendi eru. Einnig eru styrkir, fyrst í stað einkum til starfsmannaskipta og NordproLink, í auknum mæli eyrnamerkir þessum svæðum.

Meiri sjálfstjórn verkefna og samræming.

Sérfræðinganefnd um grannsvæðasamstarf hefur verið með í ráðum við val á verkefnum á grannsvæðunum í austri og á Norðurskautssvæðinu. Í nefndinni eru þeir starfsmenn í utanríkisráðuneytum landanna sem hafa með höndum þróunaraðstoð við löndin í austri auk háttsettra norrænna embættismanna í Norðurskautsráðinu sem eru sérfræðingar um málefni Norðurskautssvæðanna. Það er markmiðið að aðgerðir miðist við þarfir viðkomandi svæðis og að þarfir og óskir landanna séu hafðar í huga, en löndunum gafst kostur á að gera athugasemdir við drög Norrænu ráðherranefndarinnar að samstarfsáætlun áður en hún var lögð fyrir samstarfsráðherra Norðurlanda.

Upplýsingar.

Upplýsingar um starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á grannsvæðunum er nú að finna á norsku, ensku, finnsku og rússnesku á www.norden.org.

Skipting fjárveitinga.

Fjárveitingar til grannsvæðaáætlunarinnar á árinu námu 83,8 millj. d.kr. og fjárveitingar til Norðurskautsáætlunarinnar voru rúmlega 5 millj. d.kr. Heildarfjárveitingar til grannsvæðasamstarfsins voru því tæplega 89 millj. d.kr. Þar af var 23% fjárens veitt til Nopef, 33% til styrkja- og dvalarkerfanna, 17% til upplýsingastarfsemi og samskipta og 27% til verkefnasamstarfs. Þar við bætast um 60 millj. d.kr. af fjárveitingum fagsviðanna sem renna til samstarfs við grannsvæðin.

Þegar á allt er litið er því tæplega 145 millj. d.kr. varið til samstarfs ráðherranefndarinnar við grannsvæðin.

Upplýsingaskrifstofurnar, upplýsingamiðlun og samskipti.

Upplýsingaskrifstofurnar koma nú í ríkum mæli að framkvæmd verkefna fyrir ráðherranefndina. Markmiðið með því er að sníða verkefni sem best að þörfum grannsvæðalandsins. Þetta hefur leitt til nánara samstarfs milli upplýsingaskrifstofanna og yfirvalda og norrænna sendiráða á staðnum.

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef).

Áherslan á þróun í átt að markaðsbúskap og á samstarfi milli lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Norðurlöndum og grannsvæðum þeirra kemur fram í fjárveitingum til Nopef. Samþykkt hefur verið að fjárveitingar til Nopef verði smám saman auknar og komi í staðinn fyrir bein framlög frá löndunum. Svipuð áhersla er höfð í verkefnastyrkjum sem veittir eru af fjárlögum á sviði atvinnumála og velferðar en þó eru verkefni á sviði markaðsbúskapar ekki styrkt þar sem þau eru á verksviði Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Nopef og Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins (NEFCO). Veitt er fé til náms- og dvalarverkefna. (Sjá nánar um NIB, Nopef og NEFCO í kafla 24).

Styrkja- og dvalarkerfi.

Meira en 500 þátttakendur á ári nýta sér nú styrkja- og dvalarkerfin. Þegar upplýsingaskrifstofa ráðherranefndarinnar tekur til starfa í Kaliningrad fá íbúar þess svæðis einnig möguleika á að fara í náms- og starfsmannaskipti til Norðurlanda.

Norrænu tengslanetsverkefni Nordplus Nabo og NorFA Nabo. Þetta styrkja-kerfi hefur það markmið að mynda tengslanet milli háskóla. Það var stofnað árið 1991 og inntak þess og áherslur hafa tekið breytingum. Nordplus Nabo veitir styrki til að koma á tengslanetum, en styður einnig við bakið á þeim tengslanetum sem þegar hafa verið mynduð, í háskólaumhverfinu og milli frjálsra félagasamtaka. NorFA Nabo veitir styrki til tengslaneta vísindamanna.

Starfsmannaskipti. Starfsmannaskipti eru í umsjón upplýsingaskrifstofanna á grannsvæðunum. Þannig er unnt að koma til móts við þarfir í einstökum löndum eins og gert er í NordProlink. Markmiðið með styrkveitingum til Eystrasaltsríkjanna er að byggja upp tengslanet og þekkingu sem nýtist í undirbúningi landanna fyrir inngöngu í ESB. Við styrkveitingar til Rússlands er leitast við að stuðla að lýðræðisþróun og stöðugleika með því að stuðla að þróun stjórnkerfis í opinberri stjórnsýslu. Til að ná sem bestum árangri verður leitast við að tengja styrki og starfsdöl við verkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Kerfið nær til opinberra starfsmanna á öllum stigum.

Þingmannaskipti. Styrkja- og skiptidvalarkerfi þingmanna er í umsjón Norðurlandaráðs. Markmiðið er að miðla reynslu af norrænu þingmannasamstarfi og fulltrúalýðræði. Styrkjakerfið var endurskoðað árið 2001 og tekin var ákvörðun um að kerfið ætti í auknum mæli að byggja á gagnkvæmum og virkum skoðanaskiptum á jafnræðisgrundvelli milli norrænu landanna og Eystrasaltsríkjanna. Lögð var áhersla á að auka þátttöku frá Norðvestur-Rússlandi.

Sleipnir-grannsvæðin. Sleipnir er ferðastyrkjakerfi sem hefur það markmið að auka hreyfanleika ungra listamanna á Norðurlöndum og á grannsvæðum

þeirra. Kerfið hefur reynst góð aðferð til að mynda tengsl milli Norðurlanda og grannsvæða þeirra og verður því áfram mikilvægur þáttur í miðlun menningar. Verkefninu hefur verið mjög vel tekið í Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Rússlandi. Upplýsingaskrifstofurnar fjórar hafa umsjón með styrkveitingum. Mjög góður árangur hefur verið af Sleipnisverkefninu á grannsvæðunum og áhugi ungra listamanna í löndunum er mikill.

NordproLink. NordproLink er skiptidvalarkerfi (áður Nordpraktik) með áherslu á atvinnulífinu. Markmiðið er að bjóða ungu fólki frá fyrirtækjum í Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi – sem hefur lokið námi, hefur nokkurra ára reynslu úr atvinnulífinu og sæmilegt vald á ensku eða norrænu tungumáli – starfsdvöl i litlum eða meðalstórum fyrirtækjum á Norðurlöndum. Með NordproLink fær unga fólkið tækifæri til að öðlast innsýn í vinnu- og framleiðsluhætti í slíkum fyrirtækjum og koma á tengslum og samstarfi milli fyrirtækja á grannsvæðunum og á Norðurlöndum. Norrænu upplýsingaskrifstofurnar á grannsvæðunum hafa umsjón með NordproLink og í því skyni hefur verið ráðinn starfsmaður í Petrozavodsk, sem er útibú upplýsingaskrifstofunnar í Petursborg.

Styrkir á sviði orkumála. Á árinu voru veittir styrkir til vísindamanna til að þróa virkt þekkingarnet milli vísindamanna og sérfræðinga á völdum fagsviðum og til að auka hreyfanleika vísindamanna í Eystrasaltsríkjunum, á Norðurlöndum og í Rússlandi. Norrænar tillögur á sviði vísinda og menntamála voru styrktar innan ESB og í öðrum alþjóðlegum verkefnum til að auka möguleika norrænna vísindamanna á að taka þátt í alþjóðlegum samskiptum. Skiptidvalarkerfi sem eru sprottin af verkefnastarfsemi og samstarfi Norðurlanda og grannsvæðanna á sviði orkumála eru hluti af samráði Norðurlanda við Eystrasaltsríkin og Rússland.

Áhersla var lögð á þrjú samstarfssvið á árinu:

- Lýðræði og velferðarmál.
- Menningarmiðlun.
- Sjálfbær nýting auðlinda.

Á árinu átti sér stað mjög virkt samstarf við grannsvæðin á eftirfarandi fagsviðum:

- Menntun og rannsóknir.
- Orkumál.
- Umhverfismál.
- Matvælamál.
- Landbúnaður og skógrækt.
- Menningarmál.
- Neytendamál.
- Húsnæðis- og byggingarmál.
- Vinnumarkaðsmál.
- Heilbrigðis- og félagsmál.
- Jafnréttismál.

9. Orkumál

Markmiðið með samstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði orkumála (MR-Energi) er að stuðla að sjálfbærri, skilvirkri, samkeppnishæfri og öruggri orkuöflun á Norðurlöndum.

Lögð er áhersla á að nýta orkulindir til að efla atvinnulíf og efnahag þjóðanna. Vaxandi áhersla hefur verið lögð á aukna nýtingu endurnýjanlegra orkulinda á síðustu árum eins og víðast hvar annars staðar í heiminum. Áherslur í samstarfinu og þau verkefni sem unnið er að eiga að hafa pólitíska þýðingu fyrir Norðurlönd.

Rammaáætlun um norrænt samstarf á sviði orkumála.

Á árinu 2001 samþykktu orkumálaráðherrar Norðurlanda rammaáætlun um norrænt samstarf á sviði orkumála fyrir árin 2002 – 2005 og hefur starfið í meginatriðum verið á grundvelli rammaáætlunarinnar.

Lögð er áhersla á þrjú megin svið sem langtímamarkmið og að auki hefur verið unnið að áhersluatriðum til skemmri tíma:

- Samstarf á sviði raforkumarkaðar í hinum fjórum samtengdu norrænu löndum.
- Samstarf á sviði loftslagsmála.
- Samstarf við grannríkin í austri, þ.e. grannsvæðin Eistland, Lettland og Litháen og Norðvestur-Rússland, svo og ríki innan Eystrasaltsráðsins og ESB.
- Önnur áherslusvið hafa verið t.d. endurnýjanlegar orkulindir og bætt orkunýtni og hvernig beri að leysa orkuvandamál strjálbýlli svæða Norðurlanda.

Ljóst er að minni áhersla verður lögð á orkusamstarf við Eystrasaltsríkin en á undanförunum árum vegna inngöngu þessara ríkja í ESB.

Formennskuár Íslands.

Árið var viðburðarríkt í norrænum orkumálum. Fundur norrænu orkumálaráðherranna var haldinn á Akureyri í september s.l. þar sem rædd voru mörg mál er varða framtíðarsamstarf þjóðanna.

Áherslur Íslands í orkumálum á formennskuárinu voru í samræmi við ályktun samstarfsráðherra Norðurlanda um sjálfbæra þróun og rammaáætlun orkumálaráðherranna. Áhersla var lögð á að halda áfram á þeirri braut er mörkuð hefur verið varðandi fyrirnefnd þrjú kjarnasvið orkusamstarfs landanna. Ísland hefur þó lagt áherslu á að nauðsynlegt væri að leita leiða til að auka hlut endurnýjanlegrar orku á norðvestursvæði Norðurlanda. Þetta er sérstaklega mikilvægt í Færeyjum og á Grænlandi sem eru nær alveg háð olíu- notkun við hitun og raforkuframleiðslu sína.

Rannsóknir á vetni og vetnissamböndum sem orkubera hafa aukist hraðfara á síðustu árum og athygli og áhugi stjórnvalda víða um heim beinist mjög að þessum vettvangi orkurannsókna. Það hefur verið stefna Íslands að Norðurlönd eigi að hafa frumkvæði í orkurannsóknum á þessu sviði þar eð þessi

ríki hafa verið í fararbroddi við að nýta endurnýjanlegar orkulindir. Norræna orkurannsóknarstofnunin (NEFP) hefur unnið að nokkrum áhugaverðum verkefnum á þessu sviði í samstarfi við marga aðila og hefur vinna þeirra einkum beinst að því að kanna hvort og þá á hvern hátt þróun í notkun hreinna orkubera geti aukið notkun endurnýjanlegrar orku á vestnorræna svæðinu.

Þá hefur Ísland lagt áherslu á og haft forystu um að vinnu við rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga á orkubúskap Norðurlanda verði haldið áfram og þær eflar. Vatnsorkulindir Norðurlanda eru viðkvæmar fyrir hugsanlegum loftslagsbreytingum næstu ára og því ber okkur skylda til að vakta vel okkar eigin auðlegð.

Tilraunasvæði um losunarheimildir.

Á fundi sínum í september s.l. í Gautaborg undirrituðu orkumálaráðherrar Norðurlanda samkomulag um að gera Eystrasalt að tilraunasvæði fyrir Kyotobókunina.

Ástæða þess er sú að norrænu ríkin hafa lýst yfir vilja sínum til að aðstoða Eystrasaltsríkin við að draga úr losun þeirra á gróðurhúsalofttegundum, sem er mjög mikil, og geta þeirra til að takast á við þetta vandamál er takmörkuð. Auk þess geta þátttökuríkin öðlast losunarheimildir í samræmi við þann árangur sem kann að nást.

Á árinu hófst vinna við að koma á fót norrænum sjóði til að fjármagna fyrstu aðgerðir í þessu skyni. Norrænu löndin hafa tryggt fjárframlag að fjárhæð 10 millj. evrur og fjármagnið kemur frá þátttökulöndum í sömu hlutföllum og í norrænu fjárlögunum. Hlutur Íslands er því 1% eða 8,5 millj. kr. sem greiddast á árunum 2003, 2004 og 2005. Vinnureglur sjóðsins voru mótaðar á síðasta ári og auglýst var eftir umsóknum um styrki til orkufyrirtækja í Eystrasaltsríkjunum.

Þátttaka Íslands í þessu verkefni mun verða til þess að íslenskum fyrirtækjum verður gert kleift að taka þátt í verkefnum um sameiginlegar framkvæmdir og að auki fær Ísland aukna losunarheimild koltvíoxíðs í hlutfalli við framlag okkar. Þátttaka okkar í þessu verkefni mun því opna leið fyrir íslensk orku- og ráðgjafarfyrirtæki til þátttöku í verkefnum, einkum á sviði jarðhita. Eystrasaltsríkin og mörg Austur-Evrópulönd búa yfir verulegum jarðhita og þátttaka Íslands mun opna ýmsa möguleika á að nýta íslenska tækniþekkingu og að fjárfesta í orkumannvirkjum í þessum löndum.

Orkurannsóknir.

Norræna orkurannsóknaráætlunin er fjármögnuð beint af orkumálaráðuneytum landanna og skiptist á milli þeirra í samræmi við skiptingu norrænu fjárlaganna. Markmiðið hefur verið að styrkja grunnþekkingu og efla samstarf háskóla, rannsóknastofnana og vísindamanna innan Norðurlanda með það fyrir augum að stuðla að bættri samkeppnisstöðu landanna. Samkvæmt starfsáætlun fyrir árin 2003 – 2006 beinast áherslur í rannsóknum að þeirri pólitísku stefnumörkun sem unnið er eftir í samræmi við rammaáætlun embættismannanefndarinnar um orkumál (EK-Energi) um norrænt samstarf í orkumál-

um. Áherslur orkurannsóknaráætlunarinnar beinast einkum að fimm höfuðverkefnum, þ.e.a.s. orkumarkaðsmálum, endurnýjanlegum orkulindum, orkunýtni, vetnissamfélaginu og áhrifum loftslagsbreytinga á orkubúskap Norðurlanda. Unnið er í sjö faghópum á ýmsum sviðum orkurannsókna og taka Íslendingar þátt í þremur faghópum. Þá voru styrkveitingar til ungra vísindamanna er unnu að doktorsverkefnum eins og undanfarin ár stór hluti af starfsemi innar orkurannsóknaráætlunarinnar.

ESB, EES og alþjóðaorkumál.

Á fundum ráðherranefndarinnar, embættismannanefndarinnar og starfsþópa á hennar vegum er að jafnaði fjallað um mál er varða EES og þróun orkumála innan ESB. Til undirbúnings funda í ráðherraráði ESB um orkumál eru haldnir óformlegir fundir norrænu orkumálaráðherra og sitja fulltrúar Íslands og Noregs þá fundi. Tveir slíkir fundir voru haldnir á árinu, í júní og nóvember.

Samstarf við grannsvæði Norðurlanda.

Samstarfsvettvangur orkumálaráðherra Norðurlanda við grannríkin við Eystrasalt fer fram á vegum BASREC (Baltic Sea Region Energy Cooperation) á vettvangi Eystrasaltsráðsins (Baltic Sea States Council, BSSC). Breytingar á sviði orkumála eru mjög mikilvægur liður í þróun Eystrasaltssvæðisins og ekki síst auknar kröfur á síðustu árum um notkun endurnýjanlegra orkulinda. Á vegum BASREC hafa verið skipulögð samstarfs- og stuðningsverkefni, sérstaklega í Eystrasaltsríkjum og Vestur-Rússlandi. Má þar m.a. nefna þjálfun starfsmanna orkufyrirtækja og orkumálaráðuneyta í þessum löndum og komu fulltrúar þessara ríkja í kynnisferð hingað til lands á liðnu ári. Áhersla í samstarfinu hefur verið lögð á að aðlaga raforkumarkað og gasmarkað þessara ríkja að breyttum aðstæðum á þessu sviði á Vesturlöndum. Þá hefur aðstoð verið veitt við mótun orkustefnu og við orkusparnað. Sérstakur gaumur hefur verið gefinn að fjárfestingum á sviði orkumála til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í þessum ríkjum eins og fjallað er um hér að framan.

Samstarf á vestnorræna svæðinu.

Á síðasta ári var áhersla lögð á aukið samstarfi milli vestnorrænu landanna. Aðstaða Grænlands og Færeyja einkennist af sérstökum náttúruskilyrðum. Um er að ræða fámennar þjóðir, miklar fjarlægðir, svalt loftslag og hafsvæði aðskilja löndin. Á sviði orkumála er um það vandamál að ræða að orkuöflun er nánast öll byggð á olíunotkun og raforkudreifing er erfið til mjög dreifbýlla svæða við erfiðar aðstæður. Á síðasta ári var lögð áhersla á að skoða vanda þessara þjóða að frumkvæði Íslendinga og var það eitt af helstu áherslumálum á formennskuárinu. Unnið var að viðamikilli rannsókn og skýrslugerð um vanda einstakra byggðarlaga þessara ríkja við orkuöflun og á hvern hátt væri unnt að draga úr hinni miklu olíunotkun við að mæta orkuþörf þeirra. Verður niðurstaða þessara rannsókna kynnt á árinu 2005.

Opinn norrænn raforkumarkaður.

Á síðasta áratug hafa átt sér stað miklar breytingar á skipan raforkumála á Vesturlöndum þar sem komið hefur verið á markaðsbúskap í viðskiptum með raforku. Miklar umræður urðu á Norðurlöndum á árinu um raforkuverð og flutning raforku, orkuverð var tímabundið hátt á árinu 2003 og loks varð mikið rafmagnsleysi síðla sama ár er varð til þess að mikil áhersla var lögð á endurbætur flutningskerfa ríkjanna. Sérstakur starfshópur ráðherranefndarinnar gerði vandaða úttekt á raforkuflutningsmálum landanna og gerðar voru nauðsynlegar úrbætur. Þá var unnið að athugun á því hvernig raforkumarkaðurinn á Norðurlöndum tengist í auknum mæli markaði annarra Evrópuríkja og þá sérstaklega Eystrasaltsríkjanna og Austur-Evrópu.

Orka og loftslagsmál.

Samstarf er náið á sviði orku- og umhverfismála, embættismannanefndirnar um orkumál og umhverfismál hafa sameiginlega undirnefnd er fjallar um loftslagsmál. Hefur vinna nefndarinnar einkum beinst að verkefnum sem tengjast rammisamningi S.þ. um loftslagsbreytingar. Í kjölfar fundarins um endurnýjanlega orku í Bonn í júní s.l. kom fram hin aukna áhersla er þjóðir heims leggja nú á endurnýjanlegar orkulindir. Lagði embættismannanefndin áherslu á að skoða á hvern hátt ríkin gætu þar aukið hlutdeild sína í endurnýjanlegri orku og er unnið að úttekt á vegum nefndarinnar um það efni.

Niðurlag.

Miklar breytingar hafa staðið yfir í orkumálum Íslendinga á síðustu árum, sem nágrannaþjóðir okkar hafa fyrir nokkru gengið í gegnum og hafa þær reynst okkur afar hjálplegar við að miðla af reynslu sinni og þekkingu. Gagnlegt er fyrir okkur að fylgjast með þróun raforkumarkaðarins í þessum löndum og læra af reynslu þeirra. Þá kom samstarf ráðherranefndarinnar í tengslum við loftslagssamning S.þ. okkur að góðu gagni í baráttunni fyrir hinu svokallaða íslenska ákvæði um losun gróðurhúsalofttegunda. Þá hafa Íslendingar notið góðs af norrænu orkurannsóknaráætluninni og Íslendingar stýra rannsóknarverkefni um áhrif loftslagsbreytinga á norræna orkuframleiðslu í framtíðinni.

10. Umhverfismál

Samstarf norrænu umhverfisráðherranna (MR-Miljø) byggir á norrænni framkvæmdaáætlun í umhverfismálum. Sú áætlun sem nú er unnið eftir gildir fyrir tímabilið 2001–2004 og myndar ramma um umhverfismálasamstarf landanna, samstarf við grannsvæðin, við norðurskautssvæðið, við ESB og um önnur alþjóðleg málefni. Endurskoðun umhverfisáætlunarinnar hófst seint á árinu 2002 en vinna við að semja nýja áætlun var unnin undir formennsku Íslands 2004. Ný norræn framkvæmdaáætlun sem gildir fyrir árin 2005 – 2008 setur fjögur meginefni í forgrunn. Þau eru maðurinn og heilsan, hafið,

verndun náttúru og sjálfbær framleiðsla og neysla. Hugmyndin að baki þessum meginefnum er að ekki sé hægt að skoða umhverfismál á einangraðan hátt heldur verði að skoða þau í heild sinni. Til dæmis verði þannig að skoða hættuleg efni bæði út frá þeim áhrifum sem þau geta haft á heilsu manna og út frá áhrifum sem þau hafi á náttúruna. Í nýrri framkvæmdaáætlun er áhersla lögð á aukna samþættingu milli geira svo og samvinnu milli vinnuhópa. Framkvæmdaáætluninni er ætlað að vera leiðsögurit fyrir samstarfið á komandi fjórum árum. Henni er ætlað að gefa fyrirheit um árangur sem tryggir forystu Norðurlanda á umhverfissviðinu á alþjóðlegum vettvangi.

Í júní s.l. var haldin alþjóðleg ráðstefna í boði umhverfis- og sjávarútvegsráðuneytisins í tilefni af formennsku Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni og nefndist hún „Ocean Strategies – Integrated Management of the Marine Environment“. Á ráðstefnunni var fjallað almennt um hvernig móta megi stefnu sem miðar að því að vernda og viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika í hafinu og nýta tegundir á sjálfbæran hátt. Ný stefna íslensku ríkisstjórnarinnar um málefni hafsins var kynnt en einnig þær stefnur sem mótaðar hafa verið í Kanada, Noregi og í Norðurskautsráðinu. Þá var kynnt undirbúningsvinna ESB að stefnumörkun um hafið. Á ráðstefnunni var fjallað almennt um stefnumótun í málefnum hafsins, aðferðafræði við gerð slíkrar stefnumótunar og aðgerðir til þess að fylgja henni eftir. Nokkur ríki og ríkjasambönd fjölluðu um reynslu sína við þróun og framfylgd stefnumótunar í málefnum hafsins og fjallað var ítarlega um atriði eins og vistkerfisnálgun, verndun hafsins og áhrif loftslagsbreytinga.

Í formennskuáætlun Íslands var lögð áhersla á mikilvægi lýðræðislegrar umræðu um náttúruvernd. Verður því boðað til ráðstefnu í maí 2005 í Þjóðgarðinum í Skaftafelli sem ber heitið „National Parks, outdoor life and health“. Lögð er áhersla á að ná saman fulltrúum frá frjálsum félagasamtökum, ráðuneytum og stofnunum á Norðurlöndum svo og í Eystrasaltsríkjunum til að ræða tækifæri en einnig vandamál sem tengjast náttúruverndarsvæðum á Norðurlöndum.

Á árinu voru lagðar fram tvær skýrslur sem styrktar voru af norrænu umhverfisráðherrunum um hver sé sparnaður samfélagsins vegna nýrra tillagna frá ESB um meðhöndlun efnasambanda (REACH, Registration, Evaluation, Authorisation and Restriction of Chemicals) sérstaklega út frá umhverfinu. Haldin var ráðstefna í Brussel þar sem efni þeirra var kynnt fyrir hagsmunaaðilum. Megin niðurstaða skýrslanna er að þó tillaga ESB um meðhöndlun efnasambanda muni hafa í för með sér kostnað fyrir efnaiðnaðinn þá muni hún leiða til mikils samfélagslegs sparnaðar þá sérstaklega vegna heilnæmara umhverfis. Norðurlandabjóðirnar hafa lagt mikla áherslu á samþætta stjórnun og meðhöndlun efna á alþjóðavettvangi. Umhverfisráðherrarnir ákváðu því að kosta sérfræðing til að starfa hjá S.þ. (UNEP) í tvö ár til að styðja við stefnumörkun varðandi samþætta stjórnun og meðhöndlun á efnun (SAICM, Strategic approach to integrated chemical management).

Á vegum norrænu umhverfisráðherranna eru fimm fastir vinnuhópar og fimm þverfaglegir hópar sem eru í samstarfi við aðra geira í samræmi við þá reglu að samþætta eigi umhverfissjónarmið á öllum sviðum samfélagsins.

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO).

Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið heyrir undir samstarfið um umhverfismál (sjá nánar um NEFCO, kafla 24.2.)

*Fastir vinnuhópar á vegum umhverfisráðherra Norðurlanda:
Vinnunefnd um umhverfi hafs og lofta.*

Vinnunefndin styður norræn verkefni sem stuðla að uppbyggingu vísindalegrar grunnþekkingar og skapa grunn fyrir sameiginlegar norrænar aðgerðir gegn sjávarmengun og mengandi efnum sem berast langar leiðir með lofti. Verkefnin eru grunnur að norrænu framlagi í sambandi við stefnumörkun og setningu reglugerða innan ESB og í alþjóðlegum samningum. Meðal alþjóðlegra samninga eru LRTAP, OSPAR, HELCOM og MARPOL og meðal þess sem unnið er að innan ESB eru NEC-tilskipunin, væntanlegar tilskipanir m.a. um ryk og óson, mótun evrópskar stefnu um hafið og framkvæmd rammatilskipunar um vatn. Unnið verður á vegum vinnunefndarinnar að nítján verkefnum á árinu 2005, þar af eru ellefu framhaldsverkefni. Meðal þessara verkefna er samanburður á magni þrávirkra lífrænna efna á vestnorrænum svæðum samanborið við Eystrasalt. Á árinu var gefin út stöðuskýrsla um vandamál vegna loft- og sjávarmengunar á Norðurlöndum með tillögum að áframhaldandi vinnu innan vinnunefndarinnar (Regional marine and air pollution problems in the Nordic countries - Status and suggestions for further work with the NMR's Sea and Air Group).

Efnavörunefndin.

Verksvið vinnunefndarinnar um efnavörur er norrænt samstarf á sviði eiturefna og hættulegra efna. Nefndin starfar á grundvelli Norrænu umhverfisverndaráætlunarinnar og með hliðsjón af áætluninni „Sjálfbær þróun – ný stefna fyrir Norðurlönd“.

Markmið starfsins er að notkun efna hafi ekki í för með sér óæskileg áhrif á heilsu og umhverfi og að losun skaðlegra efna verði hætt. Nefndin stuðlar að samstarfi stjórnvalda og samræmingu verkefna þannig að tiltækt fjármagn nýtist sem best.

Nefndin hefur unnið að verkefnum sem nýtast Norðurlöndum sérstaklega. Megináherslan hefur þó beinst að verkefnum sem nýtast í alþjóðlegu samstarfi og samningum, einkum ESB og EES. Verkefnin eru af ýmsu tagi en beinast m.a. að því að safna upplýsingum um efni og gera þær aðgengilegar, þróa aðferðir til að meta áhættu, og vinna að ráðstöfunum til að draga úr notkun hættulegra efna. Vaxandi áhersla hefur á liðnu ári verið á verkefni er tengjast nýrri efnalöggjöf í Evrópu (REACH). Undir vinnunefndinni starfa ráðgefandi verkefnahópar og átti Ísland fulltrúa í átta þeirra á árinu.

Niðurstöður úr verkefnum vinnuhópanna hafa verið gefnar út sem skýrslur, fræðsluefni og prófunaraðferðir. Sem dæmi má nefna bækling um börn og hættuleg efni. Gagnabankar sem unnið hefur verið að gegna stöðugt stærra hlutverki fyrir sérfræðinga á Norðurlöndum, í Evrópu og víðar og eru verkfæri fyrir stjórnvöld og aðra sem þurfa að afla upplýsinga um notkunarsvið og áhrif af notkun efna.

Nefnd um náttúruvernd, útivist og menningarumhverfi.

Verkefni nefndarinnar eru aðallega á sviði líffræðlegrar fjölbreytni og má þar nefna erfðaauðlindir, landslag, menningarminjar og útivist. Á árinu hófst m.a. stuðningur við verkefnið NOBANIS (Nordic-Baltic Network on Invasive Species), sem er ætlað að afla upplýsinga um framandi tegundir og áhrif þeirra. Í lok ársins var haldinn sameiginlegur fundur Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um erfðabreyttar lífverur (Bio-safety). Vinnuhópur á vegum nefndarinnar skilaði skýrslu og tillögum um framhald vinnu við evrópska landslagssáttmálann og í framhaldi af því var m.a. haldin ráðstefna um landslag sem hluta af skipulagsáætlunum. Mikil áhersla hefur verið lögð á verkefni sem tengjast útivist og heilsu og þá ekki síst heilsu barna. Þessi verkefni og önnur á sviði útivistar tengjast einnig almannaréttinum og vistvænni ferðamennsku. Á sviði menningarminja var m.a. lokið við verkefnið „Historisk kystkultur – en ressource i nutiden“. Unnið var að fjölda annarra verkefna á vegum nefndarinnar sem tengjast ekki hvað síst norðurskautssvæðum og verkefnum sem tengjast alþjóða samningum og þverfaglegri vinnu milli mismunandi vinnuhópa sem heyra undir Norrænu ráðherranefndina.

Vinnunefnd um vörur og úrgang.

Verkefni nefndarinnar eru á sviði umhverfissvænnar vöruþróunar, hreinni framleiðslutækni og úrgangsmála. Vinna í nefndinni fer að miklu leyti fram í verkefna- og tengiliðahópum. Þessir undirhópar stýra tilteknum verkefnum og vinna að því að bæta upplýsingastreymi milli aðila innan málaflokksins. Þá tekur vinna nefndarinnar mið af EES-samningum. Nefndin hefur unnið að umhverfisstjórnun hjá hinu opinbera, skilgreiningu á bestu fánlegu tækni, m.a. í fiskeldi og fyrir smábátahafnir. Þá tekur nefndin þátt í skilgreiningu á bestu fánlegu tækni á Evrópuvettvangi. Á árinu var gefið út hugmyndahefti fyrir Staðardagskrá 21 og haldið námskeið fyrir þá sem starfa að Staðardagskrá 21 í litlum samfélögum, m.a. á Íslandi. Nefndin vinnur náið með samstarfsnefndinni um framleiðslumiðaða stefnumótun í umhverfismálum.

Vinnunefnd um umhverfissvöktun og meðferð gagna.

Vinnunefndin leggur höfuðáherslu á þrjú málaflökka; líffræðilega fjölbreytni, hættuleg lífræn efni (POPs) og verkefni tengd rammatilskipun ESB um vatn. Það er mat nefndarinnar að mikilvæg verkefni séu óunnin innan þessara málaflökka. Verkefni sem vinnunefndin mun beita sér fyrir innan þessara flokka er m.a. stöðumat – úttekt á ástandi, þróun aðferða við vöktun, umhverfissvísar og þekkingarmiðlun.

Verkefni, sem eru hafin eða í undirbúningi innan þessara málaflökka, eru m.a. myndun þekkingarnets vegna ágengra tegunda, kortlagning vistgerða og vöktun þeirra, gerð gagnagrunns um sjófuglabýggðir á norðurskautssvæðum Norðurlanda, notkun landfræðilegra upplýsingakerfa við strandsvæðaflokkun, þróun aðferða við vöktun erfðabreytileika, þróun flokkunarkerfis fyrir ár og vötn vegna rammatilskipunar ESB, samanburðarúttekt á POPs efnum og afleiðum þeirra í lífríki á Norðurlöndum og stöðuúttekt á efnum sem eru

hættuleg heilsu og umhverfi en styrkur þeirra í umhverfinu á Norðurlöndum er lítið þekktur.

Á vegum vinnunefndarinnar tekur Ísland þátt í flestum þeim verkefnum sem að framan eru nefnd. Vinnuhópurinn er ábyrgur fyrir samræmingu á langtímavöktun á Norðurlöndum og styður sambærileg verkefni á grannsvæðunum. Öll verkefni vinnuhópsins skulu vera unnin í samstarfi við aðra vinnuhópa ráðherranefndarinnar eða verkefni sem ráðherranefndin eða embættismannanefndin hefur óskað eftir.

*Þverfaglegir vinnuhópar – samstarf við aðra geira:
Samstarfsnefnd um loftslagsmál.*

Á vegum umhverfis- og orkuráðuneyta er starfandi samstarfsnefnd um loftslagsmál. Undanfarin ár hafa störf nefndarinnar að stærstum hluta snúið að verkefnum sem fjalla um framkvæmd Kyoto-bókunar loftslagssamnings S.þ., þá einkum þann þátt sem snýr að því að gera Eystrasaltssvæðið að tilraunasvæði með viðskipti á losunarkvótum og sameiginlega framkvæmd. Á þessu ári var ýtt úr vör verkefni þar sem horft er til þess hvað tekur við eftir að fyrsta skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar lýkur, hugsanlegar leiðir, aðgerðir og stefnumótun sem stjórnvöld standa frammi fyrir. Verkefni tengd áhrifum loftslagsbreytinga á norðurslóðum og möguleg nýting endurnýjanlegrar orku á jaðarsvæðum voru einnig meðal áhersluatriða í starfi nefndarinnar á þessu ári.

Samstarfsnefnd um umhverfis- og efnahagsmál.

Sérstakur vinnuhópur starfar á vegum þeirra embættismannanefnda sem fjalla um efnahagsmál (EK-Finans) og umhverfismál (EK-Miljø). Meginverkefni hópsins eru almenn skoðanaskipti um umhverfismál út frá hagrænu sjónarmiði og notkun á hagrænum stjórnækjum í umhverfismálum. Nefndin hittist alla jafna tvisvar á ári. Starfsemin byggir að mestu á því að sérfræðingar eru fengnir til að skrifa skýrslur um tiltekin málefni á verkefnaskrá þessa samstarfs. Einu verkefni um stjórnækni til að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika í skóglendi og mýrlendi lauk á árinu og hefur skýrsla um það verið gefin út. Gengið var til samninga við einn tilboðsgjafa um að gera næstu útgáfu af skýrslu um hagræn stjórnækni í umhverfismálum á Norðurlöndum en sú skýrsla á nú einnig að fjalla um Eystrasaltsríkin. Þá á að fjalla um hindranir sem standa í vegi fyrir notkun hagrænna stjórnækja til að ná markmiðum í umhverfismálum. Þetta verkefni, ásamt verkefni um aftengingu hagvaxtar og álags á umhverfi verða meginverkefni næsta árs en með því að einu verkefni er nú að ljúka gefst tækifæri til að hleypa nýju verkefni af stokkunum. Raunar eru ákveðnar blikur á lofti varðandi fjármögnun verkefnisins um hagræn stjórnækni þar sem verkefni í Eystrasaltríkjunum njóta ekki lengur sérstakra fjárveitinga hjá Norrænu ráðherranefndinni.

Samstarfsnefnd um fiskveiðar og umhverfismál.

Nefndin er samstarfsvettvangur sjávarútvegs- (NEF) og umhverfisgeirans (EK-M). Nefndin tók þátt í mótun framkvæmdaráætlunar fyrir umhverfissam-

starfið fyrir árin 2005 – 2008 (Miljøhandlingsprogram 2005 – 2008) auk þess sem nefndin tók þátt í að móta starfsáætlun fyrir norrænt samstarf um sjávarútvegsmál sem gilda á fyrir næstu ár.

Samstarfsnefnd um umhverfi, landbúnað og skógrækt.

Í nefndinni starfa saman fulltrúar af umhverfis- og landbúnaðarsviði. Stefnumörkunin byggist á efirfarandi sjö meginþáttum: bættri nýtingu auðlinda, líffræðilegri fjölbreytni, jarðvegseyðingu, hreindýrabúskap, nýjum framleiðsluaðferðum, menningarumhverfi og menningarlandslagi og alþjóðlegu samstarfi.

Á árinu fór Ísland með formennsku í nefndinni og í framhaldi af áherslum Íslands undir heitinu „Auðlindir Norðurlanda“ er lögð áhersla á framtíðarhlutverk landbúnaðarins og menningarlandslagsins sem auðlindar.

Innan nefndarinnar er einnig lögð áhersla á verkefni sem hafa áhrif á ákvarðanir, skoðanamyndun og uppbyggingu á sameiginlegri reynslu og þekkingu Norðurlanda og geta stuðlað að og haft þýðingu fyrir þátttöku og áhrif þjóðanna á alþjóðavettvangi. Enn fremur er mikilvægt verkefni að stuðla að uppbyggingu tengslanets til samskipta og til að miðla þekkingu og reynslu í landbúnaði og skógrækt m.a. með verkefnisstjórn Íslendinga í verkefninu „Áhrif nýskógræktar á lífríki, landslag og samfélag“. Öll verkefni miða að því að auka þekkingu og bæta stjórnýslu á þessum sviðum.

Samstarfsnefnd um framleiðslumiðaða stefnumótun í umhverfismálum.

Nefndin er þverfaglegur samstarfsvettvangur þeirra sem starfa að umhverfismálum, neytendamálum og málefnum atvinnulífsins. Aðalmarkmið með vinnu nefndarinnar er að draga úr neikvæðum áhrifum sem framleiðsla á vörum og þjónustu getur haft á umhverfi og heilsu manna. Þetta á að gera m.a. með því að huga að umhverfisþáttum í öllum framleiðsluþáttum og nýta auðlindir á eins sjálfbæran hátt og unnt er. Meðal grunnþátta í starfi nefndarinnar eru verkefni sem varða umhverfisupplýsingar til neytenda og opinber vistvæn innkaup. Nefndin hefur fylgst náið með og unnið að umhverfisstöðlum á alþjóðlegum vettvangi. Nefndin gegnir mikilvægu hlutverki í því starfi á sviði sjálfbærrar framleiðslu og neyslu, m.a. í kjölfar samþykktu ráðstefnunnar í Jóhannesarborg 2002. Nefndin hefur náið samráð við vinnunefnd um vörur og úrgang.

11. Byggðamál

Norræna ráðherranefndin um byggðamál (MR-Reg) hefur yfirumsjón með norrænu samstarfi á þessu sviði, en framkvæmdin er í höndum embættismannanefndar um byggðamál (NERP), sem er samstarfsvettvangur embættismanna þeirra ráðuneyta norrænu landanna sem fara með byggðamál. Samstarfið á árinu byggðist á samstarfsáætlun sem gildi fyrir árin 2001–2005 svo og formennskuáætlun Íslands fyrir árið 2004 sem Valgerður Sverrisdóttir, ráð-

herra byggðamála, kynnti á fundi byggðamálaráðherra Norðurlanda í Ósló í október 2003.

Samstarf Norðurlanda í byggðamálum felst í því að skiptast á reynslu, ræða við norræn starfssystkini og vinna saman að þróun þekkingar í því skyni að skapa traustari grunn fyrir stefnumótun í byggðamálum.

Víða á Norðurlöndum taka stjórnámálmenn, yfirvöld og almenningur á einstökum stöðum og svæðum þátt í hagnýtu norrænu samstarfi við ákveðin svæði í nágrennalöndum sínum.

Svæðisbundið samstarf á Norðurlöndum hefur fengið nýjar evrópskar áherslur með þátttöku Norðurlanda í Interreg, landamærasvæðaáætlun ESB. Svæðisbundna samstarfið tengist einnig grannsvæðunum á Eystrasalts-, Barentshafs- og Norður-Atlantshafssvæðinu. Samstarfið við grannsvæðin á Eystrasaltssvæðinu mun á næstunni taka breytingum vegna inngöngu Eistlands, Lettlands og Litháens í ESB. Áður var samstarfið við öll löndin en verður hér eftir við einstök ríki eftir atvikum.

Formennskuár Íslands.

Áherslur Íslands á formennskuárinu báru yfirskriftina „Auðlindir Norðurlanda“. Hvað samstarfið um byggðamál varðaði var einkum verið að vísa til atriða sem snertu mannauðinn og þýðingu þeirra fyrir byggðapróun. Var áherslunni beint að hinum dreifðu byggðum, einkum jaðarsvæðum. Áherslan var sérstaklega lögð á mannauð dreifðu byggðanna. Áfram yrði haldið við að efla Nordregio (stofnun á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar sem stundar rannsóknir á sviði svæða-, byggða- og skipulagsmála), styðja þróun samvinnu yfir landamæri og samstarf við grannsvæðin. Þá yrði kannaður möguleikinn á að Norræna Atlantsnefndin (NORA) verði samræmingaraðili aukinnar samvinnu á norðvestursvæðinu.

Lögð yrði áhersla á að fylgjast með og efla tengsl við áætlanir ESB á sviði byggða- og skipulagsmála, og þýðingu þeirra fyrir svæðapróun á Norðurlöndum.

Loks var lagt til að tekin yrði upp samvinna við aðrar ráðherranefndir um rannsóknir með snertifleti við byggðamál.

Eins og kemur fram í kaflanum hér á eftir þá tókst að fylgja formennskuáætluninni eftir þó svo að sumir þættir tækju lengri tíma en reiknað var með í byrjun.

Starfsemin.

Á árinu hélt embættismannanefndin fimm reglulega fundi, haldinn var einn fundur ráðherra byggðamála og nokkrir fundir starfsnefnda vegna nýju samstarfsáætlunarinnar og Evrópumála.

Óhætt er að fullyrða að þeir tveir þættir í starfsemi embættismannanefndarinnar sem mestan tíma tóku hafi verið endurskoðun samstarfsáætlunarinnar um byggðamál og umfjöllun um málefni Norrænu Atlantsnefndarinnar (NORA).

1) *Samstarfsáætlun.* Settur var á laggirnar starfshópur til að vinna að

endurskoðun á samstarfsáætluninni. Starfshópurinn hittist þrisvar auk þess sem málið var á dagskrá á öllum fundum embættismannanefndarinnar. Hluti af starfinu var viðtöl við norræna stjórnámálamenn og embættismenn á sviði byggðamála. Afraksturinn var ný samstarfsáætlun fyrir árin 2005–2008 sem lögð var fyrir ráðherra fund í nóvember s.l.

- 2) *Landamærasvæðin*. Málefni NORA voru til umfjöllunar allt árið. Í upphafi ársins tilkynnti Lánasjóður Vestur-Norðurlanda að honum hefði einungis verið fært að inna af hendi brot af þeirri greiðslu til NORA sem undanfarin ár hefur numið 1,5 millj. d.kr. Hefur þetta neikvæð áhrif á fjárhag NORA. Þá fór einnig fram umræða um aukið og breytt hlutverk NORA eins og lagt var upp með í formennskuáætlun Íslands. Þessi umræða var mikil og á köflum lífleg. Utanaðkomandi aðili gerði úttekt á starfsemi NORA sem innihélt tillögur um framtíðarhlutverk þar sem tekið væri tillit til hugmynda um aukið samstarf ríkja við Norður-Atlantshaf. Má segja að nú sjái fyrir endann á þessu máli eftir þá samþykkt sem gerð var á ráðherrafundinum í nóvember s.l. en þar var samþykktur rammi um framtíðarhlutverk NORA.

Norðuratlantssvæðið sem starfsemi NORA beinist að er eitt átta landamærasvæða sem hafa samstarfssamninga við embættismannanefndina um byggðamál og njóta fjárframlaga. Samtals fá landamærasvæðin í sinn hlut 14,7 millj. d.kr. en þar af fær NORA 4,4 millj. d.kr.

- 3) *ESPON*. Á fundum embættismannanefndarinnar í Reykjavík í maí s.l. og í Kaupmannahöfn í desember, gerði starfsmaður Norrænu ráðherranefndarinnar hjá ESPON (European Spatial Planning Observation Network) grein fyrir starfsemi stofnunarinnar. Þetta er stofnun á vegum ESB sem hefur það hlutverk að fylgjast með því hvað löndin eru að gera á sviði svæðapróunar og stunda rannsóknir. Þessi málaflokkur tekur til sín meira fjármagn en nokkur annar að landbúnaðarmálum einum undanskildum.
- 4) *Svæðastuðningur ESB*. Af sama meiddi er að á Reykjavíkurfundinum var ákveðið að leggja niður undirnefnd embættismannanefndarinnar, svokallaða NERP-EU, sem hafði það hlutverk að fylgjast með málefnum sem varða ESB. Í staðinn voru settar á laggirnar þrjár tímabundnar nefndir sem eiga að fylgjast með Interreg-áætlunum, ríkisstuðningi og uppbyggingarsjóðum hjá ESB. Þessi mál eru öll í endurskoðun hjá ESB og á starfinu að ljúka árið 2006.
- 5) *Nordregio*. Málefni Nordregio voru töluvert til umfjöllunar hjá embættismannanefndinni. Ástæðan er annars vegar að stærsti einstaki útgjaldaliður á fjárlögum ráðherranefndarinnar til byggðamála er fjárveiting til Nordregio og þeirra rannsóknarverkefna sem þar er unnið að og hins vegar að embættismannanefndin um byggðamál tilnefnir fulltrúa í rannsóknarráð stofnunarinnar og staðfestir ráðningu nýs forstjóra. Um málefni Nordregio vísast til sérstakrar umfjöllunar þar um.
- 6) *Rannsóknarverkefni og ráðstefnur*. Embættismannanefndin styrkti að venju allmörg rannsóknarverkefni á árinu og tók ákvarðanir um styrkveitingar mið af formennskuáætlun Íslands. Meðal verkefna sem styrkt voru má nefna eftirfarandi: Samanburð á stuðningi við fyrirtæki á Norðurlönd-

um, samspil á milli byggðapróunar og opinberrar stefnu í húsnæðismálum og rannsókn á einangruðum atvinnukerfum á Norðurlöndum með áherslu á hlut kvenna og ungs fólks. Þá stóð embættismannanefndin eða undirstofnanir fyrir nokkrum ráðstefnum einar eða í samstarfi við aðra.

Ráðherrafundur.

Norræna ráðherranefndin um byggðamál hélt fund í nóvember s.l. í Stokkhólmi undir forsæti Valgerðar Sverrisdóttur.

Stærstu mál þess fundar voru samþykkt ráðherranna á nýrri samstarfsáætlun um byggðamál fyrir árin 2005 – 2008 og umfjöllun um NORA sem lauk með samþykkt tillögu um breytt og aukið hlutverk stofnunarinnar. Þá var og á fundinum gerð grein fyrir því rannsóknarstarfi sem fram fer á vegum Nordregio.

Samstarfsáætlun um byggðamál 2005 – 2008.

Markmið hinnar nýju samstarfsáætlunar er að gera norrænu löndin sterkari. Áætlunin tekur mið af að:

- Byggðamál spanna mjög vítt svið.
- Norrænu löndin standa frammi fyrir nýrri stöðu í heimsmálunum.

Áætlunin leggur áherslu á:

- Miðlun reynslu, miðlun þekkingar, rannsóknir, eflingu samkeppnishæfni og loks samstarf milli svæða.
- Starfsáætlun 2005 – 2008 leggur áherslu á samstarf yfir landamæri. Þar er m.a. ákveðið að hafa frumkvæði að því að formfest verði samstarf norrænu landanna við nágrannalönd svo sem Írland, Skotland og Eistland, Lettland og Litháen („Norden Pluss“). Er markmiðið m.a. að norrænum sjónarmiðum verði betur haldið á lofti í stækkuðu Evrópusambandi.
- Samstarf um INTERREG áætlanir.

Nordregio.

Nordregio er norræn fræðslustofnun í skipulags- og byggðamálum. Hún var stofnuð árið 1997 upp úr eldra norrænu samstarfi á sviðinu. Stofnunin er staðsett í Stokkhólmi og starfar þar einn Íslendingur. Í lok ársins störfuðu 28 starfsmenn hjá stofnuninni.

Hlutverk Nordregio er að stunda rannsóknir á sviði skipulags- og byggðamála auk þess að þróa og miðla þekkingu um byggða- og skipulagsmál til viðeigandi stofnana innan þessara málaflokka á Norðurlöndum. Áhersla stofnunarinnar á byggðamál í Evrópu, sem og í málum tengdum Eystrasaltsríkjum um hefur farið vaxandi undanfarin ár. Þá hefur einnig átt sér stað innan stjórnar umræða um auknar áherslur á Vestur-Norðurlönd.

Heildarvelta Nordregio á árinu var alls 30,5 millj. s.kr. Í stjórn sitja aðalfulltrúar frá norrænu löndunum fimm, en að auki áheyrnarfulltrúar frá Færeyjum, Álandseyjum og Grænlandi, auk fulltrúa starfsfólks. Þá sitja í fagráði stofnunarinnar 21 einstaklingur, þrír frá hverju norrænu landanna og tveir frá sjálfsstjórnarsvæðunum.

Fræðslustarfsemi, námskeið og ráðstefnur. Nordregio stundar umfangsmiklar rannsóknir á sínu sérsviði, fræðslustarf í formi námskeiða og skóla og rekur m.a. skólann „URSA - Urban and Regional Studies Academy“, en hann stendur fyrir sérhæfðum námskeiðum fyrir fagfólk. Aðsókn í þennan skóla hefur verið talsvert undir væntingum og var ákveðið á árinu að breikka starfsemina og breyta nafni hennar í „Nordregio Academy“.

Á árinu hélt stofnunin alls 26 námskeið og ráðstefnur og voru þátttakendur í þeim alls 1122.

Útgáfustarfsemi. Stofnunin gefur út tímaritið „Journal of Nordregio“ og kemur það út ársfjórðungslega. Því er dreift ókeypis til áskrifenda, en einnig má sækja það af vefsíðu Nordregio (www.nordregio.se).

Í rafræna fréttabréfinu „Bifröst“ sem er dreift reglulega gefst áskrifendum kostur á að fylgjast náið með starfsemi Nordregio.

„European Journal of Spatial Development“ er einnig vefrit sem dreift er ókeypis og má sækja það á vefsíðu Nordregio. Markmiðið er að halda úti tímariti sem er vísindalegt framlag til umræðu um skipulagsmál og svæðaþróun. Á árinu voru birtar níu fræðigreinar í ritinu.

Rannsóknir. Rannsóknaráætlun norrænu embættismannanefndarinnar um byggðamál, „Future challenges and institutional preconditions for regional development policy“, styrkti á árinu tvö verkefni með þátttöku Íslendinga. Annað er með þátttöku Íslendinga, Færeyinga og Álandseyinga um hlutverk og framtíð lítilla sveitarfélaga í byggðaðróun framtíðarinnar. Ber það nafnið „Future Challenges to Small Municipalities. The cases of Iceland, Faroe Islands and Åland Islands“. Hitt ber nafnið „Innovations in the Nordic Periphery“. Báðum verkefnum eru gerð skil í útgefnum skýrslum sem komu út s.l. haust.

Stjórn Nordregio styrkti á árinu rannsóknarverkefnið „Local Strategies for Earning a Living in the Nordic Countries – Challenges to insular employment systems“. Þátttakendur eru frá öllum norrænu löndunum og meðal þeirra sem hlutu styrk var Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri. Verklök eru áætluð vorið 2005.

Nordregio gaf út sextán skýrslur á árinu, þar af tvær í rafrænu formi.

Ráðgjöf. Ráðgjafarstarfsemi er hluti þess sem stofnunin fæst við og hér má nefna framlag stofnunarinnar við undirbúning, skipulagningu og framkvæmd heimsóknar fulltrúa úr „Verkefnisstjórn um byggðaaætlun Eyjafjarðar“ til finnsku borgarinnar Oulu haustið 2003. Í kjölfarið hefur vaxtarsamningurinn í Oulu orðið fyrirmynd þess vaxtarsamnings um byggðaaætlun við Eyjafjörð sem undirritaður var s.l. sumar.

Stefnumótun til framtíðar. Í september 2003 kom út stefnumótun og starfsáætlun Nordregio fyrir árin 2004–2006 og er hana að finna á vefsíðu stofnunarinnar www.nordregio.se. Þar kemur m.a. fram að stofnunin sjái sig sem samnorræna og alþjóðlega viðbót við þá rannsókn- og þróunarstarfsemi á sviði byggða- og skipulagsmála sem fyrir er í hverju norrænu landanna. Þá er lögð áhersla á áframhaldandi hlutverk stofnunarinnar við að byggja upp og viðhalda netum og tengslum innan fagsviðsins og sem vettvangs þar sem fræðimenn og starfsmenn úr stjórnsýslu geta náð saman. Faglega er lögð áhersla á að skoða

verði allar hliðar sjálfbærrar byggðapróunar í samhengi; þ.e. efnahagsþróun, jafnvægi í byggðum og þróun náttúrulegs umhverfis og menningarumhverfis.

12. Samgöngumál

Norrænt samstarf um samgöngumál fer að mestu fram í norrænni embættismannanefnd um samgöngumál (NET), en í henni eiga sæti ráðuneytisstjórar samgönguráðuneytanna á Norðurlöndum, ásamt staðgenglum og ráðgjöfum. Samgönguráðherrar Norðurlanda (MR-T) héldu einn fund á árinu en þrjár fundir voru haldnir í embættismannanefndinni.

Formennskuáætlun Íslands varðandi samgöngumál.

Á vegum samgönguráðherra Íslands, Sturla Böðvarssonar, var gefin út formennskuáætlun Íslands á sviði samgöngumála, „Nordens ressource – trafik, turisme og telekommunikation, Islands formandskabsprogram i nordisk samarbejde 2004“. Samgönguráðuneytið gerir því í fyrsta sinn grein fyrir áherslumálum sínum sem formenskuland í norrænu samstarfi í sérstakri útgáfu.

Helstu áherslumálin voru:

- Flugsamgöngur og aðrar samgöngur á Vestur-Norðurlöndum.
- Umferðaröryggismál.
- Notkun upplýsingatækni í samgöngum.
- Ferðamál.
- Siglingar og öryggi sjófarenda.

Ráðherrafundur.

Sumarfundur samgönguráðherra Norðurlanda var haldinn á Egilsstöðum í ágúst s.l. Helstu mál voru:

a) *Fjárfestingar í samgöngukerfinu.*

Samgönguráðherra Íslands, Sturla Böðvarsson, gerði í stuttu máli grein fyrir framkvæmdum á Austurlandi, m.a. hinum miklu framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun. Sagði hann að til þess að íslenska þjóðin gæti nýtt auðlindir sínar þyrfti hún á vel skipulögðu samgöngukerfi að halda. Á síðasta ári samþykkti Alþingi samræmda samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014 og væri markvisst unnið samkvæmt henni við framkvæmdir á vegum, höfnum og flugvöllum. Lögð verður fyrir Alþingi tillaga að endurskoðaðri fjögurra ára samgönguáætlun. Að þessu verki koma margir aðilar, en starfið er unnið af samgönguráði þar sem eiga sæti forstjórar framkvæmdastofnana ráðuneytisins. Við gerð þessara áætlana er lögð áhersla á opin skoðanaskipti þeirra aðila sem hlut eiga að máli og hagsmuna hafa að gæta.

Samgönguráðherra Noregs greindi frá nýrri norskrum samgönguáætlun til tíu ára sem lögð hefur verið fyrir norska stórþingið. Hann greindi enn fremur frá ýmsum aðferðum við fjármögnun framkvæmda í samgöngum og einnig frá tilraunaverkefnum sem fjármögnuð eru sem einkaframkvæmd (Public-Private-Partnership).

Fulltrúi Finnlands greindi frá því að s.l. tíu ár hefðu Finnar fjárfest í samræmi við samgönguáætlun. Enn fremur sagði hann frá vegagerð milli Helsingfors og Lahti sem fjármögnuð var sem einkaframkvæmd. Fleiri stórframkvæmdir í samgöngugeiranum væru á döfinni, m.a. hraðlest til Pétursborgar í Rússlandi.

Samgönguráðherra Álandseyja sagði að á hverju ári væru samþykktar framkvæmdir í samræmi við tíu ára áætlun.

Samgönguráðherra Svíþjóðar gat þess að Svíar hefðu samþykkt nýja samgönguáætlun með markmiðstengdum framkvæmdum. Framvegis verði ekki hafnar framkvæmdir nema þær fullnægi sex fyrirfram gerðum deildar-markmiðum. Einnig að á næsta áætlunartímabili væri áformað að stórauka fjárveitingar til framkvæmda í samgöngumálum með höfuðáherslu á framkvæmdir í járnbrautum.

Fulltrúi Færeyja greindi frá starfi nefndar sem fékk það verkefni að koma með tillögur um hvernig hagkvæmast væri að fjármagna stórframkvæmdir í samgöngumálum, en unnið er að gerð tveggja jarðganga.

Samgönguráðherra Dana sagði að danska þingið hefði í fyrsta sinn á árinu 2003 samþykkt langtímaáætlun um fjárfestingar í samgöngum. Jafnframt hefði áætlun um framkvæmdir við járnbrautir verið samþykkt til næstu tíu ára. Ráðherrann tók undir með hinum ráðherrunum um nauðsyn þess að við alla vinnu að áætlanagerð í samgöngumálum verði haft náð samstarf við hagsmunaaðila.

b) *Kynning á skýrslu um úttekt á samgöngum milli vestnorrænu landanna.*

Starfshópur á vegum samstarfsráðherra Norðurlanda lagði til í skýrslunni „Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi“ að gerð yrði víðtæk úttekt á stöðu flug- og skipasamgangna innan vestnorræna svæðisins og milli Vestur-Norðurlanda og annarra landa. Samgönguráðuneytinu á Íslandi var falið að sjá um þetta verkefni fyrir Norrænu ráðherranefndina. Samið var við Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri um framkvæmdina.

Á ráðherrafundinum voru helstu niðurstöður úttektarinnar kynntar. Viðskipti eru ekki mikil á milli vestnorrænu landanna. Ástæðan er sú að þau framleiða og flytja út samskonar afurðir. Samgangur er mestur á milli Íslands og Færeyja og fer hann vaxandi. Margar hindranir eru í flugi milli Íslands og Grænlands sem hefur áhrif á framþróun í flugi milli landanna og kemur í veg fyrir lækun fargjalda. Samkeppni ríkir í siglingum milli Íslands og Færeyja, en því er ekki svo farið milli Íslands og Grænlands þar sem skipafélag í eigu grænlenksku heimastjórnarinnar hefur einkaleyfi á siglingum til og frá landinu.

c) *Umferðaröryggismál.*

Sænski samgönguráðherrann greindi frá reynslu Svía í baráttunni við umferðarslys, sem byggð er á framtíðarsýninni „engin dauðaslys í umferðinni“ (nulvision). Að hans mati væri norræn framtíðarsýn undir þessu kjörorði eðlilegt framhald af framtíðarsýn Svía. Ráðherrann upplýsti að Svíar hefðu ákveðið að setja reglur um áfengislása í bíla.

Danski samgönguráðherrann greindi frá því að umferðarhraði hafi verið

hækkaður á þjóðvegum landsins en samtímis hafi verið gripið til ýmissa aðgerða í umferðaröryggismálum. Sem dæmi má nefna innleiðingu punktakerfis, tvöfaldaðar sektir við hraðakstri og aukið eftirlit lögreglu. Í kjölfarið hefur meðalhraði minnkað og dauðaslysum fækkað.

Norski samgönguráðherrann taldi mikilvægt að ræða norræna framtíðarsýn í umferðaröryggismálum og að ákjósanlegra væri að vinna að málum samkvæmt þeirri framtíðarsýn að enginn ætti að deyja í umferðarslysum á Norðurlöndum. Hún greindi frá því að Noregur hefði tekið upp punktakerfi frá byrjun ársins, sem virðist þegar hafa haft jákvæð áhrif.

Fulltrúi Finnlands greindi frá nýrri umferðaröryggisáætlun sem samþykkt var í kjölfar umferðarslyss fyrr á þessu ári þegar 23 létu lífið.

Ráðherrar allra landanna voru jákvæðir gangvart framtíðarsýn Svía, „engin dauðaslys í umferðinni“ og samgönguráðherra Íslands, Sturla Böðvarsson, lýsti eftir skýrslu um stöðu þessara mála.

d) *Kynning á skýrslunni „Greenhouse gas emissions from international aviation – Nordic perspectives“.*

Fulltrúi starfshóps um sjálfbærar samgöngur á Norðurlöndum kynnti nýja skýrslu um ofangreint efni.

e) *EES- og ESB-mál.*

Ráðherrarnir greindu frá EES- og ESB-málum sem efst eru á baugi, en þau eru m.a.:

- járnbrautarsamgöngur, þriðji pakki,
- Eurovignet-tilskipunin, sem fjallar m.a. um vegtolla,
- loftferðasamningar við Bandaríki Norður-Ameríku og aðkoma Íslands og Noregs að þeim viðræðum.

f) *Önnur mál.*

Sænski samgönguráðherrann lagði til að ráðherrar ESB-aðildarlandanna hittust á samráðsfundi fyrir sameiginlegan fund samgönguráðherra ESB-landanna til að bera saman bækur sínar. Var tekið vel í þá tillögu og mun ráðherrann boða til fyrsta fundar.

Norski samgönguráðherrann gerði að umtalsefni eftirlit landanna með flugöryggismálum og taldi þörf á að það yrði gert opinbert en þó í samræmi við sameiginlegar reglur sem löndin kæmu sér saman um. Ráðherrarnir samþykktu að skipa starfshóp háttsettra embættismanna til þess að gera tillögur um slíkar reglur og fól embættismannanefndinni um samgöngumál að setja hópnum erindisbréf.

Efst á baugi í samgöngumálum Norðurlanda.

Á árinu voru umferðaröryggismál, breyting á póstpjónustu í frjálsræðisátt, frelsi í leigubílamálum, stækkun neðanjarðarjárnbrautakerfisins í Kaupmannahöfn og fast vegasamband milli Danmerkur og Þýskalands ofarlega á blaði í Danmörku. Í Svíþjóð var það umferðaröryggismál, hlutverk samgönguáætlana í byggðastefnu stjórnvalda og fjárfestingar í járnbrautum. Í Finnlandi bar hæst breyting á stjórnskipulagi siglingastofnunar, fjölgun rússneskra skipa í olíuflutningum á Eystrasalti og hugsanlegar breytingar til auk-

ins frelsis í leigubílamálum. Í Noregi var það frelsi í leigubílamálum, afnám einkaréttar norska póstsins og breytingar á norsku járnbrautunum í frjálsræðisátt, einkum er varðar kaup á viðhaldsþjónustu. Á Álandi bar hæst breytingar á leigubílamálum í frjálsræðisátt.

Ísland gerði grein fyrir nýjum hafnalögum, áherslum í umferðaröryggismálum og ferðamálum.

Störf vinnuhópa.

Embættismannanefndin ræddi á fundum sínum áherslubreytingar í starfi vinnuhópanna. Var um það rætt að tengja starfsemina meira fyrirfram ákveðnum forgangsmálum. Í því sambandi var tekinn saman verkefnalisti með tíu forgangsmálum. Embættismannanefndin mun á fundum sínum á næsta ári fjalla enn frekar um þessar áherslubreytingar í starfi vinnuhópanna.

Á árinu störfuðu vinnuhóparnir að eftirtöldum verkefnum:

a) *Umferðaröryggismál á Norðurlöndum.*

Markmið þessa verkefnis er að löndin skiptist á upplýsingum um umferðaröryggismál, m.a. til að læra af reynslu hvert annars og til að koma í veg fyrir tvíverknað. Á fundi embættismannanefndarinnar í nóvember s.l. var vinnutilhögun starfshópsins fyrir árið 2005 samþykkt.

b) *Upplýsingatækni í samgöngumálum.*

Samþykkt var í samræmi við breyttar áherslur í starfi vinnuhópanna að starfshópurinn um upplýsingatækni í samgöngumálum tæki upp samstarf við aðra vinnuhópa um verkefni á sviði umferðaröryggismála og sjálfbærna samgangna. Af verkefnum starfshópsins á árinu má m.a. nefna að hann stóð fyrir ráðstefnu í Ósló í lok ársins um persónuvernd og neytendavernd í samgöngum.

c) *Sjálfbærar samgöngur á Norðurlöndum.*

Þetta verkefni er eitt af forgangsverkefnum embættismannanefndarinnar. Á fundi sínum í nóvember samþykkti nefndin tillögur starfshópsins um verkefnaáætlun fyrir árið 2005.

d) *Samstarfið á Eystrasaltssvæðinu.*

Ætlunin er að starfið í þessum vinnuhóp verði aukið á næsta ári. Meðal verkefna í upphafi næsta árs er þátttaka í fundi með nefnd um samgöngumál á Eystrasaltssvæðinu (CBSS) um fyrirkomulag samstarfs aðila.

Formennskuáætlun Danmerkur 2005.

Það er sameiginlegt álit samgönguráðherra Norðurlanda að áhugi sé fyrir og þörf á að viðhalda norrænu samstarfi á sviði samgöngu- og umferðarmála. Það getur farið fram innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinnar eða milli einstakra landa.

Samgöngumál snerta alla þætti þjóðlífsins og ekki óeðlilegt að þau séu vistuð á einum stað þótt þau gangi þvert á verkefni annarra ráðuneyta. Þetta á einkum við um umhverfismál og upplýsingatækni í samgöngum.

Danmörk kynnti á fundi embættismannanefndarinnar um samgöngumál í nóvember formennskuáætlun sína fyrir árið 2005. Í henni er lögð áhersla á

eftirfarandi málefni, auk þeirra viðfangsefna sem norrænu samgönguráðherrarnir og embættismannanefndin hafa unnið að á undanförunum árum:

- a) Umferðaröryggismál.
- b) Samgöngur í þéttbýli.
- c) Öryggi í samgöngum (Security).
- d) Samstarf við Eyrstrasaltsríkin um samgöngumál.
- e) Umhverfismál og sjálfbærar samgöngur.

13. Sjávarútvegur, landbúnaður og skógrækt og matvæli

Starfsemin innan ráðherranefndarinnar um sjávarútveg, landbúnað og skógrækt og matvæli (MR-FJSL) var umfangsmikil á formennskuári Íslands. Megin einkunnarorð formennskuáætlunarinnar, „Auðlindir Norðurlanda“, féllu einkar vel að heildar áherslum í starfseminni innan þessarar sameinuðu ráðherranefndar og gáfu sjávarútvegsráðuneytið, landbúnaðarráðuneytið og umhverfisráðuneytið út sameiginlega formennskuáætlun sem kynnt var og framfylgt innan embættismannanefndanna þriggja sem starfa innan ráðherranefndarinnar, þ.e. embættismannanefnd um sjávarútveg (NEF), embættismannanefnd um landbúnað og skógrækt (NEJS) og embættismannanefnd um matvæli (EK-Livs).

Í formennskuáætluninni segir m.a. í inngangi:

„Matarkistur lands og sjávar eru gjöfular en um leið viðkvæmar náttúruauðlindir sem umgangast ber með sérstakri gát. Því þarf, auk þess að tryggja sjálfbæra nýtingu þeirra, að stemma stigu við hvers konar mengun og efla hreinlæti við úrvinnslu og eftirlit með matvælum. Með vísan til þessa mun megin áherslan í starfi Íslendinga innan ráðherranefndarinnar um fiskveiðar, landbúnað og skógrækt og matvæli á formennskuárinu verða á *örugg matvæli og sjálfbæra nýtingu auðlinda lands og sjávar.*“

Á árinu var undir íslenskri formennsku gengið frá samningu fyrstu heildarverkáætlunarinnar innan hinnar sameinuðu ráðherranefndar (Handlingsprogram för nordiskt fiske-, jord- och skogsbruks- och livsmedelssamarbete 2005 – 2008 – *Et nordisk løft for verdiskapning og livskvalitet*). Hlaut hún formlegt samþykki á öllum stigum á árinu og er þar með gengin í gildi. Á árinu 2005 verður fram haldið starfi að endurskipulagningu hinnar sameinuðu ráðherranefndar. Skipulagshópur á vegum svokallaðs samræmingarhóps (KG), sem er samræmingarhópur á milli embættismannanefndanna þriggja, hóf störf undir danskri formennsku en markmið skipulagshópsins er að huga að breytingum á uppbyggingu og skipulagi stjórnunar og stofnana ráðherranefndarinnar (Arbetsgrupp – utveckling av organistorisk struktur i MR-FJSL). Skipulagshópnum er ætlað að skila tillögum fyrir fund samræmingarhópsins í apríl 2005 sem síðan mun beina málinu til sumarfundar ráðherranefndarinnar 2005.

Á árinu var lokið fleiri stefnumótunarverkefnum, sem mjög tengjast sameinuðu ráðherranefndinni, sem þó geta stjórnskipulega heyrt undir aðrar ráðherranefndir, s.s. framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun 2005 – 2008 (Háll-

bar utveckling – En ny kurs för Norden. Reviderad utgåva med mål och insatser 2005 – 2008) sem heyrir undir samstarfsráðherra Norðurlanda. Starfið í nefnd þeirri sem með þau mál fór hófst undir sænskri formennsku árið 2003.

Árlegur sumarfundur ráðherra innan ráðherranefndarinnar (MR-FJSL) var haldinn á Akureyri í ágúst s.l. Í tengslum við hann var haldinn fundur hinna ýmsu samtaka innan þeirra atvinnugreina sem hér um ræðir hvaðanæva að á Norðurlöndum (NKO-fundur) með þátttöku ráðherranna. Einnig voru haldnir fundir í embættismannanefndunum og samræmingarhópnum (KG) í tengslum við ráðherrafundinn. Fitjað var upp á þeirri nýbreytni á NKO-fundinum að efna til málstofa með þátttöku ráðherra um hvert sérsvið innan ráðherranefndarinnar. Með því sniði er mögulegt að fjalla sérhæft um úrlausnarefnin sem hinar ýmsu greinar innan ráðherranefndarinnar standa frammi fyrir, en sú var ekki raunin á sameiginlegum NKO-fundum innan ráðherranefndarinnar. Inntak NKO-fundarins var annars vegar stefnumótunin um sjálfbæra þróun og hins vegar umfjöllun um samspil næringar og lýðheilsu.

Á ráðherrafundinum var hin nýja heildarverkáætlun ráðherranefndarinnar samþykkt, svo og sambærileg áætlun fyrir starfsemi um verndun og nýtingu erfðaauðlinda, þar sem erfðaauðlindir í hafi falla nú undir stefnumörkunina í fyrsta sinn. Báðar þessar samþykktir voru eðli málsins samkvæmt gerðar með tilliti til endanlegs samþykkis þeirra á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi síðar á árinu og gekk það eftir. Í sambandi við fjármögnun og stjórnmalaleg áhersluatriði veitti ráðherrafundurinn samræmingarhópnum (KG) samþykki sitt fyrir ákveðnum aðgerðum til stuðnings Norræna genabankanum og að fyrrnefndur skipulagshópur yrði settur á laggirnar. Fyrir fundinum lá ítarleg stefnumótun um rannsóknir og menntun (FoU). Hún var ekki samþykkt en fundurinn féllst á málsmeðferðartillögu samræmingarhópsins sem fólst í að áfram yrði unnið að málinu í tengslum við aðra skipulagsvinnu innan ráðherranefndarinnar og yrðu tillögur lagðar fyrir sumarfund ráðherranefndarinnar 2005. Jafnframt samþykkti fundurinn að rannsóknir í skógrækt og matvælamálum yrðu settar í forgang sem síðan gæti orðið fyrirmynd að frekari útfærslu rannsókna innan annarra málaflokka ráðherranefndarinnar. Loks sendi fundurinn frá sér þrjár álitgerðir, þ.e. *Akureyrar-ályktanir* um (1) sjálfbærar fiskveiðar, (2) matvælamál og (3) framtíðarhlutverk landbúnaðarins, með áherslu á mikilvægi þess að varðveita menningarlandslagið.

Sjávarútvegs- og umhverfisráðuneyti stóðu að ráðstefnu um stefnumótun í málefnum hafsins (Ocean Strategies – Integrated Management of the Marine Environment) sem haldin var í Reykjavík í júní s.l.

Umhverfis-, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti stóðu í sameiningu að norrænni ráðstefnu um öryggi og heilnæmi matvæla (Safe and Wholesome Food – Nordic reflections) sem fram fór í Reykjavík í október s.l. á vegum ráðherranefndarinnar um sjávarútveg, landbúnað og skógrækt og matvæli (MR-FJSL).

Sjávarútvegsmál.

Í kaflanum um sjávarútveg í formennskuáætluninni var áhersla lögð á

mikilvægi fiskveiðiauðlindarinnar fyrir þjóðarbúskap Íslendinga. Þar segir m.a.:

„Til að auðnist að hafa um alla framtíð hámarksafurðastur af auðlindum hafsins þarf að tryggja hagkvæma og sjálfbæra nýtingu sjávarauðlindanna, sporna gegn mengun hafsins og halda á lofti hollustu og heilnæmi sjávarafurða. Íslendingar munu þannig á formennskuárinu beita sér fyrir aðgerðum til að tryggja heilnæmi sjávarafurða og miðla upplýsingum um slíkt til neytenda.“

Síðan var tekið fram að Íslendingar myndu fylgja eftir áherslu Svía, sem voru í formennsku árið 2003 og settu á oddinn baráttu gegn mengun í sjávarfangi af völdum PCB og annarra þrávirkra efna.

Loks segir:

„Íslendingar setja nú á oddinn að samræma upplýsingar um sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda, efnainnihald í sjávarfangi og merkingu og rekjanleika sjávarafurða. Upplýsingarnar mætti varðveita í samræmdum gagnabanka þar sem leita mætti gagna um einkenni ólíkra hafsvæða og tegunda. Slíkt verkefni kallar á mikla vinnu og samstarf innanlands og utan. Íslendingar horfa til þessa verkefnis sem höfuðviðfangsefnis síns á sviði sjávarútvegsins á formennskuárinu og munu nota það til að ýta þessu stóra verkefni myndarlega úr vör.“

Akureyrar-ályktunin um sjávarútvegs mál fjallaði um sjálfbærar fiskveiðar með áherslu á baráttu gegn brottkasti og stuðning við samnorrænt starf sem miðar að því að vinna merkingu fisks og fiskafurða m.t.t. sjálfbærrar nýtingar (umhverfismerkingu) brautargengi. Þessi málefni höfum við Íslendingar sett á oddinn og veitum m.a. forystu norrænum vinnuhópi um umhverfismerkingar.

Embættismannanefndin um sjávarútveg kom saman til þriggja reglulegra funda á árinu, í mars, ágúst og desember. Auk þess var haldin ráðstefna í október í Álasundi í Noregi, með breiðri þátttöku fulltrúa úr sjávarútvegssamstarfinu, þ.e. embættismannanefndarinnar um sjávarútvegs mál (NEF), norræns vinnuhóps um sjávarútvegsrannsóknir (NAF) sem í sitja fulltrúar rannsóknastofnana, samstarfsnefndar umhverfis- og sjávarútvegs mál (MiFi) og samráðsvettvangsins NKO. Þar var unnið að mótun starfsáætlunar á sviði sjávarútvegs mál næstu árin í samræmi við heildarstarfsáætlun ráðherranefndarinnar. Starfsáætluninni var síðan lokið í öllum meginatriðum á desemberfundi embættismannanefndarinnar en hann sátu m.a. fulltrúar formennskunnar í vinnuhópnum um sjávarútvegsrannsóknir og samstarfsnefnd umhverfis- og sjávarútvegs mál. Fyrsti fundur embættismannanefndar Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um sjávarútvegs mál (CSO-NB8-Fisheries) var haldinn í tengslum við þing Norðurlandaráðs í nóvember s.l. en áður var haldinn allviðamikill undirbúningsfundur allra sérsviða ráðherranefndarinnar í Riga í Lettlandi í lok september.

Á árinu var samþykkt að styrkja í tvö ár verkefni sem unnið er að undir íslenskri forystu og miðar að því að samræma upplýsingar um sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda, efnainnihald í sjávarfangi og merkingu og rekjanleika sjávarafurða en þetta verkefni var einmitt megin áhersluatriði formennsku-

áætlunar Íslands innan sjávarútvegssamstarfsins. Einnig fékkst framlag til þessa verkefnis af ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar. Embættismannanefndin styrkti tvær norrænar ráðstefnur sem haldnar voru hér á landi í tengslum við formennskuárið.

Tilmæli bárust til ráðherranefndarinnar um sjávarútvegsmál frá Norðurlandaráði um að haldin verði ráðstefna um framtíð strandveiða á Norðurlöndum. Embættismannanefndin um sjávarútvegsmál hefur þegar samþykkt að styrkja slíka ráðstefnu sem haldin verður í byrjun maí n.k. í Danmörku.

Samstarfsnefnd umhverfis- og sjávarútvegsmála (MiFi) og norræni vinnuhópurinn um sjávarútvegrannsóknir (NAF) komu að stefnumótun, eins og áður var getið, en að öðru leyti var starf þeirra með reglubundnum hætti á árinu. Samstarfsnefnd umhverfis- og sjávarútvegsmála kom auk þess að mótun framkvæmdaáætlunar fyrir umhverfissamstarfið fyrir árin 2005 – 2008 (Miljøhandlingsprogram 2005 – 2008). Innan sjávarútvegssamstarfsins hafa samnorrænar rannsóknir verið eflar í samstarfi við rannsókn- og menntunarsvið norræns samstarfs (nánar tiltekið við Norrænu stofnunina um vísindamenntun (NorFa), nú Nordforsk) með stofnun „Nordic Marine Academy“.

Landbúnaður og skógrækt.

Á árinu var af hálfu embættismannanefndarinnar fyrir landbúnað og skógrækt lögð áhersla á áframhald verkefna sem lúta að varðveislu og kynbótum á hefðbundnum erfðaaudlindum í búfé og nytjaplöntum, auk þeirra tækifæra sem felast í nýtingu villtra lífvera. Í varðveislustarfinu var áhersla lögð á rannsóknir á eiginleikum gamalla búfjárstofna til þess að kanna hvort hagnýting þeirra í nútímanum geti skapað sérstöðu þegar mæta þarf þeim breytingum sem leiða af aukinni alþjóðavæðingu í verslun með landbúnaðarafurðir. Þemaverkefni Íslands innan landbúnaðarins á formennskuárinu var „SKÓGLÍF - áhrif nýskógræktar á vistkerfi, félagslegt umhverfi, mannlíf og byggð“. Þetta eru þættir sem eru Íslendingum mjög hugleiknir samfara því átaki sem hafið er í ræktun skóga hér á landi. Um er að ræða þriggja ára verkefni sem nýtur fjárstuðnings úr norrænum sjóðum. Þá var ákveðið á formennskuárinu að leitast við að efla umræðu um málefni skógarins á norrænum vettvangi. Það var gert m.a. með því að taka þau málefni til umræðu í málstofu á sumarfundi norrænu ráðherranna um sjávarútveg, landbúnað og skógrækt og matvæli á Akureyri í ágúst, þar sem fram fór lífleg umræða og skoðanaskipti um stöðu skógbúskaparins, nýja möguleika til tekjuöflunar og áhrif loftslagsbreytinga á skógana. Ráðherrafundurinn ákvað að efnt skuli til norrænnar ráðstefnu um málefni skógbúskaparins á árinu 2005. Samhliða þessu verkefni var fylgt eftir þemaverkefnum Norðmanna á formennskuári þeirra árið 2002 um varðveislu menningarlandslags og Svía á formennskuári þeirra árið 2003 um hið nýja hlutverk bóndans. Á ráðherrafundinum var ákveðið að setja á fót starfshóp sem hefði það hlutverk að efla norrænt samstarf á þessu sviði. Á ráðherrafundinum var einnig samþykkt nýendurskoðuð áætlun um varðveislu erfðaaudlinda. Þá var einnig í tengslum við sumarfund ráðherranna haldin ráðstefna á vegum norrænu erfðanefndarinnar (genressursráðet) og fleiri aðila

undir yfirskriftinni „Nordisk landbruk i post-genom tid – Genetikens betydning for landbrukets utvikling“.

Samstarf við Eystrasaltsríkin. Í samræmi við Kaupmannahafnaryfirlýsingu um sjálfbæra þróun dreifbýlis, sem samþykkt var í desember 2000, hefur verið unnið að auknu samstarfi milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna á sviði skógræktar og landbúnaðar, með áherslu á að efla stofnanir og stjórnsýslu á því sviði. Ákveðið var að samvinna á þessum vettvangi næði einnig til sjálfstjórnarsvæðanna, Álandseyja, Færeyja og Grænlands, svo og til Norðvestur-Rússlands, þ.e. héraðanna sem liggja austan landamæra Finnlands og Noregs. Ekki hefur tekist að finna samstarfsaðila í Rússlandi. Sérstök samráðsnefnd (Consultation Committee), hefur unnið að þróun þessa samstarfs. Starf nefndarinnar hefur fyrst og fremst beinst að því að finna þessu samstarfi farveg og er niðurstaðan sú að halda eigi því sem mest innan verkefnis Norrænu ráðherranefndarinnar um öryggi matvæla í stað þess að dreifa kröftunum of víða. Á fundi matvælaráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna í 2003 í Tallinn í Eistlandi lýstu ráðherrarnir vilja sínum til að halda áfram að þróa samstarf milli landanna á grundvelli þess starfs sem unnið var innan samráðsnefndarinnar. Var embættismannanefndunum fyrir landbúnað og skógrækt, fiskveiðar og matvæli falið að þróa þetta samstarf áfram í samvinnu við aðila frá Eystrasaltsríkjunum. Samráðsnefndin undirbjó breytt fyrirkomulag samstarfsins. Til undirbúnings breyttu fyrirkomulagi var í byrjun október haldið kynningarnámskeið í Riga í Lettlandi þar sem embættismönnum frá Eystrasaltsríkjunum voru kynntir starfshættir innan norræna samstarfsins og mögulegir samstarfsfletir ræddir. Fyrstu fundir embættismannanefndanna þriggja með fulltrúum frá Eystrasaltsríkjunum voru síðan haldnir í byrjun nóvember í Stokkhólmi. Þá var einnig haldinn fyrsti fundur samræmingarhópsins (KG) með fulltrúum Eystrasaltsríkjanna.

Matvælamál.

Embættismannanefndin um matvælamál og fastanefndir á hennar vegum, sem fjalla um eiturefnafræði matvæla og áhættugreiningu (NNT), matvælaörverufræði og áhættugreiningu (NNM), matvælaeftirlit (NNK), matvælalöggjöf (NNL) og manneldi (NKE), hefur á árinu sett heilsu neytenda í öndvegi með því að leggja áherslu á að:

- tryggja neytendum örugg matvæli,
- verja neytendur fyrir villandi upplýsingum um matvæli,
- fræða neytendur um heilnæmi matvæla.

Ísland hefur tekið virkan þátt í starfi allra fastanefnda embættismannanefndarinnar um matvæli svo og undirnefnda þar sem unnið er að afmörkuðum verkefnum á sviði matvælaöryggis, matvælaeftirlits og neytendaverndar. Norrænt samstarf á matvælasviði hefur mótast af endurskoðun á matvælaölggjöf ESB sem staðið hefur yfir undanfarin misseri. Unnið hefur verið að því að samstillja breytta framkvæmd og túlkun matvælaölggjafarinnar á Norðurlöndum og koma fram með samræmdar norrænar útfærslur og innlegg inn í umræðuna á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi. Afrakstur þessara verkefna eru tengiliðanet sérfræðinga, ýmsar útgáfur, ráðstefnur o. fl.

Á NKO-fundinum á Akureyri var haldin málstofa um sambandið milli mataræðis, hreyfingar og heilsu. Þátttakendur voru alls staðar að á Norðurlöndum og endurspeglaði málstofan þá áherslu sem fram kemur í Akureyrarályktuninni um matvæli sem samþykkt var á ráðherrafundinum. Við sama tækifæri var haldin ráðstefna (visionsseminar) um fyrirkomulag norrænnar samvinnu á þessu sviði, sérstaklega í tengslum við verkefni og vinnulag þeirra vinnunefnda sem starfa undir embættismannanefndinni um matvælamál. Ráðstefnan var fjölsótt og er ætlunin að vinna frekar úr afrakstri hennar.

Ýmsir fastanefndafundir, verkefnafundir og málþing voru skipulögð á Íslandi í tengslum við formennskuárið og má þar nefna:

- alþjóðlega ráðstefnu um heilnæmi og öryggi matvæla, sjá framar,
- samráðsfund um fæðubótarefni þar sem aðilar frá matvælastofnunum og lyfjastofnunum í öllum norrænu löndunum hittust til að bera saman bækur sínar og ræða „grá svæði“ milli fæðubótarefna og lyfjavirkra efna,
- fundi í embættismannanefndinni um matvælamál, fastanefndunum um matvælaeftirlit og matvælaöggjöf o.fl.

Ráðstefnan og samráðsfundurinn voru í samræmi við þær áherslur sem Ísland lagði í formennskuáætlun sinni í norrænni samvinnu á þessu sviði.

Þá hefur verið unnið að undirbúningi þriðju norrænu ráðstefnunnar um matvælaeftirlit sem haldin verður í Reykjavík í janúar 2005.

Auk þessa tók Ísland þátt í fjölda verkefna og funda á vegum embættismannanefndarinnar og eru þessir helstir:

- Umbúðir matvæla – tengslanet.
- Merkingar matvæla – tengslanet.
- Varnarefnaeftirlit (NNK).
- Kjöteftirlit (NNK).
- Dioxín.
- Bragðefni (NNT).
- Norræn eftirlitsráðstefna um matvælaeftirlit framtíðarinnar.
- Sérfaði – tengslanet.
- Sýklar sem berast milli dýra og manna (NNM).
- Vöktun þols gegn sýklalyfjum hjá bacterium (NNM).
- Norræna matvælarannsóknanefndin (EK-Livs).
- NordVal (sjálfstætt).
- Norræn samanburðarprófun (sjálfstætt).

Ísland hefur einni tekið þátt í samvinnu Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna varðandi eftirlit með matvælum (NordicBaltic Group on Food Control). Sama er að segja um samstarfið um matvælaeftirlit á Vestur-Norðurlöndum (Vest-Nordisk forum i næringsmiddeltilsyn). Ísland hefur verið virkur þátttakandi þar um árábil en áherslan er lögð á að kynna stjórnsýslu, lagumhverfi og framkvæmd matvælamála með sérhagsmuni svæðisins að leiðarljósi.

14. Vinnumál og vinnuverndarmál.

Undir yfirskriftinni „Auðlindir Norðurlanda“ var á sviði vinnumála og vinnuverndarmála lögð áhersla á nýtingu þeirrar auðlegðar sem felst í sjálfu fólkinu, hæfileikum þess og getu til verðmætasköpunar, sem er grundvöllur sjálfbærrar þróunar á sviði vinnumála og vinnuverndarmála. Á þeim grunni hvílir þjóðfélag samstöðu og samhjalpar sem ríkir á Norðurlöndum. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu þáttum norræna samstarfsins á sviði vinnumála og aðbúnaðar og hollustu á vinnustöðum.

Ráðherrafundur.

Norræna ráðherranefndin um vinnumál og vinnuverndarmál (MR-A) hélt einn fund á árinu og var hann haldinn á Egilsstöðum í september. Fyrir fundinum lá tillaga að nýrri áætlun um samstarf á sviði vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismála á árunum 2005 – 2008, sem unnin var undir formennsku Íslands. Þótt áfram sé fylgt helstu markmiðum fyrri áætlana, t.d. um fulla atvinnu, er um að ræða breyttar áherslur sem draga dóm af þróuninni. Benda má á þau áhrif sem hlutfallsleg fjölgun eldri íbúa á Norðurlöndum hefur á framtíð velferðarkerfisins og framvinduna á vinnumarkaðnum. Í nýju áætluninni er fjallað um fjölgun aðildarríkja ESB og því slegið föstu að stækkun evrópska vinnumarkaðarins verði eitt af meginviðfangsefnum í norrænni stjórn málaumræðu næstu árin. Alþjóðavæðingin hafi aukið þátttöku norrænu landanna í alþjóðasamstarfi. Samræmdur undirbúningur, hvort sem hann sé formlegur eða óformlegur, styrki stöðu norrænu ríkjanna til að hafa áhrif á gang mála á alþjóðavísu. Í áætluninni eru dregin fram nánar skilgreind viðfangsefni sem henta sameiginlegu norrænu átaki eða rannsóknum. Nefna má fjarvistir vegna veikinda, starfsmannaleigur, launajöfnuð karla og kvenna og leiðir til að bæta andlegt, líkamlegt og félagslegt starfsumhverfi á vinnustaðnum.

Á fundi ráðherranefndarinnar var gefin skýrsla um þau áhrif sem stækkun ESB hafði haft á stöðuna á vinnumarkaði á Norðurlöndum. Fram kom að þessi áhrif voru hverfandi á því tímabili sem skýrslan tók til. Meirihluti ríkjanna setti reglur til bráðabirgða um flutning fólks í atvinnuskyni frá nýjum aðildarríkjum ESB. Lýst var áhyggjum af starfsemi erlendra fyrirtækja á Norðurlöndum sem geta á löglegan hátt flutt inn starfsmenn sem vinna á öðrum og lakari kjörum en heimamenn.

Poul Schlüter, fyrrverandi forsætisráðherra Danmerkur, hefur á annað ár unnið á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar að því að leita leiða til að auðvelda fólki að flytjast á milli norrænu landanna án þess að glata ýmsum félagslegum réttindum. Í formennskutíð Íslands í ráðherranefndinni var unnið frekar að nokkrum afmörkuðum þáttum. Hafin var endurskoðun samningsins um sameiginlegan vinnumarkað Norðurlanda frá árinu 1982. Markmiðið er að nýr samningur verði tilbúinn til undirritunar á árinu 2005. Vinnuhópi var falið að kanna kosti þess að koma á rafrænni norrænni vinnumiðlun, kannað var hvort hægt væri að samhæfa norrænu atvinnuleysistryggingakerfin og gerð var úttekt á störfum eða embættum þar sem ríkisborgararéttur er gerður að

skilyrði fyrir ráðningu eða skipun. Á ráðherrafundinum var flutt skýrsla Pouls Schlüter um árangur af framangreindu. Í ljós kom að bótakerfi atvinnuleysis-trygginga eru ólík frá einu landi til annars og samhæfing því ekki að sinni fýsilegur kostur. Aðrar niðurstöður voru jákvæðar og verður áfram unnið að umbótum á þeim sviðum.

Embættismannanefndin.

Embættismannanefndin um vinnumál og vinnuverndarmál (EK-A) hélt tvo fundi á árinu.

Fyrri fundurinn var haldinn í Reykjavík í apríl s.l. Á fundinum var farið yfir formennskuáætlun Íslands að því er varðar vinnumarkaðs- og vinnuverndarmál. Fram kom að af hálfu Íslands yrði lögð áhersla á fylgja eftir starfi Pouls Schlüter til að ryðja úr vegi hindrunum sem standa í vegi fyrir frjálsum búferlaflutningi á milli norrænu landanna. Stofnað yrði til norræns samstarfsverkefnis um leiðir til að eyða mun á launum karla og kvenna, fram færi samanburðarannsókn á reglum um fæðingarorlof, könnuð yrði staða eldri starfsmanna á vinnumarkaðnum og skapaðar aðstæður til að skiptast á reynslu af starfsemi vinnumiðlunar á svæðum með einhæft atvinnulíf. Stórum hluta fundarins var varið í miðlun upplýsinga um viðbrögð landanna við fjölgun aðildarríkja ESB og þar með að EES-samningnum. Einkum var rætt um áhrif stækkunarinnar á framvinduna á vinnumarkaðnum. Fundurinn fjallaði um drög að nýrri norrænni samstarfsáætlun á sviði vinnumála og vinnuverndarmála fyrir árin 2005 – 2008. Rætt var um undirbúning fyrir fund norrænu vinnumálaráðherranna á Íslandi. Kannað var hvort grundvöllur væri fyrir því að taka upp að nýju samráðsfundi ráðherranefndarinnar og fulltrúa norrænna samtaka aðila vinnumarkaðarins en í ljós kom að samtök norrænna atvinnurekenda höfðu ekki áhuga á að endurvekja samráðsfundina. Embættismannanefndin fjallaði um umsóknir um styrki til norrænna rannsókna og samstarfsverkefna. Samþykkt var á árinu að veita styrk til jafns á móti norrænu embættismannanefndinni um jafnréttismál til verkefnis um launajafnrétti kvenna og karla. Ákveðið var að styrkja ráðstefnu sem embættismannanefndin um heilbrigðis- og félagsmál (EK-S) styður einnig. Ráðstefnan fjallar um fjölbreyttari atvinnutækifæri fyrir fatlaða og verður haldin á Íslandi á fyrri hluta árs 2005.

Seinni fundur embættismannanefndarinnar um vinnumál og vinnuverndarmál var haldinn í Stokkhólmi í ágúst s.l. Auk hefðbundinnar skýrslugjafar um framvinduna á sviði vinnumarkaðsmála og aðbúnaðar og hollustu á vinnustöðum í löndunum var aðallega rætt um skýrslu sérfræðinga um kosti við að koma á rafrænni vinnumiðlun á milli norrænu landanna. Nefndin samþykkti að halda áfram þeirri vinnu. Einnig var fjallað um undirbúning fyrir fund norrænna vinnumálaráðherra í september.

Vinnumarkaðsnefndin.

Vinnumarkaðsnefndin er vettvangur fyrir umræðu um atvinnumál, vinnumarkaðsmál og vinnumarkaðsrannsóknir í norrænu samstarfi. Verkefni nefndarinnar tengdust aðalmarkmiðum ráðherranefndarinnar á vinnumálasviðinu

sem nær yfir tímabilið 2001 – 2004, en þar er lögð áhersla á fulla atvinnu, afnám landamærahindrana og eflingu norræna velferðarkerfisins. Áhersla var lögð á þrjú höfuðsvið, óvirka fullorðna, samspil menntastefnu og vinnumarkaðsstefnu í hagkerfinu og hreyfanleika vinnuafls milli norrænu landanna og í löndunum hvoru fyrir sig.

Á vegum nefndarinnar komu á árinu út eftirfarandi skýrslur:

- Rannsókn á vinnufærni vinnuafls á vestnorræna svæðinu, með áherslu á Grænland.
- Skýrsla um vinnumarkaðinn í Eyrstrasaltsríkjunum og flutning fólks til Norðurlanda.
- Skýrsla um eldra fólk og stöðu þess á vinnumarkaði á Norðurlöndum.
- Frumrannsókn um hæfnismat á Norðurlöndum.
- Vinnumarkaðsþjónusta í norðurhémuðum Norðurlanda.
- Samkeppnishæfni eldra fólks á Norðurlöndum.

Styrkt var starf stýrihóps um uppbyggingu rafrænnar vinnumiðlunar á Norðurlöndum og athugun á þeim skilyrðum sem sett eru gagnvart þeim sem fara milli atvinnuleysistryggingakerfa á Norðurlöndum. Gefin var út skýrsla um samninga og þróun starfsmenntunar og starfsþjálfunar á Norðurlöndum.

Meðal nýrra verkefna sem ákveðið var að hefja, eru vandamál sem vinnumiðlanir á vestnorræna svæðinu eiga við að glíma vegna einhæfni atvinnulífs, staðbundinna sérkenna vinnumiðlana, fjarlægðar við notendur vinnumiðlunarþjónustunnar, samgangna svo og tengsl atvinnuleitenda við vinnumiðlanir á þessu svæði.

Ákveðið var að halda ráðstefnu um fjarvistir frá vinnustað vegna veikinda og reynslu norrænu landanna í þeim efnum.

Vinnumarkaðsnefndin fjármagnar norrænt atvinnuleysistryggingamót sem haldið er annað hvert ár en árið 2005 fer það fram á Íslandi.

Ákveðið var að endurskoða samninginn um norrænan vinnumarkað. Áhrif stækkunar ESB á norrænan vinnumarkað er einnig til skoðunar í norrænum vinnuhópi sem skoðar viðbrögð í norrænu löndunum vegna stækkunarinnar.

Vinnumarkaðsnefndin tók þátt í endurskoðun samstarfsáætlunar Norðurlanda á vinnumarkaðssviðinu 2005 – 2008.

Stýrihópur um vinnumiðlun.

Stýrihópurinn lauk starfi sínu í lok árs 2004. Markmið stýrihópsins er að leita leiða til þess að norræn vinnumiðlun verði virk m.a. með því að tengja norrænar heimasíður og nýta betur þá netþjónustu sem norrænar vinnumiðlanir bjóða upp á. Forrannsókn fór fram á hvernig megi þróa internet þjónustu norrænna vinnumiðlana með það að markmiði að auðvelda vinnumiðlun fólks yfir landamæri. Í þessu sambandi var ákveðið að líta til þróunar EURES-kerfisins á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ákveðið hefur verið að leita lausna vegna hindrana á hreyfanleika vinnuafls í landamæraheruðum Norðurlanda.

Einnig er ætlunin að kanna ýmsa staðla á Norðurlöndum, m.a. starfsflokka,

hæfni, menntun o.fl. Markmiðið er að samhæfa vinnubrögð svo draga megi úr hindrunum sem koma í veg fyrir hreyfanleika fólks á Norðurlöndum.

Samin hefur verið áætlun um það á hvern hátt megi ná eftirfarandi markmiðum:

- 1) Hvernig auðvelda megi aðgang íbúa að upplýsingum um laus störf á Norðurlöndum, með tengingum við gagnagrunna í löndunum.
- 2) Hvernig bæta megi aðgang atvinnurekenda að upplýsingum í „gagnagrunninum um lífs- og starfsferil“ um atvinnuleitendur á Norðurlöndum sem hafi tilskilda menntun eða þjálfun.
- 3) Hvernig gera megi „gagnagrunninn um lífs- og vinnuskilyrði á Norðurlöndum“ aðgengilegri.

Atvinnuskripti ungs fólks.

NORDJOBBS verkefnið, sem byggir á atvinnuskriptum ungs fólks milli norrænu landanna, er með stærri norrænum samstarfsverkefnum á sviði vinnumarkaðar. Framkvæmd þess er á vegum Norrænu félaganna. Á árinu komu 73 norræn ungmenni hingað til lands til vinnu en 78 fóru héðan til starfa á Norðurlöndum.

Samstarfshópur um upplýsingamiðlun um vinnumarkaðsmál (NIAL).

Á vegum starfshópsins, sem miðlar upplýsingum á vinnuálasviði með útgáfustarfsemi, voru haldnir tveir fundir á árinu og var annar þeirra á Íslandi. Gefin voru út þrjú tölublöð af „Arbejdsliv i Norden“ og eitt af „Nordic Labour Journal“. Í einu blaðanna var sérstaklega fjallað um virkjunarframkvæmdirnar á Íslandi.

Norræna samstarfsnefndin um vinnuvernd.

Norræna samstarfsnefndin um vinnuvernd hefur það meginhlutverk að vinna að samstarfi stjórnvalda á Norðurlöndum á sviði vinnuverndarmála. Haldnir voru tveir fundir í nefndinni á árinu.

Haldið var áfram samstarfi um þátttöku í starfi evrópsku staðlastofnunarinnar (CEN) til þess að auka þar áhrif Norðurlanda. Ísland hefur umsjón með þátttöku landanna í stöðlun véla til matvælavinnslu.

Einnig var fram haldið samstarfsverkefni um markaðseftirlit með persónuhlífum og öryggisbúnaði ýmis konar.

Haldið var áfram verkefni sem hófst 2003 og miðar að því að þróa aðferð til árangursmats í vinnuverndarstarfi og til að bera saman stöðu þessara mála í löndunum. Verkefnið var kynnt á vettvangi ESB og í framhaldi af því hófu Írland, Bretland og Holland þátttöku í verkefninu.

Styrkt var ráðstefna eftirlitsstofnana á Norðurlöndum sem haldin var í Stokkhólmi, en þar var m.a. rætt hvernig eftirlitið geti stuðlað að auknu öryggi og heilsuvernd við verklegar framkvæmdir.

Samþykkt var að veita fjármunum til þess að halda á árinu 2005 fund sérfræðinga um vinnuverndarmál við verklegar framkvæmdir og fara yfir reynslu þjóðanna á því sviði. Fundurinn verður haldinn á Íslandi og er ákvörðun um hann í samræmi við formennskuáætlun Íslands.

Haldinn var samráðsfundur eftirlitsstofnana um áhrif vinnuskipulags og aukinnar tímapressu á vinnustöðum. Enn fremur var haldinn samráðsfundur sérfræðinga sem fjalla um líkamsbeitingu við vinnu.

Norræna samráðsnefndin um ESB-málefni.

Nefndin hefur það hlutverk að skiptast á sjónarmiðum varðandi þau mál á sviði vinnuverndar- og vinnumarkaðsmála sem til umfjöllunar eru á vettvangi ráðherraráðs ESB og samræma sjónarmið norrænu landanna. Haldnir voru tveir fundir á árinu. Með þátttöku í nefndinni fá fulltrúar Noregs og Íslands greiðan aðgang að upplýsingum um þau mál sem eru á dagskrá á þessum vettvangi.

Nefndin hefur reynst góður vettvangur til upplýsinga- og skoðanaskipta, en starfið hefur ekki leitt til beinnar samræmingar á afstöðu landanna. Því var ákveðið að taka umboð nefndarinnar til endurskoðunar og mun hún starfa með nokkuð breyttu sniði á árinu 2005.

Ákveðið var að bjóða Eystrasaltsríkjunum og Póllandi að taka þátt í starfinu og greiða kostnað sem því fylgir. Eystrasaltsríkin hafa þegið þetta boð og tekið virkan þátt, en Pólland ekki.

Norræna rannsóknarnefndin á vinnuverndarsviði.

Stjórn NIVA og norrænu nefndarinnar um rannsóknir á vinnuverndarsviði, sem starfar á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, héldu í ár fundi í Ósló í mars, í Reykjavík í september í tengslum við norrænt vinnuverndarþing (NAM) og í Ósló í nóvember.

Nefndin um rannsóknir á vinnuverndarsviði úthlutar styrkjum til rannsókna á vinnuverndarsviði og til ýmissa verkefna. 50. norræna vinnuverndarþingið sem haldið var í Reykjavík í lok ágúst s.l. var stærsta verkefnið sem tengist nefndinni. Flutt var erindi um norrænt samstarf um rannsóknir á sviði vinnuverndar síðustu fimmtíu árin svo og fjöldi styttri fyrirlestra. Erindin fjölluðu um sálfélagslega þætti, einelti, mengunarmælingar og sýnatöku, heilbrigði í vinnunni - heilbriggt atvinnulíf, gagnabanka á sviði vinnuverndar, faraldsfræði, ofnæmi, Evrópuverkefni á sviði vinnuverndar, eiturefnafræði, áhættugreining og kynntar voru niðurstöður á m.a. mengunarmælingum í tilteknum atvinnugreinum.

Á sameiginlegum haustfundi með norrænu samstarfsnefndinni um vinnuvernd voru rædd verkefni ársins 2005. Markmiðið er að um helmingur fjárveitinga til nefndanna fari til rannsókna en sú hefur ekki verið raunin. Því var ákveðið að sérfræðinefndin um mengunarmörk efna (NEG), sem hefur tekið til sín nær þriðjung þeirra fjárveitinga sem fara til rannsókna, verði frá áramótum 2005/2006 ekki lengur styrkt af norrænum fjárlögum. Svíþjóð og Noregur munu halda áfram að styðja við bakið á þessari starfsemi, svo og hugsanlega fleiri norræn lönd.

Starf rannsóknarnefndarinnar og afrakstur af verkefnum hefur verið mikilvægt fyrir íslenskt vinnuverndarstarf og má þar nefna vinnuverndarþingið á árinu. Meðal verkefna sem Ísland tekur þátt í má nefna samstarfsverkefni um

öryggismenningu á byggingarvinnustöðum og um áhrif langs og/eða óreglu-
legs vinnutíma á vinnutengda heilsu og félagsstöðu.

Stjórn norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnuverndar (NIVA).

Á fundum stjórnar norrænu stofnunarinnar um menntun á sviði vinnu-
verndar var unnið að markvissum undirbúningi námskeiða (sjá heimasíðuna
www.niva.org og ársskýrslu NIVA) en á árinu 2005 er gert ráð fyrir fjórtán
námskeiðum. Reynt er að leggja áherslu á námskeið sem nýtast sem hluti af
menntun á sviði vinnuverndar en einnig á námskeið fyrir þá sem starfa við
vinnuvernd á öðrum vettvangi s.s. starfsmenn vinnueftirlita og heilsuverndar-
fyrirtækja. Ákveðið var að leggja meiri áherslu á styttri námskeið sem nýttust
betur starfsfólki í atvinnulífinu sem vinnur að vinnuverndarmálum. Til að ná
því markmiði verða námskeiðin breiðari og taka meira á verkefnum er lúta að
atvinnulífi og áhrifum þess á almenna líðan og lífshlaup starfsmanna jafn-
framt því sem haldið verður áfram kennslu um samspil atvinnu, heilsufars og
sjúkdóma. Stjórnin gerði tillögur um að framkvæmdastjórn NIVA kæmi þessu
í gagn við strax á árinu 2005 með því að bjóða völdum aðilum að halda náms-
skeið sem uppfylla þessar kröfur. Litið er svo á að þessar breytingar munu
 tryggja að stofnunin uppfylli betur þær kröfur sem settar eru fram í reglum
hennar.

Umræða er í nefndinni um hvernig NIVA getur stutt við vinnuverndarstarf
í Eystrasaltsríkjunum og nú í norðvesturhluta Rússlands. Einnig er umræða
um önnur jaðarsvæði en hún hefur ekki enn leitt til námskeiða eða formlegrar
starfsemi.

15. Heilbrigðis- og félagsmál

Ráðherrafundur.

Árlegur fundur heilbrigðis- og félagsmálaráðherra Norðurlanda (MR-S)
var haldinn á Egilsstöðum í ágúst s.l. Ráðherrarnir fjölluðu m.a. um áfengis-
mál á Norðurlöndum, hagnýtingu upplýsingatækni í heilbrigðis- og félags-
þjónustunni, afnám landamærahindrana, gæðamál heilbrigðisþjónustunnar,
framtíð samstarfs við Vestur-Rússland og Eystrasaltsríkin, og aðgerðaáætlun í
málefnum fatlaðra. Á fundinum afhenti Jón Kristjánsson, heilbrigðisráðherra,
Magnúsi Scheving *Norrænu lýðheilsuverðlaunin* fyrir Latabæ og framlag til
bættrar lýðheilsu á Norðurlöndum. Auk þess var gerð grein fyrir megin-
áherslum Íslands á formennskuárinu, þ.e. eflingu lýðheilsu, hagnýtingu upp-
lýsingatækni, virkari starfsmannastefnu, samhæfðari þjónustu fyrir aldraða,
nýjum leiðum í atvinnumálum aldraðra og betri þjónustu við börn með sér-
þarfir.

Meginþema ráðherrafundarins var *Samfélagsbreytingar á Austurlandi –
heilbrigðis- og félagslegar afleiðingar*. Umræðurnar snerust aðallega um hvaða
áhrif framkvæmdirnar á Austurlandi geti haft á þróun byggðarlagsins í fram-
tíðinni. Enn fremur heimsóttu ráðherrarnir athafnasvæðið við Kárahnjúka.

Boðað var til aukafundar heilbrigðis- og félagsmálaráðherranna um áfengismál á Norðurlöndum í október s.l. í Kaupmannahöfn. Í yfirlýsingu ráðherranna að fundi loknum var hvatt til aukinnar samvinnu í áfengismálum á norrænum vettvangi. Hvatt var til að löndin beiti sér, ekki síst á vettvangi alþjóðlegra stofnana og samtaka, fyrir því að ekki sé litið á áfengi sem hverja aðra vöru heldur vöru sem hefur áhrif á heilbrigði þjóða og félagslegar aðstæður í löndunum. Áhersla var lögð á að norrænu löndin ynnu að því að áfengismál fengju meira vægi á vettvangi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO).

Embættismannanefndin.

Norræna embættismannanefndin á sviði heilbrigðis- og félagsmála (EK-S) hélt þrjá fundi á árinu. Á fundi í apríl s.l. í Finnlandi var m.a. fjallað um formennskuáætlun Íslendinga, aðgerðaráætlun í málefnum fatlaðra, upplýsingatækni í heilbrigðis- og félagsþjónustunni, samninga við norrænar stofnanir á starfssviði nefndarinnar, skýrslu Poul Schlüter um afnám landamærahindrana, nýjar starfsreglur Norrænu tannlækningastofnunarinnar (NIOM), ályktanir Norðurlandaráðs, áfengismál á Norðurlöndum, málefni ESB/EES og önnur alþjóðleg mál. Fundur nefndarinnar í tengslum við ráðherrafundinn í ágúst á Egilsstöðum snerist aðallega um undirbúning ráðherrafundarins. Niðurstöður og upplýsingamiðlun um rannsóknir á sviði velferðarmála voru þó rædd sérstaklega. Á dagskrá fundar í nóvember s.l. í Svíþjóð voru m.a. áfengismál, gerð nýrrar samstarfsáætlunar, fjárlagatillögur fyrir 2005, málefni fatlaðra, fuglaflensan, skýrsla um upplýsingatækni, velferðarrannsóknir, landamærahindranir, Norðlæga víddin í heilbrigðis- og félagsmálum og önnur alþjóðleg málefni.

Norræni lýðheilsuháskólinn (NHV).

Norræni lýðheilsuháskólinn er samnorræn menntastofnun fyrir æðri menntun og rannsóknir í heilbrigðisfræði. Háskólinn er staðsettur í Gautaborg í Svíþjóð og starfar samkvæmt samningi við Norrænu ráðherranefndina til þriggja ára í senn. Námið er byggt upp með námskeiðum, heimanámi og verkefnavinnu en einnig er hægt að ljúka heildstæðu námi til meistara- og doktorsgráðu í lýðheilsufræðum.

Þrettán Íslendingar stunduðu nám við skólann á árinu.

Á árinu var margt gert til að auka tengsl skólans við Ísland og auka þekkingu starfsmanna og nemenda á íslenskri heilbrigðisþjónustu og á Íslandi. Stjórn skólans hélt einn af fundum sínum á árinu á Íslandi og meirihluti starfsfólks skólans sótti landið heim.

Ákveðið var að Ísland kæmi að lokaákvörðun um hvaða Íslendingar sæktu nám við skólann. Verður sú ákvörðun tekin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Í lok ársins undirrituðu Norræni lýðheilsuháskólinn og Háskóli Íslands samstarfssamning. Markmið hans er að stuðla að rannsóknum, menntun og fræðilegri þróun á sviði lýðheilsu.

Norræna tannlækningastofnunin (NIOM).

Starfsemi Norrænu tannlækningastofnunarinnar á sviði tannlækninga spannar fjögur megin svið: (1) stöðlun, (2) prófun efna, (3) rannsóknir og (4) fræðslu. Á alþjóðlegum vettvangi tekur NIOM þátt í mótun staðla varðandi gæði og öryggi í tannlækningum með þátttöku í ISO (International Organization for Standardization), CEN (Comité Européen de Normalisation) og FDI (Federation Dentaire Internationale).

Tveir vísindamenn frá NIOM heimsóttu Ísland s.l. haust og héldu fyrirlestra fyrir tannheilsustéttir um hjáverkanir efna sem notuð eru til tannlækninga og helstu nýjungar á fræðasviðinu. Slíkir fyrirlestrar voru haldnir í öllum norrænu löndunum fimm í tilefni 30 ára afmælis stofnunarinnar. Vísindamennirnir heimsóttu einnig Tannlækningadeild Háskólans en góð samvinna hefur verið milli stofnananna.

Að öðru leyti var starfsemi stofnunarinnar með hefðbundnu sniði á árinu. Fjöldi vísindagreina var skrifaður í tannlæknatímarit, áttak var gert í upplýsingastarfsemi til tannheilsustétta auk þess sem starfsemi og afköst gestarrannsóknarmanna, bæði launaðra og ólaunaðra, var með ágætum. Nýmæli í starfseminni er að komið var á fót samvinnu milli norrænna vísindamanna á sviði tannlækninga og efnisfræði.

Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna (NAD).

Norræna rannsóknarnefndin á sviði vímuefna hefur það markmið að efla og þróa þverfaglega samvinnu á sviði áfengis- og vímuefnarannsókna. Starfsemin miðast að verulegu leyti við samfélagslegar rannsóknir, samfélagslækningar og samfélagsgeðlækningar. Nefndinni er ætlað að auka þekkingu á neyslu vímuefna, forvörnum, stefnumótun og meðferð á fíklum. Helsta verkefnið er að stuðla að öflugum sameiginlegum rannsóknum og miðla upplýsingum. NAD á að vera vettvangur skoðanaskipta og upplýsinga fyrir norræna þegna sem hafa áhuga á áfengis- og vímuefnamálum. Nefndin gefur út eigið blað (NAT) og rekur skrifstofu í Helsingfors. Haldnir voru tveir fundir á árinu.

Á fyrri fundinum var kynning á gagnabanka um samnorrænt eftirlit á áfengisauglýsingum á Norðurlöndum. Noregur hefur verið í fararbroddi og hefur verið rætt að flytja verkefnið þangað. Rædd voru yfirstandandi verkefni og ársskýrsla NAD.

Vísindaráð NAD sat einnig seinni fundinn. Umræður voru um á hvaða verkefni skyldi leggja áherslu á næsta ári.

Norræna samstarfsmiðstöðin um málefni fatlaðra (NSH).

Helsta verkefni stofnunarinnar er að stuðla að því að markmið Norðurlanda um jafnrétti og fulla þátttöku fatlaðra verði að veruleika. NSH styrkir fjölda verkefna sem hafa það að markmiði að auka og bæta þjónustu við fatlaða á Norðurlöndum og auðvelda þeim aðgang að upplýsingasamfélaginu. Á stefnuskránni er einnig að styrkja stöðu fatlaðra í stefnumótun velferðarsamfélagsins.

Stjórnin hélt þrjá fundi á árinu. Rætt var um áherslur Íslands á formennskuári í norrænu samstarfi. Sömuleiðis voru kynnt tvö verkefni sem hrundið

skyldi í framkvæmd á formennskuárinu, annars vegar verkefnið „Nýjar leiðir í atvinnumálum fatlaðra – Allir til virkrar þátttöku“ og hins vegar verkefni sem hefur það meginmarkmið að fá heildarsýn yfir þjónustu og aðstoð við börn og fjölskyldur sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Á fundi stjórnar miðstöðvarinnar í Reykjavík í október var kynnt staða Norrænu miðstöðvarinnar fyrir hjálpartæki (NUH). Jafnframt var fjallað ítarlega um verkefnið „Aðgengi fyrir alla“ (Handlingsplan för universal utforming).

Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD).

Markmiðið með starfsemi miðstöðvarinnar er að vinna að framgangi og þróun norrænnar samvinnu á sviði daufblindu. Miðstöðin á jafnframt að stuðla að því að styrkja faglega þróun starfsfólks á umræddu sviði og þeirra stofnana eða samtaka sem starfsfólkið tengist.

Hlutverk miðstöðvarinnar er að bjóða norræna menntun á sviði daufblindu sem bætir upp menntunartilboð landanna. Í fyrsta lagi að safna og þróa þekkingu á sviði daufblindu og að byggja upp og viðhalda þekkingar- og samstarfsneti bæði á norrænum vettvangi og alþjóðlega; í öðru lagi að miðla þekkingu til dæmis með fréttabréfum, ritum, bókasafnsþjónustu, sérfræðingum frá NUD sem eiga samstarf við sviðið í einstökum löndum og með fjarfundum. Auk þess er unnið að því að skrá norræna þekkingu á sviði daufblindu.

Á árinu voru haldin tvö grunnnámskeið, fimm þemanámskeið, eitt námskeið opið þátttakendum utan Norðurlanda og ein ráðstefna. Sex fyrirlestrar voru sendir út til landanna í fjarkennslu og tvisvar var veitt ráðgjöf til landanna með undanfarandi myndbandsgreiningu. NUD stendur á fjögurra ára fresti fyrir norrænni ráðstefnu um málefni daufblindra en þær eru opnar daufblindum, foreldrum daufblindra barna og öðrum aðstandendum. Ráðstefnan var haldin á Íslandi á þessu ári.

Norræna heilbrigðistölfræðinefndin (NOMESKO).

Meginmarkmið NOMESKO er að vinna að því að samræma og safna tölfræðilega upplýsinga um ýmsa þætti heilbrigðisþjónustunnar, sjúkdóma, dánarorsakir ásamt tengdum þáttum. Þetta starf fer að töluverðu leyti fram með því að samræma skilgreiningar, skráningar og afmarkanir einstakra þátta til þess að tryggja að upplýsingarnar verði sem líkastar og sem best sambærilegar.

NOMESKO kemur aðallega niðurstöðum sínum á framfæri í megin riti sínu „Health Statistics in the Nordic Countries“ en einnig í sérútgáfum og öðrum upplýsingum sem birtar eru á heimasíðu nefndarinnar, www.nomos.dk.

Helstu verkefni sem unnið hefur verið að á árinu hafa verið athugun á mannafla og fjármagni í heilbrigðisþjónustu, staðtölur fyrir sjúklinga sem ekki eru lagðir inn, flokkun dánarorsaka, upplýsingar um lyfjanotkun, gæðamat á flokkun aðgerða og fleira.

Undanfarin ár hefur NOMESKO átt mikið samstarf við Eystrasaltsríkin og

m.a. unnið að útgáfumálum og námskeiðshaldi fyrir þau lönd. Áfram er unnið á því sviði.

Norræna stofnunin um sjúkdómaflokkunar (Nordiskt Center för klassifikation av sjukdomar) í Uppsölum starfar í nánú samstarfi við NOMESKO og eru stjórnafundir oft haldnir sameiginlega. Samræming flokkunarferfa hefur í auknum mæli verið unnin af stofnuninni, sem er rekin sameiginlega af heilbrigðisráðuneytum Norðurlanda. Hún er viðurkennd af WHO sem samstarfsstofnun og á hennar vegum var haldin vikulöng ráðstefna um flokkunarmál í Reykjavík s.l. haust með þátttakendum frá meira en tuttugu löndum.

Norræna hagskýrslunefndin á sviði félagsmála (NOSOSKO).

Meginverkefni NOSOSKO er að vinna að samanburðarhæfri skýrslugerð um velferðarmál á Norðurlöndum og gefa árlega út skýrslu um það efni. Nefndinni ber einnig að fylgjast með alþjóðlegu samstarfi í hagskýrslugerð og vinna að því að samræma upplýsingar frá þáttökulöndunum. Öll norrænu löndin fimm eiga aðild að samvinnu Evrópulanda á sviði hagskýrslugerðar, Eurostat, vegna aðildar sinnar að ESB eða EES. Eurostat vinnur að bættri hagskýrslugerð á sviði heilbrigðis- og félagsmála og sundurliðun útgjalda eftir svonefndri ESSPROS-flokkun.

Í ársskýrslu nefndarinnar var sérstaklega fjallað um öldrunarþjónustu á Norðurlöndum. Meðal annarra umræðuefna á fundum nefndarinnar var samstarfið við EUROSTAT, framhald samstarfsins við Eystrasaltsríkin, tekjuskipting á Norðurlöndum, flokkun og samanburð heilbrigðisútgjalda og verkefni um tölulegar upplýsingar um sjálfbæra þróun. Færeyingar urðu fullgildir aðila að NOSOSKO á árinu.

Norræna samstarfsmiðstöðin um þróun félagslegrar þjónustu (NOPUS).

NOPUS er norræn miðstöð fyrir hugmynda- og reynslumiðlun á sviði félagslegrar þjónustu á Norðurlöndum. Markhópurinn er starfsfólk sem hefur eða gæti haft með höndum forystuhlutverk í norrænu starfsumhverfi. Starfsemi NOPUS byggir á því að styrkja samstarf Norðurlanda með því að taka þátt í og standa að norrænum ráðstefnum og þróunarstarfi af ýmsu tagi og miðla viðeigandi upplýsingum á hinu félagslega sviði. Stjórn NOPUS hélt fjóra fundi á árinu.

Á fundi stjórnar í febrúar s.l. var m.a. fjallað um þá úttekt sem framkvæmd hafði verið á starfseminni. Í maí var sérstaklega fjallað um megináherslur í starfi NOPUS fyrir tímabilið 2005–2007.

Norræni vinnuhópurinn um almannatryggingar.

Norræni vinnuhópurinn um almannatryggingar hefur að markmiði að fylgjast með framkvæmd landanna á Norðurlandasamningnum um almannatryggingar. Vinnuhópurinn á að ræða almenna framkvæmd samningsins og einstök mál tengd honum og jafnframt að vera ráðgefandi um almannatryggingar. Skal vinnuhópurinn meta hvort þörf er á að endurskoða ákvæði samningsins vegna breytinga á löggjöf eða reglum í ríkjunum. Þá skal vinnuhópurinn einnig ræða önnur almannatryggingamál sem koma upp.

Vinnuhópurinn um almannatryggingar hélt einn fund á árinu, í Reykjavík í maí s.l. Á fundinum var fjallað um bætur til foreldra, sameiginlegt örorkumat, nýja Norðurlandasamninginn um almannatryggingar og drög að framkvæmdasamningi með honum, samvinnu við vinnuhóp um Norðurlandasamning um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu, norræna tungumálasamninginn, upplýsingar til starfsmanna almannatryggingastofnana, notkun á nýju evrópsku sjúkratryggingakorti á Norðurlöndum, aðlögunartíma norrænu landanna vegna frjálsrar farar ríkisborgara frá nýjum aðildarríkjum ESB, nýja ESB-reglugerð um jöfnun réttinda, nýja ESB-reglugerð um almannatryggingar og nýja ESB-tilskipun um frjáls þjónustuviðskipti.

Grannsvæðanefndin á svið heilbrigðis- og félagsmála (EK-S NÆR).

Nefndin hefur unnið að verkefnum á sviði heilbrigðis- og félagsmála í Eyrstrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi. Hún hefur m.a. úthlutað fjárframlögum til verkefna á sviði heilbrigðis- og félagsmála og unnið að framgangi aðgerðaráætlunar til að bæta stöðu barna og unglinga í umræddum löndum.

Nú er rætt um að leggja þessa nefnd niður en stofnað hefur verið til víðtækara samstarfs á þessu sviði meðal yfir tuttugu ríkja og alþjóðasamtaka innan ramma Norðlægu víddarinnar á sviði heilbrigðis- og félagsmála (Northern Dimension Partnership in Public Health and Social Well-being). Enn fremur hafa forsendur samstarfsins breyst verulega með aðild Eyrstrasaltsríkjanna að ESB.

Norðurlandasamningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna.

Samningurinn fjallar um gagnkvæmar viðurkenningar prófskírteina hjá starfsstéttum í heilbrigðis- og dýralæknaþjónustu og á að tryggja aðgang norrænna ríkisborgara að norrænum vinnumarkaði á þessum sviðum. Hann nær nú til 22 faghópa en Ísland er einungis aðili varðandi 19 hópa. Eftirlitsnefnd fylgist ekki aðeins með framkvæmd samningsins heldur tekur einnig saman upplýsingar um flutning heilbrigðisstarfsmanna milli norrænu landanna, svo og um fjölda innritaðra og útskrifaðra nemenda á þeim sviðum er undir samninginn heyrar. Nefndin fylgist auk þess með því að tilkynningarskylda sé fylgt vegna sviptingu eða takmarkana á starfsleyfum á Norðurlöndum.

Haldnir voru tveir fundir á árinu. Helstu mál voru: (1) Viðbrögð norrænu landanna vegna stækkunar ESB, vandamál tengd viðurkenningu starfsréttinda frá nýju aðildarríkjunum og mismunandi viðbrögð norrænu landanna. (2) Aukin upplýsingaskylda milli landa vegna starfsleyfa. (3) Staða nýrra tilskipana sem eru í undirbúningi s.s. þjónustutilskipunin (com2004/001(cod)) og afstaða norrænu landanna til þeirra. (4) Hlutverk eftirlitsnefndarinnar vegna sviptingu leyfa heilbrigðisstarfsmanna og gagnkvæm tilkynningaskylda milli landanna. Rætt var um hvort breytingar séu nauðsynlegar á 18. gr. samningsins í því sambandi.

16. Jafnréttismál

Samstarfið á árinu fylgdi samstarfsáætluninni fyrir árin 2001 – 2005 en þar eru markmið sett fram í þremur liðum:

- Kynja- og jafnréttissjónarmið í norrænum efnahagsmálum.
- Karlar og jafnrétti.
- Vernd gegn ofbeldi.

Önnur svið sem áhersla er lögð á er að tryggja jafnrétti kynjanna á sviði efnahags- og stjórnmála, að jafna rétt þeirra í atvinnulífinu, að fjalla um æskuna og jafnrétti kynjanna og halda til haga sjónarmiðum jafnréttis kynjanna við stefnumótun í innflytjendamálum. Unnið er að fjölmörgum verkefnum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um jafnréttismál (MR-JÁM) í samræmi við áætlunina. Í formennskuáætlun Íslands var m.a. lögð áhersla á að vinna að verkefnum er lúta að rannsóknum og aðgerðum til að draga úr kynbundnum launamun og að samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Undirbúningur að nýrri samstarfsáætlun fyrir tímabilið 2006–2010 hófst á árinu.

Rannsóknarverkefni.

Ísland hafði frumkvæðið að verkefninu „Mælistikur á launajafnrétti“ og var það annað af tveimur megináhersluatriðum í formennskuáætlun Íslands í jafnréttismálum á árinu. Norræna ráðherranefndin veitti 700 þús. d.kr. í rannsóknarverkefnið. Rannsóknin er samstarfsverkefni á vegum vinnuáráðherra (MR-A) og jafnréttisráðherra Norðurlanda.

Meginmarkmið verkefnisins er að gera norrænar tölfræðiupplýsingar skýrari þannig að þær gefi betri mynd af orsökum kynbundins launamunar og verði samanburðarhæfar milli landa. Gerð verður greining á tölfræðiupplýsingum um laun karla og kvenna á Norðurlöndum og settar fram tillögur að úrbótum m.a. til að samræma skilgreiningar og mælikvarða á kynbundinn launamun. Tillögurnar verða unnar í samstarfi við norræna sérfræðinga og með hliðsjón af starfi sérfræðingahópa ESB á þessu sviði. Jafnframt verða tekin saman gögn um skilvirkustu aðferðirnar (best practices) til að draga úr kynbundnum launamun.

Annað mikilvægt verkefni var unnið á árinu að tilhlutan Íslands en það er verkefnið „Norræn reynsla af foreldraorlofi og áhrifum þess á jafnrétti karla og kvenna“.

Þáttur í norrænni samvinnu til að ná jafnrétti milli karla og kvenna er að bæta möguleika kynjanna til að sameina fjölskyldulíf og virka þátttöku á vinnu- markaði. Margar athuganir á Norðurlöndum hafa sýnt að því fer fjarri að staðan sé viðunandi hvort heldur litið er til jafnréttis karla og kvenna eða möguleikanna til að sameina þátttöku á vinnu- markaði og fjölskyldulíf. Markmið þessa verkefnis er að leita svara við því hvernig löggjöf á Norðurlöndum um fæðingar- og foreldraorlof hefur þróast og hvaða áhrif hún hefur haft á þessum sviðum. Vonir eru bundnar við að verkefnið skili aukinni þekkingu á því samspili löggjafar og menningar sem ýmist viðheldur eða breytir stöðu kynjanna á vinnu- markaði og í fjölskyldulífi. Gert er ráð fyrir að því ljúki í byrjun ársins 2005.

Á árinu var stofnað til verkefnis um samþættingu kynja- og jafnréttis-sjónarmiða við fjárlagagerð á Norðurlöndum. Markmiðið með verkefninu er að gera áætlanir og kynna aðferðir sem nota má til að tryggja að jafnréttis-sjónarmið verði höfð að leiðarljósi við fjárlagagerð á Norðurlöndum, en slík sjónarmið eru talin mikilvægt tæki sem stuðlar að þróun í átt til aukins jafnréttis. Verkefninu er stýrt frá Svíþjóð og lýkur árið 2006.

Ráðstefnur og fundir.

Í lok aprílmánaðar hélt norræna embættismannanefndin um jafnréttismál (ÄK-Jäm) ráðstefnu í Nuuk á Grænlandi. Þar var m.a. fjallað um ofbeldi gegn konum og baráttu gegn heimilisofbeldi.

Í maí s.l. stóðu Norræna ráðherranefndin, félagsmálaráðuneytið og Jafnréttisstofa fyrir málþingi á Hótel KEA á Akureyri undir heitinu „Kynja- og jafnréttissjónarmið í norrænu samstarfi“. Fundarstjóri var Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri Norræna fjárfestingarbankans, en á ráðstefnunni var m.a. rætt um hvernig tryggja megi samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar. Meðal málflytjenda voru Árni Magnússon félagsmálaráðherra, Siv Friðleifsdóttir samstarfsráðherra Norðurlanda, aðstoðarframkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar og yfirlögfræðingur Norræna fjárfestingarbankans.

Í júní var haldin ráðstefna í Reykjavík undir yfirskriftinni „Kvennahreyfingar – innblástur, íhlutun, irringar“. Þar var rætt um gamlar og nýjar kvennahreyfingar og sjónum beint að þeim innblæstri og áhrifum sem kvennahreyfingar hafa haft á stjórnsmál, samfélag og menningu. Ráðstefnuna sóttu m.a. fræðimenn, stjórnsmálamenn, blaðamenn, stúdentar, jafnréttisráðgjafar og fulltrúar félagasamtaka og komu þeir víða að. Ráðstefnan var haldin á vegum Norrænu rannsóknastofnunarinnar í kvenna- og kynjafræðum (NIKK) en framkvæmdaraðilar á Íslandi voru Kvennasögusafn Íslands og Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands.

Í ágúst mánuði var haldin ráðstefna í Ábo í tilefni þess að tíu ár voru liðin frá því að kvennaráðstefnan Nordic Forum var haldin þar í borg. Þar komu saman þátttakendur frá Norðurlöndum, Eystrasaltsríkjunum, Rússlandi og Póllandi og ræddu stöðu jafnréttismála í löndunum og hverju löndin geta miðlað hvert öðru á jafnréttisviðinu. Um þrjátíu Íslendingar tóku þátt í þessari ráðstefnu.

Á fundi jafnréttisráðherranna í september var rætt um jafnlaunamál og fæðingarorlof. Ákváðu ráðherrarnir að vinna að nýrri samstarfsáætlun sem taka skal gildi frá og með árinu 2006 og jafnframt var samþykkt tillaga um að annað hvert ár skuli lögð fram skýrsla um samþættingu kynja- og jafnréttis-sjónarmiða í norrænu samstarfi. Skýrslan var kynnt af Árna Magnússyni félagsmálaráðherra og norska jafnréttisráðherra á Norðurlandaráðsþinginu í Stokkhólmi í nóvember s.l. Í september var jafnframt haldinn sameiginlegur fundur jafnréttisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna en þeir samþykktu á fundi sínum nýja samstarfsáætlun fyrir árin 2004–2006.

Í tilefni 30 ára samstarfs norrænu landanna að jafnréttismálum skipulagði félagsmálaráðuneytið hátíðarfund sem haldinn var í Borgarleikhúsinu í

september s.l. undir yfirskriftinni „Norrænt jafnréttissamstarf í 30 ár – hvar stöndum við, hvert stefnum við?“. Hátíðarfundurinn var öllum opinn en norrænir ráðherrar og ráðherrar frá Eystrasaltsríkjum tóku þátt, ásamt m.a. frú Vigdísí Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands, og Törju Halonen Finnlandsforseta. Einnig fóru fram pallborðsumræður með þátttakendum alls staðar að á Norðurlöndum þar sem rædd var staða jafnréttismála á Norðurlöndum í fortíð og nútíð og sjónum jafnframt beint til framtíðar.

Nokkrir viðburðir á árinu tengdust jafnréttismálum þar sem sjónum var sérstaklega beint að körlum. Á Álandseyjum var í október haldin ráðstefnan „Ofbeldi karla gegn konum og börnum – hver ber ábyrgðina?“. Um miðjan nóvember var haldin ráðstefna í Reykjavík undir yfirskriftinni „Konur og karlar á norrænum vinnumarkaði“. Þema ráðstefnunnar var kynjaskipting vinnumarkaðarins og sérstaklega var sjónum beint að karlmönnum í kvennastörfum. Í lok nóvember var haldin ráðstefna í Stokkhólmi sem bar yfirskriftina „Sá góði, sá vondi, sá eðlilegi – norræn karlaráðstefna 2004“. Markmið þeirrar ráðstefnu var að skoða stöðu karlarannsókna á Norðurlöndum, möguleika þeirra og takmarkanir.

Í nóvember s.l. skipulagði Jafnréttisstofa fjölþjóðlegu ráðstefnuna „Kyn-gervi, umhverfi og samfélagsþróun á norðurslóðum“. Þar var rætt hversu íbúar á norðurslóðum eru háðir náttúruauðlindum, en S.þ. hafa lagt áherslu á að sjálfbær þróun náist ekki án jafnréttis kynjanna. Meðal þess sem kom skýrt fram á ráðstefnunni er hversu mikilvægt það er að hafa jafnrétti að leiðarljósi þegar teknar eru ákvarðanir fyrir samfélögin í norðri. Flótti kvenna úr minni sjávarplássum og landbúnaðarsamfélögum er alvarlegt vandamál sem taka þarf á. Því er mikilvægt að greina samspil kyngervis og samfélagsþróunar til að geta stuðlað að farsæld í norðlægum byggðum. Markmið ráðstefnunnar var að skapa umræður, stuðla að samstarfi og hvetja til þess að hugmyndir, reynsla og niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið í mismunandi löndum og landsvæðum séu hafðar til hliðsjónar þegar teknar eru pólitískar ákvarðanir. Ráðstefnan var haldin í Háskólanum á Akureyri.

Heimasíða.

Á formennskuárinu hefur umsjón með heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar um jafnréttismál verið á vegum félagsmálaráðuneytisins. Á síðunni birtast m.a. fregnir af því sem efst er á baugi hvað jafnrétti á Norðurlöndum varðar, þar birtast tilkynningar um ráðstefnur og málþing, tölfræðilegar upplýsingar og nýútkomið efni sem tengist jafnréttismálum. Slóð síðunnar er <http://gender.norden.org>.

17. Vímuefnamál

Þrjú fundir voru haldnir í embættismannanefndinni um vímuefnamál (EK-Narko) á árinu, þ.e. í Riga í mars, á Ísafirði í ágúst og í Kaupmannhöfn í nóvember.

Fundurinn í Lettlandi var haldinn til að styrkja sambandið við Eystrasaltsríkin á sviði vímuefnamála. Sýnilegt er, að aukið samstarf er vænlegt, ef allir aðilar taka af einurð höndum saman. Íbuar Eystrasaltsríkjanna geta lagt hönd á plóginn, m.a. til að draga úr flæði vímuefna til Norðurlanda. Norðurlönd geta hins vegar styrkt Eystrasaltsríkin á sviði forvarna og í meðferðarmálum, svo þýðingarmikil dæmi séu tekin.

Öll löndin gáfu stutt yfirlit um gang mála í sínum heimahögum, upplýsingar frá norrænu nefndinni um áfengis- og fíkniefnarannsóknir (NAD) voru gefnar og lyfjakortin, sem ferðamenn þurfa að hafa meðferðis eftir að Schengen-samstarfið varð að veruleika, voru rædd. Skýrsla um afstöðu landanna var afhent en hún mun gagnast Poul Schlüter fyrrverandi forsætisráðherra Dana, sem falið hefur verið að samræma störf fagráðherranefndanna um afnám landamærahindrana.

Fjármál ársins voru kynnt og rætt um umsóknir um styrki. Ákveðið var að styrkumsóknir yrðu afgreiddar endanlega á símafundum en sá vinnuháttur hefur reynst vel. Loks var ákveðið, að næsti fundur yrði ráðherrafundur sem haldinn yrði á Ísafirði í ágúst.

Í ráðherrafundinum tók því miður aðeins þátt einn ráðherra, Jón Kristjánsson heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem jafnframt var gestgjafi, en auk hans Per Unckel, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar. Aðalinntak fundarinnar var, að vísindamenn frá Norðurlöndum og Bandaríkjunum héldu fyrirlestra um meðferð ungra vímuefnaneytenda og forvarnir. Síðan var staða svokallaðs Eyjaverkefnis kynnt, en það lýtur að upplýsingaöflun um stöðu ánetjaðra ungmenna á Norðurlöndum og hvaða varnir og umhyggja er í boði fyrir ungt fólk í eyjasamfélögum norrænu landanna (Álandi, Færeyjum, Grænlandi og Íslandi). Að öðru leyti fóru fram hefðbundin fundarstörf, t.d. var gerð grein fyrir starfinu í löndunum og í ýmsum stofnunum og nefndum á sviði vímuefnamála.

A síðasta fundi ársins í nóvember voru nýjar áherslur í Norðurlandasamstarfinu lauslega kynntar og Danir, sem fara með formennsku á næsta ári hafa þegar sett stefnuna að nokkru í takt við hinar nýju áherslur. Sýnilegt er að velferðarmálin yfirleitt fá brátt nýja nálgun og verður því forvitnilegt að vita, hvaða nýjungar verða kynntar með nýju ári og á næsta fundi EK-Narko, sem haldinn verður í Færeyjum í maí n.k.

Sé litið yfir árið í heild virðist starfsemi innan ESB vera farin að hafa æ meiri áhrif á alla hugsun varðandi Norðurlandasamstarfið. Af norrænu fjárlögnum til vímuefnamála er veitt fjármagn í starfsemi sem fram fer með þátttöku fjölda Evrópuríkja (t.d. Pompidou-nefndarinnar) og nýtist misvel þeim löndum sem standa utan ESB. Ástæða er þó til að styrkja rannsóknarstöðina í Lissabon, því nái starfsemin þar tilætluðum árangri má ætla, að hún verði ríkulegur upplýsingabrunnur og þar með leiðbeinandi fyrir starfseminu í þessum málaflokki á komandi árum.

18. Iðnaður og atvinnumál

Meginmarkmið ráðherranefndarinnar um iðnaðar- og atvinnumál (MR-N) er bætt samkeppnisstaða norrænu þjóðanna. Að þessu markmiði er unnið eftir þremur aðalleiðum. Í fyrsta lagi með því að efla samstarf fyrirtækja, háskóla og opinberra rannsóknarstofnana um verkefni á sviði tækniþróunar og nýsköpunar. Í öðru lagi með því að samræma starfsskilyrði atvinnulífsins á Norðurlöndum. Í þriðja lagi með því að hrinda í framkvæmd samstarfsverkefnum sem eru til þess fallin að efla norræna hagsmuni.

Veigamesta verkefnið á formennskuári Íslands var úttekt á stöðu tækniþróunar og nýsköpunar, sem tengist beint stefnumótun um nánara samstarf á milli nýsköpunar annars vegar og framkvæmdar rannsókna- og vísindastefnu hins vegar. Að baki þessu liggur hvítbók Gustavs Björkstrands: „NORIA – Vitbok om nordisk forskning og innovation“, sem unnin var fyrir norrænu menntamálaráðherrana. NORIA stendur fyrir „Nordic Research and Innovation Area“ og lýsir því að stefnur í vísindum og nýsköpun þurfa að taka mið hvor af annarri.

Atvinnumálaráðherrarnir ákváðu að láta meta hver ávinningur gæti verið af því að samhæfa stefnumótun á þessum tveimur sviðum og er nýsköpunarbókin afrakstur þess. Þetta veigamikla stefnumótunarskjal var samþykkt af ráðherrunum sem samstarfsáætlun á sviði nýsköpunar og fékk þar með mótandi stöðu í samstarfinu á komandi árum. Nýsköpunarbókin „Innovationsboken – nordiskt innovationspolitiskt samarbetsprogram 2005 – 2010“ bendir á að þrátt fyrir að nýsköpunarumhverfið á Norðurlöndum sé smátt í sniðum þá hafi þar orðið til sérhæfð hátækni starfsemi sem sé á heimsmælikvarða. Möguleikar séu á að bæta samkeppnisstöðu landanna enn frekar með því að efla samstarf, miðlun og samnýtingu þekkingar, rannsókna og nýsköpunar. Þannig geti t.d. orðið til netsamstarf á milli vísindamanna og rannsóknastofnana sem myndi einn þekkingarmarkað.

Til þess að svo geti orðið þarf kerfisbundið að efla samstarfið og komast yfir ýmsar hindranir sem nú eru í vegi þess. Meðal annars þurfa styrkveitingar við rannsóknir og þróun að geta flætt óhindrað á milli landanna. Þetta þýðir m.a. að ef rannsóknir í einu landi hafa þýðingu fyrir samkeppnisstöðu annars lands þá verði opnað fyrir fjárhagslegan stuðning frá því síðara.

Í samstarfsáætluninni er starfið skilgreint á þremur stigum. Í fyrsta lagi er um að ræða samstarf um pólitíska stefnumótun þar sem stefnumótun í vísindum, tækniþróun og nýsköpun er samræmd á milli landanna. Í öðru lagi er samstarf á milli þeirra sem gegna lykilhlutverki í framkvæmd vísinda og nýsköpunarstefnu, eins og t.d. rannsóknarráðin gera. Þessir aðilar eiga að tryggja að framkvæmd hinnar norrænu stefnu sé hrint í framkvæmd, þ.m.t. að hindranir verði afnumdar. Í þriðja lagi er samstarf um val á forgangsverkefnum, sem líkja má við markáætlanir á tilteknum fræðasviðum þar sem líklegt er að Norðurlönd gætu náð sérstökum árangri með samstilltu rannsóknar- og nýsköpunarsamstarfi.

Til þess að þær áætlanir sem samstarfsáætlunin skilgreinir nái árangri þarf

að móta norræna stofnanakerfið til samræmis. Norræna nýsköpunarmiðstöðin („Nordic Innovation Center“ – NICE) tók til starfa í byrjun ársins 2004. NICE varð til við samruna Norræna iðnaðarsjóðsins (NI) og Norrænu prófunarstofunnar (Nordtest). NICE mun gegna lykilhlutverki við framkvæmd þessarar stefnu. Á sama hátt hefur orðið til ný stofnun, „NordForsk“, er tengist vísindarannsóknnum og má líta á sem samstarfsaðila NICE við framkvæmd hinnar heildstæðu stefnu um vísindi, tækniþróun og nýsköpun. NordForsk kemur í stað tveggja norrænna stofnana, Norræna vísindastefnuráðsins (FPR) og Norrænu stofnunarinnar um vísindamenntun (NorFA).

Annað veigamesta verkefnið á árinu tengist afnámi hindrana við norrænu landamærin. Í anda þeirrar vinnu sem hófst með skýrslu Ole Norrback „Réttindi Norðurlandabúa“ ákváðu iðnaðarráðherrarnir að gera úttekt á þeim hindrunum sem atvinnulífið stæði frammi fyrir. Norræna nýsköpunarmiðstöðin tók að sér verkið og kom skýrslan „Grensehindringer for næringslivet i Norden“ út í maí s.l. Hindranir á landamærum hafa oft komið til umræðu á vettvangi iðnaðarráðherranna og liggja fyrir yfir tuttugu greinargerðir um efnið frá síðustu árum. Um er að ræða umtalsvert vandamál fyrir atvinnulífið sem kemur vel fram í skoðanakönnun sem birt er í skýrslunni „Konkurrensekraft i Norden“ en þar segjast 77% aðspurðra fyrirtækja hafa fundið fyrir hindrunum í viðskiptum á milli landanna.

Í flestum tilfellum var um að ræða mismunandi stjórnsýslureglur, sem auðvelt ætti að vera að samræma. Veigamestu atriðin tengjast tollum og skattlagningu fyrirtækja. Þessi atriði eru aftur á móti ekki á forræði iðnaðarráðherranna.

Á fundi ráðherranna á Akureyri í september s.l. var ákveðið að leggja áherslu á eftirfarandi þrjú verkefni:

- 1) Að miðla upplýsingum um reglur viðskiptalífsins. Settur verður upp miðlægur gagnagrunnur sem rekinn verður af upplýsingaþjónustunni „Halló Norðurlönd“. Upplýsingarnar verða fyrst og fremst sniðnar að þörfum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þar verða m.a. upplýsingar um hvernig eigi að stofna fyrirtæki í löndunum.
- 2) Að koma á formlegu norrænu samstarfi um framtaksfjármögnun. Mikilvægt er að framtaksfjárfestar (sbr. t.d. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins) geti starfað yfir landamærin og tekið þátt í fjárfestingum í öðrum norrænum löndum, t.d. í samstarfi við aðra svipaða sjóði. Auk samstarfsins þarf að huga að samræmingu á lagalegu umhverfi fjárfestingasjóðanna, t.d. að afnema reglur um tvísköttun og sköttun við flutning félaga á milli landa.
- 3) Að samræma reglur um byggingarstarfsemi. Um er að ræða samræmingu á CE-merkingum og reglum um viðskipti með byggingarvörur, samræmingu á hverskonar stjórnsýsluákvörðunum og gagnkvæma viðurkenningu á menntun og fagbréfum. Lögð verður áhersla á réttindi til að stjórna vinnuvélum og sinna sértækum störfum í byggingariðnaði. Þrátt fyrir svipaða menntun og þjálfun gilda fagbréf aðeins að takmörkuðu leyti á milli landanna.

Meðal þeirra samstarfsverkefna sem unnið var að á árinu og snerta styrkingu á samkeppnisstöðu norræns atvinnulífs má nefna samstarf um einkaleyfismál, samstarf um ferðamál og sjálfbæra þróun atvinnulífsins.

Einkaleyfi eru til þess fallin að tryggja tímabundna vernd á uppfinningum í þeim tilgangi að nýta niðurstöður þróunarstarfs í viðskiptalegum tilgangi. Starfsemin er aftur á móti bæði tímafrek og kostnaðarsöm auk þess sem hún krefst sérþekkingar á fjölmörgum sviðum sem hverjum og einum er erfitt að viðhalda. Því hefur verið samstarf og verkaskipting milli norrænu landanna sem hefur gefist vel. Á grundvelli þessa samstarfs var talin ástæða til að kanna hvort aukið hagræði væri af því að styrkja þetta samstarf enn frekar og gera það formfastara með því að stofna norræna einkaleyfastofu (Nordic Patent Institute).

Ítarleg skýrsla um þetta, „Feasibility study on the establishment of a joint Nordic PCT Authority“, var gefin út í júlí s.l. Niðurstaða skýrslunnar er að nánara samstarf á milli norrænu einkaleyfastofanna myndi auka skilvirkni í meðferð á einkaleyfisumsóknum og viðhalda einkaleyfastarfsemi á Norðurlöndum í hæsta gæðaflokki. Á grundvelli þessa mun Ísland, Danmörk, Noregur og Svíþjóð vinna áfram að stofnun norrænnar einkaleyfastofu.

Frá árinu 2000 hefur verið starfandi tímabundinn vinnuhópur um ferðaþjónustu (Næringssektorens ad hoc arbeidsgruppe for turisme), en í öðrum norrænum löndum falla ferðamál undir starfssvið atvinnumálaráðuneytanna. Athyglinni hefur einkum verið beint að sjálfbærri ferðaþjónustu og ferðamálum á noðurslóðum. Á vegum vinnuhópsins var gerð skýrslan „Towards a Sustainable Arctic Tourism“ sem er lokaskýrsla vinnuhópsins. Skýrslan endurspeglar mikilvægi sjálfbærrar ferðaþjónustu í viðkvæmu umhverfi norðursins og mikilvægi ferðaþjónustunnar fyrir efnahagsþróun svæðisins. Starfshópurinn lauk störfum sínum í lok ársins og eru vonir bundnar við að ferðamálayfirvöld í löndunum haldi starfinu áfram og hrindi tillögum hópsins í framkvæmd.

Frá árinu 1998 hefur verið samstarf við embættismannanefndirnar um neytendamál og umhverfismál. Markmið samstarfsins var að vinna að framleiðslutengdri umhverfisstefnu. Í upphafi gekk samstarfið undir nafninu POMS (produktorientet miljøstrategi), en frá ársbyrjun 2002 hefur það gengið undir nafninu NMRRIPP (Nordisk Ministerråds integrerede produkt policy). Á árinu kom út skýrslan „Nordisk Produktorienterat Miljøstrategi – ett gemensamt bilag till arbetet för en hållbar utveckling“. Við lok starfstímans í lok ársins áleit embættismannanefndin um atvinnumál (EK-N) að ekki væri ástæða til að halda þessu starfi áfram enda hefði það ekki náð tilætluðum árangri.

Norræna nýsköpunarmiðstöðin.

Norræna nýsköpunarmiðstöðin „Nordic Innovation Center“ (NICE) varð til 1. janúar 2004 við sameiningu Norræna iðnaðarsjóðsins (Nordisk Industriefond) og Norrænu prófunarstofunnar (Nordtest). Þessar tvær stofnanir hafa í um 30 ár gegnt veigamiklu hlutverki fyrir rannsóknir og þróun í þágu norræns atvinnulífs og m.a. stutt mörg íslensk fyrirtæki og stofnanir fyrstu sporin í þátttöku í alþjóðlegum verkefnum.

Hlutverk Norræna iðnaðarsjóðsins var að koma á og styrkja samstarfsverkefni á sviði tækniþróunar og nýsköpunar. Markmiðið hefur ætíð verið að bæta samkeppnisstöðu landanna. Hlutverk Nordtest var að ákvarða prófunaraðferðir sem tengst hafa sérstökum hagsmunum norræns iðnaðar í þeim tilvikum þar sem samræmdar prófunaraðferðir hafa ekki verið til. Þessar aðferðir hafa oft þróast í að verða samevrópskar prófunaraðferðir.

Breytingar sem orðið hafa í atvinnuháttum og í stuðningskerfi þeirra á Norðurlöndum hin síðari ár gerði uppstokkun á þessum stofnunum nauðsynlega. Atvinnulífið hefur mótast af nýjum fræðasviðum sem ganga þvert á hefðbundna skilgreiningu atvinnugreina. Jafnframt er framboð á styrkjum til vísindarannsókna og nýsköpunar ekki lengur bundið við rannsóknarsjóði landanna því nú er einnig fánlegt rannsóknarfé frá alþjóðlegum sjóðum eins og rammaáætlunum ESB. Þá hafa norræn fyrirtæki í auknum mæli skilgreint Norðurlönd sem sameiginlegan þekkingarmarkað, en í því felst að þau sækja þekkingu og reynslu til norrænna nágrannalanda sinna miklu meira en áður var. Þetta kallar á nýja þörf fyrir aukna samhæfingu og samstarf á framsæknum vísinda- og nýsköpunarsviðum.

Norræna nýsköpunarmiðstöðin var sett á fót til þess að mæta þessari þörf. Markmiðið með starfsemiinni er að stuðla að því að til verði sameiginlegur þekkingarmarkaður á Norðurlöndum þar sem hindranir sem nú eru í vegi fulls og óhefts samstarfs á sviði vísindarannsókna og nýsköpunar verða fjarlægðar („et grenseløst nordisk innovationssystem“). NICE mun hafa frumkvæði að rekstri verkefna til að þetta náist. Þar verður því ekki beðið eftir umsóknum heldur verða starfræktir vinnuhópar sérfræðinga sem leita sóknarfæra fyrir sameiginlegar áherslur og verkefni. Á árinu voru eftirfarandi sérfræðihópar starfandi:

- Nefnd um nýsköpunarmál (forum for forskningspolitikk) hefur það hlutverk að vaka yfir nýjungum á sviði nýsköpunar og skilgreina nýjar áherslur í starfsemi NICE.
- Öryggi matvara. NICE rekur ERA-NET verkefni innan vébanda ESB um öryggi matvara. Þetta er langstærsta nýsköpunarverkefnið sem unnið hefur verið á vettvangi norræns samstarfs. Að baki þessu verkefni liggur margra ára norrænt samstarf um matvælarannsóknir sem m.a. Norræni iðnaðarsjóðurinn hefur stutt.
- Skapandi atvinnustarfsemi (kreative industrier) er nýtt áherslusvið og tekur mið af því að nýsköpun atvinnulífsins á rætur í fleiru en vísindalegri þekkingu. Sérfræðihópur um skapandi atvinnustarfsemi á að meta hvort og með hvaða hætti NICE gæti stutt við þróun þessa mikilvæga málaflökks með auknu norrænu samstarfi.
- Örtækni (nanotækni) er ný og vaxandi fræðigrein sem í auknum mæli er að bera ávöxt í atvinnulífinu. Tilgangur sérfræðihópsins er að meta hvernig unnt er að koma af stað norrænu samstarfi um tækniþróun á þessu sviði. Rannsóknir og þróun í örtækni krefst mikils fjármagns og flókens búnaðar og er samstarf í örtækni sérstaklega mikilvægt fyrir hið smáa íslenska vísindasamfélag.

Norræna nýsköpunarmiðstöðin mun gegna lykilhlutverki í því að hrinda áherslum norrænu ráðherranna í framkvæmd. Þar er til staðar þekking og reynsla sem að mörgu leyti er einstök í hinu norræna kerfi. Starfsmenn og stjórn NICE vann t.d. mjög náð með íslenskum embættismönnum á formennskuárinu. NICE hélt utan um stefnumótunarvinnuna við gerð Nýsköpunararbókarinnar (Innovationsboken) sem var eitt veigamesta verkefnið undir formennsku Íslands. Það verk var svo tekið upp sem samstarfsáætlun ráðherranna um nýsköpun („Nordiskt innovationspolitiskt samarbetsprogram 2005 – 2010“).

Sérfræðingar á vegum NICE unnu einnig skýrslu fyrir embættismannanefndina, um hindranir í starfsemi fyrirtækja við norrænu landamærin, „Grensehindringer for næringslivet i Norden“, en hún kom út í maí s.l. Vegna sérstakrar áherslu á samstarf norrænna framtaksfjárfesta lét NICE vinna skýrslu um áhættufjármarkaðinn á Norðurlöndum, „Riskkapitalmarknadens utmatningar i Norden – forstudie utført av Nordic Investment Solutions på uppdrag av Nordisk Innovations Center“, sem út kom í nóvember s.l.

Þá annaðist NICE alfarið undirbúning og skipulag ráðstefnu formennskulandsins um mótun framtíðarsýnar um norrænt samstarf á sviði vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar. Ráðstefnan „The Nordic Region as a front-runner in Research and Innovation“ var haldin í Reykjavík í júní s.l.

19. Efnahags- og fjármál

Ráðherrafundir.

Fjármálaráðherrar Norðurlanda (MR-Finans) héldu tvo fundi á árinu. Sá fyrri var haldinn í Keflavík í maí s.l. og ræddu ráðherrarnir um stöðu og horfur í efnahagsmálum á Norðurlöndum á grundvelli skýrslu sem formennskulandið hafði gert. Meðal þeirra atriða sem ráðherrarnir gerðu að umtalsefni voru viðbrögð landanna við inngöngu tíu nýrra aðildarríkja að ESB, einkum á sviði vinnumarkaðar. Þá ræddu ráðherrarnir um ESB/EES málefni og þá sérstaklega um skattlagningu á áfengi. Í ályktun þeirra sem var ítarlegri en fyrri ályktanir um sama efni kom fram að til viðbótar sameiginlegri skoðun ráðherranna að létt vín eigi ekki að seljast án skatts; að lágmarksskattur á áfengi eigi að hækka; að hækka skuli skatt á gosblandað áfengi og að lögð er áhersla á að framkvæmdastjórn ESB móti stefnu í áfengismálum, kom nú sameiginleg stefna um að þeir einir skuli njóta tollfrelsis á áfengi sem sjálfir taka það með sér yfir landamæri. Þá ræddu ráðherrarnir um það verkefni að fjarlægja landamærahindranir á skattasviðinu. Ákveðið var að stofna til norrænnar skattanefndar (nordisk virtuel skattekontor) og að gerð yrði norræn vefsíða þar sem væri að finna skattareglur allra norrænu landanna á öllum norrænum tungumálum. Þessi vefsíða verður hýst hjá íslenskum skattyfirvöldum. Haustfundur ráðherranna var haldinn í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi. Þar var, auk hefðbundinna fundarefna, rætt um skattamál fyrirtækja og í því sambandi að á yfirstandandi ári muni starf Poul Schlüters beinast að landamærahindrunum fyrirtækja.

Helstu nefndir, skýrslur o.fl.

Embættismannanefndin um efnahags- og fjármál (EK-Finans) og ýmsir vinnuhópar. Nefndina skipa háttsettir embættismenn í fjármálaráðuneytum landanna, einn frá hverju landi. Verkefni nefndarinnar eru fjölbætt. Megin verkefnið er að undirbúa ráðherrafrundi og vera ráðgefandi í öllum málefnum sem varða starf ráðherranna á norrænum vettvangi. Nefndin hefur þannig yfirumsjón með skýrslugerð og greinargerðarskrifum fyrir ráðherrafrundina. Jafnframt hafa gjarnan starfað vinnuhópar á vegum nefndarinnar til að sinna ákveðnum verkefnum. Á árinu hleypti nefndin af stað rannsóknarverkefni sem er unnið að frumkvæði Íslands. Fjallar það um samspil stefnumótunar í ríkisfjármálum og peningamálum. Fyrirhugað er að gera ráðherranefndinni grein fyrir þessu verkefni á vörfundum ráðherranefndarinnar í ár. Eftirtaldir vinnuhópar hafa verið að störfum á síðasta ári:

- a) *Efnahagsnefndin (Konjunkturgruppen).* Helsta verkefni þessarar nefndar er að fjalla um ástand og horfur í efnahagsmálum, einkum á Norðurlöndum. Auk þess hefur nefndin iðulega fjallað um afmörkuð verkefni á sviði efnahagsmála sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Nefndin hittist tvisvar á ári og hana skipa embættismenn úr fjármálaráðuneytum landanna. Á hverju hausti skilar nefndin skýrslu um efnahagsmál til fjármálaráðherranna sem síðan er gefin út á vegum Norðurlandaráðs. Í ár tókst að ljúka þeirri skýrslu fyrir haustfund ráðherranna en það hefur ekki tekist undanfarin ár.
- b) *Samstarfsnefnd um umhverfis- og efnahagsmál (Miljø- og økonomigruppen).* Sérstakur vinnuhópur starfar á vegum þeirra embættismannanefnda sem fjalla um efnahagsmál (EK-Finans) og umhverfismál (EK-Miljø) (sjá nánar kafla 10).
- c) *Rannsóknarhópur um greiningu hagvaxtar.* Hópur sérfræðinga starfaði á árinu að því að greina uppruna hagvaxtar (growth accounting). Sú vinna er framhald af starfi verkefnahópa á vegum ráðherranefndarinnar sem fjallað hafa um hagvaxtarþróun á Norðurlöndum á undanförunum árum. Í umfjöllun um hinn mikla hagvöxt sem átti sér stað á síðustu árum nýliðinnar aldar kom fram að skortur var á greiningu á uppruna hagvaxtarins, einkum að því er varðar hlut upplýsingatækninnar í honum. Þessum hópi er ætlað að leysa úr þessu. Hann mun skila niðurstöðum á fundi fjármálaráðherranna á yfirstandandi ári.
- d) *Samþætting fjárlagagerðar og jafnréttis.* Árið 2002 var settur á fót norrænn starfshópur á vegum fjármálaráðherra Norðurlandanna sem var falið að gera tillögur um norrænt verkefni um samþættingu fjárlagagerðar og jafnréttis. Í hópnum var einn fulltrúi frá fjármálaráðuneyti hvers lands og einn fulltrúi jafnréttismála í hverju norrænu landanna. Starfshópurinn setti fram þá tillögu að unnið yrði að samþættingu fjárlagagerðar og jafnréttis í hverju landi fyrir sig með tilraunaverkefni, en auk þessa yrði ráðinn verkefnisstjóri sem hefði yfirumsjón með fræðslu og utanumhaldi um verkefni. Með íslenska verkefninu er ætlunin að skoða hvernig fjármunir á sviði almannatryggingakerfisins dreifast á milli kynjanna. Stofnaður hefur verið stýrihópur sem stjórnar verkefninu og samanstendur hann af fulltrú-

um frá fjármálaráðuneytinu, Jafnréttisstofu og Tryggingastofnun ríkisins. Norræna verkefnið stendur til ársloka 2006, en áætlað er að íslenska verkefninu verði lokið nokkru áður. Norræna verkefninu lýkur með skýrslu og gerð handbókar um það hvernig nýta megi reynslu úr þessum tilrauna-verkefnum til þess að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið á öðrum sviðum opinberrar starfsemi.

- e) *Athugun á auknu samstarfi norrænna kauphalla*. Áfram er unnið að samvinnu um innleiðingu ESB-tilskipana á fjármálasviði og að samstarfi sem stuðlar að aukinni hagræðingu á norrænum verðbréfamörkuðum. Á árinu var lögð fram skýrsla, sem Ísland var í fyrirsvári fyrir og byggir á könnun sem gerð var meðal kauphalla á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum í desember 2003 um það lagaumhverfi sem þær búa við, erlenda fjárfestingu, samkeppni og samvinnu við aðrar kauphallir auk almennra upplýsinga (Tema-Nord 2004:534). Í skýrslunni er að finna samantekt á svörum kauphallanna þar sem áherslan er lögð á atriði eins og uppgjör viðskipta, samvinnu, samkeppni á alþjóðamörkuðum og ákveðnar Evróputilskipanir. Í skýrslunni er einnig að finna tölulegar upplýsingar frá kauphöllunum. Þá var lögð fram skýrsla sem unnin var á grundvelli skýrslu s.k. Giovannini-hóps um það hvort norrænu löndin hafi tekið upp alþjóðaviðmiðanir um uppgjör viðskipta.
- f) *Nefnd norrænna skattahagfræðinga*. Verkefni þessarar nefndar er að fjalla um skattamál á Norðurlöndum, sérstaklega þau sem eru ofarlega á baugi hverju sinni. Nefndin hittist í Noregi í maí s.l. og var farið yfir helstu skattabreytingar liðins árs.
- g) *Norræna launa- og starfsmannanefndin (Löne- och personalutskottet)*. Nefndin er ráðgefandi fyrir ráðherranefndina (samstarfsráðherra Norðurlanda) og stjórnarnefnd Norðurlandaráðs í launa-, ráðningar- og lífeyrismálum þeirra starfsmanna sem starfa við norrænar stofnanir ráðherranefndarinnar svo og starfsmanna á skrifstofum Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn. Nefndin fær þessi mál til umfjöllunar frá starfsmannadeild skrifstofunnar í Kaupmannahöfn og annast starfsmannastjóri undirbúning fundanna en nefndin getur einnig að eigin frumkvæði skotið málum varðandi ráðningar- og starfskjör til ráðherranefndar og stjórnarnefndar. Enn fremur á nefndin að tryggja að um málefni er varða stofnanirnar fari eftir 5. gr. sáttmála þjóðanna frá 9. des. 1988, um réttarstöðu norrænna stofnana, og að starfsmannafélög njóti umsagnarréttar áður en ákvörðun er tekin. Haldnir voru þrír fundir í nefndinni á árinu, í Riga í Lettlandi í mars, í Þórshöfn í Færeyjum í júní og í Árósum í Danmörku í nóvember s.l. Helstu mál sem nefndin fjallaði um á árinu eru: Hin árvissa ákvörðun um stjórnarlaun stofnananna á nýju ári; um nauðsyn þess að haft sé samráð í tæka tíð um launakjör við fulltrúa í staðsetningarlandi þegar nýir forstjórar eru ráðnir að stofnunum; um óánægju starfsmanna skrifstofanna í Kaupmannahöfn með launakjör og ráðningartímabil; um hvort hinar tímabundnu ráðningar sem tíðkast hafa, standist lög í heimalöndunum og/eða reglur ESB; hvaða reglur gilda um ferðatíma og vinnutíma á ferðalögum, innanlands sem utan; umræða um dómsmál vegna ráðninga á hendur skrif-

- stofnunum í Kaupmannahöfn; um skattamál starfsmannanna í Kaupmannahöfn; og um framkvæmd reglna um flutningskostnað þegar nýr starfsmaður flytur frá öðru landi en því sem hann er ríkisborgari í, t.d. eftir störf í Brussel.
- h) *Norræn starfsmannaskipti (nordisk tjenestemandsudveksling)*. Markmiðið með norrænu starfsmannaskiptunum er að auka norræna samvinnu en með þeim er ríkisstarfsmönnum á Norðurlöndum gert kleift að stunda tíma-bundið störf eða nám á starfsvettvangi sínum hjá ríkisstofnunum í öðru norrænu landi. Á árinu var fjárframlag til starfsmannaskiptanna með líkum hætti og undanfarin ár. Hlutdeild Íslendinga nam 115 þús. DKK af heildarfjárveitingu ráðherranefndarinnar eða 6,0%. Þá fékkst heimild til þess að nota ónotaða fjárveitingu frá árinu áður og var því hægt að koma til móts við óskir fleiri umsækjenda en ella. Styrkþegar ársins voru ellefu og hlutu þeir styrki til eins til tveggja mánaða dvalar auk greiðslu ferðakostnaðar. Sjö þeirra fóru til Danmerkur, einn fór til Svíþjóðar, einn til Noregs og einn til Færeyja. Upplýsingar um starfsmannaskiptin er að finna á heimasíðu fjármálaráðuneytisins.
- i) *Samstarf yfirmanna skattamála í fjármálaráðuneytum á Norðurlöndum*. Tilgangur samstarfsins er að skapa vettvang til upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta milli landanna um þróun í skattamálum. Samstarfið er fólgið í árlegum fundi yfirmanna skattamála og upplýsingamiðlun, m.a. eru frumvörp og skýrslur um skattamál send milli ráðuneytanna. Fundurinn í ár var haldinn í Reykjavík og var á honum gerð grein fyrir helstu breytingum á skattalögum sem gerðar voru í hverju landi fyrir sig á síðasta ári. Jafnframt var rætt um breytingar á skattaframkvæmd og áherslur í einstökum löndum, t.d. nýjar leiðir við skatteftirlit. Auk þess var rætt um breytingar í skattamálum innan ESB, einkum með tilliti til áhrifa þeirra á norrænu löndin. Að lokum er á fundunum almennt fjallað um stærri mál á sviði skatta, sem einstök lönd óska eftir að ræða.
- j) *Norræna skattrannsóknarráðið*. Ísland varð aðili að norræna skattrannsóknarráðinu í ársbyrjun 2003. Markmið þess er að stuðla að skattrannsóknnum í lögfræði og hagfræði og heldur það fund einu sinni á ári auk þess sem árlega er haldin ráðstefna í einhverju aðildarlandanna þar sem tekin eru fyrir mismunandi rannsóknarverkefni á sviði skattamála. Þá gefur ráðið út árbók þar sem birtir eru fyrirlestrar og skýrslur frá ráðstefnu ársins. Á síðasta fundi ráðsins sem haldinn var í Ósló í október s.l. var farið ítarlega yfir skattlagningarheimildir sveitarfélaga.
- k) *Norrænn embættismannafundur í skattamálum*. Embættismenn úr fjármálaráðuneytum norrænu landanna hittast alla jafna einu sinni á ári til að ræða málefni er varða norræna tvísköttunarsamninginn frá 1996. Tilgangurinn er að ríkin ræði sín á milli þau vandamál er upp koma hverju sinni við túlkun samningsins og samræmi túlkun hans sín á milli. Tekin eru fyrir ákveðin áherslumál hverju sinni. Á síðasta fundi sem haldinn var í Ósló gerðu fulltrúar hvers ríkis grein fyrir lífeyriskerfi landsins og skattlagningu lífeyrissparnaðar og lífeyrisgreiðslna. Hópurinn mun hefja vinnu við endurskoðun norræna tvísköttunarsamningsins á þessu ári.

- l) *Samstarf fjárlagastjóra norrænu landanna.* Fjárlagastjórar, það er forstöðumenn þeirra skrifstofa í fjármálaráðuneytum norrænu landanna sem hafa umsjón með fjárlögum, hittast alla jafna tvisvar á ári. Á þessum fundum er fjallað um ýmis þau málefni sem eru efst á baugi í fjárlagagerð landanna hverju sinni. Enn fremur eru tiltekin mál tekin til umræðu sem hafa áhrif á fjárlagagerðina, stjórn ríkisfjármála, ríkisreksturinn og ákvörðun útgjaldaramma til lengri eða skemmri tíma. Tekin eru fyrir ákveðin áherslumál í ríkisrekstri hjá hverju ríki sem efst eru á baugi hverju sinni. Samstarfið er mikilvægur vettvangur til að skiptast á upplýsingum og reynslu af breytingum í ríkisfjármálum auk þess að auðvelda samskipti milli fjármálaráðuneyta ríkjanna.
- m) *Sérfræðinganefnd um norræn fjárlög (Budgetexpertgruppen).* Hlutverk nefndarinnar er að skila faglegri umsögn um tillögu samstarfsráðherra um frumvarp til norrænu fjárlaganna, bæði tæknilegri og efnislegri. Nefndin tekur einnig til umfjöllunar afmörkuð mál sem samstarfsráðherrar vísa til hennar. Auk embættismanna fjármálaráðuneyta viðkomandi landa sitja starfsmenn frá skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar fundi hennar.

Norræni fjárfestingarbankinn.

Áfram var unnið að undirbúningi að því að Eystrasaltsríkin yrðu eignaraðilar að Norræna fjárfestingarbankanum, sem kom til framkvæmdar um áramótin 2004/2005. (Sjá nánar um Norræna fjárfestingarbankann í kafla 24.3.)

Önnur starfsemi:

- 1) *Eystrasaltsnefndin (Baltikumudvalget).* Árið 1992 samþykkti Norðurlandaráð norræna fjárfestingaráætlun fyrir Eystrasaltsríkin sem miðaði að því að hjálpa litlum og meðalstórum fyrirtækjum og koma á fót fjárfestingarþönskum í þessum ríkjum með árlegum fjárframlögum frá norrænu löndunum. Hlutverk þessarar nefndar var að hafa eftirlit og yfirumsjón með þessu verkefni, m.a. í nánu samstarfi við fulltrúa Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Evrópubankans í London (EBRD) og Norræna verkefnaútflutningssjóðsins (Nopef). Þessari áætlun lauk formlega árið 2000 en nefndin hefur þó áfram fylgst með einstökum þáttum hennar eftir því sem þörf er á.
- 2) *Norrænu-baltnesku ráðgjafanefndirnar.* Haustið 2000 var ákveðið að styrkja samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna til undirbúnings funda á vegum Alþjóða-gjaldeyrissjóðsins. Settar voru á laggirnar tvær embættismannanefndir með þátttöku frá fjármálaráðuneytum og seðlabönskum landanna. Önnur nefndin – norræna-baltneska fjármálanefndin – er almennt skipuð ráðuneytisstjórum og bankastjórum, en í hinni nefndinni – norrænu-baltnesku fulltrúanefndinni – sitja yfirmenn þeirra efnahags- og alþjóðaskrifstofa sem sinna málefnum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þessar tvær nefndir tóku við því starfi sem áður hafði verið sinnt af ráðgjafarnefnd um fjármál (NFU) og annarri, óformlegri nefnd sem var skipuð norrænum og baltneskum embættismönnum. Þessi nýskipan hefur þær meginbreytingar

í för með sér að fjármálaráðuneyti landanna koma með ákveðnari og markvissari hætti inn í þetta starf en verið hefur. Helstu verkefni nefndanna eru að undirbúa fundi í fjárhagsnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMFC). Einnig er nefndunum ætlað að skoða hvernig megi efla starf norrænu-baltnesku skrifstofunnar í Washington og gera tengsl hennar við stjórnvöld heima fyrir markvissari. Loks er nefndunum falið að fylgjast náið með öllu starfi innan sjóðsins, með milligöngu skrifstofunnar í Washington, og undirbúa þær ákvarðanir sem þar þarf að taka.

Auk þeirra verkefna sem hér hafa verið nefnd er rétt að vekja athygli á að fjármálaráðherrar Norðurlanda hafa um árabil haft náið samráð á vettvangi ýmissa alþjóðastofnana. Þannig hafa ráðherrarnir samráð fyrir fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og nefna má hliðstætt samráð vegna funda á vegum OECD. Meginlínurnar eru gjarnan lagðar á norrænum ráðherrafundum og þeim er fylgt eftir á hinum ýmsu fundum innan OECD, jafnt ráðherrafundum sem öðrum. Þá má nefna aðild ráðherranna að Eystrasaltsráðinu, ásamt fjármálaráðherrum Þýskalands, Póllands og Eystrasaltsríkjanna, en þessir aðilar halda að jafnaði einn fund á ári.

20. Húsnæðis- og byggingarmál

Árið 2004 var unnið eftir samstarfsáætlun í húsnæðis- og byggingarmálum fyrir tímabilið 2002 – 2005, en þar eru tilgreind þrjú meginstarfssvið: *Félagsleg húsnæðismál, sjálfbær þróun húsnæðis- og byggingargeira auk borgarstefnu*. Jafnframt var framhald á verkefnum sem stofnað var til undirformennsku Svía sem miða að því að lækka byggingar- og húsnæðiskostnað innan Norðurlanda og draga úr viðskiptahindrunum milli landanna sem og í viðskiptum þeirra við Eystrasaltsríkin.

Lögð var áhersla í formennskuáætluninni á að vinna með ýmsum hætti að verkefnum um *jafnvægi byggðasvæða* og í þeim efnum var lögð áhersla á þverfaglegt samstarf með þátttöku embættismannanefndarinnar um byggðamál (NERP). Einnig var lögð áhersla á umfjöllun um hinn *félagslega þátt húsnæðismála*, um framtíðarþróun félagslegrar húsnæðisstefnu, um stoðkerfi og stjórnþæki húsnæðiskerfisins, íbúalýðræði, verkaskiptingu ríkis, sveitarfélaga, félagasamtaka og almenns markaðar.

Ráðherrafundur.

Í nóvember s.l. var haldinn fundur húsnæðisráðherra Norðurlanda (MR-Bo) í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi. Einnig funduðu ráðherrarnir með fulltrúum Eystrasaltsríkjanna og Póllands um aukna samvinnu milli ríkjanna um húsnæðis- og byggingarmál. Á fundinum var samþykktur samningur um aðgerðaráætlun um aukna samvinnu milli norrænu landanna, Eystrasaltsríkjanna og Póllands um að ryðja úr vegi viðskiptahindrunum og auka samvinnu milli landanna á sviði byggingarmála.

Hár húsnaðiskostnaður er í dag vandamál meðal margra þjóða. Aukin viðskipti milli landanna skapa forsendur fyrir meiri samkeppni á byggingarmarkaði. Háan byggingarkostnað er m.a. hægt að rekja til viðskiptahafta á markaðinum. Með því að minnka þau höft sem nú eru til staðar er hvatt til aukinnar samkeppni, kostnaðurinn minnkar og forsendur skapast til að lækka húsnaðiskostnaðinn. Markmiðsáætlun um skilgreindar aðgerðir, sem miðar að því að koma innihaldi samningsins í framkvæmd, fylgir samningnum.

Grundvöllur markmiðsáætlunarinnar er skýrsla sem unnin var af embættismannanefndinni í byggingar- og húsnaðismálum (EK-Bygg), „Building Sector Regulations – A background to increased exchange between countries in the Baltic Sea region“.

Áætlunin inniheldur fimm mismunandi undirverkefni sem eiga að hvetja til aukinna viðskipta í byggingargeiranum á svæðinu og henni skal hrint í framkvæmd árin 2005–2007. Verkefnin eru eftirfarandi:

- 1) Að byggja upp opinberan gagnagrunn þar sem aðilar innan byggingargeirans geta sótt upplýsingar um m.a. mismunandi reglur sem gilda í löndunum og sem hafa þýðingu fyrir þá, til dæmis reglur um samninga, reglur um húsaleigu, kröfur um ábyrgðir og tryggingar, reglur um heilsuvernd byggingarverkamanna, öryggisreglur o.fl.
- 2) Að byggja upp sameiginlegt verkefni norrænu landanna þar sem áhersla verður lögð á að löndin deili reynslu sinni og nýrri þekkingu á sviði byggingarmála. Á þennan hátt deila löndin með sér þeirri þekkingu og þeim góða árangri sem náðst hefur í mörgum löndum og það kemur stærri hópi fólks til góða. Verkefnið getur einnig snúið að spurningum um að hversu miklu leyti aukin verslun með byggingarvörur milli landanna getur leitt til minni framleiðslukostnaðar og hvernig hægt væri að stuðla að slíku.
- 3) Að framkvæma samanburðarrannsókn á reglugerðum í byggingargeiranum, sem getur legið til grundvallar því að menn ráðfæri sig milli landanna um mögulega samhæfingu eða breytingar á lögum, með það að markmiði að skapa betri forsendur fyrir fyrirtækin að komast inn á nýja markaði.
- 4) Að þróa stuðningsefni til að meta samkeppniskröfur og kröfur um reynslu á vinnumarkaðinum í byggingargeiranum í löndunum. Þær ólíku kröfur sem gerðar eru í löndunum tengjast ólíkum menntakerfum og ólíkum leiðum sem farnar eru við skipulagningu á byggingarstarfseminni.
- 5) Að koma á laggirnar sameiginlegu netverki á því sviði sem um ræðir í áætluninni. Netverkið gæti stuðlað að því að auka þekkingu, til dæmis með málþingum, ráðstefnum og sameiginlegum rannsóknaverkefnum. Netverkið getur myndað hóp áhrifamikilla fræðimanna sem geta veitt ráðamönnum í hinum mismunandi löndum ráð út frá niðurstöðum rannsókna þar sem leitað er svara við spurningum sem upp koma.

Viðfangsefni áætlunarinnar heyrir bæði undir félagsmálaráðuneytið og umhverfisráðuneytið sem munu vinna sameiginlega að framgangi þess hér á landi. Félagsmálaráðherra og umhverfisráðherra eru sammála um að aðgerðaráætlunin sé til þess fallin að auka samstarf og samvinnu ofangreindra

ríkja á sviði byggingar- og húsnæðismála og jafnframt að hún geti leitt til þess að lög og reglur landanna á sviði byggingar- og húsnæðismála verði samræmdar og einfaldaðar, sem ásamt fækkun viðskiptahindrana muni lækka byggingar- og húsnæðiskostnað. Það kom í hlut Árna Magnússonar félagsmálaráðherra að kynna samkomulagið á Norðurlandaráðsþinginu í nóvember s.l.

Á formennskuárinu var lögð rík áhersla á samstarf Vestur-Norðurlanda. Árni Magnússon félagsmálaráðherra átti fund með húsnæðisráðherra Færeyja og húsnæðisráðherra Grænlands. Rætt var um samstarf landanna á sviði húsnæðismála og komu fram óskir um nánara samstarf við Íslendinga um upplýsingavinnslu og miðlun reynslu varðandi starfsemi Íbúðalánasjóðs, um búseturéttaríbúðir, leigulög og fleira. Ákveðið var að fela embættismönnum landanna að koma á samstarfi um ofangreind mál. Á vegum félagsmálaráðuneytisins hefur í kjölfarið verið unnið að undirbúningi að málstofu um söfnun og tengingu mannfjölda- og húsnæðisupplýsinga á Vestur-Norðurlöndum sem fyrirhugað er að halda í byrjun árs 2005.

Útgáfu- og rannsóknarstarf.

Á árinu kom út bókin „Housing and Housing Policy in the Nordic Countries“ (TemaNord 2004:7). Í bókinni er yfirlit yfir stöðu húsnæðismála og samanburður á húsnæðiskerfum landanna. Bókin er uppfærð þýðing á bókinni „Boende och bostadspolitik i Norden“ sem kom út árið 2001.

Í skýrslunni „Bygningslov for bedre byg – Sammenligning av bygningslovgivningen i Norden“ (TemaNord 2004:526) er löggjöf landanna m.a. borin saman og gerð grein fyrir þeim þáttum sem eru til skoðunar vegna fyrirhugaðra breytinga á lögnum.

Í lok ársins var lokið við skýrslu vegna verkefnis um samanburð á borgarstefnu norrænu landanna undir heitinu „Erfaringer med implementering af bypolitik i de nordiske lande“. Skýrslan kemur út í TemaNord seríunni í byrjun árs 2005.

Að tilhlutan Íslands var samþykkt að efna til verkefnis um samhengi byggðarþróunar og húsnæðismála undir heitinu „Centerperiferi polariseringens problematik och följder – Om samspelet mellan regional utveckling och bostadspolitik i Norden“. Verkefnið er samstarfsverkefni embættismanna nefndanna um húsnæðis- og byggingarmál og um byggðamál (NERP). Verkefnið er unnið undir stjórn Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri.

Í október var haldin ráðstefna í Svartsengi í Grindavík undir heitinu „Félagsleg húsnæðisstefna á 21. öldinni“. Tilgangur ráðstefnunnar var að draga saman nýjustu þekkingu og rannsóknir varðandi núverandi stöðu og framtíðarhorfur félagslegra húsnæðiskerfa Norðurlanda. Á málþinginu fluttu erindi fræðimenn og sérfræðingar frá öllum norrænu löndunum auk sérfræðings frá Borgarrannsóknastofnun háskólans í Glasgow.

21. Neytendamál

Á formennskuári Íslands hefur náðst mikilvægur árangur í samstarfi Norðurlanda á sviði neytendamála. Fundur norrænu ráðherranna um neytendamál (MR-Kons) var haldinn á Akureyri í september s.l. og var þar samþykkt ný samstarfsáætlun fyrir norrænt samstarf á sviði neytendamála 2005 – 2010. Í fyrsta sinn var einnig haldinn sameiginlegur fundur með norrænum ráðherrum á sviði neytendamála og þeirra ráðherra sem fara með málefni neytenda í Eistlandi, Lettlandi og Lítháen. Samþykkt var á fundinum s.n. „Akureyrar-yfirlýsing“ um samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna á sviði neytendamála 2004 – 2007. Norrænu embættismannanefndinni um neytendamál (EK-Kons) var falið að vinna að framkvæmd og nánari skipulagningu á samstarfsverkefnum á sviði neytendamála sem ráðherranefndin vill að hafi forgang samkvæmt framangreindum samstarfsáætlunum. Nefndin hefur einnig endurskipulagt og straumlínulagað þá starfsemi sem fram fer þannig að samstarf á milli ríkjanna verði bæði hagkvæmt og skilvirkt. Í hinni nýju samstarfsáætlun er vísað til þess að norrænt samstarf byggir á traustum grunni og góðu samstarfi milli ríkjanna á sviði neytendamála allt frá upphafi norrænnar samvinnu. Í meira en áratug hafa norrænu löndin staðið að opnun markaðanna á öllum sviðum viðskiptalífsins, stutt við frjálsa samkeppni og hvatt til aðhalds neytenda á markaði. Viðskipti neytenda yfir landamæri landanna hafa aukist og samtímis hefur vöxtur fyrirtækja yfir landamæri aukist verulega og þau veita nú í síauknum mæli þjónustu og selja vörur á tveimur eða fleiri landsmörkuðum á Norðurlöndum. Til að svara auknum þörfum neytenda og koma í veg fyrir léleg gæði og óöryggi í viðskiptum hafa stjórnvöld í sífellt meira mæli hvatt seljendur vöru og þjónustu til að axla þá ábyrgð sem fylgir frjálsum og opnum mörkuðum og setja hagsmuni neytandans í öndvegi. Jafnframt er gert ráð fyrir því að efla þurfi þverfaglegt samstarf því neytendamál koma víða við sögu, t.d. á sviði umhverfisverndar, fjármálaþjónustu, vernd barna og ungmenna og vegna aukinnar samkeppni á sviði raforkumála. Aukið samstarf er því í framtíðinni mikilvægt milli stjórnvalda, samtaka neytenda svo og seljenda vöru og þjónustu. Þess vegna er einnig mikilvægt að þær stjórnsýslustofnanir og ráðuneyti sem koma að neytendavernd setji norrænt samstarf í forgang enda er mikil hagkvæmni fólgin í því að norrænu löndin vinni sameiginlega að úrlausn verkefna á sviði neytendamála fremur en þau leiti einangraðra lausna í hverju ríki fyrir sig.

Beinir þátttakendur í norrænni samvinnu á sviði neytendamála skipta hundruðum. Tengslanet þeirra og samanlögð þekking er dýrmæt. Á formennskuári Íslands lagði viðskiptaráðherra áherslu á að við undirbúning nýrrar samstarfsáætlunar fyrir neytendamálasviðið á árinu skyldi hugað að því hvernig virkja megí þennan samnorræna mannað og þá þekkingu sem í honum býr. Í formennskuáætluninni var einnig lögð áhersla á að stuðla að því að nýta vel þá auðlegð sem löndin búa nú þegar yfir á þessu sviði. Þannig voru á árinu samþykkt ýmis samnorræn verkefni á sviði neytendamála en sérstaklega má nefna:

- Í upphafi ársins var samþykkt tillaga viðskiptaráðherra um að efnt skyldi til norrænnar samkeppni um besta fræðslufnið á sviði neytendafræðslu. Verðlaun eru vegleg eða alls 100 þús. d.kr. og verða þau veitt í tengslum við þing Norðurlandaráðs á Íslandi í október 2005.
- Í lok ársins var samþykkt verkefni sem felur í sér að hafinn verður undirbúningur að gerð norræns gagnagrunns um málefni neytenda og að safnað verði upplýsingum sem miða að því að auka ánægju og öryggi neytenda í viðskiptum.

Í formennskuáætlun Íslands á sviði neytendamála var einnig ákveðið að haldið skyldi hér á landi málþing um nýjan lífsstíl ungra neytenda sem byggir á lántöku og aukinni skuldsetningu ungs folks. Á málþinginu voru einnig kynntar niðurstöður norrænna rannsókna á þessu sviði. Auk þess var haldið málþing um reynslu Norðurlanda af gerð s.n. neyslustaðla. Neyslustaðlar á Norðurlöndum eru þannig gerðir að þar má finna upplýsingar um áætlaðan kostnað við framfærslu þar sem tillit er tekið til mismunandi stærðar og annarra aðstæðna heimila. Þá var einnig rætt um fræðslu- og forvarnargildi, sem og þýðingu þeirra fyrir skipulag og aðstoð sem öll norræn ríki eru að veita vegna greiðsluferfiðleika norrænna heimila. Framangreind málþing voru haldin í Reykjavík í lok ágúst og sóttu þau um 40 innlendir og erlendir þátttakendur. Auk þess lagði Ísland til að haldið skuli norrænt málþing þar sem til umfjöllunar verði neytendavernd með hliðsjón af nýjum aðferðum við lagasetningu um neytendamál og þær breytingar sem eru að verða á skiptingu ábyrgðar á milli opinbera og einkageirans á málum er varða neytendur og neytendavernd. Málþinginu var frestað til ársins 2005.

Á árinu var auk þess starfað í föstum nefndum á sviði neytendamála og í verkefnum sem starfsfólk í stjórnvæðingunum vinna að á hverju ári.

22. Málefni dómsmálaráðuneytis

Norrænt samstarf dómsmálaráðuneytanna hefur aðallega byggst á samstarfsáætlun um löggjafarsamstarf ásamt framkvæmdaáætlun, sem endurskoðuð hefur verið árlega. Nú hefur verið ákveðið að frá og með árinu 2005 lýsi samstarfsáætlun og formennskuáætlanir landanna áherslum og forgangsvirkiefnum hverju sinni, og verða því sérstakar framkvæmdaáætlanir óþarfar.

Samstarfsáætlun fyrir árin 2002 – 2005 var samþykkt af dómsmálaráðherrum Norðurlanda (MR-Lov) árið 2002. Markmið hennar eru m.a. að standa vörð um lýðræðislega ákvarðanatöku á Norðurlöndum og tryggja réttaröryggi þeirra sem búa og dveljast þar. Löggjafarsamstarfið á að miða við notagildi meðal Norðurlandabjóða og ná til þeirra sviða réttarins þar sem það er mest. Stefnt skal að samræmingu löggjafar, en þó er sá fyrirvari gerður að útfærsla einstakra réttarreglna þurfi ekki endilega að vera sú sama í öllum löndunum. Á sviði einkamálaréttar er hefð fyrir samræmdri löggjöf, og stefnt er að áframhaldandi þróun norræns samstarfs á því. Einnig hefur verið vaxandi þörf á samræmingu á sviði refsiréttar. Á þeim réttarsviðum þar sem ekki er hægt að

ná samræmingu er lögð áhersla á gagn þess að miðla af reynslu og skiptast á upplýsingum. Þá er sérstaklega tekið fram að norrænt löggjafarsamstarf skuli leggja sitt af mörkum til réttarþróunar í evrópsku og alþjóðlegu samhengi.

Í formennskuáætlun Íslands um norrænt löggjafarsamstarf segir eftirfarandi:

„Byggja þarf á þeirri hefð sem er fyrir samráði við lagasetningu í norrænu samstarfi til að innleiða ESB/EES-gerðir og samræma sem mest löggjöf á Norðurlöndum. Það er forsenda þess að norræn velferðarþjóðfélög verði áfram samstillt þó löndin hafi valið ólíkar leiðir að sama marki. Eins er mikilvægt fyrir atvinnulífið að samræmi sé á sviði löggjafar svo að öflugur norrænn heimamarkaður geti dafnað.

Samstarf norrænu dómsmálaráðuneytanna endurspeglar sameiginlegt gildismat og réttarvitund. Slíkt umhverfi skapar frjóan jarðveg fyrir réttarbætur. Markmiðið er að Norðurlandabúar njóti áfram góðs af samstarfinu með því að lög séu samræmd að því marki sem unnt er. Áfram verður lögð rík áhersla á að samræma lög á sviði sifjaréttar og erfðaréttar.

Í samstarfi norrænu dómsmálaráðherranna verður baráttan gegn hryðjuverkum og mansali einnig í fyrirrúmi. Þá mun gaumur verða gefinn að alþjóðlegri þróun á sviði réttarfars og refsiréttar með það að markmiði að tryggja og auka áhrif norrænnar lagahefðar.

Stjórnsýslan á Norðurlöndum og norrænn stjórnsýsluréttur verður í auknum mæli fyrir áhrifum frá Evrópuréttinum. Í ljósi þess er nauðsynlegt að ræða hvort ástæða sé til að efla samstarf Norðurlanda á þessu sviði. Leitast verður við að skilgreina hvort í norrænum stjórnsýslurétti felist kostir sem vert er að halda í og standa vörð um.“

Samstarfið á árinu hefur endurspeglað þessar áherslur. Á fundi norrænu dómsmálaráðherranna á Höfn í Hornafirði voru ræddar aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi, þar á meðal heimildir lögreglu. Ráðherrarnir voru sammála um nauðsyn norrænnar samvinnu á þessu sviði. Þá var fjallað um endurskoðun norrænna framsalsreglna í ljósi evrópsku handtökuskipunarinnar og var ákveðið að fela embættismannanefndinni um norrænt löggjafarsamstarf (EK-Lov) að fjalla nánar um gagnkvæma viðurkenningu milli ríkjanna á þessu sviði. Einnig var rætt um baráttuna gegn spillingu og nauðsyn þess að Norðurlönd, sem eru meðal þeirra ríkja heims sem hafa minnsta spillingu, sýndu gott fordæmi. Ákveðið var að ríkin myndu vinna frekar saman á þessum vettvangi, m.a. að haldið yrði málþing þar sem þeir aðilar, sem vinna gegn spillingu, geta miðlað af reynslu sinni og skipst á skoðunum.

Sifja- og erfðaréttur var líka á dagskrá ráðherrafundarins á Höfn en undanfarið hefur verið fjallað um þörf á samræmingu norrænnar löggjafar í kjölfar ítarlegrar samantektar um þetta efni. Samantektin grundvallast á rannsóknum fræðimanna og skiptist í þrjár þætur; um hjúskaparlöggjöf, um erfðarétt og um foreldra og börn, og er búið að gefa tvær hinar fyrstnefndu út. Auk þess hefur samantekt þeirra komið út í skýrslu, „Äktenskapsrätten och successionsrätten i de fem nordiska länderna – Om möjligheterna och nyttan av lagharmonisering“ (TemaNord 2002:538). Ekki þótti tímabært á fundinum á Höfn

að ákveða að norræn löggjöf á þessum sviðum skyldi samræmd þar sem nokkur landanna hafa þegar hafið endurskoðun á einstökum þáttum löggjafarinnar. Þess í stað var m.a. norræna sérfræðingahópnum á sviði sifjaréttar falið að fjalla reglulega um þörfina og möguleikana á samræmingu löggjafar á sviði sifja- og erfðaréttar. Einnig var ákveðið að ríkin myndu, þegar tiltekin réttarsvið eru tekin til endurskoðunar, taka mið af samnorrænni lagahefð og nota þær rannsóknir, sem liggja til grundvallar áður nefndri samantekt. Þá var ákveðið að halda norræna ráðstefnu um erfðarétt árið 2005.

Norrænt samstarf á sviði stjórnisýsluréttar var rætt í norrænu embættismannanefndinni um löggjafarsamvinnu að frumkvæði Íslands. Var lagt til að vinnuhópur yrði stofnaður til að fjalla um hvernig efla megi samstarfið á þessu sviði, og hlaut það jákvæðar undirtektir.

Verkefni á sviði löggjafarsamvinnu voru fjölmörg á árinu. Samþykktar voru meginreglur um þau sjónarmið, sem embættismannanefndin leggur til grundvallar styrkveitingum. Meginreglurnar eru birtar á heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar, bæði til að gæta samræmis í styrkveitingum og til að auðvelda þeim, sem sækja um styrki, að sjá hvaða sjónarmið nefndin leggur til grundvallar ákvörðunum sínum.

Norrænt löggjafarsamstarf fer að miklu leyti fram í vinnuhópum, sem óformlegt samstarf ýmist milli ráðuneytanna eða einstakra embættismanna. Hið hefðbundna löggjafarsamstarf er fyrirferðarmest á sviði einkamálaréttarins, fyrst og fremst á sviði sifjaréttar, félagaréttar, skaðabótaréttar og neytendamála. Samstarf á sviði refsiréttarins hefur verið vaxandi undanfarin ár, einkum vegna baráttunnar gegn skipulagðri glæpastarfsemi og hryðjuverkum. Auk eiginlegs löggjafarsamstarfs nær norrænt samstarf einnig til annarra þátta í starfi dómsmálaráðuneytanna, þ.á m. lögreglu og ákærvalds, forvarna og viðurlagastefnu.

Samstarf dómsmálaráðuneytanna fer einkum fram undir yfirstjórn norrænu embættismannanefndarinnar um löggjafarsamstarf, þar sem unnið er að samræmingu samstarfsins og sameiginleg hagsmunamál rædd. Taka má fram að reglulega er gerð grein fyrir nýrri eða væntanlegri löggjöf í löndunum. Til að vinna að forgangsverkefnum eru starfshópar gjarnan settir á fót til tiltekins tíma og eru þeir skipaðir fulltrúum landanna.

Á árinu starfaði starfshópur um samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna.

Óformlegir starfshópar voru þrír; sérfræðingahópur um sifjarétt, starfshópur ráðuneytanna um refsirétt og starfshópur um endurskoðun norrænna framsalsreglna (sbr. lög um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar nr. 7 14. mars 1962) í ljósi evrópsku handtökuskipunarinnar. Enn fremur var ákveðið að stofna einn starfshóp til viðbótar, um endurskoðun norrænu laganna um fullnustu refsíðoma (sbr. lög um fullnustu refsíðoma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð nr. 69 12. desember 1963).

Málefni flóttamanna.

Samráðsnefnd háttsettra embættismanna um málefni flóttamanna (NSHF) fjallar um stefnumótun í málum flóttamanna. Fara þar einnig fram upplýsingaskipti milli stjórnvalda um þróun löggjafar um málefni útlendinga almennt, um móttöku flóttamanna, um breytingar á framkvæmd mála er varða flóttamenn, ákvarðanatöku í slíkum málum, heimflutning o.fl. Samstarf er einnig um öflun upplýsinga vegna aðstæðna í löndum þaðan sem flóttamenn koma, m.a. með miðlun skýrslna sem sendinefndir einstakra landa gera. Þá er haft samráð um ýmis atriði er varða útlendingaeftirlit, m.a. með hliðsjón af norræna vegabréfasambandinu og Schengen-samstarfinu, sem kom að fullu til framkvæmda á Norðurlöndum í mars 2001, og þar með atriði er varða framkvæmd Dyflinnarsamnings ESB-ríkjanna sem Ísland og Noregur eru nú einnig aðilar að. Þá hafa verið rædd á fundunum atriði sem varða verslun með konur og um innflutning vinnuafis.

Á árinu voru haldnir þrjár fundir og voru tveir sóttir af hálfu Íslands.

Ráðherrafundur var haldinn í Bergen í júní og þar var einnig haldinn sameiginlegur fundur með ráðherrum frá Eystrasaltsríkjunum. Ráðherrarnir voru sammála um að fjöldi útlendinga sem koma til ríkjanna á grundvelli fjölskyldusameiningar hefur aukist mikið. Mikilvægt sé að tryggja virka aðlögun útlendinga og vinna gegn misnotkun heimilda til fjölskyldusameiningar. Einnig voru ráðherrarnir sammála um að fylgjast vel með þróun á vinnumarkaði í kjölfar stækkunar EES. Þá var ákveðið að hafa náið samstarf um endursendingar til Kósóvó. Þess má geta að haldinn var embættismannafundur í Sarajevó um samvinnu NSHF og ríkjanna á Balkanskaganum um flóttamanna- og innflytjendamál.

Björgunarsamstarf.

Norræn samvinna um björgunarsamstarf (NORDRED) tekur til samstarfs yfir landamæri og miðar að því að koma í veg fyrir eða takmarka tjón á mönnum, eignum eða umhverfi vegna slysa eða óhappa. Markmiðið er að veita gagnkvæma aðstoð og auðvelda að hjálparlið og búnaður komist sem allra fyrst á vettvang. Ísland hefur tekið þátt í þessu samstarfi undanfarin ár en það byggist á rammasamningi um björgunarþjónustu (NORDRED) frá árinu 1989 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Ísland er formlegur aðili sammingsins og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra annast þetta verkefni.

Á árinu voru haldnir þrjár fundir og voru tveir þeirra sóttir af hálfu Íslands. Ný heimasíða, www.nordred.org, var opnuð en á henni er t.d. að finna handbók um björgunarsamvinnu.

Ísland tók í maí 2003 við formennsku í NORDRED til þriggja ára. Lýkur tímabilinu með því að haldin verður samnorræn ráðstefna á Íslandi um björgunarmál og á sama tíma verði haldin skrifborðsæfing með þátttöku norrænu landanna, þar sem æfð verða viðbrögð við einhverri tiltekinni vá.

23. Norrænar stofnanir á Íslandi

23.1. Norræna húsið

Norræna húsið hefur skipað sér sess meðal Íslendinga og Norðurlandabúa sem miðstöð norrænnar menningar og lista. Formlegt hlutverk Norræna hússins er að koma til móts við og örva áhuga á norrænum málefnum á Íslandi og miðla þekkingu um Ísland annars staðar á Norðurlöndum.

Lögð er áhersla á þrjú meginþemu í starfsemi stofnunarinnar; dagskrá fyrir börn og unglinga, bókmenntir, tungumál og fræðslu og starfsemi sem nær til alþjóðlegs sviðs.

Börn og unglingar.

Viðamesta verkefni ársins var Alþjóðlega barna- og unglingabókahátíðin „Galdur úti í Mýri“, sem haldin var í lok september og byrjun október mánaðar. Samstarfsaðilar Norræna hússins voru Norðurlöndin í fókus, Rithöfundasamband Íslands, Borgarbókasafn, Kennaraháskóli Íslands, Háskóli Íslands, IBBY á Íslandi, SÍUNG og Goethe-Zentrum á Íslandi. Margir styrktaraðilar komu einnig að þessu verkefni m.a. Norræni menningarsjóðurinn, NORDBOK, sendiráð norrænu landanna, Bandaríkjanna og Kanada og bókaútgáfunar Bjartur og Edda. Rithöfundar og fyrirlesarar voru frá Norðurlöndum, Þýskalandi, Englandi, Bandaríkjunum og Kanada og íslenskir rithöfundar og fræðimenn tóku einnig þátt í hátíðinni. Í anddyri var sett upp sýning á vegum „Galdrasýningar á Ströndum“ og var dagskrá með upplestri og fróðleik um galdra flutt á laugardögum út október.

Kvikmyndasýningar fyrir börn og unglinga voru sem fyrr mánaðarlega á vor- og haustmisseri.

Myndskreytingar eftir norska listamanninn Knut H. Larsen gerðar við söguna „Ormur rauði“ eftir Frans G. Bengtsson voru til sýnis í anddyri í mars og apríl.

Sýning á nýjum myndskreytingum eftir Sigrúnu Eldjárn var sett upp í anddyrinu í apríl í samvinnu við Eddu-útgáfu og miðlun. Sigrún tók á mótí leikskólabörnum og veitti leiðsögn og las úr nýjustu bók sinni.

Norræn leiklistarhátíð barna og unglinga var haldin í Reykjavík í maí á vegum Assitej á Íslandi og var brúðuleikhússýningin *Metamorphoses* sýnd tvisvar í Norræna húsinu. Tónlistarhópurinn *Camerartica* hélt þrenna tónleika í júní undir heitinu „Norrænir sumartónar“ fyrir leikskólabörn og börn og fullorðna. Tónleikarnir og sýning Sigrúnar voru undir merkjum „Norðurlandanna í fókus“.

Hópar skólabarna komu í heimsókn til að fá fjölbreytta fræðslu um Norðurlönd, norrænt samstarf og norræna jólasíði sem kennsluráðgjafi Norræna hússins stóð fyrir. Námskeið í dönsku fyrir átta og níu ára börn var haldið á vormisseri og á haustmisseri var námskeið í dönsku fyrir börn sem höfðu búið í Danmörku í lengri eða skemmri tíma. Sumarnámskeið sem haldin hafa verið á vegum kennsluráðgjafa féllu niður að þessu sinni, þar sem þátttaka var ekki nægileg.

Verkfall grunnskólakennara hafði áhrif á fjölda heimsókna skólabarna á haustdögum.

Bókmenntir, tungumál og fræðsla.

Sænskt-íslenskt bókakaffi með sænska rithöfundinum Jan Mårtensson og ljóðskáldinu Þorsteini frá Hamri var haldið í mars í samvinnu við sænska sendikennarann við Háskóla Íslands.

Dagskráin „Norræn leikskáld – dramatísk fimmtudagskvöld“ sem hófst haustið 2003 var haldið áfram í marsmánuði. Sveinn Einarsson fv. Þjóðleikhússtjóri kynnti August Strindberg og Helga E. Jónsdóttir leikstjóri kynnti norska leikskáldið Jon Fosse.

Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna í mars var haldin ráðstefna í Norræna húsinu undir fyrirsögninni „Í kjölfar Þíkutorfunnar... norrænn femínismi á 21. öldinni“. Ráðstefnur um sama efni voru haldnar í höfuðborgum norrænu landanna í kjölfar útgáfu norræns greinasafns „FEMKAMP – bang om nordisk feminism“. Fyrirlesarar komu frá Norðurlöndum og Íslandi.

Danska leikkonan og leikhússtjórinn Malene Schwartz kynnti endurminn-ingarbók sína „Livet er ikke for begyndere“ í Norræna húsinu á sumardaginn fyrsta við góða aðsókn. Allir þessir dagskrárliðir voru undir merkjum „Norðurlandanna í fókus“.

Dr. Marit Áhlén, sérfræðingur í rúnaskrift hélt fyrirlestur í lok apríl í boði Norræna hússins.

Norræna ráðstefnan - „Kvinnorörelser, inspiration, intervention, irritation“ var haldin í júní í Reykjavík og voru málstofur í Norræna húsinu.

„Frændafundur 5“, ráðstefna um rannsóknir á Íslandi og í Færeyjum á vegum heimspekideildar Háskóla Íslands og Fróðskapaseturs Færeyja var einnig haldin í júní í samstarfi við Norræna húsið.

Danski rithöfundurinn Jens Andersen sagði frá nýrri ævisögu sem hann hefur ritað um ævintýraskáldið H.C. Andersen. Dagskráin var í samvinnu við sendiráð Danmerkur.

Málþing um tungumál smáríkja var haldið í Norræna húsinu í september. Það var haldið í samvinnu við Stofnun Sigurðar Nordal, samstarfsnefnd um Norðurlandafræðslu erlendis og Íslenska málstöð með styrk frá norrænu málnefndinni. Málþing um málefni smáríkja á vegum Háskóla Íslands, Rannsóknaseturs um smáríki, fór einnig fram í Norræna húsinu.

Sænski spennusagnahöfundurinn Liza Marklund og norski rithöfundurinn Thorvald Steen sögðu frá bókum sínum í september. Rithöfundarnir voru í boði bókaútgefenda þeirra hér á landi. Sendiráð Svíþjóðar og Noregs styrktu einnig dagskrána.

Bókasafnið hélt uppi reglubundinni starfsemi á árinu en neyddist til að loka í júlí, svo að fastráðnir starfsmenn gætu tekið sumarleyfi, en frá því í apríl s.l. hafa aðeins tveir bókasafnsfræðingar verið við störf í safninu. Merkja má vaxandi eftirspurn eftir safnefni og þjónustu.

Letterstedtski sjóðurinn styrkti safnið ennþá einu sinni til innkaupa á sænskum myndböndum/dvd diskum. Keypt eru myndbönd/dvd diskar, en höfundarréttarmál hvað snertir efni frá Danmörku valda enn miklum erfiðleikum.

Tengingar við Internetið eru yfir ljósleiðara og einnig er komið þráðlaust samband í húsið fyrir skráða notendur nets Háskóla Íslands.

Helstu dagblöð frá Norðurlöndum liggja frammi í kaffistofu Norræna hússins að vanda.

Starfsemi á alþjóðlegu sviði.

Fyrsta sýning ársins var sýningin „Manifesto 003 – Flíkur til friðar“, sem finnska listakonan Jana Vyborna-Turunen, setti upp í anddyri og bókasafni.

Í sýningarsölum var opnuð sýningin „Bátur og haf“ með verkum norsku listakonunnar Siri Gjesdal. Við opnunina söng kórinn „Stavanger Vocalensemble“ og skáldkonan Odveig Klyve las ljóð.

Útskriftarnemar í ljósmyndun frá Iðnskóla Reykjavíkur sýndu prófverkefni sín í anddyrinu í maí og nefndu sýninguna „Ljós í ljóðum“. Í júní var ljósmyndasýningin „Á veginum frá Helsinki til Vilnius“, ljósmyndir eftir Finnann Santeri Sannemann.

Sumarsýning Norræna hússins „7-Sýn úr norðri“ með sjö listakönum frá Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Íslandi stóð sumarlangt í sýningarsölum. Jóhanna Boga og Valgerður Hauksdóttir voru fulltrúar Íslands og sáu um undirbúning og skipulagningu. Norræna húsið lét sýningarsalinn og gæslu í té, en listakonurnar greiddu allan annan kostnað af sýningarhaldinu.

Laila Olsen sýndi málverk frá Grænlandi í anddyrinu í september.

„Norður og niður“ var heitið á sýningu ungra norrænna listamanna sem stóð í sýningarsölum frá miðjum september til októberloka. Listamennirnir voru frá Finnlandi, Svíþjóð og Íslandi. Sýningin hlaut styrk úr Norræna menningarsjóðnum.

„Vetrarmessa“ í sýningarsölum og anddyri Norræna hússins í nóvember og fram til áramóta er einnig sýning á verkum ungra listamanna sem útskrifuðust frá Listaháskóla Íslands fyrir nokkrum árum.

Samíska söngkonan Mari Boine hélt tónleika með hljómsveit sinni á vegum Norræna hússins í Salnum, tónlistarhúsi Kópavogs. Tónleikaför Mari Boine var skipulögð í samvinnu við Norrænu stofnunina á Álandseyjum og Norrænu stofnunina í Nuuk á Grænlandi. Uppselt var á tónleikana.

Ungir slagverksleikarar frá Tónlistarskólanum í Hørsholm héldu tónleika í apríl, Stefanoskórinn frá Uppsölum í Svíþjóð og Duo Saxopran, eða Rebecca Persson sópran og Per Egholm saxófón- og píanóleikari, héldu tónleika í maí.

Camerartica tónlistarhópurinn hélt sólstöðutónleika í júní og nokkrir hópar tónlistarmanna sóttu Ísland heim og héldu tónleika í Norræna húsinu á eigin vegum. Á Menningarnótt í Reykjavík lék hljómsveitin Spaðar og voru tónleikarnir í samstarfi við Háskóla Íslands.

Í nóvember var haldið málþing um danska kvikmyndaleikstjóran Carl Th. Dreyer. Það var haldið í tengslum við Dreyerhátíð, sem Sinfóníuhljómsveit Íslands og Kvikmyndasafn Íslands stóðu að í Reykjavík.

Tónleikar með finnskum tónlistarmönnum, Sami Mäkelä sellóleikara og Taru Myöhänen-Mäkelä píanóleikara voru í byrjun desember. Tónleikarnir voru í samvinnu við Suomifélagið á Íslandi og Sendiráð Finnlands.

Sagnfræðingafélag Íslands hélt áfram fyrirlestraröð sinni á vor- og haust-

misseri og einnig voru tónleikar á vegum tónleikanefndar Háskóla Íslands. Ýmsar stofnanir innan Háskóla Íslands stóðu fyrir hádegisfyrirlestrum í fundarsal og nokkur félagasamtök og opinberar stofnanir hafa nýtt sér fundaraðstöðu í Norræna húsinu til fyrirlestra, málþinga og opinna funda.

Sendikennarar frá Norðurlöndum hafa skrifstofur sínar í Norræna húsinu og afnot af kennslurými í kjallara. Háskóli Íslands greiðir leigu fyrir húsnæðið.

Stjórn Norræna hússins er skipuð einum fulltrúa frá Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Áheyrnarfulltrúi frá Færeyjum hefur setið á stjórnarfundum Norræna hússins þetta árið en Álandseyjar og Grænland hafa ekki nýtt sér rétt sinn til að senda áheyrnarfulltrúa á fundina.

23.2. Norræna eldfjallastöðin/Norræna eldfjallasetrið (NORDVULK)

Norræna eldfjallastöðin var lögð niður í lok júní s.l. og starfsemin fluttist þá að öllu leyti til Háskóla Íslands. Nýr samningur þess efnis milli Norrænu ráðherranefndarinnar og Háskólans tók jafnframt gildi. Samningurinn, sem gerður var með fulltingi menntamálaráðuneytisins, gildir til ársloka árið 2007 en samkvæmt honum fluttust öll verkefni Norrænu eldfjallastöðvarinnar yfir til nýs Norræns eldfjallaseturs (Nordisk Vulkanologisk Center) innan Háskólans sem stofnað var 1. júlí s.l. Á sama tíma voru gerðar umtalsverðar skipulagsbreytingar á jarðvísindarannsóknum við Háskóla Íslands. Þær voru áður unnar á Raunvísindastofnun Háskólans, innan jarðeðlisfræðistofu og jarð- og landfræðistofu. Þessar stofur og Norræna eldfjallasetrið voru sameinaðar í nýja Jarðvísindastofnun Háskólans þar sem nú starfa um 60 manns. Jarðvísindastofnun Háskólans er sjálfstæð eining innan Raunvísindastofnunar.

Skipulagsbreytingarnar eru hluti af viðamiklum breytingum á skipulagi norræns rannsóknasamstarfs. Samkvæmt þeim skal yfirstjórn norrænna rannsóknastofnana flytjast yfir til þeirra landa þar sem stofnanirnar starfa. Jafnframt verður dregið úr föstum norrænum fjárveitingum til þeirra. Norræna eldfjallastöðin er fyrsta stofnunin sem breytt var á þennan hátt. Framlög af norrænum fjárlögum til starfseminnar er óbreytt 2004 og 2005 en minnkar í áföngum 2006 og 2007. Samkvæmt samningi við Norrænu ráðherranefndina mun framlagið nema um 52 millj. ísl.kr. árið 2007 (á verðlagi ársins 2004), en var 87 millj. ísl.kr. árið 2004. Til að veða á móti þessari lækkun hefur menntamálaráðuneytið aukið fjárveitingar til starfseminnar um 15 millj. ísl. króna á ári frá árinu 2004. Heildarframlag ráðuneytisins til starfseminnar hækkaði þannig úr um 18 millj. ísl.kr. árið 2003 í um 33 millj. ísl.kr. árið 2004. Samanlögð hækkan á framlagi ráðuneytisins til starfseminnar á fyrsta samningstímabilinu um rekstur Norræna eldfjallasetursins, 1. júlí 2004 til ársloka 2007, er svipuð og nemur lækkun fjárveitingar frá Norrænu ráðherranefndinni. Fjárveitingar til rekstursins eru því tryggðar á þessu tímabili.

Við yfirfærslu verkefna Norrænu eldfjallastöðvarinnar til Háskóla Íslands urðu margvíslegar breytingar á rekstrinum sem áður hafði verið að fyrirmynd samnorrænna stofnana. Öllum starfsmönnum Norrænu eldfjallastöðvarinnar var sagt upp en þeim samtímis boðin ný störf við Jarðvísindastofnun Háskól-

ans. Bráðabirgðaákvæði voru sett við lög Háskólans til þess að ekki þyrfti að auglýsa störfín, með það að leiðarljósi að yfirfærslan ylli sem minnstri röskun á högum starfsmanna eldfjallastöðvarinnar og rekstri starfseminnar. Allir starfsmenn voru endurráðnir og vinna flestir sambærileg störf og áður, að undanskildum stjórnunarstörfunum. Skrifstofustjóri Norrænu eldfjallastöðvarinnar var ráðinn sem skrifstofustjóri Jarðvísindastofnunar Háskólans. Starf forstöðumanns Norrænu eldfjallastöðvarinnar var lagt niður, og forstöðumaðurinn ráðinn sem sérfræðingur til Norræna eldfjallasetursins.

Fyrirhugað er að Norræna eldfjallasetrið og Jarðvísindastofnun Háskólans viðhaldi norrænum verkefnum og tengslum í eldfjallafræði á sama hátt og Norræna eldfjallastöðin gerði áður. Í stað stjórnar Norrænu eldfjallastöðvarinnar hefur nú tekið til starfa norræn verkefnanefnd skipuð af einum vísindamanni frá hverju norrænu landanna. Verkefnanefndin hefur ráðgjafarhlutverk, sérstaklega hvað varðar norræna vídd í starfseminni. Verkefnanefndin skipar einn fulltrúa í fimm manna stjórn Jarðvísindastofnunar, en þar sitja að auki þrír starfsmenn stofnunarinnar, og einn alþjóðlegur fulltrúi, vísindamaður sem starfar utan Norðurlanda. Þannig er ætlunin að stjórn Jarðvísindastofnunar hafi norræn og alþjóðleg viðmið.

Mikilvægasti liðurinn í norrænni starfsemi mun enn sem fyrr verða stöður fyrir unga norræna vísindamenn á Norræna eldfjallasetrinu. Fimm slíkar stöður eru veittar á hverju ári til eins árs í senn. Þessar stöður hafa verið einn af hornsteinunum í norrænni eldfjallafræði allt frá stofnun Norrænu eldfjallastöðvarinnar.

Önnur mikilvæg breyting á árinu var að starfsemin flutti í ný húsakynni í Öskju, nýju Náttúrufræðahúsi Háskólans, sem er sérhannað undir starfsemina. Samnýting rannsóknaraðstöðu var höfð að leiðarljósi við hönnun húsnæðisins, þannig að ætla má að aukin eða breytt umsvif í opnu rannsóknarumhverfi verði norrænum eldfjallarannsóknnum til góða.

Rannsóknarhópur Norræna eldfjallasetursins saman stóð í lok ársins af átján manns, þar af eru átta erlendir vísindamenn.

Norræn verkefni og samstarf.

Þrír norrænir styrkþegar fengu framlengingu á sínum stöðum og tveir nýjir byrjuðu á árinu. Annar þeirra sem lauk þjálfun á eldfjallastöðinni hélt til Cambridge í Englandi. Sá starfsmaður hafði unnið að rannsóknnum á jarðskjálftum í Kötlu og m.a. leitt líkum að því að hin mjög staðbundna jarðskjálftavirkni undir Goðabungu sé einkenni á gúl sem sé að myndast. Dæmi um annað verkefni sem hefur fengið umtalsverða athygli eru rannsóknir á fyrirboðum jarðskjálfta. Vísbending er um að efnasamsetning vatns í borholu við Húsavík hafi breyst fyrir jarðskjálfta sem þar varð í september 2002.

Af reyndari vísindamönnum hélt einn til síns heima í Noregi eftir fjögurra ára starf á Norrænu eldfjallastöðinni. Hann hafði unnið að rannsóknnum á jaðargosbeltum Íslands með tilliti til uppruna bergtegunda sem þar koma fyrir. Einn danskur vísindamaður fékk styrk frá Rannís til að vinna að rannsóknnum á jarðskorpuhreyfingum með mælingum úr gervitunglum.

Alþjóðleg verkefni og samstarf.

Eitt af þeim alþjóðlegu verkefnum sem unnin eru á Norræna eldfjallasetrinu er samstarf um rannsóknir á ískjörnum úr Grænlandsjökli, en þar hefur Norræna eldfjallasetrið m.a. tekið þátt í rannsókn á öskulögum og öðrum vísendingum um eldgos sem finna má í ískjörnunum. Á árinu hófst alþjóðlegt verkefni styrkt af ESB, FORESIGHT, sem Norræna eldfjallasetrið tekur þátt í. Í því er fjallað um tengsl ýmiss konar náttúruváar, m.a. jarðskjálfta, eldgosa, skriðufalla og tsunami sjávarflóðbylgja. Þátttakendur eru m.a. rannsóknarhópar frá Frakklandi, Bretlandi, Portúgal, Íslandi og Tyrklandi. Verkefnið er eitt af því fyrsta á Norræna eldfjallasetrinu sem tengist tsunami, en í árslok var ákveðið að huga að eflingu þess háttar rannsókna vegna hörmunganna í Suðaustur-Asíu í desember s.l. vegna hins geysistöra jarðskjálfta og tsunami flóðbylgju sem þá varð.

Íslensk verkefni og samstarf.

Eldgos varð í Grímsvötnum í byrjun nóvember s.l. Þá komu í ljós kostir þess að margir jarðvísindamenn væru á einni stofnun. Norræna eldfjallasetrið tók þátt í vinnu sem beindist að því að segja til um eldgosid í samstarfi við jarðeðlisfræðinga á Jarðvísindastofnun, ásamt Veðurstofu Íslands. Landris á Grímsfjalli var notað til að meta kvikuþrýsting og leiddi í ljós að hann væri vaxandi. Eldgosið á árinu var sérstakt fyrir þær sakir að jökulhlaup hófst fyrir eldgosið og þrýstiléttir var undanfari eldgossins. Rannsóknnum á hegðun jarðskjálfta á Suðurlandi hefur verið haldið áfram. Nákvæmar landmælingar sýna að hægfara hreyfingar eiga sér stað eftir jarðskjálftana vegna útjöfnunar spennu í jarðskorpunni. Hreyfingar eru notaðar til að skilja eðli jarðskorpuar og svörun hennar við jarðskjálftum.

24. Norrænar lánastofnanir

24.1. Norræni fjárfestingarbankinn (NIB)

Afkoma Norræna fjárfestingarbankans var góð fyrstu átta mánuði ársins. Hagnaður bankans á tímabilinu jókst um 11% í samanburði við sama tímabil á fyrra ári og var um 9,68 mia. ISK (111 mio. EUR). Vaxtamunur nam 9,5 mia. ISK (109 mio. EUR) samanborið við 8,9 mia. (102 mio. EUR) fyrir sama tímabil árið 2003. Niðurstöðutala efnahagsreiknings bankans var 1.474 mia. ISK (16,9 mia. EUR) í samanburði við 1.456 mia. ISK (16,7 mia. EUR) við áramótin 2003/2004. Lausafjárstaða var 278 mia. ISK (3.189 mio. EUR) á móti 239 mia. ISK (2.744 mio. EUR) um áramótin. Á tímabilinu fengu eigendur bankans, norrænu löndin fimm, greiddan arð af hagnaði ársins 2003 að fjárhæð 3,6 mia. (41,3 mio. EUR).

Umsamin ný útlán námu 1.031 mio. EUR (1.029) en útborguð lán á tímabilinu námu 779 mio. EUR (910). Heildarútlán bankans 31. ágúst námu 10.472 mio. EUR samanborið við 10.522 mio. EUR um áramótin 2003/2004.

Á tímabilinu voru fyrirframgreiðslur eldri lána frá viðskiptavinum áberandi í rekstri bankans. Þetta á við jafnt um norræn útlán sem lán utan Norðurlanda.

Á tímabilinu gaf bankinn út 13 flokka skuldabréfa í 6 mismunandi myntum alls að fjárhæð sem samsvarar 1.545 mio. EUR (2.759). Að teknu tilliti til framlenginga á eldri skuldabréfaflokkum að fjárhæð 630 mio. EUR, nam ný fjármögnun bankans 2.175 mio. EUR. Á vormánuðum gaf bankinn í þriðja sinn út flokk alþjóðlegra skuldabréfa (global bonds) til fimm ára að fjárhæð 1 mia. USD.

Útlána- og eignasafn bankans er áfram í hæsta gæðaflokki. Bakfærslur vegna fyrri framlaga á sértækan afskriftarreikning til að mæta útlánatöpum voru hærri en ný framlög og voru nettóáhrif á afkomu bankans jákvæð um 3,3 mio. EUR.

Gert er ráð fyrir að afkomuþróun bankans á síðari hluta ársins verði jákvæð og að arðsemi eiginfjár verði svipuð og á fyrstu átta mánuðunum. Hagnaður bankans árið 2003 var 151 mio. EUR og má ætla að hann verði nálægt 170 mio. EUR eða 14,9 mia. ISK árið 2004.

Ný aðildarlönd.

Eystrasaltsríkin Þrjú, Eistland, Lettland og Litháen, gerðust aðilar að bankanum í upphafi árs 2005. Í febrúar s.l. undirrituðu fulltrúar ríkisstjórna Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna nýjan samning um NIB. Samningurinn, sem aðildarlöndin átta hafa nú staðfest, felur í sér að frá ársbyrjun 2005 verða Eistland, Lettland og Litháen aðilar að NIB á sömu forsendum og núverandi eigendur bankans, þ.e. Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð. Með nýja samningnum taka jafnframt gildi nýjar samþykktir fyrir bankann.

Útlán innan Norðurlanda.

Stærstur hluti útlána innan Norðurlanda var til orkumála. Bankinn fjármagnaði m.a. fjárfestingar í vatnsaflsvirkjun og jarðvarmavirkjunum á Íslandi, umhverfisvænu orkuveri í Austurríki, sem og umhverfisvænni orkuframleiðslu í Noregi og Svíþjóð. Í Finnlandi og Danmörku fjármagnaði bankinn uppbyggingu flutningsnets raforku.

Útlán utan Norðurlanda.

Alþjóðalán bankans voru sem fyrir einkum veitt til fjármögnunar innviðaframkvæmda, fyrst og fremst innan raforkugeirans og til samgangna og fjarskipta. Meðal annars fjármagnaði NIB uppbyggingu GSM-fjarskiptanets í Túnis og eflingu raforkuflutningskerfis í Rúmeníu.

Útlánarammi bankans fyrir útflutningsverkefni (PIL) var aukinn úr 3.300 mio. EUR í 4.000 mio. EUR þann 1. júlí s.l. Á sama tíma tóku gildi nýjar reglur um PIL ábyrgðir eigenda. Hækkun útlánarammans hefur í för með sér aukna möguleika fyrir bankann á fjármögnun verkefna utan aðildarlandanna.

Umhverfislán.

Fjármögnun umhverfisverkefna er einn af hornsteinunum í lánastarfsemi

bankans. Á tímabilinu samþykkti bankinn níu ný umhverfislán að fjárhæð 145 mio. EUR. Af útborguðum lánum á tímabilinu voru umhverfislán nálægt 15%. Meðal verkefna má nefna fjárfestingar í vatnsfráveitu og uppsetningu mengunarbúnaðar í sænskri pappírsverksmiðju og fráveitukerfi Reykjavíkurborgar.

Innan ramma hins svokallaða Ladogaverkefnis voru samþykkt lán til fjárfestingar m.a. til fyrirtækja í pappírsiðnaði. Ladogaverkefnið er umhverfislánaverkefni sem miðar að fjármögnun verkefna á svæðinu kringum vötnin Ladoga og Onega í Rússlandi. Þeir sem njóta fjármögnunar eru fyrst og fremst einkafyrirtæki innan pappírs-, hrávöru- og málmiðnaðar. NIB hrinti verkefninu af stað í lok árs 2003 innan ramma Northern Dimension Partnership (NDEP). Í júlí s.l. tók NIB á ný við formennsku í stjórn NDEP. NDEP miðar að því að samhæfa og efla fjármögnun mikilvægra umhverfisverkefna í Norðvestur-Rússlandi. NDEP hefur sett á fót fjárfestingaáætlun sem nemur nálægt 2 miljörðum EUR. Verkefni sem að umfangi nema nær hálfri þessari fjárhæð eru nú þegar komin í gang.

NIB á Íslandi.

Útistandandi lán til íslenskra lántaka námu ríflega 642 mio. EUR í lok ársins. Þetta samsvarar um 8% af heildarlánveitingum bankans til lántaka á Norðurlöndum.

Útborguð ný lán til verkefna á Íslandi á árinu námu rúmlega 20,2 mia. ISK (232 mio. EUR) en um 7,7 mia. (89 mio. EUR) árið 2003. Fjárhæð útborgaðra lána til Íslands á árinu er sú langhæsta í sögu bankans. Samþykkt voru ný lán til 9 nýrra verkefna að fjárhæð 23,3 mia. ISK (267 mio. EUR). Verkefnin voru fjölbreytt en þó voru verkefni á sviði orkuöflunar áberandi. Veitt var lán að upphæð 6,1 mia. ISK (70 mio. EUR) til Landsvirkjunar vegna byggingar virkjunar við Kárahnjúka og lán að upphæð 6,1 mia. ISK (70 mio. EUR) til Orkuveitu Reykjavíkur vegna uppbyggingar á jarðvarmavirkjun á Hellisheiði. Til uppbyggingar á jarðvarmavirkjun á Reykjanesi var Hitaveitu Suðurnesja hf. veitt lán að fjárhæð 3,5 mia. (40 mio. EUR). Af þessu má sjá að bankinn er áfram afar mikilvægur þátttakandi í fjármögnun orkuframkvæmda á Íslandi og hlutdeild hans í fjármögnun jarðvarmavirkjananna er t.a.m. um 50%. Með fjármögnun verkefna af þessu tagi er bankinn virkur bakhjarl verkefna sem stuðla að áframhaldandi jákvæðri efnahagsþróun hér á landi.

Á árinu var greitt út 2,1 milljarðs lán (24 mio. EUR) til Reykjavíkurborgar vegna fjármögnunar á viðamiklu verkefni sem miðar að hreinsun strandlengjunnar og eflingu fráveitukerfis borgarinnar. Lán til einkafyrirtækja voru einnig áberandi á árinu, var 2,1 milljarðs lán veitt til Actavis Group hf. til fjármögnunar á nýju rannsóknarhúsi í Hafnarfirði og 1,2 milljarðs lán (14 mio. EUR) til Eimskips ehf. til fjármögnunar kaupa á FAROE skip í Færeyjum.

Auk útlána hefur bankinn verið virkur þátttakandi í samstarfi við íslenska aðila við undirbúning og ákvörðunartöku um fjárfestingarverkefni á ýmsum sviðum. Sem fyrr hefur áhersla verið lögð á umhverfismál í starfsemi bankans. Má nefna að í sambandi við ákvörðun um lánveitingar til verkefna á sviði orkumála var farið í viðamikla vinnu af hálfu bankans við mat á umhverfis-

áhrifum af þeirra völdum og nauðsynlegum mótaðgerðum í tengslum við umhverfisröskun. Leitað var eftir sjónarmiðum sem flestra sem höfðu hagsmuna að gæta í þessum efnum. Í samstarfi við íslenska banka hefur verið lögð áhersla á umhverfisstefnu NIB með kynningu á henni samhliða því sem bankarnir hafa tekið umhverfismál á dagskrá í tengslum við sínar eigin lánveitingar.

Lykiltölur NIB

<i>(í milljónum evra)</i>	<i>1–8/2004</i>	<i>1–8/2003</i>	<i>1–12/2003</i>
Hreinar vaxtatekjur	109	102	155
Hagnaður	111	100	151
Útborguð lán	779	910	1.841
Samningsbundin lán	1.031	1.029	1.859
Tekin lán (ný)	1.545	2.759	3.258
Hagnaður / eigið fé (%)	9,9	9,5	9,5
	31/8 2004	31/8 2003	31/12 2003
Útistandandi lán	10.472	10.323	10.522
Niðurstaða efnahagsreiknings	16.908	17.303	16.666
Handbært fé	3.189	3.802	2.744
Fjöldi starfsmanna	152	147	147

14/10 2004: 1.00 EUR = 87,2 ISK

24.2. Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)

Megintilgangur Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins (NEFCO) skv. stofnsamningi er að stuðla að umhverfisbótum svo sem bættum mengunarvörnum í löndum Mið- og Austur-Evrópu. Núverandi stofnfé félagsins er 98 millj. ekna. NEFCO tekur þátt í verkefnum með því að leggja fram fjármagn í formi hlutafjár eða lána til fyrirtækja. Þátttaka NEFCO er ákveðin á grundvelli mats á umhverfisáhrifum verkefna og efnahagslegra forsendna þeirra. Almenn skilyrði fyrir þátttöku NEFCO í umhverfisverkefnum er að fyrirtæki eða einstaklingar í því landi þar sem verkefnið er unnið og frá einu norrænu landanna eigi aðild að verkefninu og leggi til þess fjármagn. Hlutdeild NEFCO nemur að jafnaði ekki meira en 25% af heildarhlutafé eða stofnkostnaði. Í lok ársins var NEFCO þátttakandi í 61 verkefni sem var í gangi, með fjármögnun í formi hlutafjár og lána að upphæð 92 millj. ekna, en áætluð heildarfjárfesting í þessum verkefnum er um 840 millj. ekna.

Verkefnin skiptast þannig eftir löndum: Pólland 7, Slóvakía 2, Eistland 12, Lettland 16, Litháen 8, Úkraína 1 og Rússland 15. Aðild norrænna fyrirtækja skiptist þannig eftir löndum: Ísland 2, Danmörk 14, Finnland 13, Noregur 14

og Svíþjóð 18. Verkefnið með íslenskri aðild eru á sviði jarðhitanýtingar í Slóvakíu og fiskvinnslu í Rússlandi. Annars vegar er um að ræða ráðgjafar-fyrirtæki á því sviði, Slovegeoterm, þar sem íslenska fyrirtækið Virkir-Orkint er eignaraðili, hins vegar orkuveitu á sviði jarðhita, Galantaterm, þar sem Orkuveita Reykjavíkur er meðeigandi auk Slovegeoterm.

Norræni umhverfisþróunarsjóðurinn (NMF).

Með hliðsjón af því, að allmörg viðfangsefni sem við blasa, einkum austast í Austur-Evrópu, verða ekki leyst við óbreyttar aðstæður með markaðslausnum, var ákveðið að stofna styrktarsjóð við NEFCO árið 1995 og starfrækja hann næstu þrjú árin til reynslu. Árið 1998 var ákveðið að halda starfsemi sjóðsins áfram næstu fimm árin með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hafði af starfsemi sjóðsins. Tilgangur sjóðsins var að styrkja verkefni til umhverfisbóta á sömu landsvæðum og hefðbundin starfsemi NEFCO, en fyrst og fremst verkefni sem ekki hafa sömu fjárhagslegar forsendur og NEFCO gerir kröfu til. Á árinu var fjallað ítarlega um framtíð sjóðsins, m.a. með hliðsjón af stækkun ESB. Ákveðið var að hætta starfsemi sjóðsins í Eystrasaltsríkjunum og einbeita kröftum að verkefnum í Norðvestur-Rússlandi, Hvíta-Rússlandi og Úkraínu. Var ákveðið að ríkin greiddu í sjóðinn á árunum 2005 – 2007 um 50% af framlögum eins og þau voru 1998 til 2003. Þátttaka sjóðsins í verkefnum er annars vegar í formi styrkja en hins vegar í formi lána á hagstæðum kjörum. Stjórn NEFCO, sem er einnig stjórn Norræna umhverfisþróunarsjóðsins, hafði í árslok samþykkt að taka þátt í 43 verkefnum, sem skiptast þannig eftir löndum: Eistland 2, Lettland 7, Litháen 2, Pólland 0 og Rússland 32.

24.3. Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef)

Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (Nopef) hefur það að markmiði að efla alþjóðlega samkeppnishæfni norrænna fyrirtækja og stuðla að þátttöku þeirra í verkefnum á alþjóðavettvangi. Sjóðurinn sinnir hlutverki sínu með því að styðja við útflutning fyrirtækja á skilgreindum verkefnum og með stuðningi við fyrirtæki sem vilja koma á fót starfsemi erlendis. Þau verkefni sem sjóðurinn kemur að verða að liggja utan EFTA- og ESB-landanna.

Stuðningur sjóðsins felst m.a. í að kosta að hluta for- og hagkvæmniathuganir, gerð viðskiptaáætlana, lögfræðiaðstoð, samningagerð m.m. Lán til alþjóðavæðingar geta numið allt að 40% af viðurkenndum kostnaði og er hægt að fara fram á að láninu verði breytt í styrk liggja fyrir skýrsla um árangur verkefnisins og samþykkt kostnaðaruppgjör. Lán vegna verkefnaútflutnings eru 40% af samþykktum kostnaði og greiðast til baka verði af sölu verkefnisins og lánin eru vaxtalaus. Misheppnist verkefnið er hægt að sækja um niðurfellingu á láninu og breytist það þá í styrk.

Sjóðurinn leggur áherslu á samstarfsverkefni norrænna og baltneskra fyrirtækja sem stuðla að alþjóðavæðingu í Eystrasaltsríkjunum: Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Þessi lönd hafa nú gengið í ESB og hefur Norræna ráðherranefndin tekið ákvörðun um að Nopef geti starfað þar næstu þrjú árin með því að draga hægt og bítandi úr starfsemi sinni og hætta henni alfarið að þeim tíma liðnum.

Núverandi samningur Nopef og ráðherranefndarinnar rann út í lok ársins. Gengið hefur verið frá nýjum samningi til næstu þriggja ára.

Helstu forsendur fyrir stuðningi Nopefs eru:

- að verkefnið sé vel skilgreint og byggt á viðskiptalegum grunni,
- að verkefnið tengist löndum utan ESB og EFTA,
- að norrænir hagsmunir liggi að baki verkefninu,
- að raunhæf fjárhagsáætlun vegna verkefnisins liggi fyrir.

Stjórn sjóðsins er skipuð fimm fulltrúum, einum frá hverju norrænu landanna. Nopef er systurstofnun Norræna fjárfestingarbankans (NIB), Norræna þróunarsjóðsins (NDF) og Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins (NEFCO). Þessar stofnanir eru allar með aðsetur í Helsinki í Finnlandi. Upplýsingar um starfsemi sjóðsins er að finna á vefsíðu hans, www.nopef.com.

Stjórnin hélt fimm fundi á árinu. Á milli stjórnarfunda voru ellefu verkefnafundir á árinu. Þar taka starfsmenn, framkvæmdastjóri og formaður stjórnar fyrir þær umsóknir sem borist hafa og afgreiða þær í samræmi við þær heimildir sem sjóðsstjórnin hefur samþykkt. Niðurstaðan er síðan formlega staðfest af stjórn Nopef á næsta stjórnarfundum á eftir. Þessi vinnuregla á að bæta þjónustu sjóðsins við viðskiptavinina og stytta tímann frá því að umsókn berst þar til svar liggur fyrir. Formennska í stjórn Nopef á árinu var í höndum fulltrúa Íslands í stjórninni.

Verkefni.

Nopef bárust 215 umsóknir á árinu en þær voru 257 árið 2003. Samþykktar umsóknir voru samtals 132 (181 árið 2003).

Ekki var gert sérstakt átak á árinu af hálfu starfsmanna sjóðsins í því að koma Nopef á framfæri við íslensk fyrirtæki. Í janúar 2005 verður hins vegar kynning á sjóðnum, samhliða kynningu á öðrum norrænum sjóðum, bæði í Reykjavík og á Akureyri.

24.4. Norræni þróunarsjóðurinn (NDF)

Norræni þróunarsjóðurinn er í eigu landanna fimm, Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Sjóðurinn hefur aðsetur við hlið Norræna fjárfestingarbankans (NIB) í Helsinki og nýtur að mörgu leyti samrekstrar með honum og öðrum norrænum stofnunum í borginni.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnahagslegar og félagslegar framfarir í fátækustu þróunarríkjunum í samvinnu við aðrar lánastofnanir. Lánakjörin eru með þeim bestu sem þekkjast: lán eru til 40 ára, afborganalaus fyrstu 10 árin, vaxtalaus, en bera 0,75% þjónustugjald á ári fyrir þann hluta láns, sem er útgreiddur, og 0,5% staðfestingargjald fyrir þann hluta láns, sem ekki hefur verið greiddur. Lánin eru jafnan veitt til ríkissjóða viðkomandi landa, en til afmarkaðra verkefna í samstarfi við aðrar alþjóðlegar lánastofnanir. Helstu samstarfsaðilar NDF eru Alþjóðabankinn í Washington, þróunarbankarnir í Ameríku (IADB), Asíu (AsDB) og Afríku (AfDB), auk tvíhliða þróunarstofnana á Norðurlöndum, þ.á m. Þróunarsamvinnustofnun Íslands (PSSÍ).

Stofnfé sjóðsins, sem greiðist samkvæmt norræna deililyklinum, er 515 milljónir SDR og 330 milljónir EUR, eða alls um 930 milljónir EUR (um 76 milljarðar ísl.kr.). NDF tók upp evruna (EUR) sem mynteingu 1. janúar 2001. Á árinu undirritaði NDF 13 lánasamninga að fjárhæð 101 milljón EUR (um 8,3 milljarðar ísl.kr.). Frá stofnun hefur sjóðurinn þar með veitt lán að fjárhæð 912 milljónir EUR (um 74 milljarðar ísl.kr.) til 183 verkefna í 33 þróunarlöndum. Um 50% lánsfjárins hefur farið til landa í Afríku, 33% til Asíu og 17% til Rómönsku Ameríku.

Alþjóðastofnanir flokka þróunarlöndin eftir vergri þjóðarframleiðslu á íbúa og er yfirleitt miðað við Bandaríkjadali (USD) á ári. Um 43% lána NDF hafa farið til fátækustu landanna (LLDC, <380 USD/ári), 41% til lágtekjulanda (LIC, <760 USD/ári), og 16% til lægri meðaltekjulanda (LMC, 761 – 3030 USD/ári). Þjóðarhagur hefur sem betur fer batnað í allmörgum lántökulöndum NDF frá fyrstu árum sjóðsins og hafa þau ekki lengur möguleika á að taka lán hjá sjóðnum. Árið 2001 samþykkti stjórn sjóðsins að takmarka lán næstu árin við um 20 samstarfslönd. Áður var miðað við um 30 samstarfslönd. Stjórn sjóðsins veitti í fyrsta sinn á árinu lán til þriggja nýrra landa, Kambódíu, Kenýa og Rúanda.

Stærstu lántakendur sjóðsins eru Mósambík, Senegal, Úganda, Ghana, Malaví, Laos, Nepal, Bólivía og Níkaragúa. NDF tekur fullan þátt í að létta lánabyrðir skuldsettustu lántökulanda sinna í samræmi við ramma og reglur sem alþjóðlegar lánastofnanir setja til aðstoðar fátækustu ríkjum heims. Sjóðurinn hefur þegar tekið á sig slíkar skuldbindingar vegna Bólivíu, Eþíópíu, Ghana, Malaví, Mósambík, Níkaragúa, Senegal, Tansaníu og Úganda. Heildarkostnaður sjóðsins vegna skuldbindinganna er áætlaður 26 milljónir EUR (um 2,1 milljarðar króna).

Norræna ráðherranefndin breytti samþykktum NDF árið 2001 þannig að nú getur sjóðurinn veitt áhættulán til einkafyrirtækja í lántökulöndum án ríkisábyrgðar. Slík lán skulu þó aðeins vera lítill hluti heildarlána sjóðsins á hverju ári. Áhættulánin eru veitt á þrenna vegu: (a) beint til fjárfestingarverkefna; (b) með lánaramma í samstarfi við þróunarbanka; (c) með eignaraðild að áhættulánasjóðum í viðkomandi löndum. Þessi lán munu væntanlega auka möguleika íslenskra útrásarfyrirtækja á samstarfi við fyrirtæki í þróunarlöndunum. NDF starfar með norrænu áhættulánasjóðunum, þeirra á meðal Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, en einnig með áhættulánasjóðum alþjóðlegu þróunarbankanna. NDF hefur jafnframt eignaraðild að áhættulánasjóðum í Afríku (African Infrastructure Fund, Aureos West Africa Fund og Aureos Southern Africa Fund), í Asíu (Mekong Enterprise Fund, sem starfar í Víetnam, Laos og Kambódíu), og í Mið-Ameríku (Central American Small Enterprise Investment Fund).

Frá stofnun sjóðsins hafa sjö lán verið undirrituð þar sem íslensk fyrirtæki eiga beinna hagsmuna að gæta. Þeirra á meðal eru fimm fiskveiðiverkefni (í Malaví, Mósambík, Namibíu, Grænhöfðaeyjum og Úganda). Fiskveiðiverkefni á Grænhöfðaeyjum, í Malaví og Mósambík voru í samvinnu við PSSÍ. Heildarlán til verkefna með beinum íslenskum hagsmunum eru u.þ.b. 17

milljónir SDR (tæpir 2 milljarðar ísl.kr.). Íslensk fyrirtæki hafa gert samninga sem nema um 1,1% af heildarfjárhæð samninga við norræn fyrirtæki sem sjóðurinn hefur fjármagnað frá stofnun. Hlutdeild Íslands í fjármögnun sjóðsins er 1,1%. Auk þess hefur sjóðurinn í nokkrum tilvikum keypt íslenska sérfræðiþjónustu til að undirbúa verkefni og annast eftirlit.

Á árinu var gerð viðamikil úttekt á starfsemi NDF að frumkvæði Norrænu ráðherranefndarinnar og eru niðurstöður hennar hafðar til hliðsjónar þegar ákveðið verður hvort stofnfé sjóðsins verður aukið á árinu 2005. Slík úttekt er gerð á fimm ára fresti. Fulltrúar utanríkisráðuneyta norrænu landanna vinna nú að gerð sameiginlegrar skýrslu sem mun lýsa helstu stefnumiðum NDF næstu fimm árin og innihalda sameiginlega tillögu ráðuneytanna um stærð endurfjármögnunarinnar. Skýrslan mun liggja til grundvallar fyrir ákvörðun samstarfsráðherra Norðurlanda um endurfjármögnun sjóðsins. Í stjórn NDF sitja fulltrúar landanna fimm. Starfsmenn sjóðsins eru 16, þ.á m. einn Íslendingur.

24.5. Lánasjóður Vestur-Norðurlanda

Útlán.

Lánasjóður Vestur-Norðurlanda hefur á árinu greitt út þrettán lán, fimm til Færeyja og átta til Grænlands, samtals að upphæð 36,7 MDKK.

Rekstur.

Samkvæmt ársreikningum var eigið fé sjóðsins um áramót 2003/2004 119,7 MDKK og á sama tíma námu útlán samtals 97,2 MDKK.

Breytingar á samþykktum er tóku gildi um áramótin 1997/98 kveða á um að Lánasjóður Vestur-Norðurlanda skuli af hagnaðinum styrkja Norrænu Atlantsnefndina (NORA) um allt að 1,5 MDKK á ári.

Í ársreikningum fyrir árið 2003 er hagnaðurinn 36.617 DKK, sem var styrkur sjóðsins til NORA árið 2004.

Stjórn.

Stjórn Lánasjóðs Vestur-Norðurlanda skipa sjö menn, einn frá hverju aðildarlandi, og hefur hver þeirra einn varamann. Stjórnarmaður og varamaður hvers aðildarlands eru skipaðir af ríkisstjórn þess.

Nánari upplýsingar má finna á slóð: www.vestnorden.is.

II. MEGINÞÆTTIR NORRÆNU FJÁRLAGANNA 2005

Fjárhagsrammi fjárlaganna fyrir árið 2005 er óbreyttur frá síðasta ári eða 825,893 millj. d.kr. að teknu tilliti til verðlagsþróunar og gjaldeyrisbreytinga. Á greiðslugrunni eru fjárlögin 815,593 millj. d.kr., sem er 10 millj. d.kr. lægri en fjárhagsramminn. Ráðherranefndin á þannig kröfu á hendur löndunum sem þeirri upphæð nemur. Ráðherranefndin innheimtir ekki þessa upphæð frá löndunum.

Í þeim áherslum sem koma fram í fjárlögunum er tekið mið af tilmælum Norðurlandaráðs, áherslum í „Nýrri norrænni dagskrá“, ásamt þeirri forgangsröðun sem formennskuáætlanir landanna hafa í för með sér.


Fjárlagaliðurinn, Ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar (strategiske initiativer) ásamt fjármagni til breytingar á forgangsröðun er áfram á fjárlögum fyrir 2005 og nemur 10,200 þús. d.kr. Ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar er einkum hugsað til einstakra aðgerða fremur en langtímaverkefna. Ef veitt er fé af þessum lið til langtímaverkefna skal í upphafi fjallað um hvernig staðið skuli að framtíðarfjármögnun.

Við gerð fjárlaga fyrir árið 2003 var í fyrsta sinn farið að ákvörðun samstarfsráðherranna um nýtt fjárlagaferli sem tekin var á árinu 2002. Nýja fjárlagaferlið felur í sér skýrari fyrirmæli um fjárlagagerð, hverju fagsviði eru settir fjárhagsrammar, gert er ráð fyrir aukinni þátttöku af hendi fagsviðanna, sem og nánara samráði við Norðurlandaráð um fjárlagagerðina. Miðað við fyrri fjárlagagerð er að nokkru leyti um að ræða breytingar í uppsetningu og útliti skjalsins. Fjárlög fyrir 2005 eru unnin samkvæmt ákvörðun um nýja tilhögun við fjárlagaferli.

Í fjárlögunum eru sérstök yfirlit yfir fagsviðin, jafnréttismál í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar, samstarf við frjáls félagasamtök, starf að mállefnum barna og unglinga, starf ráðherranefndarinnar að mállefnum grannsvæðanna í heild sinni og yfir fjárveitingar til upplýsingamiðlunar um norrænt samstarf. Þetta er gert vegna þeirrar athygli sem beinst hefur að þessum sviðum sökum þverfaglegs eðlis þeirra. Rannsóknaráætlanir binda þó nokkuð fjármagn í fjárlögunum og því er einnig yfirlit yfir áætlaða þróun þeirra.

Þróun óráðstafaðs fjármagns á tímabilinu 2000 – 2003

Óráðstafað fjármagn við árslok



Óráðstafað fjármagn við árslok 1999, 2000, 2001, 2002 og 2003

Fagsvið (þús. d.kr.)	1999	2000	2001	Breyting 2000 – 2001	2002	Breyting 2001 – 2002	2003	Breyting 2002 – 2003
Menningarsamstarf (NMR)	9.322	7.689	1.649	-6.040	2.200	551	2.615	-415
Norræni menningarsjóðurinn	2.760	5.599	2.148	-3.451	-	-2.148	-	0
Menntun og rannsóknir	12.601	2.920	1.437	-1.483	2.411	974	1.218	-1.194
Ráðherranefnd um upplýsingatækni		1.020	89	-931	32	-57	69	36
Grannsvæðin	4.417	2.900	2.396	-504	2.218	-178	2.653	435
Orkumál	202	610	107	-503	-1.760	-1.867	1.239	2.999
Umhverfismál	2.874	559	1.051	492	347	-704	663	316
Efnahagsmál	472	36	170	134	146	-24	297	151
Bygðamál	5.613	2.035	2.283	248	790	-1.493	3	-787
Samgöngumál	166	206	42	-164	15	-27	1	-14
Landbúnaður og skógrækt	3.151	164	346	182	123	-223	166	43
Sjávarútvegs­mál	102	41	116	75	184	68	3	-181
Vinnumarkaður og -umhverfi	1.365	1.432	760	-672	242	-518	311	70
Félags- og heilbrigðismál	541	447	310	-137	463	153	448	-15
Jafnréttismál	37	284	806	522	72	-734	17	-55
Samstarf í vímuefnamálum	403	46	157	111	610	453	85	-525
Aðgerðir í velferðarmálum	2.075	718	582	-136	582	0	582	0
Atvinnumál	732	152	475	323	68	-407	38	-30
Byggingar- og húsnæðismál	0	282	24	-258	0	-24	59	59
Neytendamál	1.131	868	851	-17	1.569	718	229	-1.340
Matvæli	0	478	317	-161	20	-297	12	-8
Löggjafarmál	757	851	164	-687	308	144	360	52
Önnur samnorræn starfsemi	4.989	2.109	2.931	822	1.133	-1.798	2.756	1.623
SAMTALS	53.710	31.446	19.211	-12.235	11.774	-7.437	13.824	2.050

Óráðstafað fjármagn er skilgreint sem fjármagn sem ekki hefur verið ákveðið að verja á tiltekinn hátt. Óráðstafað fjármagn kemur einungis fram á fjárlagaliðum sem varða verkefni og styrki. Verkefni og styrkir eru samtals um það bil 57% af fjárlögum ráðherranefndarinnar.

Við ákvörðun fjárveitinga til hinna einstöku fjárlagaliða er horft til óráðstafaðs fjármagns frá síðasta þekkta bókhaldsári og byggt á reynslu fyrri ára varðandi þann fjárlagalið sem um ræðir. Þetta er í samræmi við ákvörðun ráðherranefndarinnar um að draga úr óráðstöfuðu fjármagni. Frá árinu 2003 hefur sú regla verið í gildi að ekki nema 5% af því fjármagni sem ætlað er til verkefna og styrkja megi yfirfæra óráðstafað á milli fjárlagaára. Miðað við fjárlagaárið 2005 er um 41 millj. d.kr. að ræða.

Á árunum 2001 – 2002 lækkaði óráðstafað fjármagn ráðherranefndarinnar um 7,5 millj. d.kr. eða um það bil 38%. Á tímabilinu 2002 – 2003 hækkaði óráðstafað fé um 8%. Að öðru leyti hefur óráðstafað fé lækkað undanfarin ár. Miðað við heildarfjárlagaramma nemur óráðstafað fjármagn 1,6% sem er vel undir markmiði ráðherranefndarinnar um 5%.

Yfirlit yfir alla fjárlagaliði
Menningarmál

	Fjárlög 2005	Fjárlög 2004	Mismunur +/-	%
Menningarmál	160.537	157.473	3.064	1,9%
<i>Almennt framlag til menningarmála</i>	35.212	36.222	-1.010	-2,8%
1-2203-1 Framlag til sérstakra menningarmála	5.114	6.714	-1.600	-23,8%
1-2205-2 Norræni menningarsjóðurinn	30.098	29.508	590	2,0%
<i>Börn og unglingar</i>	13.694	13.426	268	2,0%
<i>Verkefni og almennir styrkir</i>	13.694	13.426	268	2,0%
1-2210-1 Norrænt íþróttasamstarf	1.271	1.246	25	2,0%
1-2212-1 Norræna æskulýðsnefndin	6.294	6.171	123	2,0%
1-2214-1 Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglíngamenningu	6.129	6.009	120	2,0%
<i>Kvikmyndir og fjölmiðlar</i>	32.780	32.154	626	1,9%
<i>Verkefni og almennir styrkir</i>	27.137	26.605	532	2,0%
1-2220-1 Stjórnarnefndin um menningar- og fjölmiðlasamstarf	5.655	5.544	111	2,0%
1-2222-2 Norræni kvikmynda- og sjónvarpsjóðurinn	21.482	21.061	421	2,0%
<i>Stofnanir</i>	5.643	5.549	94	1,7%
1-2228-3 Gagnamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM)	2.237	2.200	37	1,7%
1-2229-3 Norræni blaðamannaháskólinn (NJC)	3.406	3.349	57	1,7%
<i>Listasvið</i>	35.895	35.315	580	1,6%
<i>Verkefni og almennir styrkir</i>	19.231	18.854	377	2,0%
1-2230-1 Norræna bókmennta- og bókasafnsnefndin (NORDBOK)	7.838	7.684	154	2,0%
1-2238-2 Sleipnir	2.760	2.706	54	2,0%
1-2239-1 Norræna safnanefndin (Museikommittén)	1.227	1.203	24	2,0%
1-2246-4 Norræna listamannaheimilið í Róm	856	839	17	2,0%
1-2256-1 Norræna tónlistarnefndin (NOMUS)	6.550	6.422	128	2,0%
<i>Stofnanir</i>	16.664	16.461	203	1,2%
1-2255-3 Norræna sviðslistanefndin (NordScen)	7.205	7.085	120	1,7%
1-2257-3 Norræna listamannamiðstöðin (Dalsåsen)	1.535	1.603	-68	-4,2%
1-2258-3 Norræna stofnunin um samtímalist (NIFCA)	7.924	7.773	151	1,9%
<i>Norræn menningarhús (stofnanir)</i>	31.870	29.488	2.382	8,1%
1-2270-3 Norræna húsið í Reykjavík	7.484	6.746	738	10,9%
1-2272-3 Norðurlandahúsið í Færeyjum	10.958	10.135	823	8,1%
1-2274-3 Norræna stofnunin á Álandseyjum	2.084	1.854	230	12,4%
1-2277-3 Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)	4.949	4.481	468	10,4%
1-2279-1 Viðhald menningarhúsa	1.047	1.026	21	2,0%
1-2548-3 Norræna stofnunin í Finnlandi (NIFIN)	5.348	5.246	102	2,0%
<i>Annað menningarsamstarf</i>	11.086	10.868	218	2,0%
<i>Verkefni og almennir styrkir</i>	11.086	10.868	218	2,0%
1-2234-4 Samískt samstarf	4.211	4.128	83	2,0%
1-2296-1 Norræn menningarverkefni erlendis	6.875	6.740	135	2,0%

Menntun, rannsóknir og upplýsingatækni	Fjárlög 2005	Fjárlög 2004	Mismunur +/- %	
Menntun, rannsóknir og upplýsingatækni	203.351	201.977	1.374	0,7%
Menntun og rannsóknir	202.258	200.905	1.353	0,7%
<i>Almenn mennta- og rannsóknarstarfsemi</i>	4.034	1.793	2.241	125,0%
2-2505-1 Ráðstöfunarfé – menntun og rannsóknir	4.034	1.793	2.241	125,0%
<i>Stefnumörkun o.fl.</i>	20.648	13.395	7.253	54,1%
2-2510-1 Norrænt skólasamstarf (NSS)	2.564	3.142	-578	-18,4%
2-2520-1 Stjórnarnefnd um fullorðinsfræðslu (SVL)	1.823	2.234	-411	-18,4%
2-2530-1 Stjórnarnefndin um æðri menntun - HÖGUT	2.159	2.646	-487	-18,4%
2-2540-1 Norræn málnefnd	0	0	0	-
2-2544-1 Norræna málráðið	2.069	2.028	41	2,0%
2-2550-1 Stefnumótunarhópur ráðherranefndarinnar (MR-U) um upplýsingatækni	563	552	11	2,0%
2-3110-1 Norræna vísindastefnuráðið (FPR)	1.544	1.892	-348	-18,4%
2-3127-1 Stefnumörkun á sviði fullorðinsfræðslu	6.437	0	6.437	-
2-3129-1 Norrænar vísindaupplýsingar	2.550	0	2.550	-
2-3140-1 Norræna lífsiðfræðinefndin	939	901	38	4,2%
<i>Ferðastyrkir og tengslanet</i>	107.665	107.810	-145	-0,1%
2-2512-2 Nordplus junior	20.309	19.911	398	2,0%
2-2514-2 Nemendaskipti á Vestur-Norðurlöndum	0	0	0	-
2-2516-2 Nordplus-mini	0	0	0	-
2-2522-2 Nordplus Voksen	9.069	8.891	178	2,0%
2-2532-2 Nordplus (Æðri menntun)	32.769	32.126	643	2,0%
2-2534-4 Framlag til Norræna sumarháskólans (NSU)	1.151	1.128	23	2,0%
2-2542-1 Norræn námskeið í tungumálum og bókmenntum (NORDKURS)	0	0	0	-
2-2543-1 Nordplus sprog	8.978	8.802	176	2,0%
<i>Stofnun</i>	35.389	36.952	-1.563	-4,2%
2-3115-3 Norræn stofnun um vísindamenntun (NorFA)	35.389	36.952	-1.563	-4,2%
<i>Rannsóknir: Verkefni og áætlanir</i>	34.796	30.126	4.670	15,5%
2-3111-1 Norræn öndvegissetur, hnattrænar breytingar	5.277	3.174	2.103	66,3%
2-3128-1 Norrænt rannsóknarsamstarf	8.178	0	8.178	-
2-3130-1 Norræna Norðurskautsrannsóknaráætlunin	0	0	0	-
2-3131-1 Norræn vísindaáætlun um kyn og ofbeldi	0	3.861	-3.861	-
2-3132-1 Norræn rannsóknaráætlun um tungutækni	0	5.157	-5.157	-
2-3133-1 Norrænt rannsóknarverkefni um faraldsfræði	3.171	3.109	62	2,0%
2-3136-2 Rannsóknaráætlunin NORDUnet3	3.566	0	3.566	-
2-3138-1 Norræn áætlun um rannsóknarskóla	2.534	2.484	50	2,0%
2-3139-1 Öndvegissetur, læknisfræði	3.051	2.991	60	2,0%
2-3184-3 Norræna eldfjallastöðin (NORDVULK)	7.975	7.819	156	2,0%
2-2545-2 Kennsla um Norðurlönd erlendis ¹⁾	1.044	1.024	20	-26,5%
2-2554-1 Þróunarverkefnið NORDUnet2	0	507	-507	-
<i>Stofnanir</i>	35.115	47.781	-12.666	-26,5%
2-2524-3 Norræni lýðháskólinn (NFA)	0	6.311	-6.311	-
2-3180-3 Norræna eðlisfræðistofnunin (NORDITA)	19.495	19.113	382	2,0%
2-3181-3 Norræna sjórétarstofnunin (NIFS)	2.935	2.877	58	2,0%
2-3182-3 Norræna stofnunin um Asíurannsóknir (NIAS)	7.294	7.151	143	2,0%
2-3183-3 Norræna samstarfsnefndin um vísindaupplýsingar (NORDINFO)	0	5.489	-5.489	-
2-3185-3 Norræna samíska stofnunin (NSI)	5.391	6.840	-1.449	-21,2%
Ráðherranefnd um upplýsingatækni	1.093	1.072	21	2,0%
2-3410-1 Norrænt samstarf um upplýsingatækni á vegum MR-IT	1.093	1.072	21	2,0%

Menntun, rannsóknir og upplýsingatækni	Fjárlög 2005	Fjárlög 2004	Mismunur +/- %	
Umhverfis- og auðlindamál og grannsvæðin	203.802	202.233	1.569	0,8%
<i>Grannsvæðin</i>	84.956	88.942	-3.986	-4,5%
3-0810-3 Upplýsingastarfsemi og samskipti	13.933	13.902	31	0,2%
3-0820-2 Styrkir	24.058	19.266	4.792	24,9%
<i>Verkefni</i>	27.374	36.555	-9.181	-25,1%
3-0830-1 Lýðræði og málefni þegnanna	0	17.745	-17.745	-
3-0840-1 Menningarmiðlun	0	3.600	-3.600	-
3-0860-1 Sjálfbær auðlindabúskapur	0	10.140	-10.140	-
3-0870-1 Samstarf á Norðurskautsvæðum	7.038	5.070	1.968	38,8%
3-0910-1 Pólitísk forgangsmál á grannsvæðunum	3.200	0	3.200	-
3-0920-1 Samstarfsverkefni í Eyrstrasaltsríkjunum	6.426	0	6.426	-
3-0930-1 Framkvæmdaáætlun fyrir Norðvestur-Rússland	10.710	0	10.710	-
<i>Stofnanir</i>	19.591	19.219	372	1,9%
3-5280-3 Norræni verkefnaútflutningssjóðurinn (NOPEF)	19.591	19.219	372	1,9%
<i>Orkumál</i>	7.291	7.213	78	1,1%
3-3210-1 Verkefni - Orkumál	6.279	6.156	123	2,0%
3-3220-3 Norrænar orkurannsóknir (Nefp) (NEPF)	1.012	1.057	-45	-4,3%
<i>Umhverfismál</i>	42.221	37.993	4.228	11,1%
3-3310-1 Verkefni - Umhverfismál	32.885	32.240	645	2,0%
3-3320-2 Umhverfisþróunarsjóður NEFCO	9.336	5.753	3.583	62,3%
<i>Byggðamál</i>	29.884	29.357	527	1,8%
3-6110-1 Verkefni - Byggðamál	19.695	19.309	386	2,0%
<i>Stofnanir</i>	10.189	10.048	141	1,4%
3-6180-3 Norræn stofnun um rannsóknir og þróun í byggðamálum (Nordregio)	10.189	10.048	141	1,4%
<i>Samgöngumál</i>	1.079	1.058	21	2,0%
3-6210-1 Verkefni - Samgöngumál	1.079	1.058	21	2,0%
<i>Landbúnaður og skógrækt, sjávarútvegur og matvæli</i>	38.371	37.670	701	1,9%
<i>Verkefni</i>	6.571	6.442	129	-
3-6410-1 Verkefni – sameiginlegur sjóður	5.447	5.340	107	-
3-6530-1 Norræn framkvæmdaáætlun um matvælaöryggi	1.124	1.102	22	2,0%
<i>Landbúnaður og skógrækt</i>	21.356	20.989	367	1,7%
<i>Verkefni</i>	12.423	12.179	244	2,0%
3-6510-1 Verkefni – Landbúnaður og skógrækt	2.390	2.633	-243	-9,2%
3-6520-1 Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðar-rannsóknir (NKJ)	1.020	710	310	43,7%
3-6540-1 Norræni genbankinn fyrir húsdýr	3.242	3.178	64	2,0%
3-6581-1 Samnorrænar skógarannsóknir (SNS)	5.771	5.658	113	2,0%
<i>Stofnanir</i>	8.933	8.810	123	1,4%
3-6580-3 Norræni genbankinn (NGB)	8.933	8.810	123	1,4%
<i>Sjávarútvegur</i>	5.108	5.008	100	2,0%
3-6610-1 Verkefni - Sjávarútvegur	5.108	5.008	100	2,0%
<i>Matvæli</i>	5.336	5.231	105	2,0%
3-6810-1 Verkefni - Matvæli	5.336	5.231	105	2,0%

Velferðar- og atvinnumál	Fjárlög 2005	Fjárlög 2004	Mismunur +/- %	
Velferðar- og atvinnumál	145.031	144.547	484	0,3%
<i>Vinumarkaður og vinnuumhverfi</i>	<i>13.126</i>	<i>12.870</i>	<i>256</i>	<i>2,0%</i>
<i>Verkefni</i>	<i>10.308</i>	<i>10.106</i>	<i>202</i>	<i>2,0%</i>
4-4110-1 Verkefni – Vinnumarkaður og vinnuumhverfi	6.668	6.506	162	2,5%
4-4120-2 Nordjobb	2.244	2.231	13	0,6%
4-4130-1 Upplýsingaverkefnið	1.396	1.369	27	2,0%
<i>Stofnanir</i>	<i>2.818</i>	<i>2.764</i>	<i>54</i>	<i>2,0%</i>
4-4180-3 Stofnunin um framhaldsmenntun á vinnuumhverfissviði (NIVA)	2.818	2.764	54	2,0%
<i>Félags- og heilbrigðismál</i>	<i>41.753</i>	<i>41.578</i>	<i>175</i>	<i>0,4%</i>
<i>Verkefni</i>	<i>15.986</i>	<i>13.433</i>	<i>2.553</i>	<i>19,0%</i>
4-4310-1 Verkefni – Félags- og heilbrigðismál	6.840	4.466	2.374	53,2%
4-4320-1 Norræna ráðið um málefni fatlaðra (NHR)	1.034	1.014	20	2,0%
4-4340-1 Nomesko og Nososko	1.713	1.679	34	2,0%
4-4620-1 Velferðarrannsóknir	6.399	6.274	125	2,0%
<i>Stofnanir</i>	<i>25.767</i>	<i>28.145</i>	<i>-2.378</i>	<i>-8,4%</i>
4-4381-3 Norræni heilbrigðisfræðaháskólinn (NHV)	33.218	32.760	458	1,4%
4-4382-3 Norræna tannlækningastofnunin (NIOM)	9.136	9.540	-404	-4,2%
4-4383-3 Norræna nefndin um áfengis- og vímuefnarannsóknir (NAD)	2.956	2.640	316	12,0%
4-4384-3 Norræna samstarfsnefndin um málefni fatlaðra (NSH)	4.791	7.225	-2.434	-33,7%
4-4385-3 Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD)	7.253	7.132	121	1,7%
4-4386-3 Norræn menntaáætlun fyrir félagslega þjónustu (NOPUS)	1.631	1.608	23	1,4%
<i>Jafnréttismál</i>	<i>8.185</i>	<i>8.351</i>	<i>-166</i>	<i>-2,0%</i>
4-4410-1 Verkefni - Jafnréttismál	3.069	4.009	-940	-23,4%
<i>Stofnanir</i>	<i>5.116</i>	<i>4.342</i>	<i>774</i>	<i>17,8%</i>
4-4480-3 Norræna rannsóknarstofan um kvenna- og kynjarannsóknir (NIKK)	5.116	4.342	774	17,8%
<i>Samstarf í vímuefnamálum</i>	<i>1.755</i>	<i>1.521</i>	<i>234</i>	<i>15,4%</i>
4-4510-1 Verkefni - Samstarf í vímuefnamálum	1.755	1.521	234	15,4%
<i>Atvinnumál</i>	<i>67.780</i>	<i>68.039</i>	<i>-259</i>	<i>-0,4%</i>
4-5110-1 Verkefni - Atvinnumál	1.123	1.101	22	2,0%
4-5130-1 Expo 2005	2.550	0		-
<i>Stofnanir</i>	<i>64.107</i>	<i>66.938</i>	<i>-2.831</i>	<i>-4,2%</i>
4-5180-3 Norræna nýsköpunarmiðstöðin	64.107	55.794	8.313	14,9%
4-5181-3 Norræna prófunarstofan (Nordtest)	0	11.144	-11.144	-
<i>Efnahags- og fjármál</i>	<i>1.691</i>	<i>1.658</i>	<i>33</i>	<i>2,0%</i>
4-5210-1 Verkefni – Efnahags- og fjármál	1.691	1.658	33	2,0%
<i>Byggingar- og húsnæðismál</i>	<i>903</i>	<i>885</i>	<i>18</i>	<i>2,0%</i>
4-5310-1 Verkefni – Byggingar- og húsnæðismál	903	885	18	2,0%
<i>Neytendamál</i>	<i>8.497</i>	<i>8.330</i>	<i>167</i>	<i>2,0%</i>
4-6710-1 Verkefni - Neytendamál	6.212	6.124	88	1,4%
4-6720-4 SVANURINN – Norrænt umhverfismerki	2.285	2.206	79	3,6%
<i>Löggjafarmál</i>	<i>1.341</i>	<i>1.315</i>	<i>26</i>	<i>2,0%</i>
4-7110-1 Verkefni - Löggjafarmál	1.341	1.315	26	2,0%

Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi	Fjárlög 2005	Fjárlög 2004	Mismunur +/- %	
	113.172	111.287	1.885	1,7%
5-0180-3 Skrifstofa ráðherranefndarinnar (NMRS)	65.221	64.344	877	1,4%
5-0185-1 Afnám landamærahindrana	2.295	0	2.295	-
5-0190-1 Endurskipulagning rannsóknarstofnana	510	0	510	-
5-0195-1 Evrópa og Norðlæga viddin	510	0	510	-
5-0410-4 Samband Norrænu félaganna	3.303	3.238	65	2,0%
5-0425-4 Framlag til Vestur-Norðurlanda	2.761	2.707	54	2,0%
5-0430-1 Norrænt tölfræðisamstarf	1.812	1.776	36	2,0%
5-0435-1 Vararáðstöfunarsjóður framkvæmdastjóra	597	585	12	2,1%
5-0445-1 Ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar (strategiske initiativer)	10.200	13.182	-2.982	-22,6%
5-0450-2 Framlag til frjálsra félagasamtaka	1.240	1.216	24	2,0%
5-0460-1 Sjálfbær Norðurlönd	4.029	3.950	79	2,0%
5-0461-1 Norræn vísindaáætlun um öryggismál	0	0	0	-
5-0462-1 Norræn vísindaáætlun um haffræði	2.757	2.703	54	2,0%
5-1010-1 Upplýsingamiðlun	3.882	3.806	76	2,0%
5-1020-1 Upplýsingamiðlun utan Norðurlanda	993	974	19	2,0%
5-1025-1 Norðurlöndin í fókus (upplýsingagluggar)	4.964	4.867	97	2,0%
5-1030-1 Halló Norðurlönd	4.536	4.447	89	2,0%
5-1040-1 Þýðingar og túlkun	1.103	1.081	22	2,0%
5-1050-2 Starfsmannaskipti	1.947	1.909	38	2,0%
5-8030-1 Útgáfustarfsemi	512	502	10	2,0%

1) Fjárlagaliðurinn 1-2545-2 Kennsla um Norðurlönd erlendis verður frá og með 1.1.2005 færður frá fagsviði menningarmála yfir á fagsvið mennta- og rannsóknarmála. Tæknilega hefur upphæð fjárlagaliðarins fyrir árið 2004 verið færð milli fagsviða. Það hefur í för með sér ósamræmi miðað við fjárhagsramma fjárlaga fyrir árið 2004.

Samanburður á fjárlögum fyrir árin 2005 og 2004

	Fjárlög 2005	Hlut- deild	Fjárlög 2004	Hlut- deild	Mismunur +/-	%
Menningar-, menntamál og rannsóknir	363.888	44,1%	359.450	44,0%	4.438	1,2%
Menningarmál	160.537	19,4%	157.473	19,3%	3.064	1,9%
Menntun og rannsóknir ¹⁾	202.258	24,5%	200.905	24,6%	1.353	0,7%
Ráðherranefnd um upplýsingatækni	1.093	0,1%	1.072	0,1%	21	2,0%
Umhverfis- og auðlindamál og grannsvæðin	203.802	24,7%	202.233	24,7%	1569	0,8%
Grannsvæðin	84.956	10,3%	88.942	10,9%	-3.986	-4,5%
Orkumál	7.291	0,9%	7.213	0,9%	78	1,1%
Umhverfismál	42.221	5,1%	37.993	4,6%	4.228	11,1%
Byggðamál	29.884	3,6%	29.357	3,6%	527	1,8%
Samgöngumál	1.079	0,1%	1.058	0,1%	21	2,0%
Landbúnaður og skógrækt, sjávarútvegur og matvæli	38.371	4,6%	37.670	4,6%	701	1,9%
Velferðar- og atvinnumál	145.031	17,6%	144.547	17,7%	484	0,3%
Vinumarkaður og vinnuumhverfi	13.126	1,6%	12.870	1,6%	256	2,0%
Félags- og heilbrigðismál	41.753	5,1%	41.578	5,1%	175	0,4%
Jafnréttismál	8.185	1,0%	8.351	1,0%	-166	-2%
Samstarf í vímuefnamálum	1.755	0,2%	1.521	0,2%	234	15,4%
Atvinnumál	67.780	8,2%	68.039	8,3%	-259	0,4%
Efnahags- og fjármál	1.691	0,2%	1.658	0,2%	33	2,0%
Byggingar- og húsnæðismál	903	0,1%	885	0,1%	18	2,0%
Neytendamál	8.497	1,0%	8.330	1,0%	167	2,0%
Löggjafarmál	1.341	0,2%	1.315	0,2%	26	2,0%
Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi	113.172	13,7%	111.287	13,6%	1.885	1,7%
Samtals	825.893	100%	817.517	100%	8.376	1,0%

1) Fjárlagaliðurinn 1-2545-2 Kennsla um Norðurlönd erlendis verður frá og með 1.1.2005 færður frá fagsviði menningarmála yfir á fagsvið mennta- og rannsóknarmála. Tæknilega hefur upphæð fjárlagaliðarins fyrir árið 2004 verið færð milli fagsviða. Það hefur í för með sér ósamræmi miðað við fjárhagsramma fjárlaga fyrir árið 2004.


Skipting fjárlaganna á ýmsa þætti fjárlaganna 2005 og 2004

Flokkun fjárlagaliðanna í *verkefni, styrki, stofnanir og félagasamtök*, byggir á þeirri úttekt sem gerð var á fjárlögum árið 2000. Vakin er athygli á því að margir fjárlagaliðir gætu fallið undir fleiri flokka fjárveitinga og ræður mikilvægasti flokkurinn því undir hvaða flokk fjárveitinga fjárlagaliðurinn fellur.

Stofnanirnar eru skilgreindar út frá skipulagi þeirra en ekki faglegu inntaki. Því flokkast Norræna stofnunin um vísindamenntun (NorFA), Norræna nýsköpunarmiðstöðin og Norræni verkefnaútlutningssjóðurinn (NOPEF) með

stofnunum. Fjárveitingar til skrifstofu ráðherranefndarinnar og upplýsingaskrifstofanna í Pétursborg og Eystrasaltsríkjunum eru einnig skilgreindar sem stofnanarekstur en koma fram sem sérstakur flokkur á eftirfarandi myndum. Á yfirlitinu á bls. 109 er skrifstofa ráðherranefndarinnar hluti af fjárlagaliðnum *Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi*, en upplýsingaskrifstofurnar aftur á móti hluti af fjárlagaliðnum *Umhverfis- og auðlindamál og grannsvæðin*.

Flokkun fjárlagaliða hefur að mestu leyti haldist óbreytt. Framlög til styrkja og verkefna hafa þó aukist nokkuð en dregið hefur verið úr framlögum til reksturs stofnana. Þegar endurskipulagning á fagsviði menntunar og rannsóknna fer að hafa áhrif á fjárlögin má vænta þess að þessi þróun haldi áfram.



Flokkun fjárlagaliða

Verðlag hvers tíma í þús. d.kr.	Fjárlög 2005	Hlutdeild	Fjárlög 2004	Hlutdeild
Menningarmál	160.537	19,4%	158.497	19,4%
Verkefni	48.000	29,9%	48.759	30,8%
Styrkir	54.340	33,8%	54.299	34,3%
Stofnanir	53.130	33,1%	50.472	31,8%
Félagasamtök	5.067	3,2%	4.967	3,1%
Menntun og rannsóknir	203.351	24,6%	200.953	24,6%
Verkefni	64.939	31,9%	46.345	23,1%
Styrkir	66.757	32,8%	60.928	30,3%
Stofnanir	70.504	34,7%	92.552	46,1%
Félagasamtök	1.151	0,6%	1.128	0,6%
Umhverfis- og auðlindamál og grannsvæðin	203.802	24,7%	202.233	24,7%
Verkefni	116.750	57,3%	124.178	61,4%
Styrkir	33.394	16,4%	25.019	12,4%
Stofnanir	53.658	26,3%	53.036	26,2%
Félagasamtök	0	0,0%	0	0,0%
Velferðar- og atvinnumál	145.031	17,6%	144.547	17,7%
Verkefni	42.694	29,4%	37.921	26,2%
Styrkir	2.244	1,5%	2.231	1,5%
Stofnanir	97.808	67,4%	102.189	70,7%
Félagasamtök	2.285	1,6%	2.206	1,5%
Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi	113.172	13,7%	111.287	13,6%
Verkefni	38.700	34,2%	37.873	34,0%
Styrkir	3.187	2,8%	3.125	2,8%
Stofnanir	65.221	57,6%	64.344	57,8%
Félagasamtök	6.064	5,4%	5.945	5,3%
Samtals	825.893	100,0%	817.517	100,0%
Verkefni	311.083	37,7%	295.076	36,1%
Styrkir	159.922	19,4%	145.602	17,8%
Stofnanir	261.167	31,6%	284.347	34,8%
Félagasamtök	14.567	1,8%	14.246	1,7%
Skrifstofan/upplýsingaskrifstofur	79.154	9,6%	78.246	9,6%
	825.893	100%	817.517	100%


Stofnun og samruni fjárlagaliða ásamt fjárlagaliðum sem lagðir hafa verið niður

Miðað við fjárlög fyrir árið 2004 hafa verið lagðir niður fjárlagaliðir og stofnaðir nýir og er það vegna endurskipulagningar á fagsviði mennta- og rannsóknamála. Fjárlagaliðirnir 2-2524-3 Norræni lýðháskólinn og 2-3183-3 NORDINFO hafa verið lagðir niður og verkefninu 2-2554-2 NORDUnet2 er lokið. Eftirfarandi fjárlagaliðir eru nýir á fagsviði mennta- og rannsóknamála: 2-3127-1 Stefnumörkun á sviði fullorðinsfræðslu, 2-3129-1 Norrænar vísindaupplýsingar, 2-3128-1 Norrænt rannsóknarsamstarf og 2-3136-2 NorduNET 3. Vegna endurskipulagningar hafa orðið breytingar á upphæðum ýmissa fjárlagaliða. Þær mikilvægustu má sjá á yfirlitunum á bls. 113 og 114.

Úttekt á starfsemi á grannsvæðunum hefur einnig haft áhrif á fjárlagaliðina, en framtíðarstefna um samstarf við grannsvæðin var mótuð seinni hluta ársins 2004. Eftirfarandi fjárlagaliðir á sviði grannsvæðasamstarfs hafa verið lagðir niður: 3-0830-1 Lýðræði og málefni þegnanna, 3-0840-1 Menningar- miðlun og 3-0860-1 Sjálfbær auðlindabúskapur. Stofnaðir hafa verið fjárlagaliðirnir: 3-0910-1 Pólítísk forgangsmál á grannsvæðunum, 3-0920-1 Samstarfsverkefni í Eystrasaltsríkjunum og 3-0930-1 Framkvæmdaáætlun fyrir Norðvestur-Rússland.

Miðað við fjárlög fyrir árið 2004 hefur á sviði velferðar og atvinnumála verið stofnaður fjárlagaliðurinn 4-5130-1 Expo 2005. Fjárlagaliðurinn 4-5180-3 Norræni iðnaðarsjóðurinn hefur fengið nýtt heiti; Norræna nýsköpunarmiðstöðin eftir að fjárlagaliðirnir Norræni iðnaðarsjóðurinn og 4-5181-3 Norræna prófunarstofan (Nordtest) runnu saman.

Í flokknum, Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi hafa verið stofnaðir þrjár nýir fjárlagaliðir: 5-0185-1 Afnáam landamærahindrana, 5-0190-1 Endurskipulagning rannsóknarstofnana og 5-0195-1 Evrópa og Norðlæga víddin.



Á raunvirði hafa fjárlögin verið nokkurn veginn óbreytt undanfarin 10 ár að undanskildum árunum 1995 og 1996 en þau árin var starfsemin meiri. Vegna gengislækkunar norsku krónunnar var starfsemin minni árin 2004 og 2005 miðað við verðlag ársins 2005.

Tekjuliðir fjárlaganna

Starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar er fyrst og fremst fjármögnuð með beinum framlögum frá löndunum. Grundvallarreglan er sú að framlag landanna er sama upphæð og fjárlagaramminn að frádregnum gjöldum af

tekjum starfsmanna, vaxtatekjum og öðrum tekjum sbr. eftirfarandi yfirlit. Framlag landanna er ákveðið samkvæmt sérstakri skiptireglu, sem byggist á hlutdeild hlutaðeigandi lands í vergum þjóðartekjum miðað við framleiðsluverð tveggja síðustu ára sem upplýsingar liggja fyrir um, þ.e. fyrir árin 2001 og 2002.

Tekjur Þús. d.kr.	Uppgjör 2003	Skiptiregla 2003	Fjárlög 2004	Skiptiregla 2004	Fjárlög 2005	Skiptiregla 2005
Gjöld af tekjum starfsmanna (sem renna til skrifstofu NMR)	9.151		7.000		7.000	
Vaxtatekjur	6.275		5.760		4.600	
Aðrar tekjur/(eða tap)	173		800		200	
Framlag landanna	795.783		803.957		814.093	
- Danmörk	189.396	23,8%	183.302	22,8%	185.613	22,8%
- Finnland	139.262	17,5%	141.496	17,6%	145.723	17,9%
- Ísland	8.754	1,1%	8.844	1,1%	8.955	1,1%
- Noregur	186.213	23,4%	202.597	25,2%	214.106	26,3%
- Svíþjóð	272.158	34,2%	267.718	33,3%	259.696	31,9%
Samtals :	811.382	100,0%	817.517	100,0%	825.893	100,0%
Afgangur*	119					

* Jafnaðist út við seinni greiðslu frá löndunum á árinu 2004 sem gerð var samkvæmt skiptireglu varðandi árið 2003.

Athugasemdir:

Gjöld af tekjum starfsmanna: Byggja á gjaldskyldri launafjárhæð starfsmanna á skrifstofunni.

Vaxtatekjur: Í fjárlögunum er gert ráð fyrir vaxtatekjum að fjárhæð 4,6 millj. d.kr., sem eru áætlaðar á grundvelli þess að væntanlegir meðalvextir fjárfestinga nemi 2,0% árið 2004 og meðallausafjárstaða á því ári nemi 230 millj. d.kr.

Aðrar tekjur: Þessi tekjuliður felur í sér dráttarvexti, gengisbreytingar og væntanlegar endurgreiðslur óráðstafaðra verkefnafjármuna frá ýmsum stjórnarsýsluaðilum.

Þróun lausafjárstöðu

Á eftirfarandi línuriti má sjá þróun lausafjárstöðu frá upphafi árs 2000 til 22. nóvember 2004.

Meiri háttar breytingar á tilteknum fjárlagaliðum

Í fjárlögum nemur hækkun á tilteknum fjárlagaliðum samtals 76,643 þús. d.kr. á verðlagi ársins 2004. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá hvernig helstu hækkanir skiptast á tiltekna fjárlagaliði. Þar kemur einnig fram hvar niðurskurður á fjárlagaliðum er mestur. Til samanburðar námu breytingar á fjárlögum fyrir 2004 38,274 þús. d.kr.

Meiri háttar hækkanir (verðlag ársins 2004 í þús. d.kr.)

Meiri háttar hækkanir (verðlag 2004 í þús. d.kr.)	Fjárlög 2005	Fjárlög 2004	Breyting
1-2270-3 Norræna húsið í Reykjavík	7.231	6.746	485
1-2272-3 Norðurlandahúsið í Færeyjum	10.775	10.135	640
1-2274-3 Norræna stofnunin á Álandseyjum	2.044	1.854	190
1-2277-3 Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)	4.866	4.481	385
2-2505-1 Ráðstöfunarfé – Menntun og rannsóknir	3.955	1.793	2.162
2-3127-1 Stefnumörkun á sviði fullorðinsfræðslu	6.311	0	6.311
2-3111-1 Öndvegissetur á Norðurlöndum, hnattrænar breytingar	5.174	3.174	2.000
2-3128-1 Norrænt rannsóknarsamstarf	8.018	0	8.018
2-3129-1 Norrænar vísindaupplýsingar	2.500	0	2.500
2-3136-2 Rannsóknaráætlunin NORDUnet3	3.496	0	3.496
3-0820-2 Styrkir	23.586	19.266	4.320
3-0870-1 Samstarf á Norðurskautssvæðum	6.900	5.070	1.830
3-0910-1 Pólitísk forgangsmál á grannsvæðunum	3.137	0	3.137
3-0920-1 Samstarfsverkefni í Eystrasaltsríkjunum	6.300	0	6.300
3-0930-1 Framkvæmdaáætlun fyrir Norðvestur-Rússland	10.500	0	10.500
3-3320-2 Umhverfisþróunarsjóður NEFCO	9.153	5.753	3.400
3-6520-1 Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKJ)	1.000	710	290
4-4310-1 Verkefni – Félags- og heilbrigðismál	6.706	4.466	2.240
4-4383-3 Norræna nefndin um áfengis- og vímuefnarannsóknir (NAD)	2.900	2.640	260
4-4480-3 Norræna rannsóknarstofan um kvenna- og kynja-rannsóknir (NIKK)	5.342	4.342	1.000
4-4510-1 Verkefni – samstarf um vímuefnamál	1.721	1.521	200
4-5130-1 Expo 2005	2.500	0	2.500
4-5180-3 Norræna nýsköpunarmiðstöðin	66.938	55.794	11.144
5-0185-1 Afnmám landamærahindrana	2.250	0	2.250
5-0190-1 Endurskipulagning rannsóknarstofnana	500	0	500
5-0195-1 Evrópa og norðlæga víddin	500	0	500
Aðrar minni háttar hækkanir			85
Hækkanir samtals			76.643

Lækkanir	Fjárlög 2005	Fjárlög 2004	Breyting
1-2203-1 Framlag til sérstakra menningarmála	5.014	6.714	-1.700
2-2510-1 Norrænt skólasamstarf (NSS)	2.514	3.142	-628
2-2520-1 Stjórnarnefndin um fullorðinsfræðslu (SVL)	1.787	2.234	-447
2-2530-1 Stjórnarnefndin um æðri menntun (HÖGUT)	2.117	2.646	-529
2-3110-1 Norræna vísindastefnuráðið (FPR)	1.514	1.892	-378
2-3131-1 Norræn vísindaáætlun um kyn og ofbeldi	0	3.861	-3.861
2-3132-1 Norræn rannsóknaráætlun um tungutækni	0	5.157	-5.157
2-3185-3 Norræna samíska stofnunin (NSI)	5.285	6.840	-1.555
2-2554-1 Þróunarverkefnið NORDUnet2	0	507	-507
2-2524-3 Norræni lýðháskólinn (NFA)	0	6.311	-6.311
2-3183-3 Norræna samstarfsnefndin um vísindaupplýsingar (NORDINFO)	0	5.489	-5.489
3-0830-1 Lýðræði og málefni þegnanna	0	17.745	-17.745
3-0840-1 Menningarmiðlun	0	3.600	-3.600
3-0860-1 Sjálfbær auðlindabúskapur	0	10.140	-10.140
3-6510-1 Verkefni – Landbúnaður og skógrækt	2.343	2.633	-290
4-4384-3 Norræna samstarfsnefndin um málefni fatlaðra (NSH)	4.725	7.225	-2.500
4-4410-1 Verkefni - Jafnréttismál	3.009	4.009	-1.000
4-5181-3 Norræna prófunarstofnunin (Nordtest)	0	11.144	-11.144
5-0445-1 Ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar (strategiske initiativer)	10.200	13.182	-2.982
Aðrar minni háttar lækkanir			-480
Lækkanir samtals			-76.443

Af heildarbreytingum sem nema 77 millj d.kr., eru mestar breytingar á fjárlagaliðum sem varða samstarf við grannsvæðin og sem varða menntun og rannsóknir. Á mennta- og rannsóknasviði eru breytingarnar vegna þess að fjármagn hefur verið flutt frá stofnunum til annars vegar stefnumörkunar, t.d. á sviði fullorðinsfræðslu (Tengslanet um fullorðinsfræðslu) og hins vegar til rannsóknasamstarfs samkvæmt tillögum þeim sem koma fram í NORIA skýrslunni. Með þessum skipulagsbreytingum er verið að fylgja eftir ákvörðun ráðherranefndarinnar frá árinu 2003 en þá var ákveðið að samnorrænar stofnanir á sviði mennta og rannsókna skyldu annað hvort lagðar niður eins og NORDINFO og NFA eða yfirstjórn þeirra flutt til þeirra landa sem hýsa stofnanirnar.

Breytingar á sviði grannsvæðasamstarfs eru afleiðingar þeirra skipulagsbreytinga sem eru í bígerð í kjölfar inngöngu Eistlands, Lettlands og Litháens í ESB þann 1. maí 2004. Ákvörðun ráðherranefndarinnar byggir að hluta til á þeirri úttekt á starfsemi ráðherranefndarinnar á grannsvæðunum sem gerð hefur verið.

Í því sambandi hafa verið samdar nýjar verklagsreglur varðandi samstarf við Eystrasaltsríkin og Rússland. Þessar verklagsreglur munu vera grundvöllur breytinga sem áætlað er að hefjist á árinu 2005.

Skipulagsrammi Norrænu ráðherranefndarinnar til lengri tíma

Skipulagsramminn til lengri tíma sýnir þróun fjárlaganna, miðað við þriggja ára tímabil, að óbreyttum fjárhagsramma frá fjárlögum fyrir 2005 á því tímabili sem fjárlagaspáin nær til. Lögð er áhersla á að hér er um að ræða tæknilegt atriði en ekki pólitískt mat eða forgangsröðun. Það er því ekki tekin afstaða til hvernig það fé sem verður til ráðstöfunar verður nýtt. Þar að auki getur hluti þess fjármagns sem notað er til verkefna færst til, annaðhvort innan eða á milli einstakra fjárlagaliða.

Forsendur skipulagsramma til lengri tíma eru sem hér segir:

- Ef annað er ekki ákveðið eða áætlað, er áætluðu umfangi starfseminnar í fjárlögum fyrir 2005 haldið óbreyttu á spátímabilinu, þ.e. árin 2006 og 2007.
- Fjármögnun starfsemi sem samkvæmt áætlun fellur niður er ekki höfð með í spátímabilinu.

Líta ber á upplýsingar um spátímabilið sem leiðbeinandi en þær sýna þá þróun sem búast má við miðað við óbreytt fjárlög næstu tvö árin, að teknu tilliti til ákveðinna og fyrirhugaðra breytinga. Hér er því ekki um að ræða fjárlög til fleiri ára þar sem upphæðir á spátímabilinu eru þekktar. Þeir fjármunir sem eru til ráðstöfunar eru líkt og áður einungis árlegar fjárveitingar eins og þær koma fram í samþykktum fjárlögum. Heildarramma fjárlaganna er ákveðinn á ári hverju og er ekki þekktur fyrir spátímabilið. Í yfirlitinu er gert ráð fyrir að rammar fyrir spátímabilið séu þeir sömu og fyrir fjárlagaárið 2005.

Yfirlit í töflu á bls. 116 er samantekt fjárlagaliða hinna einstöku fagsviða.

Með hugtakinu „Frávik frá fjárlögum 2005“ er átt við muninn á upphæðum hvers árs á spátímabilinu og þeim upphæðum sem koma fram í samþykktum fjárlögum fyrir árið 2005. Ef frávik er neikvætt, merkir það ófullnægða fjármögnunarþörf á því ári spátímabilsins. Jákvætt frávik merkir að það er fjármagn til ráðstöfunar miðað við árið 2005.

Yfirlitið er samantekt yfir meginsamstarfssviðin fjögur að því gefnu að fjárlagarammi hinna einstöku sviða sé óbreyttur.

Miðað við óbreyttan heildarramma að fjárhæð 825,893 millj. d.kr. á spátímabilinu verða 15,5 millj. d.kr. samtals til ráðstöfunar fyrir árið 2006, og 23,4 millj. d.kr. fyrir árið 2007 hjá ráðherranefndinni, að gefnum ofangreindum forsendum.

Á fagsviðinu „Velferðar- og atvinnumál“ nemur fjármagn til ráðstöfunar á árinu 2006 u.þ.b 5,9 millj. d.kr og á árinu 2007 u.þ.b. 8,9 millj. d.kr. Þetta er vegna þess að lokafjárveiting til velferðarrannsóknarverkefnisins er áætluð á árinu 2005 (fjárlagaliður 4-4620-1), og að fjárveiting til Expo er einungis veitt á árinu 2005.

Þær 2,7 millj. d.kr. sem eru til ráðstöfunar undir liðnum „Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi“ á árinu 2006 eru til komnar vegna þess að lokafjárveitingar til rannsóknarverkefnis um vestnorrænt hafveðurfar eru áætlaðar á árinu 2005.

Á fagsviðinu „Menningar-, menntamál og rannsóknir“ verða u.þ.b. 6,8

millj. d.kr. til ráðstöfunar á árinu 2006 og 11,7 millj. d.kr. á árinu 2007. Upphæðirnar endurspeglar þær fjárhagslegu afleiðingar sem vænta má vegna skipulagsbreytinga varðandi rannsóknarstofnanirnar, en þær munu losa um fjármagn á spátímabilinu.

Skipulagsrammi til lengri tíma eftir sviðum (þús. d.kr.)

Samanburður á fjárlögum fyrir árin 2004 og 2005 og spátímabilinu 2006 og 2007 (þús. d.kr.)

	Fjárlög 2003	Fjárlög 2004	Fjárlagaspá 2005	Fjárlagaspá 2006
Menningar-, menntamál og rannsóknir	359.450	363.888	357.048	345.344
Menningarmál	157.473	160.537	160.537	160.537
Menntun og rannsóknir ¹⁾	200.905	202.258	195.418	183.714
Ráðherranefnd um upplýsingatækni	1.072	1.093	1.093	1.093
Frávik frá fjárlögum 2005			6.840	11.704
Umhverfis- og auðlindamál og grannsvæðin	202.233	203.802	203.802	203.802
Grannsvæðin	88.942	84.956	84.956	84.956
Orkumál	7.213	7.291	7.291	7.291
Landbúnaður og skógrækt, sjávarútvegur og matvæli	37.670	38.371	38.371	38.371
Umhverfismál	37.993	42.221	42.221	42.221
Byggðamál	29.357	29.884	29.884	29.884
Samgöngumál	1.058	1.079	1.079	1.079
Velferðar- og atvinnumál	144.547	145.031	139.082	136.082
Vinnumarkaður og vinnuumhverfi	12.870	13.126	13.126	13.126
Byggingar- og húsnæðismál	885	903	903	903
Efnahags- og fjármál	1.658	1.691	1.691	1.691
Jafnréttismál	8.351	8.185	8.185	8.185
Neytendamál	8.330	8.497	8.497	8.497
Löggjafarmál	1.315	1.341	1.341	1.341
Samstarf í vímuefnamálum	1.521	1.755	1.755	1.755
Atvinnumál	68.039	67.780	65.230	65.230
Félags- og heilbrigðismál	41.578	41.753	38.354	35.354
Frávik frá fjárlögum 2005			5.949	8.949
Skrifstofan og önnur samnorræn starfsemi	111.287	113.172	110.415	110.415
Frávik frá fjárlögum 2005			2.757	2.757
Samtals	817.517	825.893	810.347	795.643
Frávik frá fjárlögum 2005			15.546	30.250

1) Fjárlagaliðurinn 1-2545-2 Kennsla um Norðurlönd erlendis verður frá og með 1.1.2005 færður frá fagsviði menningarmála yfir á fagsvið mennta- og rannsóknarmála. Tæknilega hefur upphæð fjárlagaliðarins fyrir árið 2004 verið færð milli fagsviða. Það hefur í för með sér ósamræmi miðað við fjárhagsramma fjárlaga fyrir árið 2004.

Fjárlög ráðherranefndarinnar út frá jafnréttissjónarmiði

Norræna ráðherranefndin hefur um nokkurt skeið starfað samkvæmt yfirlýstri stefnu í jafnréttismálum. Stefnunni hefur verið fylgt eftir með verklagsreglum til að tryggja jafna þátttöku kynjanna í ýmsum samstarfsnefndum og til að meta kynja- og jafnréttisáhrif þeirra ákvarðana sem teknar hafa verið eða breytinga á fyrri ákvörðunum.

Starfsemi ráðherranefndarinnar á sviði jafnréttismála byggir á samstarfsáætluninni „Norrænt samstarf um jafnréttismál 2001 – 2005“, en á grundvelli hennar eru gerðar árlegar framkvæmdaáætlanir. Meginmarkmið eru þróun lýðræðislegra og jafnra tækifæri fyrir bæði konur og karla ásamt samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða á öllum stigum samfélagsins (Gender Mainstreaming). Takmarkið er að nýta hæfileika þá og mannauð sem bæði kyn búa yfir. Þar er áhersla lögð á þrjú aðgerðasvið; samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða í efnahagsmálum á Norðurlöndum; karlar og jafnrétti og ofbeldi gegn konum.

Með fjárlögum fyrir árið 2003 hóf ráðherranefndin aðgerðir til samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða við fjárlagagerð. Í upphafi voru valin nokkur fagsvið sem tilraunasvið. Það var ákveðið að beina athyglinni að starfsemi þar sem væri tiltölulega auðvelt að safna upplýsingum um veitta þjónustu og þar sem mæla má neyslu þjónustunnar eftir kyni. Þessu var haldið áfram í fjárlögum fyrir árið 2005 en í þeim er í fyrsta skipti birt kynjaskipt tölfræðiyfirlit.

Nú liggja fyrir kynjaskiptar upplýsingar varðandi 36 fjárlagaliði sem eru tæplega þriðjungur heildarfjölda fjárlagaliða. Þær upplýsingar sem settar eru fram eru mjög mismunandi, en yfirleitt er þó upplýsingar að finna um þátttöku annars vegar kvenna og hins vegar karla í eftirfarandi starfsemi:

- Rannsóknir og tengslanet.
- Verkefni.
- Námskeið.
- Hreyfanleiki og styrkir.

Í sumum tilfellum varða upplýsingarnar einungis hluta þeirrar starfsemi sem fram fer innan ramma tiltekins fjárlagaliðar. Þó upplýsingarnar geti verið takmarkaðar vekja þær þó ástæðu til umhugsunar og nánari greiningar.

Á eftirfarandi yfirliti má sjá hvernig starfsemin skiptist eftir þátttöku kvenna og karla á völdum fjárlagaliðum. Yfirlitið sýnir þó nokkurn breytileika miðað við hvort starfsemin beinist að annars vegar konum eða hins vegar körlum. Af þessum 36 fjárlagaliðum eru 17 (47%) þar sem starfsemin beinist 60% eða meira að öðru kyninu (og þar með 40% eða minna að hinu) og af þessum 5 (14%) þar sem starfsemin beinist 75% eða meira að öðru kyninu (og þar með 25% eða minna að hinu).

Þó mikill munur sé á hinum einstöku fjárlagaliðum má segja að heildarmyndin sé í jafnvægi. Í raun er skiptingin jöfn.

Skipting starfseminnar eftir kyni fjárlagaárið 2003

Fjárlagaliður	Konur	Karlar
Norræn menntun á sviði daufblindu	83%	17%
Norræna rannsóknastofan um kvenna- og kynjarannsóknir (NIKK)	83%	17%
Nordjobb	75%	25%
Norræna stofnunin í Finnlandi	70%	30%
Nomesko og Nososko	67%	33%
Norræna stofnunin á Álandseyjum	66%	34%
Norræna stofnunin um vísindamenntun	64%	36%
NORDPLUS	61%	39%
Sleipnir	61%	39%
Norræna listamannamiðstöðin, Dalsåsen	56%	44%
Norræna húsið í Reykjavík	54%	46%
Norræna blaðamannamiðstöðin	54%	46%
Framlag til frjálsra félagasamtaka	53%	47%
Starfsmannaskipti	53%	47%
NORDBOK	50%	50%
Norræna stofnunin um Asfurannsóknir	50%	50%
Norræna nefndin um áfengis- og vímuefnarannsóknir	50%	50%
NOMUS	50%	50%
Norræna ráðið um málefni fatlaðra	50%	50%
Norðurlandahúsið í Færeyjum	49%	51%
Listamannaheimilið í Róm	49%	51%
Norræna stofnunin á Grænlandi	47%	53%
Norræna eldfjallastöðin	45%	55%
Norrænt rannsóknarverkefni um faraldsfræði	42%	58%
NORDICOM	41%	59%
Norræna samíska stofnunin	41%	59%
Norræna stofnunin um samtímalist	41%	59%
Nordregio	40%	60%
Norræn vísindaáætlun um öryggismál	38%	62%
Norræni genbankinn fyrir húsdýr	34%	66%
NorFA	32%	68%
Norræna sjóréttarstofnunin	30%	70%
NORDTEST	25%	75%
Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðarrannsóknir	25%	75%
Samnorrænar skógarannsóknir	22%	78%
Norrænar orkurannsóknir	20%	80%
Vegið meðaltal	50%	50%

Það má túlka skiptinguna sem fram kemur af yfirlitinu á ýmsan hátt. Oft lítur út fyrir að skiptingin endurspegli stöðuna í samfélaginu. Það kemur því ekki á óvart að starfsemi Norrænu menntamiðstöðvarinnar á sviði daufblindu beinist að miklu leyti að konum þar eð það starfsfólk sem vinnur með daufblindum eru aðallega konur. Eins má gera ráð fyrir að karlar séu ráðandi varðandi orkurannsóknir.

Það kemur meira á óvart að konur eru 75% þeirra sem fá styrki úr styrkjakerfi eins og Nordjobb sem styður vistaskipti með því að útvega ungu fólkum sumarstörf. Skýring er ef til vill að tilboð um sumarstörf séu fleiri innan

hefðbundinna kvennastarfa. Það er og athyglisvert að karlar eru í meirihluta í starfsemi sem stofnun á borð við NorFA heldur utan um.

Það eru þó dæmi um að staðan í jafnréttismálum sé betri hjá Norrænu ráðherranefndinni en annars staðar í samfélaginu. Hjá meirihluta fjárlagaliða virðist vera jafnvægi milli þátttöku kvenna og karla. Það getur verið vegna sérstakra jafnréttisaðgerða ráðherranefndarinnar og þeirra styrkjakerfa og stofnana sem um ræðir. Það má einnig vera að það sé vegna þess að karlmenn laðist frekar að starfsemi innan annarra fjárlagaliða. Það er alla vega ljóst að til að draga einhverjar niðurstöður af þessu yfirliti þarf að gera nánari greiningu.

Næstu skref sem Norræna ráðherranefndin hefur áætlað að stíga á þessu sviði er að tryggja að allar ráðherranefndir geri grein fyrir hvernig staðið verði að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða, hver á sínu sviði. Allar ráðherranefndir eiga að skila af sér tölfræðilegum upplýsingum eigi síðar en á árinu 2005 (fjárlög ársins 2006). Sérstaklega skulu fagsviðin huga að því, hvort þörf sé á breyttri forgangsröðun eða nýjum aðgerðum á þeim samstarfsviðum sem þau bera ábyrgð á. Eins og áður hefur verið bent á er nánari úttekt á samstarfi á sviði hinna einstöku fjárlagaliða oft nauðsynleg forsenda slíkra ákvarðana.

Samstarf við frjáls félagasamtök og aðra aðila sem hvorki eru opinberar né einkareknar stofnanir

Eins og í fyrra er í fjárlögum fyrir 2005 lagt fram sérstakt yfirlit yfir fjárveitingar til frjálsra félagasamtaka. Í yfirlitinu er gerður skýr greinarmunur á þremur flokkum og tekið mið af inntaki samstarfsins við samtök sem hvorki eru opinberar né einkareknar stofnanir, og falla frjáls félagasamtök þar undir. Samstarf ráðherranefndarinnar við frjáls félagsamtök markast af að samræmdar kröfur um starfsemina eru ekki forsenda þess að viðkomandi samtök falli undir hugtakið frjáls félagasamtök. Því eru styrkir sem einstaklingar/óformlegir hópar jafnt sem frjáls félagasamtök geta sótt um, hluti af yfirlitinu. Það sem greinir á milli er hvort styrkþegi sé opinber aðili eða einkaaðili.

Það eru því þrjár eftirgreindir flokkar sem liggja til grundvallar yfirlitinu:

- Fjárveitingar til reksturs frjálsra félagasamtaka.
- Fjárveitingar til verkefna sem frjáls félagsamtök stjórna fyrir hönd ráðherranefndarinnar.
- Styrkir sem frjáls félagasamtök/einstaklingar/óformleg hagsmunasamtök geta sótt um.

Á yfirlitinu sem hér fer á eftir má sjá hvaða fjárlagaliðir fela í sér fjárveitingar og hversu háar upphæðirnar eru, samkvæmt ofangreindri flokkun. Það skal tekið fram að upphæðirnar á hverjum lið fyrir sig eru byggðar á mati og því ekki bindandi fyrir einstaka fjárlagaliði. Matið endurspeglar væntingar og byggir á reynslu fyrri ára og þeim áætlunum sem liggja fyrir um hin ýmsu fagsvið fyrir árið 2005.

Fjárlagaliður	Fjárlög 2005	Fjárlög 2004	Ráðstafað 2003	
<i>Fjárveitingar til reksturs frjálsra félagasamtaka</i>				
1-2210-1	Norrænt íþróttasamstarf	1.271	1.246	1.280
1-2212-1	Norræna æskulýðsnefndin	1.500	1.500	1.500
1-2220-2	Stjórnarnefnd um norræna barna- og unglíngamenningu	1.200	1.200	1.200
1-2255-3	Sviðslistir á Norðurlöndum (NordScen)	790	800	789
1-2256-1	Norræna tónlistarnefndin – NOMUS	800	789	750
1-2270-3	Norræna húsið í Reykjavík	150	150	144
1-2272-3	Norðurlandahúsið í Færeyjum	200	200	185
1-2274-3	Norræna stofnuni á Álandseyjum	150	150	162
1-2277-3	Norræna stofnunin á Grænlandi	120	120	120
1-2296-1	Menningarverkefni erlendis	200	200	200
1-2234-1	Samískt samstarf	4.211	4.128	4.071
2-2534-4	Framlag til Norræna sumarháskólans	1.151	1.128	1.112
3-3310-1	Verkefni - Umhverfismál	1.500	1.500	1.400
4-4310-1	Verkefni – Félags- og heilbrigðismál	500	500	500
4-4410-1	Verkefni - Jafnréttismál	200	450	200
4-6710-1	Verkefni - Neytendamál	0	163	0
5-0410-4	Samband Norrænu félaganna	3.303	3.238	3238
5-0435-1	Vararáðstöfunarsjóður framkvæmdastjórans	175	175	175
SAMTALS	17.421	17.637	17.026	
<i>Fjárveitingar til verkefna sem frjáls félagasamtök stjórna fyrir hönd Norrænu ráðherranefndarinnar</i>				
1-2212-1	Norræna æskulýðsnefndin	500	500	275
1-2214-1	Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglíngamenningu	2.500	2.500	400
4-4120-2	Nordjobb	2.244	2.230	1.840
4-6710-1	Verkefni - Neytendamál	350	450	400
5-0445-1	Ráðstöfunarfé ráðherranefndarinnar (strategiske initiativer)	0	70	200
5-1025-1	Norðurlöndin í fókus (upplýsingagluggarnir)	4.964	4.867	4867
5-1030-1	Halló Norðurlönd	3.000	3.000	2.400
SAMTALS	13.558	13.637	10.382	
<i>Styrkir sem frjáls félagasamtök/einstaklingar/óformleg hagsmunasamtök geta sótt um</i>				
1-2203-1	Framlag til sérstakra menningarmála	0	1.000	500
1-2205-2	Norræni menningarsjóðurinn	13.450	13.450	13.000
1-2212-1	Norræna æskulýðsnefndin	2.400	2.400	2.745
1-2214-1	Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglíngamenningu	-	-	1.909
1-2231-2	Sleipnir	2.760	2.706	2.600
1-2246-2	Norræna listamannaheimilið í Róm	839	839	839
1-2257-3	Norræna listamannamiðstöðin (Dalsåsen)	800	800	800
1-2258-3	Norræna stofnunin um samtímalist (NIFCA)	950	900	1000
2-2522-2	Nordplus Voksen	9.069	8.891	-
2-2543-2	Nordplus Sprog	8.978	8.802	-
3-0820-2	Styrkir (þ.á m. Nordplus Nabo)	10.000	10.000	-
4-4384-3	Norræn samstarfsnefnd um málefni fatlaðra	1.700	1.700	1.700
5-0450-2	Framlag til frjálsra félagasamtaka	1.240	1.216	1216
Samtals	52.186	52.704	26.309	
SAMTALS	83.165	83.958	53.717	

Starfsemi í þágu barna og unglunga

Eftirfarandi yfirlit sýnir hvaða fjárlagaliðir fela í sér samstarf í þágu barna og unglunga. Það skal tekið fram að upphæðir á hverjum fjárlagaliði fyrir sig eru byggðar á mati, og því ekki bindandi fyrir fjárlagaliðina. Matið endurspeglar væntingar og reynslu fyrri ára og áætlanir fagsviðanna fyrir árið 2005.

Fjárlagaliður	Fjárlög 2005	Fjárlög 2004	Ráðstafað 2003
1-2203-1 Framlag til sérstakra menningarmála	2000	2.000	600
1-2205-2 Norræni menningarsjóðurinn	6200	6.200	6.200
1-2210-1 Norrænt íþróttasamstarf	1.271	1.246	1.280
1-2212-1 Norræna æskulýðsnefndin	6.294	6.171	6.596
1-2214-1 Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglíngamenningu (BUK)	6.129	6.009	6.040
1-2220-1 Stjórnarnefndin um menningar- og fjölmiðlasamstarf (KM-gruppen)	500	500	500
1-2230-1 Norræna bókmennta- og bókasafnsnefndin (NORDBOK)	600	500	1000
1-2239-1 Norræna safnnefndin (Museikommissionen)	200	150	100
1-2255-3 Sviðslistir á Norðurlöndum (NordScen)	400	400	440
1-2256-3 Norræna tónlistarnefndin (NOMUS)	1.600	1.500	1.600
1-2270-3 Norræna húsið í Reykjavík	300	300	160
1-2272-3 Norðurlandahúsið í Færeyjum	500	500	903
1-2274-3 Norræna stofnunin á Álandseyjum	100	100	128
1-2277-3 Norræna stofnunin á Grænlandi	800	800	1.975
1-2296-1 Menningarverkefni á erlendri grund	500	500	500
1-2548-3 Norræna stofnunin í Finnlandi (NIFIN)	2.100	2.000	1.900
Menningarmál samtals	29.226	28.876	29.922
2-2510-1 Norrænt skólasamstarf	2.564	3.142	4.599
2-2512-2 Nordplus junior, þ.á m. Norræna skólanetið	20.309	19.911	18.136
Menntamál og rannsóknir samtals	22.425	23.053	22.735
3-3310-1 Verkefni - Umhverfismál	800	1.000	200
Umhverfismál samtals	800	1.000	200
3-6530-1 Norræn framkvæmdaáætlun um matvælaöryggi	150	450	550
Landbúnaður og skógrækt, sjávarútvegur og matvæli samtals	150	450	550
3-4310-2 Verkefni – Félags- og heilbrigðismál	1.300	1.300	750
3-4384-3 NSH	1.500	1.500	1.500
3-4385-3 NUD	2.500	2.500	2.500
3-4386-3 NOPUS	500	-	-
Félags- og heilbrigðismál samtals	5.800	5.300	4.750
4-6710-1 Neytendamál	850	0	855
Neytendamál samtals	850	0	855

2-0830-2	Lýðræði og málefni þegnanna	0	2.900	3.060
Grannsvæðaáætlun samtals		0	2.900	3.060
5-1025-1	Norðurlöndin í fókus (upplýsingagluggar)	600	600	600
Skrifstofan og önnur samnorræn verkefni samtals		600	600	600
BÖRN OG UNGLINGAR SAMTALS		60.567	62.179	62.672

Heildaryfirlit yfir starfsemi ráðherranefndarinnar að málefnum grannsvæðanna

Starfsemi ráðherranefndarinnar að málefnum grannsvæðanna er fjármögnuð bæði af fjárveitingum fagsviðanna og af grannsvæðaáætluninni. Hlutdeild einstakra fagsviða fyrir árin 2004 og 2005 er byggð á mati á því hve stór hluti fjárhagsramma þeirra rennur til grannsvæðasamstarfsins. Smávægileg lækkun kemur fram í heildarframlagi til grannsvæðasamstarfs. Hvað varðar niðurstöður fyrir 2003, byggja þær á skráningu verkefnis þegar fjárveitingin var veitt og á ársskýrslum fyrir starfsárið 2003 frá stofnunum, samstarfsaðilum og styrkjakerfum.

Í samræmi við nýja stefnumörkun ráðherranefndarinnar má á árinu 2005 vænta breytinga í samstarfi við Eystrasaltsríkin eftir inngöngu þeirra í ESB sem og í samstarfi við Rússland. Þessar breytingar munu koma til framkvæmda samhliða því að núverandi rammaáætlun um grannsvæðasamstarf rennur út á árinu 2005.

Verðlag hvers tíma í þús. d.kr.	Fjárlög 2005		Fjárlög 2004		Uppgjör 2003	
	Hlutdeild	Upphæð	Hlutdeild	Upphæð	Hlutdeild	Upphæð
Menningarmál	8%	12.843	8%	12.680	6%	9.397
Menntun og rannsóknir 1)	1,7%	3.438	2,1%	4.200	1,7%	3.443
Ráðherranefnd um upplýsingatækni	0%	0	0%	0	0%	0
Grannsvæðin	100%	84.956	100%	88.942	100%	85.951
Orkumál	50%	3.645	60%	4.328	50%	3.100
Umhverfismál	25%	10.555	30%	11.398	38%	15.250
Efnahagsmál	0%	0	15%	249	0%	0
Byggðamál	15%	4.482	15%	4.404	10%	2.921
Samgöngumál	14%	151	10%	106	14%	150
Landbúnaður og skógrækt, sjávarútvegur og matvæli	16%	6.139	7%	2.698	9%	3.291
Vinnumarkaður og vinnuumhverfi	8%	1.050	2%	257	7%	900
Félags- og heilbrigðismál	1,2%	501	1,2%	500	0,5%	200
Jafnréttismál	7%	573	10%	818	7%	550
Samstarf í vímuefnumálum	45%	790	60%	913	33%	500
Atvinnumál	2%	1.356	2%	1.361	2%	1.300
Byggingar- og húsnæðismál	10%	90	3%	27	13%	113
Neytendamál	6%	510	10%	833	2,3%	200
Löggjafarmál	8%	107	10%	132	35%	440
Skrifstofan og önnur samnorðnar starfsemi	7 %	7.922	7%	7.790	7%	7.440
Samtals	16,8%	139.108	17,3%	141.636	16,7%	135.146

1) Vegna tvíþóknarvillu voru upphæðir í fjárlögum 2004 of háar.

FAGSVIÐ	Dæmi um áformað samstarf að málefnum grannsvæðanna á árinu 2005
<p>Menningarmál 12.843 þús. d.kr.</p>	<p>Börn og unglingar: <i>Íþróttasamstarf:</i> Styrkir til íþróttasamstarfs meðal samískra barna og unglinga tekur einnig til Sama í Norðvestur-Rússlandi. <i>Norræna æskulýðsnefndin:</i> Eftirfylgni þverfaglegar verkefnaáætlunar „Norðurlönd á leið inn í nýtt árþúsund“, sem meðal annars leiðir til aukins samstarfs við æskulýðssamtök á grannsvæðunum. <i>Stjórnarnefndin um norræna barna- og unglíngamenningu:</i> Áframhaldandi starf að framgangi starfsáætlunar í þágu barna og unglinga á grannsvæðunum.</p> <p>Norræn menningarhús og -stofnanir: Verkefni og listviðburðir í samstarfi við grannsvæðin, t.d. þemavikur, leik- og listsýningar</p> <p>Kvikmyndir og fjölmiðlar: <i>Stjórnarnefndin um menningar- og fjölmiðlasamstarf:</i> Styrkir til samstarfs á fjölmiðlasviði milli Eystrasaltsríkjanna og Norðurlanda.</p> <p>Listasvið: Gert er ráð fyrir að fjórðungur ferðastyrkja fyrir unga listamenn – <i>Sleipnir</i> – verði veittur til ferðalaga milli Eystrasaltsríkjanna og Rússlands. <i>Nord-scen</i> og <i>NOMUS</i> hafa gert umsækjendum frá grannsvæðunum kleift að sækja um styrki. <i>NIFCA</i> hugar að því hvort halda megi áfram gestavinnustofum í Norðvestur-Rússlandi. Samstarf við Eystrasaltsríkin og Rússland fer einnig fram á sviði menningararfs.</p>
<p>Menntun og rannsóknir 3.438 þús. d.kr.</p>	<p>Í samstarfi við ríkisstjórnir og stjórnvöld í Eystrasaltsríkjunum er verið að semja nýja framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 2005-2007. Er það gert með hliðsjón af nýju grannsvæðastefnunni og nýrri samstarfsáætlun um norður-skautsrannsóknir. Pólitískt meginmarkmið er að þróa sameiginlegt norrænt-baltneskt mennta- og rannsóknasvið. Athyglinni er sérstaklega beint að almennum milliríkjasamstarfi milli Eystrasaltsríkjanna og Norðurlandanna á mennta- og rannsóknasviði varðandi ferðastyrki og tengslanetaáætlanir sem og rannsóknastofnanir. Frá árinu 2005 mun umsýsla vera á höndum sameiginlegs tengslahóps, sem einnig á að sjá til þess að Nordplus Nabo (menntasvið) og Norfa Nabo (rannsóknasvið) nýtist eins vel og unnt er. Svipaður háttur verður hafður á varðandi samstarf við Norðvestur-Rússland.</p>
<p>Orkumál 3.645 þús. d.kr.</p>	<p>Með samstarfi á sviði orkumála á Eystrasaltssvæðinu er markmiðið að beina athyglinni að a) uppbyggingu tengslaneta, b) tilteknum samstarfsverkefnum þar sem sérstaklega er lögð áhersla á að byggja upp samstarfsverkefni til að auka þekkingu og færni, Eystrasaltssvæðið sem tilraunasvæði fyrir sveigjanleikaákvæði Kyoto-bókunarinnar, c) úttektir og skýrslugerð ásamt d) upplýsingastarfsemi. Þar beinist athyglin sérstaklega að Rússlandi, styrkjum til svæðisbundins samstarfs innan BASREC (Baltic Sea Region Energy Co-operation), styrkjum til að þróa CBEM (Common Baltic Electricity Market) ásamt orkumálasamstarfi við svæðisbundin samtök og ESB.</p>
<p>Umhverfismál 10.555 þús. d.kr.</p>	<p>Samstarf um að draga úr notkun köfnunarefnis, þróun áætlunar um verndun vatnafugla, norrænt-baltnesk samstarf um efnasambönd, málþing um sérstök þemu, samþætta vöruþróunarstefnu.</p>
<p>Byggðamál 4.482 þús. d.kr.</p>	<p>Landamærasamstarf á grannsvæðunum. Námskeið fyrir skipuleggjendur frá Eystrasaltsríkjunum. Handbók um „spatial planning“ í Rússlandi (Nordregio)</p>

<p>Sjávarútvegur, landbúnaður og skógrækt, og matvæli 6.139 þús.d.kr.</p>	<p>Ráðherranefnd á sviði sjávarútvegs, landbúnaður og skógræktar, og matvæla: Framhald á þróun samstarfs milli norrænu og baltnesku landanna á öllum stigum ráðherranefndarinnar. Undirbúningur sameiginlegs ráðherra fundar á árinu 2006 fyrir alla ráðherra á sviði landbúnaðar og skógræktar, sjávarútvegs og matvæla frá Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjum. Að auki verður lögð áhersla á að fylgja eftir ráðherra firlýsingu um vistvæna framleiðslu.</p> <p>Landbúnaður og skógrækt: Þróun samstarfs á sviði skógarrannsókna og erfðauðlinda plantna, þ.á m. þróun hæfni og miðlun þekkingar.</p> <p>Sjávarútvegur: Umræðuvettvangur fyrir stjórnendur, vísindamenn og samtök sjávarútvegs frá ríkjum við Eystrasaltið.</p> <p>Matvæli: Fylgja eftir sameiginlegri yfirlýsingu ráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um aukið matvælaöryggi, þ.m.t. samstarf um matvælaeftirlit, díoóín, rekjanleika og um sýkla sem berast milli manna og dýra (zoonoser). Eins verður lögð áhersla á samstarf um mataræði og næringu.</p>
<p>Samgöngumál 151 þús. d.kr</p>	<p>Umferðaröryggi á grannsvæðunum.</p>
<p>Atvinnumál 1.356 þús. d.kr</p>	<p>Þróun lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Eystrasaltsríkjum.</p>
<p>Byggingar- og húsnæðismál 90 þús. d.kr</p>	<p>Að fylgja eftir framkvæmdaáætlun um aukin samskipti á sviði byggingamála milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna sem og Póllands. Koma á kerfum til að auka íbúalýðræði í Norðvestur-Rússlandi með það fyrir augum að bæta líf skjör íbúanna.</p>
<p>Jafnréttismál 573 þús. d.kr</p>	<p>Framkvæmd samstarfsverkefna um þemu sem veittur er forgangur í samstarfsáætlunum. Sérstök áhersla á samstarf við stjórnvöld sem sinna jafnréttismálum á öllum grannsvæðunum. Verkefnum sem beinast að því að vinna gegn mansali er veittur forgangur og samstarf af ýmsum toga við yfirvöld og frjáls félagasamtök/NGO verður skipulagt til að örva almennar umræður og þekkingu varðandi mansal. Ráðstefnan Konur og Lýðræði verður haldin í Pétursborg þar sem þemu verða stjórnsmál og áhrif, konur og atvinnulíf, ofbeldi gegn konum, þ.m.t. mansal.</p> <p>Norrænn rannsóknarskóli NIKK um þverfaglegar kynjarannsóknir hefur nú starfað á annað ár. Í því verkefni taka þátt 34 háskólar frá Norðurlöndum og grannsvæðum.</p>
<p>Neytendamál 510 þús. d.kr</p>	<p>Markmiðið er að þróa það samstarf sem þegar fer fram með hliðsjón af innngöngu Eystrasaltsríkjanna í Evrópusambandið. Markmiðið er að þróa áfram samstarf við frjáls félagasamtök og stjórnvöld í Norðvestur-Rússlandi. Það mun gert á grundvelli fyrsta tengslanetsfundar embættismanna sem haldinn var á árinu 2004. Í samræmi við meginmarkmið um að efla stöðuga og örugga þróun, að efla lýðræði og þróun markaðshagkerfis, er samstarf á neytendasviði brýnt.</p>

Aðgerðir á sviði vísinda og rannsókna

Á sviði vísinda og rannsókna einkennist þróun á alþjóðavettvangi af auknum fjárfestingum í rannsóknum, sem ætlað er að tryggja áframhaldandi þróun þekkingarsamfélaga. Því fylgir aukin samkeppni háskóla, rannsóknarstofnana og fyrirtækja sem byggja starfsemi sína á rannsóknum. Þessir aðilar keppa um fjármagn, besta námsfólkið, vísindamenn og annað starfsfólk. Á evrópskum vettvangi er verið að kanna möguleika á að byggja upp evrópskt rannsóknarsvæði (European Research Area, ERA) og Norðurlönd standa andspænis sama úrlausnarefni, þ.e.a.s. að þróa möguleika svæðisins á vísindalegri framþróun.

Til að styrkja stöðu norrænna vísindamanna á alþjóðlegum vettvangi þarf norrænt samstarf um rannsóknir og menntun vísindafólks því að beinast út á við. Mikilvægu verkefni var því ýtt úr vör á árinu 2002 þegar ráðherranefnd um menntun og rannsóknir (MR-U) fór að tilmælum Norðurlandaráðs um að leggja fram „hvítbók“, þar sem fjallað er um möguleikana á að efla Norðurlönd sem rannsóknar- og nýsköpunarsvæði í ljósi samsvarandi umræðu á evrópskum vettvangi.

Í hvítbókinni NORIA (Nordic Research and Innovation Area), skýrslu um nýsköpun á Norðurlöndum, sem var lögð fram við árslok 2003 koma fram tillögur um uppbyggingu og eflingu Norðurlanda sem rannsóknar- og nýsköpunarsvæðis innan ramma evrópska rannsóknarsvæðisins (ERA). Á fundi ráðherranefndarinnar (MR-U 1/04) þegar fjallað var um hvernig þessum tillögum skyldi fylgt eftir lagði Norræna vísindastefnuráðið (FPR) einnig fram grundvallarsjónarmið varðandi tillögur þær sem fram koma í hvítbókinni. Ráðherranefndin (MR-U) studdi tillögurnar.

Í framhaldi af ákvörðun tekinni á MR-U 1/04 var við árslok 2004 tekin endanleg ákvörðun um hvernig skipulagi norræns rannsóknasamstarfs eftir 1. janúar 2005 skuli háttað. Markmiðið var að setja á fót norrænan samræmingaraðila á sviði rannsókna sem á grundvelli forgangsröðunar landanna á að hafa það hlutverk að leita leiða til að skapa samlegðaráhrif. Hugmyndin er að þessi aðili skuli einnig bera ábyrgð á þeim fjárveitingum til rannsókna sem í dag heyra undir MR-U. Enn skýrari áhersla á rannsóknir á Norðurlöndum ásamt endurnýjun norrænnar nýsköpunarstefnu á að ýta undir þróun Norðurlanda og Eystrasaltssvæðisins í átt að öflugu evrópsku hagvaxtarsvæði.

Norrænu fjárlögin.

Á norrænu fjárlögum nema fjárframlög til vísinda- og þróunarsamstarfs (FoU) u.þ.b. 200 millj. d.kr. en það er töluvert minna en 1% af því heildarfjármagni sem varið er til rannsókna á Norðurlöndum. Áherslur ráðherranefndarinnar á rannsóknarsviði stuðla því einkum að því að prófa nýjar hugmyndir og örva sérstaka norræna starfsemi. Hana þarf að samræma svo hún falli að áherslum og forgangsröðun landanna. Það verður á verksviði þessa nýja samræmingaraðila að sjá til þess að það fjármagn sem ætlað er til rannsókna á norrænu fjárlögum nýtist sem best.

Aðgerðir Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði FoU skiptast á þrenns konar starfsemi:

- Samnorrænar rannsóknarstofnanir.
- Sjóði og styrki (Norræna stofnunin um vísindamenntun, NorFA).
- Tímabundnar rannsóknaráætlanir, rannsóknarskóla og öndvegissetur (NCoE).

Samnorrænar rannsóknarstofnanir.

Samnorrænar rannsóknarstofnanir eru stofnanir sem búa yfir einstakri sérfræðipækkingu á sviðum þar sem Norðurlönd telja samstarf vera hagkvæmt. Af 31 stofnun ráðherranefndarinnar verja 13 þeirra meira en 50% fjárveitinga til rannsókna og nýsköpunar, og sex stofnanir verja á milli 10 og 50% fjárveitinga til rannsókna. Sem dæmi um hreinar rannsóknarstofnanir má nefna Norrænu stofnunina um Asíurannsóknir (NIAS), Norrænu sjóréttarstofnunina (NifS) og Norrænu eðlisfræðistofnunina (NORDITA).

Miðað við fjárlög 2004 eru fjárveitingar til rannsóknarstofnana minni á fjárlögum fyrir árið 2005 og fram til ársins 2007 verður dregið enn frekar úr þeim. Tekin hefur verið ákvörðun um að leggja NordInfo niður eigi síðar en við árslok 2004. Hluti þess fjármagns sem losnar við að NordInfo verður lagt niður mun nýtast á öðrum sviðum rannsóknasamstarfs. Þessi niðurskurður tengist framkvæmd ákvörðunar ráðherranefndarinnar frá árinu 2003 um að færa ábyrgð á samnorrænum stofnunum á sviði mennta og rannsókna yfir á aðildarlöndin. Stofnanirnar verða fluttar til stofnana í löndunum, t.d. háskóla, sem eru sjálfstæðar stofnanir sem lúta eigin stjórn. Hin norræna ímynd skal varðveitt og norrænir hagsmunaaðilar geta tekið þátt í samstarfinu í samræmi við löggjöf þess lands sem hýsir stofnunina.

Norrænar fjárveitingar munu eftir það að hámarki geta verið 50% af tekjum stofnunarinnar. Það fjármagn sem losnar að þessu ferli loknu verður áfram á rannsóknarsviði og mun verða viðbót við það fjármagn sem hinn nýi samræmingaraðili mun hafa til umráða.

Norræna stofnunin um vísindamenntun (NorFA).

Norræna stofnunin um vísindamenntun (NorFA) sér um þróun og skipulagningu samstarfsverkefna og styrkjafyrirkomulags þar sem megináherslan liggur á menntun og hreyfanleika vísindamanna. Gert er ráð fyrir að þau verkefni sem NorFA sinnir í dag muni í nýju skipulagi rannsóknamála heyra undir hinn nýja samræmingaraðila.

Rannsóknaráætlanir á tímabilinu 2003-2008 í þús. d.kr.

Rannsóknaráætlanir	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Norðurskautsrannsóknir	6.132	-	-	-	-	-
Velferðarrannsóknir	5.314	6.274	6.399	3.000	-	-
Kyn og ofbeldi	3.808	3.861	-	-	-	-
Tungutækni	5.086	5.157	-	-	-	-
Faraldsfræði	3.066	3.109	3.171	3.171	3.171	-
Rannsóknir á sviði öryggismála	1.599	-	-	-	-	-
Vestnorrænt hafveðurfar	2.666	2.703	2.757	-	-	-
Öndvegissetur, hnattrænar breytingar (NOS -N)	3.130	3.174	5.277	5.277	5.277	-
Öndvegissetur, sameindalæknisfræði (NOS-M)		2.991	3.051	3.051	3.051	3.051
Rannsóknarskólar (NOS-H/S)		2.484	2.534	2.534	2.534	2.534
NORDUnet3			3.566	3.566	3.566	3.566
Norræna sjávarútvegsakademían		1.000	1.020	1.020	1.020	1.020
Norrænt rannsóknasamstarf			8.178	8.178	8.178	8.178
Norræna eldfjallastöðin			7.975	7.134	4.756	4.756
Kennsla um Norðurlönd erlendis			1.044	1.044	1.044	1.044
Ný starfsemi				6.997	12.375	20.823
Samtals	30.801	30.753	44.972	44.972	44.972	44.972

Yfirlit yfir rannsóknaráætlanir sem eru komnar til framkvæmda eða eru áformaðar á tímabilinu 2003-2008 í þús. d.kr. Upphæðir eru í þús. d.kr. á verðlagi hvers tíma fyrir árin 2003-2004 og á verðlagi ársins 2005 fyrir tímabilið 2005-2008. Við gerð skipulagsramma fyrir tímabilið 2005-2008 er gert ráð fyrir að fjárlagarammi Norrænu ráðherranefndarinnar varðandi rannsóknar-kerfni á árinu 2005 haldist óbreyttur á komandi árum.

Rannsóknaráætlanir, rannsóknarskólar og öndvegissetur.

Tímabundnum, samnorrænum rannsóknaráætlunum, norrænum rannsóknarskólum og öndvegissetrum (NCoE) hefur fram að þessu verið hrint í framkvæmd á forgangssviðum þar sem Norðurlöndin búa yfir sérþekkingu og hafa sérstakra hagsmuna að gæta. Samnorrænum rannsóknaráætlunum, rannsóknarskólum og öndvegissetrum er meðal annars ætlað að stuðla að því að:

- Efla myndun tengslaneta og menntun og hreyfanleika vísindamanna.
- Tryggja skilvirka nýtingu norræns fjármagns.
- Stuðla að verkaskiptingu og sérhæfingu á Norðurlöndum.
- Efla norræna þátttöku í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsókna og þróunar (FoU).

Heildarfjárveiting vegna þátttöku í fjármögnun rannsóknaráætlana nemur u.þ.b. 45 millj. d.kr. árið 2005, samanber yfirlit hér að framan.

Ráðstöfunarfé til rannsóknaráætlana fer að vissu leyti eftir hvaða fjármuni losnar um þegar rannsóknaráætlunum lýkur. Á árinu 2005 munu til dæmis losna fjármunir vegna þess að rannsóknaráætlunum; Kyn og ofbeldi og Tungutækni lýkur. Þeir fjármunir munu verða áfram á rannsóknarsviði, meðal annars undir nýjum fjárlagalið; Norrænt rannsóknarsamstarf sem mun verða til ráðstöfunar fyrir hinn nýja samræmingaraðila á sviði rannsókna.

Á komandi árum mun einnig losna um fjármuni vegna endurskipulagningar rannsóknarstofnana, samanber það sem fjallað er um hér að framan. Dæmi um það er Norræna eldfjallastöðin þar sem losnar um 841 þús. d.kr. á árinu 2006 og 2.378 þús. d.kr. á árinu 2007. Annað dæmi um fjármuni sem losnar um frá norrænum stofnunum er þegar NordInfo verður lagt niður ekki síðar en í árslok 2004. Það mun hækka fjárlagaliðina; Norrænar vísindaupplýsingar og Norrænt rannsóknarsamstarf. Á sama hátt er gert ráð fyrir að þegar losnar um fjármuni frá öðrum norrænum rannsóknarstofnunum á tímabilinu 2005 til 2007 muni þeim verða varið til rannsókna. Þar sem stofnanafarlið er enn til umfjöllunar hefur þessum fjármunum ekki enn verið ráðstafað í yfirlitinu yfir rannsóknaráætlanir.

Samstarf á sviði upplýsingatækni beinist að nýjum forsendum og tækifærum sem tengjast aukinni notkun upplýsinga- og samskiptatækni (UT). Ráðherranefndin mun í auknum mæli beina athyglinni að grunnkerfum upplýsingatækninnar. Dæmi um það er efling samstarfs varðandi NORDUnet A/S (fjarskiptanet fyrir vísindarannsóknir). Norræna samstarfsnefndin á sviði náttúruvísinda (NOS-N) hefur lagt drög að tillögu fyrir ráðherranefndina á sviði mennta og rannsókna (MR-U) um framtíðarþróun Nordunet-samstarfsins (Nordunet3). Í framhaldi af því óskaði MR-U eftir því að samstarfsnefndir norrænu rannsóknarráðanna legðu fram endanlega tillögu sem tekin yrði til pólitískrar umfjöllunar á árinu 2004. MR-U hefur tekið frá norrænt fjármagn að því gefnu að fjármögnun fái frá löndunum.

Fjárlagaliðir þar sem sameiginleg upplýsingamiðlun er mikilvægur þáttur

Verulegur hluti fjárveitinga ráðherranefndarinnar fer til upplýsingamiðlunar af ýmsum toga. Þar er um að ræða útgáfu tímarita og skýrslna, málþing og ráðstefnur, fréttamannafundi og rekstur heimasíðu með daglegum fréttum. Markmið þessarar starfsemi er margþætt. Bæði eru þar veittar upplýsingar um verkefni og niðurstöður norrænna samstarfsverkefna og almennar upplýsingar um norrænt samstarf.

Skrifstofa ráðherranefndarinnar og skrifstofa Norðurlandaráðs reka sameiginlega upplýsingadeild. Norræna ráðherranefndin stendur undir 60% af útgjöldum við rekstur deildarinnar og Norðurlandaráð 40%.

Eftirfarandi er yfirlit yfir þá þætti upplýsingastarfseminnar sem birtast sem sérstakir fjárlagaliðir á fjárlögum fyrir árið 2005. Hér er fyrst og fremst um að ræða starfsemi sem er sameiginleg fyrir ráðherranefndina í heild sinni. Það skal þó tekið fram að veigamikill hluti upplýsingastarfseminnar er fjármagnaður beint af fjárveitingum fagsviðanna og norrænu stofnananna. Fjármagn til upplýsinga er og oft samofið almennri starfsemi og kemur því ekki fram á þessu yfirliti.

Verðlag hvers tíma í þús.kr.	Fjárlög		Mismunur	
	2005	2004	+/-	%
3-0810-3 Upplýsingastarfsemi og samskipti ¹⁾	13.933	13.902	31	0,2%
5-0410-4 Samband Norrænu félaganna ²⁾	3.303	3.238	65	2,0%
5-1010-1 Upplýsingastarfsemi ³⁾	3.882	3.806	76	2,0%
5-1020-1 Upplýsingastarfsemi utan Norðurlanda	993	974	19	2,0%
5-1025-1 Norðurlöndin í fókus (upplýsingagluggar)	4.964	4.867	97	2,0%
5-1030-1 Halló Norðurlönd ⁴⁾	4.536	4.447	89	2,0%
5-8030-1 Útgáfustarfsemi ⁵⁾	512	502	10	2,0%
Samtals	32.123	31.736	387	1,2%

- 1) Norrænu upplýsingaskrifstofurnar í Eystrasaltsríkjunum og Pétursborg sjá einnig um verkefnisstjórn fyrir hönd skrifstofunnar í Kaupmannahöfn.
- 2) Framlag til reksturs Sambands Norrænu félaganna og svæðisbundinna upplýsingamiðstöðva í norrænu löndunum ásamt upplýsingamiðstöðinni í Suður-Slésvík.
- 3) Þessi fjárlagaliður sýnir hlut Norrænu ráðherranefndarinnar í fjármögnun upplýsingaeildarinnar, en launaútgjöld ráðherranefndarinnar koma fram á fjárlagalið 5-0180-3, Skrifstofa ráðherranefndarinnar. Í fjárlögum skrifstofunnar fyrir árið 2004 eru þessi útgjöld áætluð 5,68 millj. d.kr.
- 4) Halló Norðurlönd var í upphafi símaþjónusta en er nú öflug upplýsingaþjónusta á Netinu þar sem norrænir þegnar geta fengið upplýsingar um lög og reglur og réttindi m.a. í tengslum við búferlaflutninga milli norrænu landanna og varðandi afnám landamærahindrana. Eins er þar að finna ýmsar upplýsingar um norrænt samstarf og annað sem varðar Norðurlönd.
- 5) Útgáfustarfsemin er að meginhluta fjármögnuð af fagsviðunum, sem greiða fyrir þjónustu, ásamt sölu útgefina skýrsla sem og beinum framlögum frá ráðherranefndinni og Norðurlandaráði.